

TEXTAR OG TÚLKUN

Sveinn Yngvi Egilsson

TEXTAR OG TÚLKUN

Greinar um íslensk fræði



HÁSKÓLAÚTGÁFAN
Reykjavík 2011



Eftirfarandi greinar hafa ekki birst áður og voru ritrýndar:

9. Konráð í Kreischa
12. Leikstarfsemi á Íslandi 1860–1920
13. Jóhann Sigurjónsson og sálgreiningin
14. Grasaferð og ljóðagerð í *Gunnlaðar sögu*

Dagný Kristjánsdóttir var faglegur ritstjóri ritrýninnar
Ritrýnum er þakkað þeirra framlag

*Rannsóknasjóður Háskóla Íslands
veitti styrk til útgáfu þessarar bókar*

Textar og túlkun. Greinar um íslensk fræði

© Sveinn Yngvi Egilsson

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Hönnun kápu: Olga Holownia

Prentun: Litlaprent

Meginmál er sett með Adobe Garamond lettri 11/14

Printed in Iceland

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2011

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

U201112

ISBN 978-9979-54-913-0

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	7
1. Að yrkja bók. Ljóðabókin sem „listræn heild“	13
2. Myndmál sálma. Tilraun til túlkunar með hliðsjón af sálgreiningu Jacques Lacan	41
3. Barokklist og lærdómur. Um doktorsritgerð Margrétar Eggertsdóttur	69
4. Ljóðrænt leikhús. Gaman og alvara í kvæðum Eggerts Ólafssonar	77
5. Jón Þorláksson skáld á Bægisá	95
6. Jónas Hallgrímsson og Bessastaðaskóli	105
7. „Kveðið eftir Þjóðkunnunni spánsku kvæði.“ Illur lækur eftir Jónas Hallgrímsson	113
8. Tvær athugasgreinar um Jónas Hallgrímsson I. Klauflex	129
II. Bóndi er bústólpi	134
9. Konráð í Kreischa. Um bréfitarann og ferðalanginn Konráð Gíslason	139
10. Tvær athugasgreinar um Grím Thomsen I. Á Sprengisandi	155
II. Kjarnyrði um fagurfræði	160
11. Skáldið Gísli Brynjúlfsson	163
12. Leikstarfsemi á Íslandi 1860–1920. Um doktorsritgerð Sveins Einarssonar	211

13. Jóhann Sigurjónsson og sálgreiningin. Um doktorsritgerð Fern Nevjinsky	227
14. Grasaferð og ljóðagerð í <i>Gunnlaðar sögu</i>	237
15. Náin kynni Guðbergs og Málfríðar. Um <i>Hjartað býr enn í helli sínum</i>	251
Summary	267
Nafna- og atriðisorðaskrá	281

FORMÁLI

GREINARNAR Í ÞESSARI BÓK FJALLA um íslenskar bókmenntir og menningu síðari alda. Þær eru ritaðar af ýmsu tilefni á löngu árabili og umfjöllunin er því ekki samfelld heldur eru teknir út einstakir þættir og þeim gerð fræðileg skil. Flestar greinarnar eiga það sammerkt að fjalla um ákveðna bókmenntatexta, skáldskapartegundir, höfundarverk eða höfunda, en í bókinni eru einnig greinar um nýleg fræðirit sem bjóða upp á rökræður um afmörkuð svið íslenskrar menningar. Aðferðafræðin er því ýmist skrifuð inn í greinarnar sem túlkunarleið í ákveðnu textasamhengi eða gerð að sérstöku umræðuefni sem kenning. Meirihluti greinanna hefur birst áður, en ég hef endurskodað þær án þess þó að breyta þeim í grundvallaratriðum.

Fyrsta greinin, „Að yrkja bók. Ljóðabókin sem „listræn heild““, fjallar einkum um þróun ljóðabókarformsins á 19. og 20. öld, en þar er einnig vikið að eldri verkum í íslenskri bókmenntasögu. Hún nær því yfir víðara svið en aðrar greinar í bókinni og er látin standa fremst sem eins konar inngangur að því sem á eftir fer. Greinin birtist í styttri mynd í *Heimi ljóðsins* (ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 2005, bls. 274–293).

Næst koma tvær greinar um bókmenntir lærdómsaldar á Íslandi. Hin fyrri er „Myndmál sálma. Tilraun til túlkunar með hliðsjón af sálgreiningu Jacques Lacan“, en hún á rætur að rekja til námskeiðs um bókmenntakenningar sem Matthías Viðar Sæmundsson sá um í Háskóla Íslands 1987 og miðast tilvísanir í fræðirit við stöðu þekkingar eins og hún var á þeim tíma. Þó að greinin sé komin til ára

sinna heldur hún að minnsta kosti gildi sínu sem vitnisburður um viðtökur á kenningum Lacans á níunda áratugnum og er forvitnileg til samanburðar við þær útlekkingar á kenningum hans sem ráðandi hafa verið á síðari árum.¹ Hún birtist í *Kynlegum kvistum tíndum til heiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur fimmtugri* (ritstj. Soffía Auður Birgisdóttir. Reykjavík 1999, bls. 143–171; hér er sleppt aðfaraorðum greinarinnar í afmælisritinu). Ég tek upp nokkra þætti í umræðunni um sálgreininguna sem rannsóknaraðferð í grein minni um doktorsritgerð Fern Nevjinsky síðar í þessari bók. Sjálfur hef ég ekki beitt slíkum kenningum í rannsóknum mínum ef frá er talin greinin um myndmál sálma.

Síðari greinin um lærdómsöldina er „Barokklist og lærdómur“ og er þar rætt um aðra leið að textum þessa tímabils, þá sem kenna mætti við mælskufræði, sem sýnir hve ólíkum aðferðum er hægt að beita á bókmenntirnar. Greinin birtist sem ritdómur um doktorsritgerð Margrétar Eggertsdóttur í tímaritinu *Sögu* (XLIV:2, hausthefti 2006, bls. 222–227).

Þá koma tvær greinar um skáldskap upplýsingarinnar á Íslandi. Hin fyrri er „Ljóðrænt leikhús. Gaman og alvara í kvæðum Eggerts Ólafssonar“, en þar er fjallað um listræna aðferð upplýsingarskálða sem notuðu hæðni og ádeilu í verkum sínum, þó að siðferðileg alvara byggji oft að baki. Greinin birtist í *Vefni*, rafrænu tímariti Félags um átjándu aldar fræði (2. ári, 1999).

Síðari greinin um upplýsinguna er „Jón Þorláksson skáld á Bægisá“ og er þá aftur stutt í gaman og alvöru sem listræna aðferð, en þó er persónuleiki skáldsins öllu fyrirferðarmeiri en í tilviki Eggerts,

¹ Slóvenski fræðimaðurinn Slavoj Žižek hefur á undanförunum árum lagt út af kenningum Lacans á nýstárlegan hátt og t.d. notað þær til túlkunar á kvikmyndum eins og lesa má um í bók hans *How to Read Lacan* (Lundúnum 2006). Žižek hefur einnig notað kenningar Lacans til að varpa ljósi á heimspæki Hegels eins og lesa má um í riti hans *Interrogating the Real* (ritstj. Rex Butler og Scott Stephens. Lundúnum og New York 2005). Lacan kemur einnig við sögu í því riti Žižeks sem hefur á íslensku hlotið heitið *Óraplágan* (Haukur Már Helgason þýddi. Inngangur eftir Andra Fannar Ottósson og Steinar Örn Atlason. Reykjavík 2007).

enda er hér öðrum þræði fjallað um ævi og kjör Jóns á Bægisá. Greinin birtist í *Alþýðublaðinu* (13. desember 1994, bls. 8–9) í tilefni af því að 250 ár voru liðin frá fæðingu skáldsins.

Bókmenntir 19. aldar og íslensk rómantík eru síðan umfjöllunar-efni átta greina sem segja má að myndi kjarna bókarinnar:

„Jónas Hallgrímsson og Bessastaðaskóli“ fjallar um þroska og skólastarf, einkum það sem ekki er á námsskránni og snertir félagsleg skilyrði nemenda og verðandi skálda. Hún birtist í afmælisritinu *Wawnarstræti (alla leið til Íslands) lögðu Andrew Wawn 65 ára 27. október 2009* (ritstj. Robert Cook, Terry Gunnell, Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Reykjavík 2009, bls. 82–87).

Í greininni „„Kveðið eftir þjóðkunnunni spánsku kvæði.“ Illur lækur eftir Jónas Hallgrímsson“ er slóð kvæðisins rakin til Þýskalands og þaðan til Spánar, en í leiðinni kemur ýmislegt í ljós um vinnu- aðferðir og hugarheim Jónasar og annarra norður-evrópskra skálda sem sóttu í suðrænar bókmenntir og menningu. Hún birtist í þessari mynd í greinasafninu *Undir Hraundranga. Úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson* (ritstj. Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 2007, bls. 322–333), en upphafleg gerð greinarinnar birtist í tímaritinu *Skírni* (180. ári, vorhefti 2006, bls. 133–148).

„Klauflex“ fjallar í stuttu máli um gamansama frásögn Jónasar Hallgrímssonar sem á sér hliðstæðu í skoskum bókmenntum og tengist föstusíðum fyrri alda. Greinin birtist í afmælisritinu *Margarítum hristum Margréti Eggertsdóttur fimmtugri 25. nóvember 2010* (ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson og Svanhildur Óskarsdóttir. Reykjavík 2010, bls. 87–90).

„Bóndi er bústólpi“ er ábending um að fleyg orð Jónasar Hallgrímssonar um íslenska bóndann í kvæðinu *Alþing hið nýja kunn* að vísa í frelsisstólpann í Kaupmannahöfn sem reistur var til heiðurs danska bóndanum og í minningu þess að hann var leystur úr áttahagfjötrunum. Hún birtist í afmælisritinu *Ægisif reistri Bergljótu Sofftu Kristjánsdóttur fimmtugri 28. september 2000* (ritstj. Svanhildur Óskarsdóttir og Sverrir Tómasson. Reykjavík 2000, bls. 82–83).

„Konráð í Kreischa. Um bréfitarann og ferðalanginn Konráð Gíslason“ fjallar um tvær Þýskalandsferðir þessa margbrotna málfræðings og Fjölnismanns sem var um tíma illa haldinn af augnsjúkdómi og gat auk þess sokkið ofan í dýpsta þunglyndi. Bréf hans veita óvenjulega innsýn í huga og tilfinningalíf Íslendinga á 19. öld, rétt eins og textar Gísla Brynjúlfssonar sem fjallað er um síðar í bókinni. En bréfin miðluðu einnig skáldskap og orðspori Jónasar Hallgrímssonar og urðu sjálf að yrkisefni nútímaskáldsins Sigfúsar Daðasonar eins og rakið er í greininni. Hún birtist hér í fyrsta sinn en var flutt sem erindi á málþinginu Ólafsmessu sem Stofnun Árna Magnússonar hélt á Leirubakka 16. apríl 2010 til heiðurs Ólafi Halldórssyni.

Mælskufræðin í einu kunnasta kvæði 19. aldar, „Ríðum, ríðum og rekum yfir sandinn“ eftir Grím Thomsen, er umfjöllunarefni greinarinnar „Á Sprengisandi“. Að því leyti kallast hún á við greinina um mælskufræði barokksins fyrr í bókinni. Hún birtist í afmælisritinu *Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextugan 26. desember 2006* (ritstj. Ari Páll Kristinsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson, Höskuldur Þráinsson og Margrét Guðmundsdóttir. Reykjavík 2006, bls. 186–189).

Í greininni „Kjarnyrði um fagurfræði“ er vakin athygli á minnispunktum Gríms Thomsens sem varðveittir eru í eiginhandarriti. Þeir sýna hvernig hann vann og eru til marks um ákveðið stig í þróun hans sem menntamanns og höfundar. Greinin birtist í afmælisritinu *Glerhördum hugvekjum þénandi til þess að örva og upptendra Þórunni Sigurðardóttur fimmtuga 13. janúar 2005* (ritstj. Margrét Eggertsdóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Svanhildur Óskarsdóttir. Reykjavík 2005, bls. 82–84).

„Skáldið Gísli Brynjúlfsson“ er lengsta grein bókarinnar, enda er þar gerð tilraun til að draga saman helstu þætti í skáldskap og skrifum þess manns sem margir litu á sem Byron Íslendinga. Færð eru rök fyrir því að framlag Gísla til íslenskra bókmennta og menningarumræðu sé meira og merkilegra en oft er haldið. Greinin birtist sem inngangur að *Ljóðum og lausu máli* Gísla Brynjúlfssonar (Íslensk rit

XIII. Sveinn Yngvi Egilsson bjó til prentunar. Ritstj. Guðni Elísson. Reykjavík 2003, bls. 7–56).

Lýkur þá að segja frá rómantikinni, en áhrif hennar á hugmyndir manna um þjóðlegt leikhús og leikritun koma þó við sögu í næstu tveimur greinum. Hin fyrri, „Leikstarfsemi á Íslandi 1860–1920“, birtist hér í fyrsta sinn og byggist að hluta á andmælaræðu minni við doktorsvörn Sveins Einarssonar í Háskóla Íslands 25. nóvember 2006. Trausti Ólafsson, sem var annar andmælandi við vörnina, vann grein upp úr ræðu sinni sem birtist undir heitinu „Íslensk leiklist vex úr grasi“ í tímaritinu *Skírni* (181. ári, vorhefti 2007, bls. 249–253). Þriðji maðurinn í dómnefndinni var Stephen Wilmer og þakka ég honum og Trausta fyrir gagnlegar umræður um efni ritgerðarinnar.

Hin leikhúsgreinin, „Jóhann Sigurjónsson og sálgreiningin“, birtist hér einnig í fyrsta sinn og er unnin upp úr andmælaræðu minni við doktorsvörn Fern Nevjinsky í Háskóla Íslands 11. september 2009. Hér er aftur rætt um sálgreininguna sem rannsóknaraðferð í bókmenntafræði og að því leyti má líta á greinina sem framhald á umfjöllun minni um myndmál sálma fyrir í bókinni. Ég þakka Torfa Tulinius fyrir gagnlegar umræður um þetta efni, en hann var aðal-leiðbeinandi Fern Nevjinsky í doktorsnáminu.

Bókinni lýkur á tveimur greinum um skáldsögur frá 20. öld. Hin fyrri er „Grasaferð og ljóðagerð í *Gunnlaðar sögu*“, þar sem saga Svövu Jakobsdóttur er lesin í ljósi kenninga um háttbrigði (módúlasjón) í skáldskap, en einnig er hugað að þætti ljóðrænu og textatengsla í frásögninni. Greinin birtist hér í fyrsta sinn en var flutt sem erindi á Svövuþingi Félags áhugamanna um bókmenntir í Borgartúni 6, 4. júní 1994.

Kenningum Gastons Bachelard um skáldskaparrými er svo beitt á lausamál Málfríðar Einarsdóttur og leigjanda hennar, Guðbergs Bergssonar, í síðustu grein bókarinnar. Nefnist hún „Náin kynni Guðbergs og Málfríðar. Um *Hjartað býr enn í helli sínum*“ og birtist í *Heimi skáldsögunnar* (ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Reykjavík 2001, bls. 301–313). Textar þessara ólíklegu sambýlinga gefa tilefni til að

kanna hvernig skáldskapurinn verður til í ákveðnu rými sem hann miðlar síðan áfram til lesenda. Við sem erum svo heppin að hafa gaman af bókum búum alla tíð að þeim skáldlegu vistarverum sem slíkir textar leiða okkur inn í og þar eigum við vísan samastað í huganum hvernig sem veröldin snýst.

Ritstjórum og ritrýnendum bókanna og tímaritanna sem hér voru nefnd þakka ég fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Spænskusérfræðingunum Jóni Halli Stefánssyni og Margréti Jónsdóttur þakka ég fyrir yfirlestur á greininni um Illan læk. Ég hef notið aðstoðar margra við útgáfuna. Jón Karl Helgason las bókina yfir í handriti og benti á margt sem betur mátti fara. Dagný Kristjánsdóttir hafði umsjón með ritrýningu þeirra fjögurra greina sem ekki höfðu áður birst. Hólmfríður Sveinsdóttir hjálpaði mér við samlestur. Terry Gunnell var mér til ráðgjafar um útdrætti á ensku. Hjalti Snær Ægisson sá um prófarkalestur og tók saman nafna- og atriðisorðaskrá. Ég færi þeim öllum innilegar þakkir fyrir aðstoðina. Að lokum vona ég að greinarnar verði til að vekja áhuga á bókmenntum og menningu síðari alda og þeim fjölbreyttu leiðum sem hægt er að fara að íslenskum arfi og erlendum tengslum hans.

Á Jónsmessu 2011
Sveinn Yngvi Egilsson

AÐ YRKJA BÓK

Ljóðabókin sem „listræn heild“

Í ÞESSARI GREIN VERÐUR LEITAD SVARA við spurningu sem er formleg og söguleg í senn: Hvenær og hvernig öðlast Íslendingar þann skilning á ljóðabókinni sem nú er algengur, að hún myndi svokallaða „listræna heild“, en sé ekki aðeins safnrit? Áður en henni verður svar að verður þó að spyrja annarrar spurningar: Hvað er almennt átt við með því að tiltekið skáldverk myndi slíka heild? Þó að þetta orðalag hafi aðallega verið notað og kannski ofnotað á síðustu áratugum – vinsælar hliðarmyndir þess hér á landi hafa verið „órofa heild“ og „listræn eining“ – er hugmyndin ekki ný af nálinni. Í árdaga vestrænnar bókmenntaumræðu birtist hún í riti Aristótelesar *Um skáldskaparlistina*, 7. kafla: „Við göngum út frá því, að harmleikur sé eftirlíking athafnakeðju, sem myndar afmarkaða heild og hefur ákveðna stærð til að bera, því heild þarf ekki að vera stór. Heild er það sem hefur upphaf, miðju og endi.“¹ Hér er því um hliðstæða hugmynd að ræða en þó er ólíklegt að nútímamenn leggi sama skilning í hugtakið „listræn heild“, a.m.k. hvað varðar ljóðræn verk, enda miðar Aristóteles kröfu sína um orsakasamhengi við harmleiki sem fela í sér „athafnakeðju“. Sennilega draga hugmyndir okkar um heildina fremur dóm af skilningi 19. aldar manna á þessu efni, en margir helstu hugsuðir evrópskrar rómantíkur litu á skáldverk sem lifandi

¹ Aristóteles: *Um skáldskaparlistina*. Kristján Árnason þýddi. Reykjavík 1976, bls. 57. Sjá um þetta efni kaflann „Poetic structure in the language of Aristotle“ í bók R.S. Crane: *The Languages of Criticism and the Structure of Poetry*. Toronto 1953, bls. 39–79. Eins og kunnugt er höfðu hugmyndir Aristótelesar um heildina mikil áhrif á síðari öldum, en þær voru þá gjarnan túlkaðar sem einingarnar þrjár (eining atburðarásar, staðar og tíma) og notaðar sem forskrift að harmleikjum, einkum í Frakklandi.

sköpunarverk (d. *organismetanke*, e. *organicism*). S.T. Coleridge taldi t.d. að skáldverk Shakespeares mynduðu lífræna heild í þeim skilningi að þau lytu eigin lögmálum og væru ekki mótuð samkvæmt fyrirframgefnum reglum (hann gerði að því leyti greinarmun á lífrænu og vélrænu formi). Heildin hefði forgang á hluta verksins; án heildarinnar væru hlutarnir ekkert. Verkið einkenndist af vexti; það þróaðist og teygði anga sína eins og jurtt. Upptaka verksins væri einnig í ætt við plöntu sem umbreytir ýmsum hráefnum og tekur þau upp í eigið lífkerfi. Þá væri verkið ósjálfráð uppspretta eigin orku líkt og jurttin. Loks væru einstakir hlutar og heild verksins háð hvert öðru eins og í tilviki jurttarinnar; væri laufblað slitið af jurttinni dæi það.² Á okkar dögum er ekki óalgengt að fjallað sé um bókmenntir með vísun í lífríkið, með tali um að tiltekin verk „vaxi út úr öðrum“, „næri hvert annað“ o.s.frv. En kannski erum við ekki síður undir áhrifum þeirrar nýrýni (e. *New Criticism*) sem áberandi var í bókmenntaumræðunni um og upp úr miðri 20. öld. Boðberar hennar héldu því fram að í greiningu bókmennta væri óþarft að leita út fyrir „verkið sjálf“, það fæli í sér allar forsendur og einkenni sem skiptu máli fyrir fræðilegan lestur þess og túlkun. Bókmenntaverkið væri sjálfstæður og lokaður heimur, með eigin byggingu og formgerð.³ Þessi skoðun minnir um margt á hugmyndir 19. aldar manna um lífræna heild, enda hefur því verið haldið fram að nýrýnin sé að þessu leyti beinn arftaki rómantíkurinnar.⁴

Margir hafa hins vegar orðið til að mótmæla slíkum skoðunum á skáldverkum. Þeir sem stundað hafa afbyggingu (e. *Deconstruction*)

² Um sögu hugmyndarinnar um hið lífræna form má lesa í greinasafni G.S. Rousseau (ritstj.): *Organic Form. The Life of an Idea*. Lundúnum og Boston 1972. Þetta er út af fyrir sig gömul hugmynd í bókmenntunum, t.d. verður hennar vart í ritum Platons. Sjá enn fremur grein Lee Rust Brown: „Coleridge and the Prospect of the Whole.“ *Studies in Romanticism*, 30. hefti, nr. 2 (1991), bls. 235–253.

³ Þessar hugmyndir eru t.d. útfærðar í frægri bók Cleanth Brooks: *The Well Wrought Urn. Studies in the Structure of Poetry*. New York 1947.

⁴ Sjá t.d. kaflann „The Main Trends of Twentieth-Century Criticism“ í bók René Wellek: *Concepts of Criticism*. New Haven og Lundúnum 1963, bls. 344–364; hér bls. 353–354.

hafa t.d. afbyggt eða grafið undan hugmyndinni um heildina á síðustu áratugum. Benda þeir m.a. á að hún sé í rauninni listræn blekking – oft sé fleira sem sundrar textanum en sameinar hann, hver svo sem ætlun skáldsins var. Paul de Man hefur manna mest gagnrýnt þá fagurfræði sem byggist á rómantískum hugmyndum og líkingum um lífræna heild. Telur hann að forsendur slíkrar umræðu séu falskar því að þar sé gengið út frá því að tungumálið geti með myndhverfingum og mælskubrögðum sameinað hug og náttúru, hugmyndir og skynjanir. Fræðimenn eigi einmitt að greina þar á milli í stað þess að taka gagnrýnislaust upp afstöðu og orðalag rómantíkurinnar um einingu alls sem er.⁵ En þetta er þó hægara sagt en gert, eins og dæmin sanna. Jafnvel fræðimenn sem telja sig aðhyllast andrómantíska hugmyndafræði taka óafvitandi upp skáldlega orðræðu rómantíkurinnar um lífræna heild allra hluta. Nærtækt dæmi er bókmenntafræðingurinn Kristinn E. Andrésson sem var yfirlýstur marxisti, en hann kemst svo að orði í grein um ljóðagerð Matthíasar Jochumssonar sem birtist í *Rauðum pennum* árið 1938:

En Matthías fór allt í einu að draga mig að sér, eins og tindur í fjarska, og það verður ástríða manns að komast þangað, eða eitthvað í áttina. Það fóru að berast í hugann brot úr ljóðum hans, aftur og aftur, og svo í einni svipan fannst mér skáldið ljúkast upp fyrir mér, eins og fagnandi víðátta, andlegt þor, frelsi, tær himinn, syngjandi skógur. Nú voru ljóðin ekki lengur brot, skínandi korn, sundurgreind í góð kvæði og slæm, eyjar, hraun og hrjóstur, nú voru þau ein lífsins heild, náttúra. Nú þýddi ekki að benda á fagrar setningar, óvandað form, laust innihald, því að hvaðan streymdi krafturinn, frelsið, andrúkið? Hvort var það frá tærri lindinni eða hrauninu í kring? Við

⁵ Sjá einkum eftirfarandi rit eftir Paul de Man: *Allegories of Reading. Figural Language in Rousseau, Nietzsche, Rilke, and Proust*. New Haven og Lundúnum 1979; *Blindness and Insight. Essays in the Rhetoric of Contemporary Criticism*. 2. útg. endurskoðuð (frumútg. 1971). Lundúnum 1983 (sjá einkum kaflana „Form and Intent in the American New Criticism“ og „The Rhetoric of Temporality“ í því riti); *The Rhetoric of Romanticism*. New York 1984; *Romanticism and Contemporary Criticism*. Baltimore og Lundúnum 1993.

fundum það eitt, að hér var gott að lifa, hér var frjálst og vítt, hér var heimur mannsins.⁶

Hér er greinilega gengið út frá hugmyndinni um lífræna heild í ljóðagerðinni og umræðan einkennist mjög af myndhverfingum og líkingum sem stefna fremur að skáldlegri sameiningu ólíkra hluta en fræðilegri sundurgreiningu þeirra. Ljóðasafn skáldsins og „ein lífsins heild, náttúra“ eru einfaldlega lögð að jöfnu.

Það er eitt að taka mið af þeirri hugmyndafræði sem býr að baki skáldskapnum og annað að taka hana hreinlega upp í umræðu um bókmenntirnar. Líklega verður ekki hjá því komist að fræðileg umræða litist eitthvað af þeirri hugmyndafræði og orðræðu sem einkennir skáldskapinn sem fjallað er um hverju sinni; hugmyndin um hreina og ómengaða umræðu fræðanna er e.t.v. ekki minni blekking en hugmyndin um einingu alls sem er. En gagnrýni Pauls de Man er réttmæt og sýnir að í fræðilegri umræðu er nauðsynlegt að vera á varðbergi og nota ekki af gömlum vana hugtök og orðalag sem eru í raun gildishlaðin og fela í sér ákveðna afstöðu til efnisins. Hitt er annað mál að við getum reynt að rýna í hugmyndir annarra um heild í skáldskap án þess að gera þær að okkar eigin. Í þeirri athugun sem hér fer á eftir kemur í ljós að til eru skáld og útgefendur á ýmsum tímum íslenskrar bókmenntasögu sem stefna að „litrænni heild“ í verkum sínum en skilgreina hana á ólíkan hátt; í verkum annarra ber hins vegar minna á slíkri viðleitni. Yfirleitt er þó um að ræða einhvers konar skipulag eða flokkun sem leitt getur í ljós fagurfræði viðkomandi skálda eða útgefenda og þróun á hugmyndum manna um hið skáldlega sjálf.

Ljóðabókin í aldanna rás

Með góðum vilja má greina „litræna heild“ í ljóðasöfnum snemma í íslenskrri bókmenntasögu og raunar í því handriti sem einna elst er þeirra sem hafa að geyma bókmenntir í bundnu máli. Konungsbók eddukvæða er „fyrsta íslenska ljóðabókin“ í þeim skilningi að

⁶ Kristinn E. Andrésson: „Gefið lífsanda loft.“ *Rauðir pennar* IV (1938), bls. 122–136; hér bls. 124.

þar virðist stefnt að ákveðinni heild og byggingin er meðvituð. Ljóð-unum er grófskipt í goða- og hetjukvæði og raðað á ákveðinn hátt þó að reyndar ráði þar miklu lögmál sögunnar eða eins konar tímaröð (a.m.k. í stórum hluta hetjukvæðanna) og kvæðin séu stundum brú-uð með tengitextum í lausu máli. Sá sem ritstýrði Konungsbók hef-ur því að sumu leyti farið líkt að og ýmsir ritstjórar eða útgefendur ljóðabóka á síðari tímum. En ekki höfðu allir áhugamenn um eddu-kvæði þennan framsýna skilning á ljóðabókinni og má t.d. nefna að nokkur kvæði af þessari gerð er að finna í safnríti einu frá miðöldum innan um lausamálstexta af ólíku tagi (AM 748 4to, handrit sem til er í ljósprentaðri útgáfu, Kaupmannahöfn 1945).

Oft má lesa ákveðinn vilja til tengingar og heildar úr ýmsum löngum miðaldaljóðum, t.d. Lilju, enda þótt þau væru of stutt til þess að það tæki því að láta þau standa ein í handriti og teljist þar af leiðandi varla „ljóðabækur“ í nútímaskilningi orðsins. Sama má segja um ýmsar lengri rímur sem eru yfirleitt ekki varðveittar sér í handritum heldur með öðrum rímum og lausamálstextum. Eftir siðbreytingu eru líka ort andleg kvæði sem eru mikil að vöxtum og bera vott um heildarhugsun. Passíusálmar Hallgríms Péturssonar eru samtengd kvæði og ort með kerfisbundnum tilvísunum í annan texta, Nýja testamentið, en voru upphaflega ekki gefnir út sér í bók heldur með sálum eftir annan höfund. Í fyrstu þremur prentunum Passíusálmanna á Hólum 1666, 1671 og 1682 voru þeir prentaðir á eftir píslarsálmum séra Guðmundar Erlendssonar í Felli – Passíu-sálmarnir voru ekki gefnir út sér fyrr en í Skálholti 1696. Kvæðum séra Ólafs Jónssonar á Söndum var snemma safnað saman og eru m.a. til í handritum frá 17. öld (einna þekktast er ÍB 70 4to) en voru aldrei prentuð í einu lagi. Þetta er einhver elsta heimildin um að ljóð-um íslensks skálds sé haldið til haga á einum stað. Einnig má nefna handrit Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (Lbs. 360 8vo) þar sem safnað er saman ýmsum lausavísum Páls Vídalíns.

Einhver mikilvirkasti útgefandi íslenskrar bókmennntasögu, Guð-brandur biskup Þorláksson, lét prenta kvæðabækur á Hólum sem

höfðu að geyma andlegan kveðskap eftir ýmsa höfunda. Hann gaf út *Sálmabók* 1589 og *Visnabók* 1612 með formála þar sem hann fjallaði sjálfur um kristilegan tilgang bókanna.⁷ Til eru ófá kvæðahandrit frá því eftir siðbreytingu þar sem komin eru á eina bók ljóð eftir ýmsa höfunda. Þessi handrit hafa sum verið ljósprentuð á síðari tímum og gefin út, t.d. *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar* (AM 147 8vo, Kaupmannahöfn 1960) og *Kvæðabók úr Vigur* (AM 148 8vo, Kaupmannahöfn 1955).

Fyrstu veraldlegu kvæðin sem prentuð eru á Íslandi að höfundi lifandi eru kvæði Jóns Þorlákssonar á Bægisá. Þau voru prentuð í Hrappseyjarprentsmiðju árið 1774 ásamt þýðingum Jóns á kvæðum Tullins og fleiri skálda. *Búnaðarbálkur* Eggerts Ólafssonar kemur út á sama stað að höfundi látnum 1783 en *Kvæði* Eggerts voru prentuð í Kaupmannahöfn 1832. Þau eru eitt af mörgum kvæðasöfnum sem komið hafa út á síðustu tveimur öldum en reynt er að gefa þeim nokkurn heildarsvip með fagurfræðilegum formála skáldsins og ákveðinni niðurröðun ljóðanna eins og rakið verður hér á eftir. Ýmsir Íslendingar gáfu kvæði sín út á bók á 19. öld. Finnur Magnússon gaf t.d. út sínar yfirlætislausu *Ubetydeligheder* í Kaupmannahöfn árið 1800 og Hafnarstúdentinn Ögmundur Sigurðsson gaf kvæði sín út þar í borg árið 1832 undir því athyglisverða heiti *Ögmundar-geta eða Ö. Sivertsens andligu sálmar og kvæði*.

Kvæði margra helstu skálda 19. aldar koma út á stangli í tímaritum og sérprentum ýmiss konar og er síðan safnað saman seint á ævi skáldsins eða eftir dauða þess og er því yfirleitt um safnverk að ræða. Þar gættir sjaldnast sterkrar tilhneigingar til „listrænnar heildar“, enda eru það iðulega aðrir en skáldið sem sjá um útgáfuna og þá frekar í söfnunar- og útbreiðsluskyni en sem tilraun til að skapa listaverk. Til dæmis er ljóðum Bjarna Thorarensens og Jónasar Hallgrímssonar fyrst safnað saman til útgáfu að þeim látnum (gefin út sama ár, 1847;

⁷ Um *Sálmabókina* er fjallað nánar í greininni hér á eftir. *Visnabókin* var endurútfengin árið 2000 (*Visnabók Guðbrands*. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík 2000).

reyndar hafði Jónas átt svo mörg ljóð í *Fjölni* 1843 að líta má á það tímaritshefti sem eins konar „ljóðabók“ hans). Jón Sigurðsson gefur út *Íslenska ljóðabók* Jóns Þorlákssonar á Bægisá að höfundu látnum í tveimur bindum 1842–1843 og þar er um safnrít að ræða (reyndar ekki heildarútgáfu því að Jón prentaði ekki sum helstu stórvirki nafna síns á þýðingarsviðinu). Meðan Jón á Bægisá var enn í fullu fjöri höfðu komið út *Nokkur ljóðmáli* hans 1783, en þar eru reyndar líka prentuð kvæði eftir Árna Böðvarsson (drápan Skjöldur; Árni dó 1776) og Gunnar Pálsson (kvæðið Hugró, þýtt úr dönsku; Gunnar var ennþá lifandi þegar þetta var en gamall orðinn). Þó að Jón Þorláksson væri á titilsíðu sagður höfundur kvæðanna í bókinni („það heiðurlega og velgáfaða skáld“) var hér í raun um safn fleiri skálda að ræða og minnir að því leyti á ýmis kvæðasöfn 19. aldar.

Skáld standa gjarnan saman að útgáfu ljóðabóka á síðari hluta 19. aldar. Benedikt Gröndal, Gísli Brynjúlfsson og Steingrímur Thorsteinsson gáfu saman út ljóðabókina *Svövu* 1860. Steingrímur gerði þetta aftur 1877 þegar hann gaf út ljóðabýðingar í félagi við Matthías Jochumsson í bók sem þeir kölluðu *Svanhvít* og varð mjög vinsæl. Af öðrum ljóðasöfnum 19. aldar sem hlutu mikla útbreiðslu má nefna *Snót* sem kom oft út og allt fram á 20. öld. Í slíkum bókum er sjaldnast um markvissa byggingu að ræða heldur er þetta ákveðin leið til að koma ljóðum á framfæri, í raun ekki óskyld tímaritaútgáfu. Þannig notar Gísli Brynjúlfsson tækifærið og skrifar hápólitískan formála að *Svövu* til þess að koma skoðunum sínum á framfæri, afsakar það líka í niðurlagi formálans og segist fyrst og fremst vera að notfæra sér tækifærið og vettvanginn sem býðst eins og síðar verður rakið.

Ein gerð ljóðasafna eru svokallaðar *póesibækur* eða vísnaþækur sem virðast hafa verið nokkuð vinsælar seint á 19. og fram á 20. öld. Þetta voru eins konar ljóðrænar gesta- eða minningabækur. Skáldin skrifuðu m.ö.o. ljóð í bók viðkomandi (sem oftast var ung kona), annaðhvort ljóð sem þau höfðu áður ort eða voru kveðin á staðnum og jafnvel sérstaklega ort til þess sem átti póesíbókina (þeir sem ekki gátu ort skrifuðu ljóð eftir aðra í bókina). Ef sá hinn sami var

kunnugur góðum skáldum gat útkoman orðið athyglisverð og samsetningin óvænt. Þannig eru Grímur Thomsen, Benedikt Gröndal og Guðmundur Kamban allir komnir í eina sæng í póesibók fröken Thoru Friðriksson sem geymd er á Landsbókasafni (Lbs. 3684 8vo).⁸ Út frá viðtökufraði og höfundarhugtakinu er póesibókin heldur óvenjulegur bókmenntatexti. Vanalega eru viðtakendurnir margir og höfundurinn einn; hér eru höfundarnir margir og viðtakandinn eiginlega einn.

Lausamálstextar

Löng hefð er fyrir því að hafa ýmiss konar skýringar og tengitexta í ljóðabókum eins og áður nefnt lausamál í Konungsbók eddukvæða ber vott um. Neðanmálsgreinar verða áberandi með ljóðabókum upplýsingarinnar og dæmi um það eru *Kvæði Eggerts Ólafssonar*. Þar eru fjölmargar neðanmálsgreinar sem þjóna þeim tilgangi að skýra eða setja ákveðin kvæði, ljóðlínur eða einstök orð í samhengi. Nú lögðu upplýsingarmenn auðvitað mikla áherslu á að fræða lesendur sína og vildu síst að þeir gengju þess duldir hvernig skilja bæri skáldskapinn. Það er því ekki ólíklegt að skáldin á upplýsingaröldinni hafi verið skýringaglaðari en þau sem uppi voru á öðrum tíma ef þau héldu að eitthvað færi á milli mála í ljóðunum. Neðanmálsgreinar og kvæðaskýringar eru þó síður en svo bundnar við ljóðabækur upplýsingarinnar. Einhver eindregnasti rómantíker íslenskrar bókmenntasögu, Benedikt Gröndal, gerir mikið af því að skýra kvæði sín, og er stundum ekki vanþörf á. Gröndal var lærður og fjölmenntaður maður og kvæði hans sýna þetta glögglega, enda yrkir hann oft út af efni sem ekki var öllum kunnugt, s.s. goðafræði Suður- og Norðurlanda. Rómantíkinni fylgdi tíð notkun á margræðum táknum og myndmáli og gjarnan það viðhorf að skáldskapurinn yrði ekki skilinn til hlítar. En dæmi Gröndals sýnir að jafnvel rómantískustu skáld vildu að hinn almenni lesandi hefði nauðsynlegar forsendur til þess

⁸ Páll Skúlason: „Poesibók Thoru Friðriksson.“ *Skjöldur*, 14. ár (2005), nr. 52, bls. 14–16. Stefán frá Hvítadal orti kvæði um slík vísnaöfn, sjá: „Poesibækur kvenna – með inngangi eftir Guðrúnu Ásu Grímsdóttur.“ *Skjöldur*, 11. ár (2002), nr. 38, bls. 18–19.

að fylgja skáldinu eftir á hugarfluginu. Slíkar skýringargreinar eru einnig þekktar í nýrri skáldskap og t.d. notaðar í einum lykiltexa módernismans, *The Waste Land* eftir T.S. Eliot (1922), þó að einnig kunnir að vera að þeim sé ætlað að þyrlla ryki í augu lesandans eða afvegaleiða hann.

Slíkir lausamálstextar eru á sinn hátt tilraun til að stýra lestrinum. Þeir geta líka orðið að nokkuð sjálfstæðum „hliðartexta“ sem er laustengdur aðaltextanum, rétt eins og ýmsar spássúgreinar í íslenskum handritum fyrri alda. Þekkt dæmi um þetta er hlaupandi efniságríp sem S.T. Coleridge lætur fylgja kvæði sínu *The Rime of the Ancient Mariner* (1798). Framvindunni er jafnóðum lýst á spássú með dálítíð upphöfnu og gamaldags orðalagi sem fer um leið að draga athyglina að sér (á undan kvæðinu fer auk þess löng tilvitnun á latínu og samandregið efniságríp eða *Argument* eins og það var oft kallað fyrir á tíð). Í *Eddu Þórbergs Þórðarsonar* hefur höfundurinn safnað saman kvæðum sínum og skrifað skýringar við og athugasemdir sem oft eru gamansamar. Þó að bókin dragi nafn sitt fremur af Snorra- en Sæmundar-Eddu minnir þetta dálítíð á aðferð hinnar síðarnefndu. Þórbergur bendir sjálfur á þessa líkingu í inngangi að *Eddu* sinni:

Hún kennir skáldum órum, að sérhvert ljóð er aðeins stuttur þáttur í langri keðju atburða og verður aldrei skilið til hlítar nema frásagnir af atburðunum fylgi ljóðinu á bók. Fyrir því hef ég kallað bók þessa Eddu. Í Sæmundar-Eddu eru og sagðar sögur til skýringar og fyllingar kvæða.⁹

Frásagnargleði Þórbergs er slík að ljóðin verða stundum hálfgerð aukaatriði og skýringar og sögur í kringum þau fara að snúast meira um sjálfar sig. Í Únglíngnum í skóginum notar Halldór Laxness tengitexta á markvissan hátt, þannig að frásögn og leiklýsingar ramma ljóðið inn, en lausamálið er þó svo ljóðrænt að vel má kalla það ljóð eins og Þorsteinn Þorsteinsson hefur gert.¹⁰ Halldór endur-

⁹ Þórbergur Þórðarson: *Edda Þórbergs Þórðarsonar*. 2. útg. Reykjavík 1975, bls. 9.

¹⁰ Þorsteinn Þorsteinsson: „Mig dreymdi ég geingi úti skóg.“ *Skírnir*, 184. ár, vorhefti 2010, bls. 161–186; hér einkum bls. 167–170.

ritaði þetta ljóð hvað eftir annað og það er því dæmi um móðernískt „verk í móttun“ (e. *work-in-progress*). Víkið verður að slíkum endurritunum síðar í greininni, enda geta þær varpað ljósi á hugmyndir skálda um „listræna heild“.

Heiti og höfundarverk

Það er kannski fyrst með Einari Benediktssyni sem uppbygging ljóðabókarinnar verður fyllilega meðvituð og auk þess má lesa úr ljóðabókum hans sterkan vilja og tilfinningu fyrir höfundarverkinu. Eflítið er framhjá fyrstu bók Einars, *Sögum og kvæðum* (1897), kallast síðari bækur hans á eins og heitin sýna: *Hafblik* (1906), *Hrannir* (1913), *Vogar* (1921) og *Hvammar* (1930). Heitin vísa í almenn náttúruyfyrirbæri fremur en eiginleg örnefni; þau eru ekki bundin neinum sérstökum stað og hafa því víða skírskotun. Lesa má ákveðna stefnu úr þessum heitum og kannski má segja að skáldið sé í lífsins ólgusjó framan af en nái svo landi í lokin. Sum yngri skáld hafa tengt nöfn bóka sinna með svipuðum hætti og má þar nefna Jóhannes úr Kötlum sem byggir á alkunnri barnagælu: *Bibí og blaka* (1926), *Álfi-irnar kvaka* (1929), *Ég lét sem ég sofi* (1932) og *Samt mun ég vaka* (1935). Heitin á ljóðabókum hans lýsa vel þeirri skáldskaparþróun sem hann gekk í gegnum á þeim árum þar sem hann byrjaði feril sinn í anda nýrómantíkur en þróaðist yfir í sósíalískan samfélagsskilning eins og lesa má úr heiti síðastnefndu bókana, svo að engu er líkara en að hann hafi séð þetta fyrir þegar í upphafi. Sigurður Pálsson leikur sér líka að orðum og nefnir bækur sínar nöfnum á borð við *Ljóð vega salt* (1975), *Ljóð vega menn* (1980), *Ljóð vega gerð* (1982) og *Ljóð vega safn* (1996); *Ljóð námu land* (1985), *Ljóð námu menn* (1988), *Ljóð námu völd* (1990) o.s.frv. Sigríður Einars frá Munaðarnesi „staðsetur“ bækur sínar úti í blíðri náttúru með keimlíkum bókarheitum: *Kveður í runni* (1930), *Milli lækjar og ár* (1956), *Lauffytur* (1970) og *Í svölu rjóðri* (1971). Önnur skáld nota ákveðin orð í heitum bóka sinna sem eins konar „vörumerki“. Þorgeir Sveinbjarnarson sendi t.d. frá sér ljóðabækurnar *Vísur Bergþóru* (1955), *Vísur um drauminn*

(1965) og *Visur jarðarinnar* (1971), og Guðmundur Ingi Kristjánsson notaði orðstofninn *sól- á svipaðan hátt: Sólstafir* (1938), *Sólbráð* (1945), *Sóldögg* (1958), *Sólborgir* (1963) og *Sólfar* (1981).

Stundum felst í bókartitlinum tilvísun til skáldskaparins eða jafnvel gyðju hans, músu einhvers konar. Þeir Benedikt Gröndal og Steingrímur Thorsteinsson hneigjast til að nefna ljóðabækur sínar fornlegum kvenmannsnöfnum, sbr. *Svövu* 1860, *Svanhvít* 1877 og *Dagrínu* sem Gröndal gaf út 1906 (svipaða venju má lesa úr nöfnum tímarita sem Gröndal og Steingrímur komu nærri: *Íðunn* og *Gefni* eru gömul ásýnjuheiti). Reyndar kann þessi nafnavenja að tengjast yrkisefni og viðtakendum ljóðanna og væri kvæðasafnið *Snót* (1850, 2. útg. 1865, 3. útg. 1877) dæmi um slíka skírskotun, sem og *Fósturlandsins Freyja* („Safn ljóða um íslenzkar konur“, 1946).¹¹ Hins vegar vísar heitið á bókinni *Stúlku* eftir Júlíönu Jónsdóttur (1876) fremur til mælanda en viðtakanda, eins og ráða má af einkunnarorðum bókarrinnar þar sem „Lítill mær heilsar / löndum sínum, / ung og ófróð, / en ekki feimin“.¹² *Snót* og *Stúlka* sýna m.ö.o. að ólíkar ástæður geta búið að baki líkum nöfnum. Tilvísun til skáldskaparins getur líka verið fólgin í heiti sem lýsir flugi eða gefur það í skyn með ýmsu móti, hvort sem það er á alvarlegum og ógæfusömum nótum eins og í *Svörtum fjöðrum* Davíðs Stefánssonar (1919) eða að snúið er út úr slíkum tilvísunum líkt og Þórbergur Þórðarson gerði í *Hvítum hröfnunum* (1922) og Jón Thoroddsen í *Flugum* (1922).

Algengt er að ljóðskáld velji bókum sínum fremur hlutlaus nöfn. Á undanförunum áratugum hefur heitið *Ljóð* verið vinsælt (og þá

¹¹ *Snót* er safn ljóða eftir ýmis skáld, lifandi og látin, og var endurskoðað og umbylt í þeim þremur útgáfum sem hér er vitnað til, svo að þær eru í raun býsna ólíkar. En í formála fyrir 2. útg. (svipað orðalag er líka í formála fyrir 3. útg., Akureyri 1877) kemur fram að kvæðasafnið var einkum ætlað ungun mönnum: „Ætlan vor er, að margt það, er stendur í kveri þessu, sé svo lagað, að það geti glætt fagar tilfinningar og góðar í óspiltum brjóstum ungra manna, og orðið þeim mönnum að nokkurri meinlausri dægurstyttingu...“ *Snót. Nokkur kvæði eftir ýmis skáld*. 2. útg. Reykjavík 1865, bls. iv. Það kann því að vera að heitið *Snót* (þ.e. stúlka, kona) eigi að hjálpa til við að vekja fagar tilfinningar í brjóstum ungra manna fremur en að það vísi til kvenkyns viðtakenda ljóðanna.

¹² Júlíana Jónsdóttir: *Stúlka. Ljóðmæli*. Akureyri 1876; tilvitnunin er á ónúmeraðri síðu aftan á titilblaði bókarinnar.

stundum notað sem undirfyrirsögn) en líka *Kvæði*, og um leið getur það orðið eins konar vörumerki einstakra skálda. Kristján Karlsson hefur gefið út ófáar ljóðabækur og heita flestar *Kvæði* að viðbættu útgáfuárinu (t.d. *Kvæði 81*, *Kvæði 84* o.s.frv.). Þetta eykur m.a. tilfinningu lesenda fyrir þróun skáldsins og höfundarverkinu sem heild, en hefur um leið yfirbragð eins konar árbókar. *Kvæði* var vinsæll bókar-titill á 19. öld en *Ljóðmæli* var líka í miklum metum og a.m.k. vinsælast hjá frægustu skáldum þjóðarinnar (Grímur Thomsen, Steingrímur Thorsteinsson, Matthías Jochumsson og Hannes Hafstein notuðu þetta allir fyrr eða síðar). Af öðrum heitum má nefna *Kver* sem lætur lítið yfir sér (t.d. *Kvæðakver* Halldórs Laxness 1930 og síðar, og *Kver með útlendum kvæðum* sem Jón Helgason gaf út 1976) og eru þó til enn lítillátari nöfn eins og *Ljóðasmámunir* Sigurðar Breiðfjörðs sýna glögg (1836, 1839). *Kvæðabók* er líka stundum notað en það heiti er t.d. á ljóðasafni Benedikts Gröndals sem út kom 1900 og á fyrstu ljóðabók Hannesar Péturssonar 1955. *Ljóðabók* er ekki ýkja algengt heiti á útgefnum verkum þó að það sé mjög áberandi í umræðu um bókmenntir (Jón Sigurðsson notar það í áður nefndri útgáfu á verkum Jóns á Bægisá – *Íslensk ljóðabók 1842–1843* – og Hannes Hafstein í *Ljóðabók sinni* 1916, en aftur á móti hafði hann nefnt fyrstu bók sína *Ýmisleg ljóðmæli* 1893). Stefán frá Hvítadal orti kvæði undir léttum og leikandi bragarháttum sem voru nýir í íslenskri ljóðasögu og hann velur á fyrstu bækur sínar tiltölulega hlutlaus heiti sem vísa til söngs og lofgerðar: *Söngvar förumannsins* (1918) og *Óður einyrkjans* (1921). En jafnvel svo hlutlaus heiti verða á sinn hátt einkennis-orð fyrir heild bókarinnar, ekkert síður en hin sem óvenjulegri eru.

Ytri rök fyrir röðun ljóðanna

Hvað ræður því hvernig ljóðum er skipað niður í bók? Byrjum á *Svövu*, ljóðasafni þeirra Benedikts Gröndals, Steingríms Thorsteinssonar og Gísla Brynjúlfssonar frá 1860. Ekki þarf að blaða lengi í bókinni til að sjá að utanaðkomandi áhrifaþættir hafa ráðið ýmsu um röð og frágang ljóðanna. Gröndal og Steingrímur eiga fyrstu 42 ljóðin í bókinni (að slepptu því fyrsta sem Gísli orti) og skiptast

Ljóð þeirra nokkuð jafnt á, þó að stundum eigi hvor um sig tvö eða þrjú í röð. Síðari hluti bókarinnar, 43.–70. ljóðið, er svo eftir Gísla einan. Ástæða þess að hann á einnig ljóðið fremst í bókinni kann að vera sú að það er þjóðlegt hvatningarljóð, en félagarnir hafa talið við hæfi að bókin byrjaði á nokkrum ljóðum í þeim dúr. En það eru ekki einvörðungu listræn rök sem liggja að baki niðurröðun ljóðanna í *Svövu*. Ljóð Gísla standa sér aðallega vegna þess að hann kom síðar að þessu ljóðasafni en hinir og raunar áttu Gröndal og Steingrímur eftir að deila um það hvor þeirra hefði verið frumkvöðull að *Svövu*. Gröndal rekur aðdraganda og framvindu útgáfunnar í *Dægradvöl*, endurminningum sem hann skrifaði 1893–1894. Þar heldur hann því fram að Gísli hafi móðgast vegna þess að honum var ekki boðið að vera með í útgáfunni fyrir en prentun var hafin og þeir Gröndal og Steingrímur því látið það eftir honum að skrifa formála bókarinnar.¹³ Þetta má auðvitað taka sem áminningu um að oft eru skáldin ekki einráð um röð ljóða og fyrirkomulag í bók. Vilji annarra, s.s. samverkamanna eða útgefenda, getur þar ráðið nokkru sem og hreinar tilviljanir og utanaðkomandi þættir. Það var t.d. svo að útgefendur *Svövu* þurftu að breyta heitum sumra kvæðanna þannig að séríslenskir stafir kæmu ekki fyrir í þeim (m.a. var fyrirsögninni „Þegar laufin fellu“ breytt í „Er laufin fellu“) vegna þess að þeir höfðu sjálfir valið ákveðið letur á fyrirsagnirnar en ekki gætt þess að „suma íslenzka stafi vantaði í það letur“.¹⁴

¹³ Hannes Pétursson rekur deilur þeirra Gröndals og Steingríms í bók sinni *Steingrímur Thorsteinsson. Líf hans og list*. Reykjavík 1964, bls. 127. Í *Dægradvöl* viðurkenndi Gröndal að Steingrímur hefði verið frumkvöðull útgáfunnar: „Steingrímur mun hafa komið Páli [Sveinssyni bókbindara í Kaupmannahöfn] til að gefa út *Svövu*; við tókum okkur tveir saman fyrst og ætluðum að vera einir um þetta, en seinna fannst okkur, að við ættum að hafa Gísla með, til þess að styggja hann ekki, en hann var samt þá þegar búinn að fá í sig þykkju út af því, að hann hafði ekki verið látinn vita af þessu þegar í upphafi, en nú var prentunin byrjuð, og varð út af því nokkur stæla; við létum það eftir honum, að hann ritaði formálann, en hann vildi alltaf vera að stagast á Evrópupólitík, sem ekkert kom þessu fyrirtæki við, og urðum við að hafa það.“ Benedikt Gröndal: *Dægradvöl. Ritsafn*, IV. bindi. Gils Guðmundsson bjó til prentunar. Reykjavík 1953, bls. 461.

¹⁴ Gísli Brynjúlfsson: „Formáli.“ *Svava. Ýmisleg kvæði*. Kaupmannahöfn 1860, bls. iii–xi; hér bls. xi.

Stundum *lata* útgefendur slík „ytri“ rök, þ.e. utanaðkomandi þætti og hreinar tilviljanir, beinlínis ráða röð kvæða í bók. Þetta er a.m.k. þekkt aðferð í erlendum ljóðasöfnum frá síðari tímum. Henni er þá jafnvel beitt til að koma lesendum á óvart, láta óskyld kvæði standa saman og auka á fjölbreytnina. Skáldin Seamus Heaney og Ted Hughes nota þessa aðferð t.d. í alþjóðlegu úrvali kvæða sem þeir ritstýrðu og kölluðu *The Rattle Bag* (1982). Úrvalið hefur að geyma ljóð frá ýmsum skeiðum bókmenntasögunnar og í formála segjast þeir Heaney og Hughes hafa brugðið á það ráð að ráða kvæðunum eftir stafrófsröð (miðað við heiti eða upphöf): „We hope that our decision to impose an arbitrary alphabetical order allows the contents to discover themselves as we ourselves gradually discovered them – each poem full of its singular appeal, transmitting its own signals, taking its chances in a big, voluble world.“¹⁵ Hér eru ljóðin gagnert slitin úr samhengi, t.d. ekki flokkuð eftir löndum og höfundum eins og gjarnan er gert í alþjóðlegum ljóðabókum eða þýðingasöfnum á borð við *Ljóðasafn* Magnúsar Ásgeirssonar (I–II, aukin útg. 1975). Hins vegar er óvíst hvort þessi „skipulagða óreiða“ bresku skáldanna hefur tilætluð áhrif eða ruglar lesendur einfaldlega í ríminu.

Það virðist vera fremur ung hefð að ráða ljóðum *eftir aldri* í ljóðasöfnum einstakra skálda og er kannski fyrst og fremst tíðkað í fræðilegum útgáfum bæði héraendis og erlendis.¹⁶ Jón Ólafsson og Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi gerðu þetta í útgáfu sinni á *Ljóðmælum* Jónasar Hallgrímssonar 1913 (þýðingar skáldsins prentuðu þeir í sér kafla aftan við frumort ljóð). Áður höfðu þeir Konráð Gíslason og Brynjólfur Pétursson að sumu leyti stuðst við líklega aldursröð í útgáfu sinni á *Ljóðmælum* Jónasar 1847, en þar létu þeir líka prentsögu

¹⁵ Seamus Heaney og Ted Hughes (ritstj.): „Introduction.“ *The Rattle Bag*. Lundúnum og Boston 1982, bls. 19.

¹⁶ Rætt er um röð ljóða í fræðilegum útgáfum og fleira því viðvíkjandi í grein Ian Jack: „A Choice of Orders. The Arrangement of “The Poetical Works”.“ *Textual Criticism and Literary Interpretation*. Ritstj. Jerome J. McGann. Chicago og Lundúnum 1985, bls. 127–143; um niðurskipan ljóða í bók í ljósi fagurfræði og textatengsla má m.a. lesa í greinasafni Neil Fraistat (ritstj.): *Poems In Their Place. The Intertextuality and Order of Poetic Collections*. Chapel Hill og Lundúnum 1983.

kvæðanna ráða miklu (kvæði prentuð í *Fjölni* í þeirri röð sem þau birtust þar o.s.frv.). Þýðingar Jónasar prentuðu þeir aftast í útgáfunni og næst á undan þeim þau frumort kvæði skáldsins sem þeir litu á sem „brot“ eða ófullgerð (sem voru reyndar mun fleiri en til efni var til).¹⁷ Jón Helgason notaði einnig aldursröð í útgáfu sinni á *Ljóðmælum* Bjarna Thorarensens 1935 (ljóðmælin eru í fyrra bindi öll nema stökur skáldsins sem eru í síðara bindi ásamt skýringum) og hið sama gerðu útgefendur *Ritverka Jónasar Hallgrímssonar* 1989 (ljóðmæli í 1. bindi, skýringar við þau í 4. bindi). Oft er slík röðun ónákvæm því að erfitt er að vita fyrir vísit í hvaða röð skáldið orti kvæðin og ennfremur vafamál við hvað á að miða – hvenær skáldið hóf að yrkja kvæðið eða hvenær það var fullort – en dæmi eru um að skáld hafi ljóð í smíðum árum saman (sbr. Hulduljóð Jónasar). Kostir aðferðarinnar eru m.a. þeir að tímaröðin varpar ljósi á feril skáldsins en einn af ókostunum er sá að fremst í bókunum standa oft ljóð í öndvegi sem skáldið orti á unga aldri og voru e.t.v. aldrei ætluð til birtingar. Því er stundum tekinn sá kostur í almenningsútgáfum að flytja æskukvæðin aftur fyrir önnur ljóð í bókinni eins og gert er í tveggja binda úrvali úr verkum Jónasar, *Kvæði og laust mál*, sem kom út 1993 í ritstjórn Hauks Hannessonar (þar fyrir aftan koma síðan þýðingar skáldsins).

Hins vegar eru til eldri dæmi um að ljóðum sé raðað eftir aldri í kvæðasafni og það að skáldinu sjálfu lifandi. Árið 1877 gaf Jón Ólafsson út á Eskifirði ljóðasafn sitt *Söngvar og kvæði* og flokkaði efnið á eftirfarandi hátt:

Frá æskuárunum (1866–’70)

Flóttinn til Noregs (1870–’71)

Heima (1871–’73)

(Frá Ameríku:) Skuggar og skýjarof í útleigðinni (1873–’75)

Heima og erlendis (1875–’77)

¹⁷ Sbr. m.a. Hannes Pétursson: *Kvæðafylgslu. Um skáldskap eftir Jónas Hallgrímsson*. Reykjavík 1979, bls. 223.

Jón Ólafsson var enn á þrítugsaldri þegar bókin kom út (fæddur 1850) og hér er því ekki um æviverk hans á ljóðasviðinu að ræða (aukin útgáfa á ljóðum Jóns kom út undir heitinu *Ljóðmali* 1892 og enn aukin 1896). En skipan kvæðanna er athyglisverð, ekki aðeins vegna þess að hún byggist á tímaröð þegar slíkt var ennþá óvanalegt, heldur líka vegna hins að með þessu móti mynda ljóðin eins konar samfellu eða heild sem tekur mið af æviferli og aðstæðum skáldsins hverju sinni. Formgerð bókarinnar helgast líka að nokkru leyti af pólitík eins og ráða má af tilvísunum Jóns í „flótta“ og „útleigð“ í kaflaheitum, en hann varð hvað eftir annað að flýja land vegna rötækra skoðana sinna á Dönnum og yfirráðum þeirra á Íslandi. Þarna má því sjá forvitnilegt dæmi um tengsl forms og hugmyndafræði í íslenskri ljóðagerð 19. aldar. Þó er rétt að taka fram að ljóðin í safninu eru mörg gáskafull og ungæðisleg og ekki síður gefin út í gamni en í alvöru að því er ætla má. Fáeinum árum síðar, 1881, birtast svo *Ljóðmali* öllu frægara skálds, Steingríms Thorsteinssonar, sem einnig raðar efninu „í stórum dráttum eftir aldri“ eins og Hannes Pétursson bendir á í bók sinni um skáldið.¹⁸

Innri rök fyrir röðun ljóðanna

En hvernig raða þau skáld ljóðum sínum sem ekki ganga út frá tímaröð eða öðrum „ytri“ rökum?¹⁹ Er hægt að greina skipulega byggingu – eru skyld ljóð t.d. látin standa saman eða er stefnt að fjölbreytni með því að tefla saman ólíkum ljóðum? Enska skáldið Philip Larkin lýsti því hnyttilega hvernig hann raðaði ljóðum sínum í bók og líkti því við röð skemmtiatriða á sviði: „I treat them like a music-hall bill:

¹⁸ Hannes Pétursson: *Steingrímur Thorsteinsson*, bls. 208. Í síðari útgáfum ljóðmæla sinna hvarf Steingrímur frá þessari aldursröð og flokkaði kvæðin þannig að „eldri og yngri kvæði blandast saman“ (sama rit, bls. 259). Það voru einkum tækifærisljóð sem bættust við ljóðmælin í síðari útgáfum.

¹⁹ Eins og sjá má er hér gerður greinarmunur á því hvort notuð eru „ytri“ rök við röðun ljóðanna, þ.e. þeim er raðað með tilliti til annarra þátta en eiginleika ljóðanna sjálfra (t.d. út frá ritunartíma eða þá að röðin ræðst af ytri þáttum eins og prentunarferli *Svövu*), eða „innri“ rök, þ.e. ljóðunum er raðað út frá eiginleikum þeirra sjálfra (yrkisefnum, tegundum o.s.frv.), hvort sem litið er á einstök ljóð eða þau fyrst flokkuð saman eftir eiginleikum og flokkunum síðan raðað.

you know, contrast, difference in length, the comic, the Irish tenor, bring on the girls. ... The last one is chosen for its uplift quality, to leave the impression that you're more serious than the reader had thought."²⁰ Hér er fjölbreytnin í fyrirrúmi og þess vandlega gætt að hafa rúsinu í pylsuendanum. Gagnrýnendur eiga líka til að setja út á það ef skáldin enda bækur sínar á léttvægu ljóði.²¹ Það er því ljóst að skáldin fylgja oft ákveðnum reglum og venjum þegar þau raða ljóðum í bók, hvort sem þau eru beinlínis meðvituð um það eða ekki.

Einar Benediktsson varð einna fyrstur íslenskra skálda til að byggja ljóðabækur upp á þematískan hátt og um leið lagði hann ákveðna flokkun til grundvallar. Í fyrstu ljóðabókum hans eru efnisflokkarnir á þessa leið:

- 1) Þjóðernis- og ættjarðarljóð
- 2) Náttúru- og staðarljóð
- 3) Söguleg kvæði
- 4) Tækifæriskvæði
- 5) Ljóðapýðingar²²

Síðar virðist Einar hverfa frá slíkri flokkun og raðar þá kvæðunum á frjálslegri hátt; t.d. blandar hann í síðari bókum tækifæriskvæðum og ljóðapýðingum saman við önnur kvæði og geymir þau ekki þar

²⁰ John Haffenden: *Viewpoints. Poets in Conversation with John Haffenden*. Lundúnum og Boston 1981, bls. 122.

²¹ Svo dæmi sé tekið deilir Silja Aðalsteinsdóttir á þetta atriði í ritdómi sínum um *Ansjósar* Braga Ólafssonar: „Hið skjálfandi samhengi.“ *Tímarit Máls og menningar*, 53. ár, 2. hefti (1992), bls. 105–107; hér bls. 107.

²² Einar víkur sjálfur að flokkun kvæðanna í formála að frumútgáfu *Hafblíks*. „Um röð á kvæðunum vil jeg taka fram, að jeg vildi láta sitja í fyrirrúmi skipting þeirra í kafla eptir yrkisefnum, og einnig eptir því, hvort yrkisefniin voru íslensk eða erlend. Í síðasta kaflanum er þó skipað saman ýmiskonar tækifæriskvæðum og þýðingum, og skal þess getið, að sum af frumortu kvæðunum hafa verið ort á meðan á prentun bókarinnar stóð, og hefir það ráðið því, hvar kvæðin voru sett, sbr. fremsta og síðasta kvæðið“. Einar Benediktsson: „Formáli.“ *Hafblík. Kvæði og söngvar*. Reykjavík 1906, bls. v–vi; hér bls. vi. Af þessum orðum er ljóst að „ytri“ rök hafa ráðið nokkru um röðunina, þ.e. prentunarferlið sjálft, enda þótt „innri“ rök ráði greinilega mestu. Það er líka athyglisvert að Einar hefur ort fremsta ljóðið einna síðast og rennir það stöðum undir það sem nefnt er í niðurlagi þessarar greinar, að skáldið hafi ætlað því að vera eins konar „stefnuljóð“ bókarinnar.

til í lokin. Hins vegar er upprunaleg flokkun Einars sú sem einkennt hefur mörg ljóðasöfn á síðari hluta 19. aldar og fram á okkar daga. Það er t.d. forvitnilegt að bera hana saman við flokkun Sveinbjarnar Egilssonar sem gaf út *Kvæði* tengdaföður síns, Benedikts Gröndals eldri, árið 1833 (prentuð í Viðey). Þar er byrjað á þýðingum en síðan koma kvæði Gröndals sjálfs:

I. Útlagt

II. Frumkveðið

1. Vinavísur og lukkuóskir
2. Grafskriftir og erfiljóð
3. Vísur um forsjón Guðs
4. Mansöngsvísur
5. Aldafarsvísur
6. Um fornmenn og aðra
7. Ádeiluvísur
8. Um kveðskap
9. Vísur ýmislegs innihalds
10. Um sjálfan sig

Þessi röð er þveröfug við þá sem lesa má úr fyrstu bókum Einars Benediktssonar og fleiri skálda á 19. öld og síðar. Þýðingar og tækifæriskvæði eru hér fremst en ekki aftast, og í lokin koma persónuleg kvæði og kvæði um skáldskapinn sem gjarnan eru höfð framarlega í síðari ljóðabókum. Nú var Benedikt Gröndal eldri einkum þekktur fyrir þýðingar sínar og það kann því að skýra niðurröðun kvæðanna að nokkru leyti. En skipanin er svo óvenjuleg að öðru leyti að erfitt er að verjast þeirri hugsun að hér sé um aðra „forgangsröð“ að ræða en við eigum að venjast.

Franski fræðimaðurinn Michel Foucault fjallaði um vestræna flokkunarfræði í riti sínu *Orð og hlutir* (*Les mots et les choses*, frumútg. í París 1966). Hann taldi að öll flokkunarfræði væri afstæð og komin undir hefð og venjum í ólíkum samfélögum og menningarsvæðum. Við byggjum til hugmyndakerfi og notuðum flokka og forgangsröðun til að koma skipulagi á veruleikann. Ýmislegt í flokkunarfræði

Vesturlanda væri til marks um breytta sjálfsmynd og þekkingargerð á síðari öldum. Áhersla nútímans á einstaklinginn og á frumleikann væri arfur frá evrópskri rómantík, en Foucault benti á að á fyrri hluta 19. aldar yrði mikil breyting á hugsunarhætti Evrópumanna eins og hann birtist í greiningaraðferðum og kerfisbundinni framsetningu viðfangsefna í ritum samtímans. Hugsunin yrði „mannhverfari“ en hún hefði verið á því skeiði sem Foucault kenndi við klassík, þ.e. á 17. og 18. öld. Þetta kann að skýra af hverju klassikerinn Sveinbjörn Egilsson hefur ljóðin einmitt í öfugri röð miðað við þá sem síðari skáld og fræðimenn hafa hallast að: hann stendur hinum megin við hin miklu vatnaskil í evrópskri hugmyndasögu síðari tíma. Út frá hugmyndum okkar um frumleika og einstaklinginn verður röðin sem Sveinbjörn kýs kvæðum Gröndals öfugsnúin: byrjað er á kvæðum *eftir aðra* (þýðingum), síðan koma hans eigin kvæði, fyrst þau sem *fjalla um aðra* (vini, látna, Guð, konur, fornmenn) og allra síðast *kvæði hans sjálfs sem fjalla um hann sjálfan*.

Ári áður en *Kvæði* Benedikts Gröndals eldri birtust voru ljóð Eggerts Ólafssonar gefin út og þau prentuð sem *Kvæði* 1832, en Tómas Sæmundsson var meðal umsjónarmanna þeirrar útgáfu. Þar er ekki síður óvænt flokkun á ferðinni en hjá Sveinbirni Egilssyni og er hún reyndar ekki runnin undan rifjum hans þó að Tómas væri lærisveinn Sveinbjarnar úr Bessastaðaskóla, því að Eggert hafði sjálfur ákveðið röðina á sínum tíma og rökstyður hana í formálanum sem prentaður er í upphafi bókar. Viðmiðið kemur nútímamönnum á óvart en er á hinn bóginn alveg ljóst: kvæðin eru flokkuð eftir gamansemi og alvarleika. „Alvarlig kvæði“ eru höfð í einum flokki, „Kímilig kvæði“ í öðrum, „Kvæði í gamni og alvöru“ í þeim þriðja og „Gamankvæði“ í þeim fjórða, og þar á eftir kemur „Viðbætur“. En þó að *flokkun* skáldsins á kvæðunum sé sérkennileg er það gildismat sem má lesa úr *röð flokkanna* í bókinni líkt því sem ráða má af mörgum ljóðabókum frá síðari tímum, þ.á m. fyrstu bókum Einars Benediktssonar sem byrja einmitt á „alvarlegum“ kvæðum um land og þjóð (Eggert byrjar á kvæðunum Ísland og Búnaðarbálkur). Það má því segja að á

sinn óvenjulega hátt hafi Eggert lagt sitt af mörkum til hinnar hefðbundnu uppbyggingar íslenskra ljóðabóka.²³

Og sannarlega var Eggert ekki einn um að beita óvenjulegum rökum fyrir röð kvæða í bók. Enn óvæntari rök er að finna í ýmsum yngri bókum, t.d. í *Ljóðmælum* Kristjáns Jónssonar sem Jón Ólafsson ritstýrði árið 1872. Þar eru búnir til flokkar sem *sumir* styðjast við söguleg rök (kvæði sem höfðu áður birst, tímaröð, ytri rök) en *aðrir* við fagurfræðileg rök (flokkun eftir efni, innri rök). Ritstjórninn bendir sjálfur á þetta í formála að bókinni og verður að játa að þetta sé ekki vel gott: „Það er því tvenns konar deili-grundvöllur hjá mjer, og mundi það nú eigi standast þann dóm, er *logici* og *philosophi* fella.“²⁴ Benedikt Gröndal deilir á niðurröðun Jóns á kvæðum Kristjáns í tímariti sínu *Gefn* árið 1873 og ber flokkunarfræðina saman við þá sem hafði tíðkast í grasafræðinni:

Raunar getum vèr ekki fallist á skiptíngu höfundarins á skáldskapnum; hún er að sínu leyti eins og skiptíng Linné's á jurttunum, og á sér engan stað í verulegleikanum, því allt það, sem hann hefir til aðgreiníngarmerkis á skáldskapnum, rennur hvað í annað og finnst í öllum kvæðum; en hèr um mætti nú raunar vera að þjarka til eilífðar.²⁵

Foucault hefði vafalaust kunnað að meta þennan samanburð Gröndals því að hann ber saman flokkunarfræði ólíkra greina – m.a. grasafræði Carls von Linné – í *Orðum og hlutum*. En það eru ekki aðeins útgefendur látinna skálda á 19. öld sem koma á óvart að þessu leyti heldur og sum þau skáld sem bjuggu eigin ljóð til prentunar í bókformi.

Grímur Thomsen hefur löngum verið talinn til rómantískra skálda, enda kveður mikið að fornaldardýrkun í kvæðum hans og

²³ Ég fjalla nánar um flokkun Eggerts og tengsl hennar við fagurfræði danska skáldsins Christians Friderichs Wadskjær í annarri grein í þessari bók.

²⁴ Jón Ólafsson: „Um Kristján Jónsson og um útgáfu þessa.“ Kristján Jónsson: *Ljóðmæli*. Reykjavík 1872, bls. x–xxvi; hér bls. xxii.

²⁵ Benedikt Gröndal: „Íslenskar bækur og blöð.“ *Gefn*, 4. ár (1873), bls. 34–60; hér bls. 43.

einstaklingshyggju sem venja er að álíta rómantísk einkenni, að ekki sé minnst á þá miklu heimshryggð sem lýsir sér í sumum fyrri kvæðum hans þegar hann var undir hvað mestum áhrifum frá Byron lávarði. Það er því merkilegt að í uppbyggingu *Ljóðmæla* 1880 stendur Grímur nær þeirri „forgangsröð“ og gildismati sem lesa má úr röðinni í ljóðabókum Benedikts Gröndals eldri og Eggerts Ólafssonar en ýmsum síðari ljóðabókum. Segja má að Grímur fari bil beggja því að bókin hefst eins og *Kvæði* Gröndals á þýðingum, þá koma frumkveðin ljóð, fyrst þau sem fjalla um aðra og svo persónulegri ljóð. En síðasti flokkurinn er einmitt hliðstæður þriðja flokknum í *Kvæðum* Eggerts, er m.ö.o. kenndur við gaman og alvöru. Röðin er því þessi:

Útleggingar

Frumkveðið

I. Erfiljóð

II. Gaman og alvara

Grímur var sem sé nógu mikill klassíker til að halda sjálfum sér ekki fram að ráði í fyrstu bók sinni. Það má segja að hin „ósjálfhverfa“ klassík og rómantíkin með einstaklingshyggju sinni og frumleikakröfu vegi hér salt, enda raðaði Grímur ljóðum sínum á annan veg í *Ljóðmælum* 1895, 15 árum síðar, þar sem hann hefur frumortu kvæðin fremst. Hin „mannhverfa“ rómantík hefur fest sig í sessi og einkennir gildismatið héðan í frá. Sigurði Nordal fannst hin upprunalega röð í *Ljóðmælum* 1880 óviðeigandi og breytti henni í endurútgáfu sinni á ljóðum Gríms þannig að frumort ljóð fara á undan þeim þýddu.²⁶ Hvörfin í hugsunarhættinum eru slík að nútímamenn eiga erfitt með að skilja að nokkur geti byrjað ljóðabók sína á þýðingum eftir aðra.

²⁶ Sbr. Sigurð Nordal: „Um útgáfuna.“ Grímur Thomsen: *Ljóðmæli*. Sigurður Nordal bjó til prentunar. Reykjavík 1969, bls. 40–50; hér bls. 41. Útgefendur *Ljóðmæla* Gríms 1906 höfðu líka þennan háttinn á, að byrja á frumortum ljóðum en enda á þýðingum.

Ljóðabókin sem „litræn heild“

Á 20. öld styrkir ljóðabókin mjög stöðu sína sem „litræn heild“ og eru bækur Einar Benediktssonar mikilvægar vörður á þeirri leið, en að þeim verður aftur vikið í lok þessarar greinar. Fleiri skáld mætti nefna sem leggja rækt við ljóðabókarheildina í verkum sínum, t.d. þau tvö sem vinsælust voru hjá alþýðu fram yfir miðja 20. öld, Davíð Stefánsson og Tómas Guðmundsson. Oft kristallast hugsunin um heildina í þeim titli sem valinn er á bók. *Svartar fjaðrir* (1919) gefa t.d. skáldlegt flug til kynna en eru einnig táknrænn samnefni fyrir þær dökku hliðar mannlífsins sem Davíð yrkir um í mörgum kvæðum þeirrar bókar. Í *Fögru veröld* (1933) sýnir Tómas sterka tilfinningu fyrir ljóðabókarforminu, byggir bókina upp á meðvitaðan hátt með tilvísunum í ákveðinn reynsluheim, borgarlíf Reykjavíkur, þó að það sé auðvitað ummyndað á skáldlegan hátt eins og titill bókarrinnar bendir til. En það er merkilegt að ólíkt mörgum formlegum einkennum bundins máls lifir ljóðabókarformið af þá miklu breytingu sem varð um miðja öldina og hefur verið kölluð formbylting og kennd við atómskáld. Jafnvel hinir róttækustu í þeim hópi halda í ljóðabókarformið og ganga stundum feti lengra en eldri skáld í því að byggja á henni sem heild.²⁷ Að því leyti er Einar Benediktsson fyrirrennari þeirra nútímaskálda sem leggja bókina eða safnverkið til grundvallar sem stóran merkingarvefnað þar sem einstök ljóð eru frekar eins og þræðir eða þættir í heildarmerkingunni.

Dæmi um slíkar bækur eru ljóðabálkarnir *Þorpið* eftir Jón úr Vör (1946) og *Tíminn og vatnið* eftir Stein Steinarr (1948). Reyndar breyttu bæði skáldin bókum sínum nokkuð í endurútgáfu (þær voru endurútgefnar sama ár, 1956), bættu við ljóðum og röðuðu þeim á annan hátt en áður. Jón úr Vör hvarf hins vegar frá þessari endur-

²⁷ Skafti Þ. Halldórsson bendir á að atómskáldin og sporgöngumenn þeirra leggi mikið upp úr heild einstakra ljóða eins og ráða megi af skrifum þeirra sjálfra um ljóðabækur annarra. Skafti Þ. Halldórsson: „Morgundagur í brotajárninu. Athugun á ljóðum sporgöngumanna atómskáldanna.“ *Ljóðárbók 1989*. Ritsstj. Berglind Gunnarsdóttir o.fl. Reykjavík 1989, bls. 9–46; hér bls. 13. Mér virðist sem hugmynd þeirra um heildina nái oft til ljóðabóka eins og þær leggja sig, ekki aðeins til einstakra ljóða.

skoðun 1979 þegar hann gaf *Þorpið* út í upprunalegri mynd með örfáum leiðréttingum og endurreisti þannig fyrstu útgáfuna.²⁸ Steinn virðist líka hafa litið á *Tímann og vatnið* sem „listræna heild“ eins og Sveinn Skorri Höskuldsson bendir á í grein sinni um tilurð verksins: „Á síðustu árum ævi sinnar mun Steinn hafa verið tekinn að tala um Tímann og vatnið sem heild, og fræðimenn, sem um verkið hafa fjallað, hafa nálgazt það á þann hátt.“²⁹ Þó að það væri að sumu leyti á misskilningi byggt – einkum varðandi Stein sem var hefðbundnara skáld en margir hugðu – voru þessi tvö skáld af mörgum talin byltingarsinnar og niðurrifsmenn í ljóðasögunni. En það eru einmitt þessir nýjungamenn, móðernísku vefararnir Jón úr Vör og Steinn Steinarr, sem leggja *ljóðabókina* eða bálkinn til grundvallar í yrkingum sínum í ríkari mæli en flestir aðrir á þessum tíma, yrkja ljóðin inn í heild verksins. Endursköpun fyrri formgerðar ljóðanna í nýjum útgáfum *Þorpsins* og *Tímans og vatnsins* er í sjálfu sér staðfesting á því að skáldin eru að hugsa um heildina, að þau eru sífellt að skilgreina innri tengsl ljóðanna upp á nýtt, að það er hugsun en ekki hending sem ræður röðinni.

Allur gangur hefur verið á byggingu ljóðabóka síðustu áratugina en líklega er óhætt að fullyrða að áfram hefur hún verið lögð til

²⁸ Röð ljóðanna í 3. útg. 1979 er aðeins önnur en í frumútg., en í stórum dráttum er hér um upphaflega gerð bókarinnar að ræða. Í 2. útg. *Þorpsins* 1956 hafði Jón úr Vör hins vegar fellt niður fimm ljóð úr upprunalegu útgáfunni og bætt við fimmtán nýjum.

²⁹ Sveinn Skorri Höskuldsson: „Þegar Tíminn og vatnið varð til.“ *Afmælisrit til Steingríms J. Þorsteinssonar*. Reykjavík 1971, bls. 155–195; hér bls. 156. Sveinn Skorri telur að upphaflega hafi *Tíminn og vatnið* verið eins konar „úrval, er Steinn hefur gert úr kvæðum sínum frá tilteknu kveðskaparskeiði með ákveðin sjónarmið í huga ... [en] ... heimur þess tekið á sig formgerð sína smátt og smátt“ (sama rit, bls. 192). Meðal þess sem bendi til að Steinn hafi snemma litið á verkið sem heild sé að „á einu vinnustigi verksins hefur hvarflað að skáldinu að tengja ljóðaflokkinn í heild goð- og helgisögnum svo og sögulegum persónum og menningarsögulegum atriðum“ (sama rit, bls. 186; Steinn nefndi ljóðin um skeið nöfnum sem vísa í *The Waste Land* eftir T.S. Eliot). En Sveinn Skorri tekur fram að þrátt fyrir þetta „þá bylti skáldið þó gjörsamlega þeirri heildar-formgerð, sem ríkir í 1. útg., er það var gefið út í annað sinn“ (sama rit, bls. 194). Það er því umdeilanlegt hvort um sé að ræða sambærilega heild í 1. og 2. útgáfu *Tímans og vatnsins*, en eins og áður er sagt hafa flestir sem um verkið hafa fjallað – og einnig skáldið sjálft á síðustu árum sínum – litið á það sem „listræna heild“.

grundvallar sem einhvers konar „listræn heild“. Auðvitað tengist þetta eðli bókarinnar sem markaðsvöru; hún verður að vera girnileg til kaups, heildstæður „pakki“ eða eining, enda er oft lagt mikið upp úr útliti ljóðabóka og vandað til prentunar þeirra og skreytinga, t.d. á bókarkápu. Viðtökur ljóðabóka bera vott um að litið sé á þær sem listræna jafnt sem markaðslega einingu, sem sést m.a. á því að í ritdómum um ljóð á síðustu árum er gjarnan birt mynd af bókarkápu eða henni lýst og hún tengd bókarheildinni í umfjöllun. En það er einnig ljóst að skáldin sjálf gera sitt til að ljóðabækur séu heildstæðar í listrænum skilningi.

Hannes Pétursson hefur sent frá sér bækur á borð við *Heimkynni við sjó* (1980) og *36 ljóð* (1983) með ljóðum sem eru stutt og láta litið yfir sér en eflast í sameiginlegum ljóðheimi bókarinnar. Bygging *36 ljóða* markast annars vegar af upphafsljóði sem er ort um skáldskapinn sjálfan (með tilvísun í skáldfákinn), eins og oft er í byrjun bóka fyrr og síðar (á undan *Ljóðmælum* 1880 hefur Grímur Thomssen t.d. ljóðið Braga ræða sem fjallar um skáldskapinn), og hins vegar af lokaljóði sem vísar til framtíðar á meðvitaðan hátt líkt og er í fleiri ljóðabókum á síðari tímum (gjarnan er endað á ljóði sem „opnar leið“ út úr heimi bókarinnar á einhvern hátt). Nína Björk Árnadóttir er annað dæmi um skáld sem hugar að stærri heild en einstökum ljóðum. Titillinn *Svartur hestur í myrkrinu* (1982) er t.a.m. táknrænn fyrir bókina alla og tengir saman tvo hluta hennar.³⁰ Af yngri skáldum sem leggja mikið upp úr heild bóka sinna má nefna Gyrði Elíasson. Hann er t.d. óhræddur við að enda heildstæðar bækur eins og *Tvö tungl* (1989) og *Mold í Skuggadal* (1992) á örstuttum, hversdagslegum ljóðum, því að þau standa ekki ein og óstudd heldur tengjast öðrum ljóðum bókarinnar með skáldlegum hætti eins og myndmáli, minnum og yrkisefni.³¹ *Lendar elskhugans* (1991) eftir

³⁰ Sbr. Helgu Kress: „Án þess að vita hvers vegna.“ *Timarit Máls og menningar*, 44. ár, 3. hefti (1983), bls. 341–347; hér bls. 341.

³¹ Ég hef reynt að rekja nokkrar tengingar af þessu tagi í ritdómi mínum um *Mold í Skuggadal*: „Með náttblinduglæraugun.“ *Timarit Máls og menningar*, 54. ár, 1. hefti (1993), bls. 109–112.

Vigdísi Grímsdóttur er enn eitt dæmi um heildstætt verk þar sem endurtekin minni og tilbrigði við ákveðin stef ganga í gegnum bókina alla.

Þessi „listræna heild“, sem lýsir sér í ljóðabókum frá ýmsum skeiðum íslenskrar bókmenntasögu en kannski einkum frá undanfarinni öld, getur auðveldlega glatast ef bækurnar fá einhverra hluta vegna ekki að halda sér. Augu manna hafa smám saman opnast fyrir því að *útlit* texta geti verið merkingarbært, uppsetning geti t.d. orkað á skilning okkar á ákveðnu ljóði o.s.frv. Byronfræðingurinn Jerome J. McGann fjallar um þetta í bókinni *The Textual Condition* (Princeton, New Jersey 1991) og deilir m.a. á ýmsar venjur sem tíðkast hafa í fræðilegum útgáfum á kveðskap. Þegar verk sem skáld hafa sjálf búið til prentunar í lifanda lífi eru endurútfærin verði að taka meira tillit til útlitslegra þátta en oft sé gert. McGann sýnir með dæmum úr enskri útgáfusögu að þess sé ekki alltaf gætt að virða ákvarðanir skáldanna um merkingarbært útlit og uppsetningu ljóða og á sú gagnrýni víðar við ef að líkum lætur. Það segir sig sjálft að æskilegt er að einstökum ljóðabókum ákveðinna skálda sé safnað saman og þær gefnar þannig út að heildarsafn eða höfundarverk sé lesendum aðgengilegt á einum stað. Hins vegar verða slíkar útgáfur – að ekki sé minnst á hvers kyns „úrvöl“ úr verkum skáldanna – stundum til að umbylta „listrænni heild“ hvernar ljóðabókar um sig. Það þarf ekki mikið til að breyta þessari heild eins og sjá má af dæmi sem tekið verður hér í lokin úr útgáfusögu verka Einar Benediktssonar.

Einar lagði eins og áður sagði mikið upp úr einstökum ljóðabókum sínum og tengdi þær auk þess saman með hliðstæðum titlum (*Hafblik, Hrannir, Vogar, Hvammar*) og á það við um allar bækur hans nema þá fyrstu (*Sögur og kvæði*). Einn þátturinn í „listrænni heild“ hvernar bókar er *upphafsljóðið* sem virðist ætlað að gefa tóninn fyrir ljóðin sem á eftir koma og dregur einkenni bókarinnar fram. Einar hefur auðkennt þessi byrjunarljóð í bókum sínum eins og Guðmundur Finnbogason hefur bent á:

Framan við hverja ljóðabók sína, nema þá fyrstu, hefir hann sett kvæði, sem prentað er með breyttu lettri. Það bendir á, að hann hefir ætlað þeim kvæðum sérstakt hlutverk. ... En þau eru eins konar heildarsýn yfir dýpstu hugsanir kvæðanna í hverju bindi, forspil, gert af þeim stefjum, sem enduróma eða færð eru út í hálfur í heilum kvæðum. Þar er heims- og lífsskoðun skáldsins sett fram í svo stuttu máli sem frekast má verða, með útsýn frá hverju orði.³²

Hér talar greinilega gagnrýnandi sem lítur á ljóðabókina (a.m.k. bækur Einars) sem „litræna heild“ – og raunar lífræna líka, ef marka má náttúrulíkinguna sem felst í orðalaginu „með útsýn frá hverju orði“ – og virðist hafa nokkuð til síns máls. Einar boðar a.m.k. sjálfur lífræna heildarhyggju í þessum ljóðum. Bókin *Hafblik* hefst t.d. á ljóði sem ber hið táknræna nafn Stefjareimur, enda eru þar kynnt til sögunnar ýmis helstu stef bókarinnar. Í 3. og 4. erindi yrkir Einar um sólarafið og tengsl þess við jarðlífið:

*Svo skapast allt, jafnt orð sem dáð
við iðugeislann, fagra og hlýja.
Og lífstrjedd rís í röðuls náð
frá rústum vona – í hallir skjja.
Og hátt til lopts, sem lauf þess nær
og lágt til djúps, sem rót þess grær,
skal blað hvert stofnsins vexti vígja.*

*– Og allt er fest í formsins bönd,
jafnt fegurð hauðurs, lopts og voga...³³*

Þetta er rómantísk lífheildarhyggja sem minnir um margt á þær kenningar Coleridges um lífrænt form sem ræddar voru í upphafi þessa máls, samanber orðin „*Svo skapast allt, jafnt orð sem dáð*“ og „*allt er fest í formsins bönd*“. Niðurlagserindið hefst á þessum orðum:

³² Guðmundur Finnbogason: „Um skáldskap Einars Benediktssonar.“ Einar Benediktsson: *Ljóðmali*, I. bindi. Pétur Sigurðsson bjó til prentunar. Reykjavík 1945, bls. 7–62; hér bls. 39–40.

³³ Einar Benediktsson: *Hafblik*, bls. 1–2.

*Mitt verk er, þá jeg fell og fer,
eitt fræ, mitt land, í dupt þitt grafíð;
mín söngvabrot, sem býð jeg þjer,
eitt blað í ljóðasveig þinn vafið...³⁴*

Skáldverkið myndar samkvæmt þessu listræna og lífræna heild, og það sama á við um höfundar- eða æviverkið, en það er þó aðeins hluti af enn stærri heild sem Einar orðar með dæmigerðum hætti lífrænnar heildarhyggju, þ.e. að öll söngvabrot hans séu einungis eitt (lauf)blað í hinum stóra ljóðasveig landsins. Að hætti Coleridges er skáldverk eða höfundarverk Einars einnig eins og fræ sem getur þá væntanlega skotið rótum í hugum lesenda og tekið á sig form og nýtt líf með tíð og tíma.

Það virðist því vera markviss aðferð hjá Einari að draga helstu einkenni hverrar bókar fram í upphafsljóðinu og auðkenna það með skáletri í prentun til að sýna að það sé nokkurs konar „stefnuljóð“ hinnar ákveðnu heildar sem hann ætlar ljóðabókum sínum að vera. Það er að sama skapi óheppilegt – ef miðað er við að útgefendur eigi að vera trúir þeim listbrögðum sem skáldin leggja áherslu á í verkum sínum – að í þeirri heildarútgáfu á kvæðum Einars sem útbreiddust er, hátíðarútgáfu með inngangi Sigurðar Nordals 1964 sem var endurprentuð 1994, skuli upphafsljóðin ekki skáletruð og þau því ekki greind frá öðrum ljóðum eins og Einar hafði þó sjálfur gert.³⁵ Lesendur gera sér þar af leiðandi illa grein fyrir sérstöðu þessara „stefnuljóða“, að þau eru eins konar lykill sem lýkur upp helstu áherslum einstakra bóka og árétta heildarhugsunina. Ekki er gott að segja hvað hefur ráðið þessari ákvörðun útgefendanna sem fylgja skipulagi ein-

³⁴ Sama rit, bls. 3.

³⁵ Einar Benediktsson: *Kvæðasafn gefið út á aldarafmæli skáldsins*. Pétur Sigurðsson bjó til prentunar. Sigurður Nordal ritaði inngang. Reykjavík 1964. Sigurður Nordal minnst á sérstöðu þessara ljóða og kallar þau „inngangskvæði“ í ritgerð sinni „Einar Benediktsson“ framan við útgáfuna (sama rit, bls. xv–lviii; sjá m.a. bls. xxxvii og xlii) og Pétur Sigurðsson vekur athygli á skáletrun upphafsljóðanna í „Athugasemdum“ sínum aftast í útgáfunni (sama rit, bls. 845–864; sjá bls. 857 o.v.). En þrátt fyrir þetta hafa þeir ekki séð ástæðu til að virða skáletur Einars í textanum sjálfum.

stakra bóka Einars að öðru leyti, en því má halda fram að þarna hafi þeir grafið undan þeirri heild sem ljóðabækur skáldsins eru. Einar Benediktsson átti það sameiginlegt með ýmsum öðrum skáldum sem hér hefur verið fjallað um, að hann orti ekki aðeins ljóð – hann orti líka bækur.

MYNDMÁL SÁLMA

Tilraun til túlkunar með hliðsjón af sálgreiningu Jacques Lacan

SÁLMAKVEÐSKAPUR BYR YFIR ÁKVEÐNU MYNDMÁLI sem á rætur sínar að rekja til Biblíunnar. Myndmálið birtist ekki aðeins í því sem rætt er um eða lýst er í sálmum heldur markar það jafnframt mælanda og hinum ávarpaða stað. Þessi atriði eru í raun það sem kalla mætti *kjarna* myndmálsins. Þau eru algengasti þáttur þess, koma fyrir annað eða bæði í flestum sálmum, auk þess að vera það sem önnur atriði í myndmálinu snúast mörg um á einn eða annan hátt. Kjarninn er þá annars vegar sá að mælandinn *myndhverfist* oftast en ekki í barn, barnslegt dýr og/eða smáa jurt. Hins vegar er hinn ávarpaði, sem yfirleitt er óhlutbundin guðshugmynd, *persónugerður* sem faðir (stundum sonur/bróðir, sjaldan móðir). Fyrir þennan myndmálskjarna bera sálmar oft svípmót orðræðu innan fjölskyldu. Mælandinn er í vanmáttugri stöðu barns eða þess smáa gagnvart hinum ávarpaða föður. Ræða hans einkennist annaðhvort af sektarkennd og ótta við föðurinn eða ást og þrá eftir velþóknun hans. Föðurmynd sálma er ýmist upphafin og/eða ógnandi, hinn ímyndaði faðir virðist hafa líf og limu barnsins í hendi sér.

Þó að fróðlegar athuganir hafi verið gerðar á myndmáli sálma sem afmörkuðu fyrirbæri, m.a. í ritgerð þeirri sem Helgi Skúli Kjartansson skrifaði um Passíusálma Hallgríms Péturssonar,¹ er ljóst að hefðbundin bókmenntafræði megna ekki að skýra formgerð og verkun þeirra þátta myndmálsins sem hér voru nefndir. Það er hins vegar freistandi að skoða myndmálskjarnann og önnur skyld atriði í orðræðu sálma

¹ Helgi Skúli Kjartansson: *Myndmál Passíusálmanna og aðrar athuganir um stíl*. Studia Islandica 32. Reykjavík 1973.

út frá þeim sálgreiningarkenningum nútímans sem leggja áherslu á þátt föðursins í mótun barna og inngöngu þeirra í samfélag máls og menningar. Franski sálgreinandinn Jacques Lacan hefur þróað róttækar hugmyndir í þessa veru sem byggja bæði á frægum kenningum Freuds í sálfræði og mál- og samfélagsgreiningu formgerðarsinna (strúktúralista) á 20. öld. Lacan setur kenningar sínar fram með ögrandi hætti sem erfitt er að henda reiður á og virðist telja það rökrétt út frá þeim forsendum sem hann gefur sér um eðli tungumáls og hugsunar. Umfjöllun um kenningar hans hlýtur því að snúast í óvenjuríkum mæli um *túlkun* og verður hér einkum stuðst við tvö túlkunarrit um Lacan. Annað er eftir Aniku Lemaire og ber heitið *Jacques Lacan* (hér er vitnað í gerð sem höfundur endurskoðaði og var þýdd og gefin út á ensku).² Hitt er eftir Bice Benvenuto og Roger Kennedy og ber heitið *The Works of Jacques Lacan. An Introduction*.³ Auk þess er vitnað í enska þýðingu á hluta af greinasafni Jacques Lacan: *Écrits. A Selection*.⁴

Jacques Lacan gefur sér forsendu sem kenningar hans standa eða falla með. Forsendan er hugmynd Freuds um svokallaða ödipusarduld sem grundvallarferli í myndun einstaklinga og inngöngu þeirra í sérhvert samfélag, raunar sem hornstein siðmenningar. Ödipusarduld er í stuttu máli það þegar barn læst kynferðislega að foreldri sínu af gagnstæðu kyni og vill ryðja hinu úr vegi sem er samkynja því sjálfu. Barninu lærist svo síðar að bæla og dylja þessar hvatir með því að taka upp stöðu samkynja foreldrisins og beina kynferðisóskum sínum að öðrum af gagnstæða kyninu en hinu foreldrinu. Það er kannski ekki fyrst og fremst tilvist ödipusardularinnar sem er umdeild, enda hefur hún verið rökstudd með dæmum úr sálgreiningu og athugunum á atferli, öllu heldur þýðing hennar og mikilvægi – þ.e. sem sammann-

² Anika Lemaire: *Jacques Lacan*. David Macey þýddi. Lundúnum, Boston og Henley 1977. (Frumútg. í Brussel 1970.)

³ Bice Benvenuto og Roger Kennedy: *The Works of Jacques Lacan. An Introduction*. Lundúnum 1986.

⁴ Jacques Lacan: *Écrits. A Selection*. Alan Sheridan þýddi. Lundúnum 1977. (Frumútg. í París 1966.)

legs, ótímabundins mótunarafls. Freud reyndi í bók sinni *Totem und Tabu* að skýra útmægðir (e. *exogamy*) „frumstæðra“ þjóðflokka og boð þeirra og bönn í ljósi ödipusarduldarinnar og mannfræðingar eins og Claude Lévi-Strauss hafa að einhverju leyti fetað í fótspor hans í rannsóknum sínum á ómeðvituðum lögmálum slíkra samfélaga. En hugmyndin sjálf er aðallega mótuð af athugunum á samfélögum og menningu Vesturlanda á 19. og 20. öld (og sjónarhóli skoðenda sem tilheyra þeirri menningu), menningu sem helgast mjög af grunneiningu sinni: kjarnafjölskyldunni.

Kjarnafjölskyldan hefur iðulega í för með sér ákveðna aflokun og náin samskipti foreldra og barna. Tilfinningalegir árekstrar og átök eins og ödipusarduld eru því mun líklegra áhrifaafli þar en í annarri fjölskyldugerð og menningarumhverfi. Slíkar forsendur verður að hafa í huga ef nota á kenningar og aðferðir, sem reistar eru á þessari grunnhugmynd, á rannsóknarefni sem tengjast öðrum tímum og annarri menningu en Vesturlöndum eftir iðnbyltingu. Þó að ödipusarduld í einhverri mynd kunni að hafa fylgt samfélagi manna frá öröfi alda, eins og Freud gerði ráð fyrir, þá er hún afmarkað nútíma-fyrirbæri bæði sem aðstaða og afstaða rannsókna.

Sálmakveðskapur er bókmenntagrein sem mótaðist af siðbreytingarmönnum í Þýskalandi á 16. öld. Fjölmargir sálmar voru þýddir á íslensku á sömu öld og urðu undirstaða innlendrar sálmagerðar. Þessir þýddu sálmar voru flestir þýskir eða danskir að uppruna.⁵ Ef greina á myndmál sálma, sem virðist bera sterkan keim af orðræðu innan fjölskyldu, samkvæmt kenningum sem draga dóm af fjölskyldugerð síðari tíma, hlýtur að varða miklu hvort grundvallarbreytingar hafi orðið á fjölskyldugerð í Evrópu norðvestanverðri frá því á 16. öld.

Svo virðist ekki vera ef marka má rannsóknir fræðimanna. Loftur Guttormsson hefur kannað heimildir um fjölskyldugerð þessa tíma á Íslandi og borið saman við það sem vitað er um samsetningu fjölskyldunnar í ýmsum löndum Evrópu. Hann kemst svo að orði:

⁵ Sbr. Pál Eggert Ólason: *Upptök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi*. Fylgirit Arbókar Háskóla Íslands. Reykjavík 1924.

En markverðust er þó sú niðurstaða að gagnstætt hinni viðteknu skoðun hefur einföld kjarnafjölskylda (foreldrar ásamt börnum) verið langútbreiddasta formið í norðvestanverðri Evrópu. Á 17.–18. öld reynast heimili með slíka fjölskyldugerð hafa verið milli 70–80% af heildinni – og er þá miðað við könnun á mismörgum sóknum í Englandi, norðanverðu Frakklandi og Þýskalandi, Niðurlöndum og Norðurlöndum.⁶

Aðrar erlendar kannanir bendi til þess „að veruleg breyting hafi ekki orðið á formlegri fjölskylduskipan í norðvestanverðri Evrópu síðustu fimm aldirnar“.⁷ Svipuð fjölskyldugerð virðist einnig hafa einkennt íslenska samfélagið. Loftur tekur fram að tölulegar upplýsingar séu af skornum skammti fram að manntalinu 1703, en þá og síðar á 18. öld sé ljóst að „íslensk heimili hafa verið að meðaltali u.þ.b. fjórðungi margmennari en heimili í grannlöndunum. Ennfremur er ljóst að mismunurinn stafar ekki af því að sjálfur fjölskyldukjarninn hafi verið stærri að jafnaði heldur af hinu að fleiri óvandabundnir komu á hvert heimili að meðaltali.“⁸ Hér á landi hafa því verið heldur fleiri í heimili en annars staðar, en kjarnafjölskyldan hefur engu að síður verið hornsteinn samfélagsins. Miðað við þá kyrrstöðu sem einkenndi íslenska bændasamfélagið frá síðmiðöldum og fram á 19. öld er ósennilegt annað en sama fjölskyldugerð hafi verið ríkjandi hér a.m.k. frá síðbreytingu þó að tölulegar upplýsingar skorti. Um norðvestanverða Evrópu alla virðist því óhætt að fullyrða að þrátt fyrir breytingu á menningar- og samfélagsháttum á seinni tímum hafi fjölskyldugerðin áfram verið hin sama. Kjarnafjölskyldan með nánu samneyti foreldra og barna hefur ekki síður einkennt það umhverfi sem sálmar eru sprotnir úr en þá menningu sem mótað hefur sálgreiningarkennningar nútímans.

⁶ Loftur Guttormsson: *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10. Reykjavík 1983, bls. 43.

⁷ Sama rit, bls. 45.

⁸ Sama rit, bls. 124.

Önnur forsenda sem hér skiptir máli er *staða kynjanna* eða réttara sagt staða feðra og mæðra eins og hún horfir við ungdóminum. Föðurhugtakið í sálgreiningu felur ekki endilega í sér raunverulegan föður – frekar þriðja aðila eða þátt (jafnvel tungumál og samfélag eða stöðu innan þeirra) sem kemur inn í hið tvíhliða samband móður og barns. Þessi þriðji þáttur er kenndur við föðurinn vegna samfélags- og sögulegs hlutverks hans sem *löggjafa* og *valdhafa*. Það líffæri sem hann hefur umfram móðurina er táknbert og verður að viðmiði allrar merkingar. Eins og fræðikonan Kaja Silverman kemst að orði er völsinn (*phallus*) er ekki aðeins táknmynd lífsfyllingar heldur og

a signifier for the cultural privileges and positive values which define male subjectivity within patriarchal society, but from which the female subject remains isolated. It is thus closely aligned with two other very privileged terms within the Lacanian grammar, “symbolic father” and “Name-of-the-Father.” All three are signifiers of paternal power and potency.⁹

Þótt hinn táknlegi faðir þurfi ekki að vera af holdi og blóði er áhrifa- staða hans bundin því sögu- og samfélagslega fyrirbæri sem feðraveldið er. Nú má auðvitað líta á hugmyndir sálgreiningarinnar sem hreina afurð þeirra samfélagshátta og hugmyndafræði sem einkenna það feðraveldi sem hún er til orðin í. Þeir sem halda uppi vörnum fyrir sálgreininguna benda hins vegar á að hún sé rannsóknaraðferð sem hefur þróast út frá athugunum á einstaklingum sem bera öll merki sinna sögulegu aðstæðna – feðraveldisins: „psychoanalysis is not a recommendation *for* a patriarchal society, but an analysis *of* one“.¹⁰ En var staða föðursins jafnstærk í því menningarsamfélagi sem ól af sér sálma?

Hafi hún ekki verið það fyrir í þeim löndum þar sem mótmælendatrú komst á lögðu siðbreytingarmenn allt kapp á að styrkja hana. Ekki var nóg með að í kjölfar hins nýja siðar sigldi einveldi konungs í nafni Guðs föður heldur lagði sjálfur faðir sálmakveðskaparins,

⁹ Kaja Silverman: *The Subject of Semiotics*. New York 1983, bls. 183–184.

¹⁰ Juliet Mitchell: *Psychoanalysis and Feminism*. Freud, Reich, Laing and Women. Lundinum 1974, bls. xv.

Marteinn Lúther, mikla áherslu á að koma svipuðu einveldi á inni á heimilunum eins og Loftur bendir á:

Á sama hátt má sýna fram á að hin lútherska siðbreyting hafi lagst á sveif með konungsvaldinu í þessu efni og stuðlað að eflingu húsbóndavalds ... : húsmóðurinni var skipað á bekk með börnum og hjúum. Sjálfur lagði Lúther þunga áherslu á að eitt höfuð skyldi vera yfir hverju heimili, þ.e. húsbóndinn. ... Til þess að tryggja góðan húsaga skyldi vald húsbóndans – húsföðurins – vera óskorað. En húsfaðirinn mátti ekki beita valdi sínu eftir geðþótta; hann skyldi fara mildilega með það, sýna sams konar föðurlega umhyggju og sjálfur himnafaðirinn.¹¹

Í löndum lútherstrúar var því ekki aðeins stjórnvald og jarðeign í höndum feðranna heldur stóðu stéttir þeirra saman í hugmyndafræði tímans: kóngur – klerkur – heimilisfaðir. Föðurímynd þessara tíma hefur því væntanlega haft alla burði til þess að vera það tákn valds og lögmáls sem sálgreining okkar daga tengir henni sem áhrifaaffi í þroskaferli einstaklinga.

Svipuð fjölskyldugerð (kjarnafjölskylda) og staða kynjanna (feðraveldi) réttlæta þó í sjálfu sér ekki að kenningar sem byggja á sálgreiningu á nútímamönnum séu notaðar til greiningar á bókmenntaframleiðslu fyrri tíðar manna eða menningarafurðum yfirleitt. Þetta er vandamál sem varðar sálgreininguna sem aðferð: Hver eru takmörk hennar? Hvaða annmarkar eru á því að nota hana við bókmenntaskoðun? o.s.frv. Slíkar spurningar verður að hafa í huga þegar sálgreiningu er beitt með þessum hætti en svörin eru þó ekki síst undir því komin hvernig haldið er á málum í greiningunni hverju sinni. Hér verður lögð áhersla á þá hlið sálma sem snýr að *viðtakanda* (sem oftast er ekki er um leið flytjandi og setur sig í stöðu mælanda) og farin sú leið að athuga fremur *formlega* hlið á þeim – myndmálið. Með þessu er verið að forðast það sjónarhorn sálfræðilegra bókmenntarannsóknna að líta einvörðungu á *innihald* texta sem oft hefur það í för

¹¹ Loftur Guttormsson: *Bernska, ungdómur og uppeldi*, bls. 58–59.

með sér að textinn er einskorðaður við að vera afurð og (sjúkdóms) *einkenni* ákveðins sálarlífs eða hugarástands (bókmenntagreiningar Freuds sjálfis eru t.a.m. frekar greiningar á *höfundi* en texta).

Það skal tekið fram að umfjöllunin um myndmálið tekur einkum mið af lestri á ákveðnu sálmasafni þó að ekki séu tilfærð dæmi úr því til að sýna fram á öll atriði málsins. Hefði slíkt dæmasafn átt að verða marktækt hefði þurft að gera því skil í mun lengra máli en hér verður ritað. Þess í stað voru valin dæmi úr nokkrum sálrum og þau greind nánar til þess að sýna fram á verkun myndmálsins. En svo að umfjöllunin tæki nokkurt mið af þeirri hugmyndafræði sem leynt og ljóst er beint til viðtakandans var lagt til grundvallar sálmasafn sem gefið var út að undirlagi kirkjulegra yfirvalda og vitað er að hafði mikil áhrif á Íslandi. *Sálmasafnið* 1589, gefin út af Guðbrandi biskupi Þorlákssyni, var lesin og lögð til grundvallar vegna þess að hún var meginuppistaða kristilegra söngbóka á Íslandi hátt í tvær aldir eftir útkomu sína.¹² Auk þess ber hún hinum erlenda uppruna rækilegt vitni þar sem allflestir sálmarir eru þýðingar. *Sálmasafnið* 1589 ætti að vera marktæk fyrir myndmál þeirrar hugmyndafræði sem lútherska alþjóðakirkjan lagði blessun sína yfir því að „mestur hluti sálmanna var hinn sami sem sunginn var með öðrum lútherskum þjóðum samtímis“.¹³

Sem viðmiðun hefur *Sálmasafnið* 1589 þó sína ókosti. Æskilegt hefði verið að taka inn í umfjöllunina íslenska samfélagshætti og aðrar forsendur sem skiptu máli fyrir viðtöku sálma hér á landi. En sakir uppruna þeirra verður að láta nægja að ganga út frá tveimur grundvallarskilyrðum sem voru sameiginleg þeim samfélögum sem sálrum siðbreytingarinnar var ætlað að ná til, þ.e. kjarnafjölskyldu og feðraveldi, sem virðast hafa einkennt Norðvestur-Evrópu alla. Án þessa samfélags- og menningarlega samhengis verður sálfræðin sem myndmál sálma býr yfir ekki skilin nema að litlu leyti. Sú stefna lútherskunnar að höfða sterkar til sérhvers sóknar barns í trúarlegum efnum en tíðkast hafði í kaþólskum sið var ekki aðeins fólgin í því að

¹² Páll Eggert Ólason: *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 217–219.

¹³ Sama rit, bls. 43.

gera almenning að þátttakanda í sálmasöng á móðurmálinu. Með því að færa sér í nyt hið hefðbundna myndmál kristinnar með áherslum sem tengdust samfélagsþáttum og fjölskyldugerð samtímans stefndi kirkjan beint og óbeint að því að gera fólk barnslegra í trúnni og auðmjúkara gagnvart yfirvöldum þessa heims og annars. Sálgreiningarkenningar Jacques Lacan eru vel til þess fallnar að skýra þessa verkun myndmálsins í hinum lúthersku sálum.

Kenningar Jacques Lacan

I. Hið Ímyndaða: frumháttur samsömunar

Jacques Lacan gengur í kenningum sínum út frá þremur grundvallarsviðum eða frumháttum sem varða þroskaferil einstaklingsins. Frumháttur *hins Raunverulega* felur í sér allt það sem stendur fyrir utan einstaklinginn – náttúruna sem ytra afl, hlutveruleikann – sem og það sem er „ofar“ skilningi hans og tjáningarmætti, s.s. dauðann og algleymi fullnægjunnar. Barnið upplifir þennan frumhátt t.a.m. í móðurkviði en merkingu eða orðum verður aldrei komið yfir þá reynslu.

Úr þessum frumhætti ólýsanlegrar fullnægju eða algleymis sem þekkir engan skort þróast barnið yfir í næsta frumhátt, *hið Ímyndaða*. Þegar við fæðingu byrjar barnið að finna fyrir skerðingu á þeirri fullnægju sem það naut í móðurkviði, því er ekki lengur ósjálfrátt séð fyrir öllu sem það þarfnast. Upp frá þessu einkennist líf þess af *skorti*. Það skortir þá heildstæðu líkamskennnd sem það fann fyrir sem hluti af móðurlíkamanum. Nú skynjar það líkama sinn í brotum sökum þess hvað það hefur í fyrstu litla stjórn á honum. Hvatir þess og þarfir kvíslast líka í aðskilda farvegi um líkamann: munn, endaparm o.s.frv. Það leitar fróunar í sjálfsfullnægju (auto-erotisma) sem snýst fyrst um sinn kringum munnopið (barnið *sýgur* t.a.m. fingur sinn). Móðurburjóstið og pelinn svala þörf þess fyrir næringu en það sér jafnframt í þeim uppbót á þeim skorti á heild sem hrjáir það. En barnið hefur fyrsta hálfu árið ekki tök á að öðlast þá heildar *mynd* af sjálfu sér sem getur vegið upp á móti brota *kennnd* líkamans.

Þegar barnið nær 6–8 mánaða aldri fer það að gera sér grein fyrir því að það sér sig sjálft en ekki eitthvert annað barn þegar það horfir í spegil. Þetta er það sem Lacan nefnir *spegilstigið* sem er frumháttur hins Ímyndaða í hnotskurn. Með spegilmyndinni verður barnið sér úti um sjálfsmynd sem er heildstæð og laus við þá brotakenndu upplifun líkamans sem það finnur ennþá fyrir. Héðan í frá verður hið ytra spegill sem barnið sér sjálft sig í – hvort sem það er jafnaldri eða móðir þess. Spegilstigið er þannig upphafið að myndun *sjálfsins* (*ego*) sem er lengi að þróast. Sjálfið er samkvæmt Lacan tilbúin mynd sem við gerum okkur af okkur sjálfum í hinu ytra. Myndun þess á sér stað í frumhætti hins Ímyndaða og heldur áfram fram eftir árum. Sjálfið birtist okkur t.d. í draumum í mynd borgar eða virkis og samkvæmt Lacan er minningin um sjálfsmyndunina oft tengd árásarhneigð og ofbeldi. Þetta stafar af því að myndun sjálfsins á spegilstiginu, hinnar heilsteyptu og viðráðanlegu líkamsmyndar sem spegillinn afmarkar í tíma og rúmi, helgast af þeirri ofbeldis- og brotakenndu reynslu líkamans sem henni er í raun beint gegn. Lacan telur að ofbeldistal eldri barna um að slíta höfuðið hvert af öðru og draummyndir af limlestingu, vönun og líkamsáti séu minningar um myndun sjálfsins. Börn á spegilstiginu séu enda oft árásgjörn í garð jafnaldra sinna. Lacan lítur svo á að þau séu að reyna að ná valdi á spegilmynd sinni og staðsetja sig eða hasla sér völl í heiminum. En þrátt fyrir að þau hafi öðlast sjálfsmynd að einhverju marki á spegilstiginu hafa þau ekki í raun náð að greina sig frá öðrum. Þau sjá sjálf sig bara í *hinu* (fr. *l'autre*), í spegli, í jafnaldra – og renna um leið saman við spegilmyndina og jafnaldrann. Hið tvíhliða spegilsamband sem einkennir frumhátt hins Ímyndaða er gagnverkandi, villandi *samsömun*. „The child who strikes another says that he has been struck; the child who sees another fall, cries“. ¹⁴ Barnið hefur þróast frá staðbundinni sjálfsfullnægju á hinum brotakennda líkama yfir í sjálfsást (narsissisma), þ.e. ást á ímyndaðri heildarmynd eigin líkama eins og hún birtist í speglinum, sjálfsmynd sem verður alls staðar fyrir því.

¹⁴ Lacan: *Écrits*, bls. 19.

II. Ödipusarduldin

Fyrsta stig ödipusarduldarinnar þróast upp úr spegilstiginu og á sér stað í frumhætti hins Ímyndaða. Barnið gerir ekki fyllilega greinarmun á sjálfu sér og móður sinni. Hún fer að standa fyrir lífsfyllinguna með því að hún er sá sem sér um að uppfylla þarfir þess og langanir. Móðirin verður að viðmiði alls, barnið miðar óskir sínar allar við hana; hún verður fyrir barninu það sem Lacan nefnir *Hinn* (fr. *l'Autre*), sem hann skrifar með stórum staf til aðgreiningar frá *hinum* (*l'autre*) sem áður er nefndur. Þegar barnið verður þess áskynja að móðir þess er ekki fullkomin, að hún hefur sjálf sínar takmarkanir þrátt fyrir þá lífsfyllingu sem hún stendur fyrir, fer það að þrá að uppfylla þennan skort hennar á fullkomnun. Það vill líka vera henni allt og reynir að gera sig ómissandi. Smám saman tekur þessi þrá á sig kynferðislega mynd eftir því sem barninu eykst vitund um kynjamun og kynhlutverk. Lacan hugsar sér þetta þannig að barnið þrái að vera móður sinni sá *völsi* (*phallus*) sem hana skortir. Völsann ber ekki fyrst og fremst (alls ekki, myndi Lacan segja) að skilja sem líffæri, þótt auðvitað varði það þrá móðurinnar sem grundvöllur kynferðissambands hennar við föðurinn. Völsinn stendur fremur fyrir þá lífsfyllingu sem óskað er eftir eða þá fullkomnun sem á skortir og sálgreiningin túlkar jafnan samkvæmt þeirri hugmynd að grunnhvatir (*libido*) mannsins séu kynferðislegar. Þráin til Hins er þá orðin að þrá Hins, þráin til móðurinnar veldur því að barnið samsamar sig því sem hún þráir eða skortir. Barnið er í raun réttir ekki enn orðið að sjálfstæðum einstaklingi, það er aðeins til sem framlenging á móðurinni.

Ef barnið á ekki að festast í ímynduðu sambandi við móðurina eða vera ætíð upp á hana komið er því nauðsynlegt að öðlast það sem Lacan kallar *nafn föðursins*: „It is in the *name of the father* that we must recognize the support of the symbolic function which, from the dawn of history, has identified his person with the figure of the law“.¹⁵ Í stuttu máli er hér um að ræða *utanaðkomandi þátt* sem kemur inn í tvíhliða samband móður og barns og jafngildir í raun *valdböði*. Það

¹⁵ Sama rit, bls. 67.

eru aðeins samfélagslegar og sögulegar aðstæður sem tengja þennan ytri valdbodsspátt persónu föðurins, raunverulegur faðir þarf ekki að vera til staðar heldur er hann *táknlegur* eins og áhersla Lacans á *nafni* föðurins gefur raunar til kynna: „The mother’s own relation to her symbolic father may be sufficient. Even if there is a real father present what may be determinant is how he appears in the mother’s discourse, how he is mediated by her, and whether or not she values him“. ¹⁶ Það veitur því á orðræðu móðurinnar, því hvernig hún tjáir og miðlar hinum utanaðkomandi þætti, hvort barninu veitist það nafn föðurins sem samkvæmt Lacan ákvarðar annað stig ödipusarduldarinnar. Barnið hefur hingað til beint árásarhvöt sinni að hinum utanaðkomandi föður sem það lítur á sem keppinaut sinn um móðurina. En með nafni föðurins sér það hinn ytri þátt í nýju ljósi: faðirinn birtist því nú sem *refsandi* og *almáttugt* afl sem kemur upp á milli þess og móðurinnar. Lacan setur þetta stundum fram með biblíulegum lögmáls- eða bodorðshætti þar sem faðirinn segir við barnið: „Eigi skaltu sænga hjá móður þinni“, og við móðurina: „Eigi skaltu hafa barnið fyrir völsa þinn“. Faðirinn bindur þannig enda á hið ímyndaða samband barnsins við móðurina, það verður að láta af óskinni um að vera móðurinni allt. Faðirinn *vanar* barnið á táknlegan hátt þegar hann skilur það frá móðurinni eða bannar því að vera völsi hennar. Um leið reynir barnið á sjálfu sér *lögmál föðurins*, lögmál misleitni og aðgreiningar: það er eitt, móðirin annað.

Á þriðja og síðasta stigi ödipusarduldarinnar horfir faðirinn öðruvísi við barninu gangist það undir lögmál hans. ¹⁷ Hann hættir að vera ógnandi, refsandi og almáttugur og verður þess í stað *gefandi*. Hann *löggildir* samkvæmt Lacan þrá eða ósk barnsins ef það sættist á *hafu* völsann í stað þess að vera hann. Um leið gefur faðirinn *fyrirheit*:

¹⁶ Benvenuto og Kennedy: *The Works of Jacques Lacan*, bls. 133–134. Lemaire kveður enn fastar að orði og vitnar í Lacan: „*The father is present only through his law, which is speech, and only in so far as his Speech is recognized by the mother does it take on the value of Law.*“ Lemaire: *Jacques Lacan*, bls. 83.

¹⁷ Þetta heitir á biblíumyndmáli að umskurnin nái einnig til hjartans, sbr. Bréf Páls til Rómverja 2:29.

stráknum stendur til boða að taka upp stöðu hans í samfélaginu og kynferðissamband við hitt kynið en stelpunni að taka upp stöðu móðurinnar í samfélaginu („hafa völsann“ í barnsmynd) og kynferðissamband við föðurkynið („hafa völsann“ í kynlífinu). Þannig er ödipusarduldin hornsteinn síðmenningar: barnið bælir óskina um að verða eitt með móðurinni og gengur inn í samfélagið, samskipti við aðra. Þetta markar jafnframt upphaf *dulvitundarinnar*: þráin til móðurinnar er ekki upprætt heldur *bæld* og henni veitt í leyfilegan farveg. Hin *dulvitaða ósk* til móðurinnar rís upp í öllu sínu veldi þegar barnið er skilið frá henni: skorturinn einkennir nú tilvist þess endanlega. Frá þessari stundu leitar barnið þess að uppfylla í frumhætti hins Táknlaga skortinn á samsemd frumberskunnar.

III. Hið Táknlaga: frumháttur aðgreiningar

Frumháttur hins Ímyndaða einkenndist af tvíhliða, milliliðalausri samsömun barnsins við móðurina. En í ödipusarduldinni hefur nýr frumháttur komið til sögunnar. *Hið Táknlaga* (hið Symbólska) er frumháttur *aðgreiningar* í stað samsömunar hins Ímyndaða. Barnið hefur færst frá tvíhliða sambandi yfir í *þríhliða, óbein* tengsl. Hið Táknlaga er frumháttur tungumálsins, táknkerfisins, allra þeirra milliliða sem koma í stað hinnar beinu samsömunar frumberskunnar. Hér er þó engan veginn um einfalda yfirfærslu að ræða því að hið Ímyndaða (og hið Raunverulega) er áfram til staðar og verkar á barnið (og hinn fullorðna) í frumhætti hins Táknlaga.

Ödipusarduldin og aðildin að hinu Táknlaga, að tungumálinu og táknskiptum menningarinnar, eru *hliðstæður* en ekki eitt og sama ferlið. Þau eru þó samverkandi en venslin eru flókin. Barnið hefur yfirleitt náð einhverju valdi á tungumálinu *áður* en það gengur í gegnum ödipusarferlið svo að strangt tekið getur lausn á þeirri duld ekki talist nauðsynleg forsenda máltökunnar eða aðildarinnar að hinu Táknlaga. Því er líkast sem lausnin á ödipusarduldinni verki aftur fyrir sig á inngöngu barnsins inn í hið Táknlaga, *löggildi* hana og gefi

henni *formgerð*, móti stöðu barnsins á táknelega sviðinu *eftir á*.¹⁸ Þó er eins og Lacan hugsir sér að þessi hliðstæðu ferli eigi sér ákveðinn snertipunkt á mikilvægasta stiginu á þroskaferli einstaklingsins.¹⁹ Það er þegar farsæl lausn ödipusardularinnar er komin undir því að barnið öðlist nafn föðurins, þann *táknelega föður sem birtist í orðræðu móðurinnar*. Þessi hliðstæðu ferli virðast því skilyrða hvort annað því að hér gegnir ákveðin (af)staða innan málkerfisins, hins Táknelega sviðs, lykilhlutverki fyrir ödipusarduldina.

Lögmál föðurins er lögmál málkerfisins. Lausn ödipusardularinnar veltur á því hvort barnið tekur á sig *aðgreininguna* (frá hinu kyninu, frá hinum og frá Hinum). Og á sama hátt og aðgreiningin er lögmál föðurins er hún lögmál málkerfisins. Málkerfið er byggt upp á *aðgreinandi merkingarþáttum*. Þetta á ekki bara við um smæstu merkingareiningar eins og fónem heldur og orðapör á borð við *ég/þú*. „Ég“ er það sem formgerðarsinnar kalla *tákmynd* (fr. *signifiant*, e. *signifier*) en hún hefur enga merkingu ein sér. Það eru tengsl hennar og afstaða til annarra tákmynda málkerfisins, s.s. aðgreiningin frá „þú“, sem gefa henni merkingu en ekki tengsl hennar við hlutveruleikann eða lífheiminn, hið Raunverulega. Í samtali er t.a.m. sá sem notar „ég“ um sjálfan sig allt í einu orðinn „þú“ þegar hinn tekur til máls. En með því að taka sér stöðu (réttara sagt: afstöðu) í tungumálinu og táknerfi menningarinnar afmarkar barnið sjálft sig og greinir sig frá öðrum. Tákmyndin gerir það að *hugveru* (súbjekti, fr. *sujet*) eins og Lacan kallar það. Það getur staðsett og nefnt sjálft sig innan málkerfisins, það hefur yfir „ég“ að ráða. Þó er það ekki svo að með hugveru táknerfisins hafi barnið „fundið sjálft sig“. Eitt er að tungumálið eða táknerfið stendur alltaf utan við það sjálft. Hinn táknelegi faðir hefur löggilt máltökuna og tekið við hlutverki móðurinnar sem Hinn, viðmið alls og endastöð óskanna. En tungumálið sem barnið gengur inn í er ekki þess eigið, það er tungumál Hins. Annað er að óskir þess og þarfir eru frá og með máltökunni mótaðar af og háðar

¹⁸ Sbr. Lemaire: *Jacques Lacan*, bls. 88–89.

¹⁹ Sbr. Silverman: *The Subject of Semiotics*, bls. 181.

reglum tungumálsins. Þeim er meira og minna veitt í sama farveginn, farveg táknmyndanna. Hin bælda þrá til móðurinnar leitar tjáningar í táknmyndum sem barninu áskotnast en með nýrri og nýrri táknmynd færast það sífellt fjær hinni upprunalegu ósk. Tjáningin/merkingin fer fram á kostnað hinnar fyrri reynslu, táknmynd kemur í staðinn fyrir tilvist. Hin hvatræna vera hins Ímyndaða er nú orðin að hugveru í frumhætti hins Táknelega. Fyrir (af)stöðu sína sem hugvera í táknmáli menningarinnar, fyrir aðgang að táknmyndum eins og „ég“, verður barnið að láta af hendi þá lífsfyllingu sem það var þó aðnjótandi í samsömun hins Ímyndaða þrátt fyrir að það fyndi þar fyrir ákveðnum skorti. Það á sér stað táknleg vönun, hliðstæð þeirri sem ödipusarduldin hafði í för með sér. Völsinn verður fyrir Lacan erkitáknmynd þessa skorts sem hugveran tekur á sig til að geta tjáð óskir sínar; jafnframt er hann táknmynd þeirra samfélags- og menningarlegu forréttinga sem hinn táknlegi faðir stendur fyrir.

Táknmyndir eins og „móðir“ og „faðir“ tákna ekki aðeins afstöðu innan tungumálsins, þær eru líka tákni fyrir afstöðu innan menningarinnar, nöfn á samfélagslegum hlutverkum og stöðu. Kaja Silverman hefur fjallað um þessi tengsl tungumáls við menningu og samfélagshætti út frá hugmyndum Lacans um *orðræðu fjölskyldunnar* (e. *discourse of the family*). Hún bendir á að Lacan lýsi fjölskyldunni sem táknlegum venslum sem standi alltaf ofan eða handan við einstaklingana sem þau skilgreina í raun. „Móðir“ og „faðir“ tákna ákveðna stöðu innan menningarinnar án nauðsynlegrar samsvörunar við lífheiminn. Ákveðnir einstaklingar geta tekið upp aðra hvora stöðuna en eiga ekkert „náttúrulegt“ tilkall til hennar. Þar að auki fá raunverulegi faðirinn og móðirin aldrei valdið hinu táknelega hlutverki sínu þótt þau leggi sig öll fram. Þetta stafar af því að „móðir“ og „faðir“ eru táknmyndapör innan lokaðs merkingarkerfis; gildi og merking hvorrar táknmyndar um sig helgast af tengslunum við hina og ekki tengslum við raunveruleikann:

That value and that meaning can only be realized within discourse, within a syntagmatic chain which includes

“daughter” and/or “son.” ... Like “I” or “you,” these familial signifiers are activated only when subjects identify with them. The discourse of the family – a discourse which is absolutely central to the perpetuation of the present, phallogocentric symbolic order – needs subjects.²⁰

Orðræða fjölskyldunnar er því fastmótað kerfi táknmynda sem ljær þeim einstaklingum sem taka hana upp (eða kannski öllu heldur þeim hugverum sem *hún* „tekur upp“) ákveðna formgerð eða innbyrðis afstöðu innan menningarinnar og samfélagsins. Formgerðin eða afstaðan tekur í einu og öllu mið af völsanum (er það sem á ensku kallast *phallogocentric*), þ.e. setur táknmynd föðurins í forréttindastöðu (í orðræðu fjölskyldunnar eru t.a.m. barn og/eða eiginkona einatt kennd við föðurinn eða föðurnafn eiginmannsins). Aðild barnsins eða upptaka hugverunnar í orðræðu fjölskyldunnar hefur í för með sér að það skilgreinir sig ómeðvitað sem skortandi eða ófullkomið í krafti ákveðinna táknmynda (sbr. annað stig ödipusarduldarinnar). Kaja Silverman orðar þetta svo:

The discourse of the family produces the subjects it needs by aligning them with the symbolic positions of “father” and “mother” ... *That operation begins when the subject confuses its actual parents with their symbolic representations, and concludes at the unhappy moment of a fully realized lack or inadequacy.* Some of the more important intervening stages involve the organization of the subject’s desires in relation to the mother, the identification of the subject with the ideal image of the parent of the same sex, and the subordination of the subject to the law of the father. Sexual difference provides the informing principle of this discourse, its major structuring opposition.²¹

Þótt skorturinn komi sterkast fram á tilteknu „augnabliki“ í inn-göngunni eða upptökunni þá setur hann áfram mark sitt á barnið

²⁰ Sama rit, bls. 182.

²¹ Sama rit, sama stað (leturbreyting mín).

sem hugveru í orðræðu fjölskyldunnar: „The discourse of the family serves constantly to activate the paternal signifier, and one of the most important ways in which it does so is through the evocation of its binary complement, i.e. “lack”“.²² Skortur stelpunnar stafar þarna af því að hún ruglar saman raunverulegri móður sinni og hinni táknlegu móður. En þegar á allt er litið hefur skortur hennar sama viðmiðið og skortur stráksins, þ.e. völsann eða fullkomnun hins táknlega föður. „Móðir“ – og gegnum hana „dóttir“ – eru í neikvæðri afstöðu (skilgreindar út frá skorti) við erkitáknmyndina „völsa“ (táknmynd sem er aldrei hægt að festa hendir á – er „ósýnileg“ samkvæmt Lacan – en stendur á bak við og ákvarðar stöðu annarra táknmynda) í þeim skilningi að þær hafa aðeins aðgang að henni gegnum táknmyndina „faðir“. En meðan strákurinn er enn í stöðu „sonar“ í orðræðu fjölskyldunnar brennir hinn táknlegi faðir hann áfram marki skortsins eins og „móður“ og „dóttur“.

Varðandi orðræðu fjölskyldunnar og tengsl hennar við ríkjandi menningu ber ennfremur að hafa í huga að völsinn og hinn táknlegi faðir birtast í margvíslegum myndum sem áhrifaöfl í krafti skortsins. Kaja Silverman orðar þetta svo:

The ideal paternal representation to which those two signifiers refer remains determinedly abstract and diffuse, finding expression less through individual human agents than through the institutional supports with which it is finally synonymous. Those supports include not only the patriarchal family, but the legal, medical, religious, technological, and educational systems, and the dominant political and economic organizations.²³

Í myndmáli sálma og kristilegri orðræðu má oft greina tilvísanir í þær samfélagslegu „stofnanir“ sem hér er rætt um. Þetta er ekki síst greinilegt í ýmsum birtingarmyndum hins ríkjandi föður – þ.e. þegar óhlutbundið guðshugtak myndhverfist í „föður“. Í myndmáli sálma og kristilegri orðræðu birtist guðdómurinn (þ.m.t. Kristur) iðulega í

²² Sama rit, bls. 189.

²³ Sama rit, bls. 184.

táknmyndum sem tilheyra sviðunum sem Kaja Silverman telur upp og er þá t.d. nefndur „dómari“ (sbr. lögin), „græðari“ (sbr. læknisfræðina), „meistari“ (sbr. fræðsluna) og „kóngur“ (sbr. stjórnmálin). Hinn táknlegi faðir viðheldur skorti hugverunnar einmitt með einkagetu sinni til að uppræta hann á öllum sviðum – hvort sem það er með græðslu, fræðslu eða einhverju öðru. Það er því óhætt að taka undir það að í húsi föðurins séu margar vistarverur.

*Leiðir til lacanskrar túlkunar og niðurstöðu
um myndmál sálma*

Híð Táknlega og myndmál sálma

Eins og ráða má af því sem hér hefur komið fram liggur beint við að skipa sálmapersónum í hlutverk sálgreiningarinnar. Föðurhlutverkið í sínum margbreytilegu myndum færi Guði vel, enda er „faðir“ einhver algengasta táknmynd guðdómsins í orðræðunni. Hann gæti verið hinn *alvaldi*, *refsandi* faðir á öðru stigi ödipusarduldarinnar ef táknmyndirnar „drottinn“, „herra“, „kóngur“ (alvaldsmyndir) og „dómari“ (refsimynd) eru hafðar í huga. Hann gæti líka verið hinn *gefandi* (sbr. „skapari“) faðir fyrirheitsins („*himna*faðir“) á þriðja stiginu. Lacan leggur sjálfur áherslu á föðurhlutverk Guðs sem *löggjafa*: „Lögmál Föðurins“ er vísun í Guð Gamla testamentisins og „Orð“ (gr. *logos*) Nýja testamentisins notar Lacan um ægivald tákna og táknmynda sem faðirinn löggildir í lífi mannsins. Sem *verndari* getur Guð að auki birst í táknmyndum sem venslaðar eru sjálfsmýndun; hann er t.d. oft kallaður „borg“ sem minnir á þær draummyndir sem Lacan telur að séu samfara sjálfsmýnduninni, en þetta er gamalt myndmáls-einkenni og teygir sig aftur í Davíðssálma þar sem Guð tekur á sig skyldar myndir (vígi, bjarg, hæli o.s.frv.).²⁴

Kristur væri þá *hinn (l'autre)* Lacans: hinn fullkomni, upphafni, limlesti, sundurstungni, æti og drykkjarhæfi („brauð“, „blóð“ – sbr.

²⁴ Sbr. t.d. Davíðssálm 18:3: „Drottinn, bjarg mitt og vígi og frelsari minn, Guð minn, hellubjarg mitt, þar sem ég leita hælís, skjöldur minn og horn hjálpræðis míns, háborg mín!“ (*Bíblían. Heilög ritning*. Reykjavík 1981, bls. 565.)

hina árársarkenndu sjálfsmyndun) jafningi eða líki í speglinum sem barnið ruglar sér saman við. Hann væri ennfremur hin ödipala lausnarmynd barnsins af sjálfu sér ef miðað er við táknmyndirnar „lausnari“, „frelsari“ og „hjálpari“: barn Guðs sem hefur tekið á sig vönunina (sbr. krossfestinguna) og tekið upp stöðu föðurins (sbr. upprisuna).

Áfram mætti halda og setja hina „hverfandi“ Maríu lútherssálma (þ.e. með hliðsjón af því hve áberandi hún hafði verið í trúarljóðum miðalda) í hlutverk yfirgefnu móðurinnar á sviði hins Ímyndaða og Satan í freistarahlutverk barnsins sem neitar að gangast undir lögmál og vönnun föðurins en endar í ergi og útskúfun. Þótt hlutverkaskipan í þessa veru kunni að eiga rétt á sér samkvæmt sálgreiningunni segir hún út af fyrir sig fremur lítið um sálfræðilega verkun myndmálsins í sálmum. Öllu vænlegra er að beina sjónum að þeirri hugveru sem birtist í sálmum og því hvernig táknmyndir myndmálsins ákvarða stöðu hennar.

Hugvera sálma er iðulega látin setja sig í stöðu þolanda með táknmyndum eins og „barn“ eða táknmynd einhvers barnslegs dýrs eða smárrar jurtar (með fyrstu persónu eintölu eða fleirtölu). En staða hennar mótast ekki síður *óbeint* af vensluðum en andstæðum táknmyndum eins og „faðir“, „hirðir“ og „skapari“, þ.e. stöðutáknmynd hugverunnar sem barns, dýrs eða jurtar þarf alls ekki að koma beint fram. Alþekkt dæmi um þetta væri fyrri hluti 23. Davíðssálms þar sem Guð er nefndur „hirðir“ sem leiðir hugveruna að vatnsbólum og á grænar grundir án þess að hjarðdýr sé nokkru sinni nefnt á nafn. Lagt er út af þessum Davíðssálmi í *Sálmabók* Guðbrands og hljóðar 1.–3. erindið svo:

Herrann sjálfur minn *hirðir* er,
hann mun mín allvel gæta,
og hvað gott sem eg þarf hér
ei lætur hann mig þrjóta.
Haga góða mér veitir vel,
vaxa lét *heilnæm grös* þar til
sinna heilagra orða.

Hreinum vötnum hann hélt mér að,
 hvað best mig mátti *næra*.
 Hans andi víst það heilagur var
 sem huggun vill mér færa.
 Sannan lífsins mér sýndi veg
 sinna boðorða að gætti eg
 og lét mig nafns síns njóta.

Ef hlýt eg ganga um hryggðardal
 eg hirði ei ólukku kvíða,
 þó ofsókn, hörmung og alls kyns kvöl
 í heimi verði að líða.
 Æ jafnan þú ert mér nær
 og er þinn *stafur* mín huggan kær,
 á orð þín eg mig reiði.²⁵

Greinilegt er að orðræða fjölskyldunnar er yfirskipuð náttúrumyndmálinu í sálmum. Hún er ekki aðeins algengari heldur nýtur hún forréttinda, er t.a.m. einatt látin skilgreina innri vensl sjálfs guðdómsins („Í nafni Guðs *föður*, *sonar* og heilags anda“ o.s.frv.). Þetta ber þó ekki svo að skilja að dýra- og jurtamyndmálið sé aðeins undirflokkur eða tilbrigði við hina myndhverfu orðræðu fjölskyldunnar. En formgerð sálma og bygging helgast mun meira af orðræðu fjölskyldunnar en öðrum þáttum myndmálsins, jafnvel þeim þáttum sem heyra ásamt henni menningunni til. Þannig virðast myndhverfingar guðshugtaksins í kóng, dómara o.fl. í raun undirskipaðar föðurmyndhverfingunni því að táknmyndin „faðir“ hefur – með afstöðu sinni til táknmyndarinnar „barns“ – í sér fólgin öll þau táknmið sem hinar táknmyndirnar tengjast hver um sig, þ.e. drottun, dóm yfir barninu o.s.frv.

Sá faðir sem barnið í sálmum er sífellt að ákalla og ákvarðar stöðu þess sem hugveru er því Hinn (*l'Autre*), þráin er öll til hans. Í *sálm-*

²⁵ *Ein ný Psalma Bok, Med morgum Andligum Psalmum, Kristelegum Lofsaunguum og Vijs-um, skickanlega til samans sett og Auken og endurbætt. Hólum í Hjaltadal 1589, bls. xcvi (leturbreyting mín). Tilvitnanir í þessa útgáfu eru færðar til nútímahorfs.*

um er enginn raunverulegur faðir til staðar. Faðirinn sem hugveran ákallar er hinn fullkomni, upphafni faðir sem liður engan skort. Hann er hinn *táknlegi* faðir í orðræðu fjölskyldunnar. Táknmynd hans er táknmynd fullkomnunar. Það er afstaða táknmyndar barnsins til þessarar táknmyndar sem ræður því að viðvist hugverunnar (þ.e. barnsins sem hugveru) í sálrum einkennist af skorti. Athyglisvert er að táknmynd hugverunnar felur yfirleitt ekki í sér kyngreiningu: „barn“ er hin ríkjandi táknmynd en ekki „sonur“ eða „dóttir“. Þar með er báðum kynjunum gert kleift að samsama sig barnshlutverkinu og skortinum og vanmættinum gagnvart hinum táknlega föður.

Þetta virðist vera höfuðverkun orðræðu fjölskyldunnar í myndmáli sálma. Hugveran hlýtur algeran skort sinn frá hinni fullkomnu táknmynd föðurins; afstaðan til hans gerir hana ófullkomna, vanmáttuga, lítilmótlega, undirgefna o.s.frv. Í hinni barnslegu táknmynd (sem oft fullkomnar vöntunina með því að vera aðeins óbeint til staðar) tekur hugvera sálma á sig helstu einkenni bernskunnar: *þrá til móðurinnar* sem birtist ekki síst í tvíræðu (e. *ambivalent*) sambandi við föðurinn – sektarkennd, refsingarótta; upphafinni þrá til hans – og (árásargjarna) *samsömun við hinn* – bróðurinn (Krist), jafningjann, líkann (sbr. „Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig“). Þessi ímyndaða samsömun er líka að verki í öðrum þáttum myndmálsins en hinni myndhverfu orðræðu fjölskyldunnar, sérstaklega í náttúrumyndmálinu þar sem hugveran samsamar sig dýrum og jurtum. Myndmál sálma getur því í heild sinni verið áhrifarík leið til að setja einstaklinginn í stöðu barnslegs ósjálfstæðis og vanmáttar, stöðu sem hin lútherska kirkja samtímans taldi ekki aðeins æskilega heldur beinlínis dyggðuga.

Hitt er svo annað mál hvort fullorðinn lesandi/áheyrandi/flytjandi sálma samsami sig táknmyndum myndmálsins svo algjörlega að hann fari að endurupplifa sig sem vanmáttugt barn gagnvart „föðurnum“. Hér mætti hafa í huga varnaðarorð Lacans um að gera ekki of mikið úr áhrifavaldi dulvitaðra tákna (föstu kerfi sýmbóla) í ímyndaðri orðræðu (tilbúinni orðræðu án eiginlegs viðmælanda eins og um er

að ræða í sálum) sem hugveran tekur upp, jafnvel þótt einstaklingurinn sem í hlut á sé í ójafnvægi eða sjúkur á sinninu:

In madness, of whatever nature, we must recognize on the one hand the negative freedom of speech that has given up trying to make itself recognized, or what we call an obstacle to transference, and, on the other hand, we must recognize the singular formation of a delusion which – fabulous, fantastic, or cosmological; interpretative, demanding, or idealist – objectifies the subject in a language without dialectic.

The absence of speech is manifested here by the stereotypes of a discourse in which the subject, one might say, is spoken rather than speaking: here we recognize the symbols of the unconscious in petrified forms that find their place in a natural history of these symbols beside the embalmed forms in which myths are presented in our story-books. But it is an error to say that the subject assumes these symbols: the resistance to their recognition is no less strong in psychosis than in the neuroses when the subject is led into it by an attempt at treatment.²⁶

Einstaklingurinn tekur ekki á sig eða gengst við dulvituðum táknum (táknum sem fela í sér vísun til bældra kennda frumberskunnar) á þann beina hátt sem freistandi væri að ætla hugverunni í fastmótaðri og markvissri orðræðu sálma. En ekki má heldur vanmeta sefjunarmátt endurtekningarsamrar orðræðu sem einstaklingur gengur inn í, sérstaklega ímyndaðrar orðræðu með nákomnum táknumyndum sem geta öðlast aukinn þunga með samhljóða þátttöku *hinna*, t.a.m. í safnaðarsöng. Tónlist (sálmalög) getur enn aukið á þennan sefjunarmátt en þar er um leið komið inn á svið hins Ímyndaða sem er að verki í viðtöku sálma.

Hið Ímyndaða og myndmál sálma

Myndmál er í eðli sínu ímyndað. Þessu til stuðnings má vitna í hefðbundna skilgreiningu á myndmáli: „höfundur bregður upp lýsing-

²⁶ Lacan: *Écrits*, bls. 68–69.

um sem höfða til skilningarvitanna, oftast sjónar, stundum heyrnar, snerti-, lyktar- eða bragðskyns“.²⁷ Myndmál höfðar m.ö.o. til *skynrænnar*, *beinnar* reynslu af heiminum. Tengslin við frumhátt hins Ímyndaða verða enn ljósari ef höfð er í huga sú *samsömun* sem felst í helstu myndmálsferlunum, myndhverfingu og líkingu. En myndmál bókmenntanna fer alltaf fram innan hins Táknelega; tákmyndir eru grundvöllur þess. Þetta sýnir ekki aðeins að frumhættirnir eru þétt samofnir heldur líka að myndmálið kallar á tímabundið *hvarf* hugverunnar frá hinu Táknelega yfir í veruhátt þar sem reglur tungumálsins eru brotnar, rökhugsunin rofin, hugveran uppleyst. Þessi ímyndaða verkun verður einkar greinileg í náttúrumyndmálinu. Dýra- og jurtamyndmálið vísar í heim utan við hið Táknelega; hugveran hverfur á vit málleysis og skynrænnar veru. Hún hættir að vera hugvera, samsamar sig dýri eða jurtt; hvarfið frá því að vera einstakur og aðgreindur endurspeglast í því að í sálmmum er oft um dýra*hóp* að ræða („hjörð“), þ.e. samruna við *hina*. Þannig má líta svo á að náttúrumyndmálið myndi andstæðu við orðræðu fjölskyldunnar sem stefnir að því að viðhalda kerfi hins Táknelega.

Orðræða fjölskyldunnar er þó oft myndhverf og um leið ímynduð; guðshugtakið er t.a.m. persónugert sem faðir eins og áður er sagt. Þannig er faðirinn í sálmmum ekki aðeins táknelegur heldur er hann líka *ímyndaður*. Hann er óhlutbundin hugmynd sem er gædd eða samsömuð lífi og lifandi afstöðu gagnvart einstaklingnum og minnir að því leytir á hlutbundinn þankagang „frumstæðra“ þjóðflokka. Hinn ímyndaði þáttur sýnir hvað orðræða fjölskyldunnar er í rauninni margbrotið fyrirbæri, en hann ætti þó ekki endilega að draga úr hæfni hennar, sem Lacantúlkendur eins og Kaja Silverman gera mikið úr, til að viðhalda kerfi hins Táknelega og ríkjandi menningu. Myndmál sálma og hið myndhverfa í orðræðu fjölskyldunnar er m.ö.o. hæpið að túlka sem eins konar niðurrif hins Táknelega. Hvarf hugverunnar í sálmmum yfir í hið Ímyndaða fer í raun fram *innan* hins Táknelega og þar að auki eftir leyfilegum eða löggiltum leiðum hins viðurkennnda

²⁷ Jakob Benediktsson (ritstj.): *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Reykjavík 1983, bls. 188.

táknmáls kirkjunnar. Hið dýrslega og stjórnlausá má þannig segja að sé tamið og því stýrt með myndmálslegri samsömun við t.a.m. dýrahjörð sem getur ekki án hirðis verið. Sakir þess að innhlaupið inn í hinn ímyndaða veruhátt er fastur þáttur í kerfi hins Táknlega styrkir það hina viðurkenndu orðræðu og menningu; það er ekki útgöngu-leið úr húsi hins táknlega föður, bara enn ein vistarveran.

Það er kannski enginn einn sálmur sem sameinar allt það sem hér hefur verið talið upp og haft til marks um almenna verkun og einkenni myndmálsins og orðræðu fjölskyldunnar, enda er heilt sálmasafn lagt til grundvallar í þessari athugun. En sálmurinn sem hér fer á eftir má heita nokkuð dæmigerður fyrir *Sálmabók* Guðbrands:

Hugbót í sótt og mótgangi

1. Öll Guðsbörn, hughraust verum vær,
vílunsi í öngvan máta
að herra Guð vor heim vitjar,
heldur skulum því játa;
forþétt höfum vér hirting þá,
hvör maður við því ganga má;
enginn kann sig afbata.

2. Því gefum oss á þína náð,
þú ert vor kærri faðir,
velferð, uppheldi, vernd og ráð,
vor hlífð er tál og skaði.
Hold vort og líf í heimsins dvöl
hlaðið er alls kyns eynd og kvöl,
hjá þér er von á fagnaði.

3. Hveitiskorn öngvan ávöxt ber
ef ei fellur í jörðu,
vort jarðneskt hold svo einninn er
utan að moldu verði.

Svo komum vér í sanna dýrð
sem Jesús tilbjó sinni hjörð,
hans dauði heill það gjörði.

4. Fúsir skiljum við hættan heim,
hann er vor raunastaður.
Eitt sinn fer hvör frá eymdum þeim,
ókvíðinn er sá maður
sem sofnar eins og Simeon,
sannliga trúði á Guðs son,
sá mun afganga glaður.

5. Sjá vel um þína sál og líf,
sjálfur Guð vill þig geyma.
Hans varðhaldsenglar vissa hlíf
veita þér alla tíma.
Eins sem hænna sín ungakorn
elskar, fóstur og veitir vörn,
svo leiðir Guð oss auma.

6. Vér erum hans eign og eigin hjú
hvort vökum eða sofum.
Á Kristi stendur öll vor trú,
öflugan vernd því höfum.
Adam fékk oss í dauða leitt
en Jesús lausn og blessun veitt.
Hans nafn heiðrum og lofum.²⁸

Páll Eggert Ólason segir um þennan sálma í riti sínu *Upptök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi*: „Sálmurinn, 6 erindi, er eftir Jóhann Heune (eða Gigas), síðast prest í Scheidnitz (f. 1514, d. 1581), „Ach, lieben Christen, seid getrost.“ Þýðingin er nákvæm, erindi til erindis, en bæði dauf og gölluð að venjulegum hætti“.²⁹

²⁸ *Ein ny Psalma Bok*, bls. clxxi.

²⁹ Páll Eggert Ólason: *Upptök sálma og sálmalaga*, bls. 165.

Orðalagið „að venjulegum hætti“ þýðir væntanlega að sálmurinn sé að mörgu leyti dæmigerður, m.a. fyrir skothent rím og óreglulega stuðlasetningu sem víða má sjá í *Sálmabókinni* 1589. Ekki er víst hver þýddi sálminn, en vitað er að séra Ólafur Guðmundsson prestur á Sauðanesi við Pistilfjörð (1537–1609) hafði yfirumsjón með þýðingum í *Sálmabók* Guðbrands. Sálmurinn „Öll Guðsbörn, hughraust verum vær“ átti langt líf fyrir höndum í íslenskum sálmabókum þar sem hann var prentaður hátt á aðra öld; hann er ennþá að finna í Höfudgreinabókinni 1772, enda þótt margir Guðbrandssálmar séu þar felldir niður og nýir settir í staðinn.

Sálmurinn sýnir vel hve margt í myndmálinu á rætur sínar í Biblíunni. Í 3. erindinu er rætt um *hveitiskorn* sem ber ekki ávöxt nema það falli í jörð. Þarna er átt við holdið sem „öngvan ávöxt ber“ nema það verði „að moldu“, þ.e. enginn kemst til himnaríkis nema með því að deyja. Guðspjallamaðurinn Jóhannes hefur eftirfarandi orð eftir Kristi: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Ef hveitikornið fellur ekki í jörðina og deyr, verður það áfram eitt. En ef það deyr, ber það mikinn ávöxt.“³⁰ Postulinn Páll notar svipað myndmál í fyrra Kórintubrési sínu: „En nú kynni einhver að segja: „Hvernig rísa dauðir upp? Hvaða líkama hafa þeir, þegar þeir koma?“ Þú óvitri maður! Það sem þú sáir lifnar ekki aftur nema það deyi. Og er þú sáir, þá er það ekki sú jurtt, er vex upp síðar, sem þú sáir, heldur bert frækornið, hvort sem það nú heldur er hveitikorn eða annað fræ.“³¹ Annað og minna þekkt dæmi um myndmálstengslin við Biblíuna er líkingin í 5. erindi sálmsins þar sem Guð birtist í gervi *hænu* sem hlífir ungum sínum. Í Lúkasarguðspjalli eru þessi orð höfð eftir Kristi: „Hversu oft vildi ég safna börnum þínum eins og hænan ungum sínum undir vængi sér, og þér vilduð eigi.“³² Sálmaskáldið tekur því ekki upp hjá sjálfu sér að líkja Guði við hænu heldur er þar byggt á viðurkenndu myndmáli Nýja testamentisins.

³⁰ Jóh. 12:24.

³¹ Fyrra bréf Páls til Kórintumanna 15:35–37.

³² Lúk. 13:34, sbr. Matt. 23:37 þar sem ummælin eru nánast samhljóða.

Verkun myndmálsins er eins og áður segir sú að setja hugveruna í vanmáttuga stöðu gagnvart guðshugtakinu, en það er oft staða barns eða dýrs gagnvart „föður“. Hér er það *barnahópur* (sbr. 1. og 2. erindi) og *dýrahjörð* (sbr. „hjörð“ í 3. erindi og hænuunga í 5. erindi) sem talar eins og oftár í sálnum, en hópmaðlandi af því tagi höfðar því sterkar til manna sem fleiri syngja saman – eins og er í safnaðarsöng. Orðræða fjölskyldunnar kemur skýrt fram í 2. erindinu: „þú ert vor kæri faðir, / velferð, uppheldi, vernd og ráð, / vor hlífð er tál og skaði.“ Föðurhlutverkið birtist því í mjög áþreifanlegri mynd í sálminum þar sem vitnað er til forræðis hans yfir barninu og þess að barnið sé að öllu leyti háð honum um afkomu, vernd o.s.frv. En til að viðhalda vanmáttugri stöðu hugverunnar er haldið áfram og guðshugtakið þýtt yfir í stéttbundna hlutverkaskipan og stöðu húsbónda gagnvart vinnuhjúum og eiganda gagnvart eignum: „Vér erum hans [Guðs] eign og eigin hjú“ segir í 6. erindi. Auk þess er hugveran látin kalla sig „auma“ eins og segir í hænu- og ungalíkingunni í 5. erindi.

Þessi einkenni myndmálsins og orðræðu fjölskyldunnar má draga saman á eftirfarandi hátt:

<i>Táknmyndir hugverunnar</i>	<i>Táknmyndir guðshugtaksins</i>
Vér (þú)	Þú/hann
Börn	Faðir
Hjörð	[Hirðir]
Ungar	Hæna
Vér aumir	[Hinn almáttugi]
Hjú	[Húsbóndi]
Eign	[Eigandi]

Hugveran markast af vön(t)un á öllum sviðum: hún er vanmáttug („aum“), hlutgerð („hveitiskorn“, „eign“), skynlaus skepna („hjörð“, „ungakorn“) eða barni líkust („Guðsbörn“). Hugveran á skilið að „faðirinn“ (Guð) refsí henni: „forþétt höfum vér hirting þá“ segir í 1. erindi. *Adam* birtist í sálminum sem hinn útskúfaði er hefur ekki

virt lögmál föðurins (sem birtist hér óbeint í banninu við því að eta af skilningstrénu í Paradís) og því kallað dauða yfir sig og önnur brotleg börn Guðs: „Adam fékk oss í dauða leitt / en Jesús lausn og blessun veitt“ segir í 6. erindinu. Enn og aftur er *Jesús* lausnarmynd hinnar barnslegu hugveru af sjálfri sér; hann er sá sem tekur á sig vön(t)unina og gengst undir lögmál föðurins. Hinn táknlegi faðir viðheldur skorti hugverunnar einmitt með einkagetu sinni til að uppræta hann á öllum sviðum og lacönsku loforði sínu eða fyrirheiti: „hjá þér er von á fagnaði“ eins og segir um Guð í 2. erindinu.

Það má því lesa ýmislegt um verkun myndmálsins og orðræðu fjölskyldunnar úr þessum eina sálmi og verður hann að nægja að sinni sem dæmi um þá myndmálshefð er birtist í *Sálmabók* Guðbrands biskups 1589.

Aðrir sálmar

Myndmálið og hin myndhverfa orðræða fjölskyldunnar í sálmum falla líklega undir það sem marxískir lacanistar hafa kallað *hið ímyndaða valdataeki samfélagsins* (sæ. *sambállets imaginära apparat*), en það hugtak hefur Julia Kristeva notað um hlutverk Maríumyndarinnar í kaþólskum sið.³³ Hin ímyndaða verkun myndmálsins er þá hluti af þeirri blekkingarorðræðu eða leiðandi hugmyndafræði sem viðhalda á ríkjandi samfélags- og framleiðsluháttum samkvæmt marxismanum. Hér verður þó ekki farið frekar út í þá sálma, enda væri þar komið út fyrir ramma Lacans sjálfs sem ætlunin var að skoða sálmamyndmálið í; hins vegar skal minnt á að Halldór Laxness skoðaði þætti í myndmáli sálma og hugmyndafræði þeirra í anda marxískra bókmenntarannsóknna í frægri ritgerð sinni um Hallgrím Pétursson.³⁴ En innan ramma Lacans rúmast samfélagið þó á sinn hátt; hann einskordar sig ekki við sálina og einstaklinginn eins og sumir sálgreinendur. Það væri ekki fjarri lagi að segja að það hafi einmitt verið Lacan sem fann

³³ Ebba Witt-Brattström: „Den främmande kvinnan – presentation av Julia Kristeva.“ *Kvinnovetenskaplig tidskrift* nr. 2–3, 1984, bls. 46–55; hér bls. 53.

³⁴ Halldór Kiljan Laxness: „Inngangur að Passúsálmum.“ *Vettvangur dagsins. Ritgerðir*. Reykjavík 1942, bls. 5–72.

samfélaginu stað í sálgreiningunni – í tungumálinu. En þrátt fyrir að hann geri ákveðna grein fyrir samfélaginu eru grunnhugmyndir hans að vissu leyti andstæðar marxískri samfélagsskoðun. Hún gerir ráð fyrir að það séu samfélagslögmál og framleiðsluhættir sem ákvarði alla veru mannsins; Lacan gengur hins vegar út frá formgerðarhugmyndum Claude Lévi-Strauss sem áleit að það væru reglur dulvitundarinnar sem ákvörðuðu samfélagið.

Athuga þyrfti enn fleiri hliðar á myndmáli sálma og væri þá þörf á því að beita öðrum aðferðum en þeim sem hér hafa verið ræddar. Sálgreiningarkenningar Lacans og félagslegar greiningaraðferðir hafa sínar takmarkanir og hrökkva t.d. skammt þegar skýra á *hið dulúðuga* í myndmálinu og hvernig það höfðar til viðtakandans. Þar er um að ræða mjög sterkan þátt í sálrum og trúarorðræðu yfirleitt sem erfitt er að skýra til hlítar en ekki verður gengið framhjá í heildartúlkun á myndmáli sálma. En í slíkri heildartúlkun verða ekki heldur sniðgengnir þeir þættir sem hér hafa verið athugaðir í myndmálinu og skýrðir í ljósi kenninga Lacans. Vel mætti skýra sömu atriði út frá annars konar sálfræði sem byggði á ólíkri afstöðu og forsendum. En sálgreining og máltúlkun Lacans virðist einkar vel til þess fallin að skýra myndmálið og hina myndhverfu orðræðu fjölskyldunnar á breiðum grundvelli þar sem tekið er mið af innri jafnt sem ytri þáttum viðtökunnar eins og stöðu einstaklingsins og skilyrðum menningarinnar. Þrátt fyrir þetta víða samhengi eru trúverðugleiki og gildi túlkunar sem tekur mið af kenningum Lacans alltaf bundin þeim frumforsendum sem sálgreiningin gefur sér. Svipuð fjölskyldugerð og staða kynjanna, kjarnafjölskylda og feðraveldi, gefa til kynna mikilvæga samsvörun í menningu hinna ólíku tíma athugunarefnis og greiningaraðferðar, sálma og sálgreiningar. En gildi lacanskrar túlkunar er þegar öllu er á botninn hvolfst háð því hvort fallist er á ödipusarduldina sem grundvallarferli í sögu einstaklings og samfélags. Þetta er hinn óvissi grunnur sem menn verða að setta sig við ef þeir byggja túlkun sína á sálgreiningunni. Þeir vita aldrei hvort þeir byggja á bjargi eða sandi.

BAROKKLIST OG LÆRDÓMUR

Um doktorsritgerð Margrétar Eggertsdóttur

DOKTORSRITGERÐ MARGRÉTAR EGGERTSDÓTTUR um bókmenntir barokksins er mikið verk og tímabært.¹ Hún er ítarlegasta rannsókn sem gerð hefur verið á íslenskum kveðskap 17. aldar. Heiti bókarinnar, *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*, er reyndar nokkuð misvísandi og óþarflega hógvært. Ritið fjallar ekki aðeins um Hallgrím Pétursson heldur og um samtímamenn hans og skilyrði skáldskapar á lærdómsöld. Eiginleg umfjöllun um Hallgrím hefst ekki fyrr en á bls. 159 og eru þá um tveir fimmtungar verksins að baki. Auk almennrar umfjöllunar um barokkhugtakið, aðstæður á Íslandi og lærdómshefð fjallar Margrét sérstaklega um þá Magnús Ólafsson í Laufási og Stefán Ólafsson í Vallanesi í þessum hluta verksins (kaflinn um Magnús er á bls. 107–128 og kaflinn um Stefán á bls. 129–158). Full ástæða hefði verið til að gefa þetta til kynna í bókarheitinu, t.d. með undirfyrirsögninni *List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar og samtímamanna hans*. Bókarheitið veldur því að kaflarnir um Magnús og Stefán orka dálítið eins og útúrdúrar á lesandann en í rauninni breikka þeir rannsóknina og bjóða upp á þarfan samanburð við Hallgrím. Margrét sýnir á sannfærandi hátt hvernig líta megi á „endurreisnarmanninn“ Magnús sem eins konar fyrirrennara barokkskálda 17. aldar og að Stefán sé í senn hliðstæða og andstæða Hallgríms sem barokkskáld.

¹ Margrét Eggertsdóttir: *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Reykjavík 2005. Eftirleiðis verður vitnað í doktorsritgerðina með blaðsíðutali í meginmáli.

Margrét gengur út frá barokkhugtakinu í rannsókn sinni og notar það til að varpa ljósi á íslenskar bókmenntir 17. aldar með hliðsjón af því sem helst einkenndi evrópskar bókmenntir samtímans. Í 1. og 2. kafla rekur hún sögu barokkrannsókna í nokkuð löngu máli og fjallar um hugtakið barokk. Hún notar það ekki fyrst og fremst í tímalegum skilningi, þ.e. sem afmörkun á ákveðnu skeiði í bókmenntasöggunni, heldur ræðir hún um almenn barokkeinkenni og leggur þar til grundvallar ákveðinn skilning á *barokktextanum* sem hún fjallar nánar um í 3. kafla. Barokktextinn er hugtak sem miðast við ákveðinn skáldskaparhátt (lat. *modus*) sem ber þó ekki að skilja sem stílfræðilegt fyrirbæri, enda er Margrét gagnrýnin á þá sem hafa litið svo á að hægt sé að skilgreina ákveðinn barokkstíl eða stíleinkenni. Helstu einkenni barokktextans séu þessi: 1) hann mótist af þeirri heimsmynd að Guð sé upphaf og endir alls og að sjálf mannsins sé því aukaatriði; 2) hann sé tengdur helstu valdastofnunum samfélagsins, skóla, háskóla og kirkju; 3) hann sé saminn samkvæmt reglum klassískrar mælskufræði; 4) hann sé oft byggður á hefð biblíutúlkunar þar sem litið er svo á að fjögur merkingarlög séu í hverjum texta; 5) í barokktextanum sé lögð sérstök áhersla á reglu, mynstur, samhljóm og samræmi, enda sé þar gengið út frá því að textinn endurspegli heim sem sé skipulagður og kerfisbundinn; 6) hann sé mótaður af þeirri heimsmynd að heimurinn allur sé táknrænn og læsilegur. Önnur einkenni séu þau að 7) barokktextinn geti verið hvort heldur sem er einkalegur eða opinber, andlegur eða veraldlegur; 8) merking barokktextans birtist oft með allegorískum hætti og felist stundum í þversögn; 9) þar sé stundum lagt út af eldri texta og hann notaður sem fyrirmynd; 10) þar sé stefnt að nýsköpun og endurnýjun tungumálsins; 11) barokktextinn byggist á andstæðu þess „veruleika“ sem sé sýnilegur og hins sanna veruleika sem búi undir ytra borði heimsins.

Síðastnefndu einkennin fimm sýna að sem hugtak er barokktextinn skilgreindur svo vítt að það er eiginlega fátt sem hann tekur ekki til og um leið vaknar sú spurning hvort mikið sé á því að græða að leggja svo vítt hugtak til grundvallar í rannsókn sem þessari. Hættan

er sú að allt teljist „barokk“, hvernig svo sem skáldin yrkja eða hvert svo sem yrkisefnið er, og þá er hugtakið nánast orðið merkingarlaust. Margrét skrifar m.a. ágæta kafla um hverfulleikakvæði, ádeilukvæði og tækifæriskvæði Hallgríms Péturssonar (10.–12. kafli bókarinnar). Þessar ólíku kvæðagreinar eða skáldskaparhættir voru vissulega áberandi á 17. öld en þær eru þó upprunnar fyrr og kannski ekki dæmigerðar fyrir barokkið í sjálfu sér. Í 9. kafla tekur Margrét fyrir ýmsar fleiri kvæðagreinar Hallgríms sem ekki er venja að líta á sem einkennandi fyrir barokkið, þar á meðal rímur. Hún viðurkennir að það kunni að virðast nokkuð langt gengið að líta á rímur sem barokktexta en telur sig engu að síður greina ákveðin barokkeinkenni í rímum 17. aldar (bls. 192). Þó að hægt sé að greina ákveðin barokkeinkenni í einstökum rímum má spyrja hvort réttlæt看legt sé að telja rímur almennt til barokktexta. Það er enginn ljóður á ráði Hallgríms Péturssonar þó að ekki sé hægt að líta á hann sem barokkskáld í öllum greinum, ekkert frekar en Jónasi Hallgrímssyni er minnkun að því að geta ekki að öllu leyti talist rómantískt skáld. Jónas var að nokkru leyti framfarasinnaður upplýsingarmaður og á ýmsan hátt var Hallgrímur maður endurreisnar og húmanisma frekar en barokks, eins og áhugi hans á forníslenskum kveðskap og skáldamáli gefur til kynna. Margrét hefur þennan áhuga reyndar til marks um áhrif barokklistar og evrópskrar umritunartísku samtímans á Hallgrím (sbr. bls. 235 og víðar), en mér finnst nærtækara að tengja áhugann fornmenntastefnunni, enda þótti Hallgrímur svo vel að sér í fornum fræðum að einn helsti fulltrúi húmanismans hér á landi, Brynjólfur biskup Sveinsson, fól honum það vandasama verkefni að skýra vísurnar í Ólafs sögu Tryggvasonar í Flateyjarbók eftir að fornfræðingurinn Þormóður Torfason hafði gefist upp á því.

Það er þó mikilsvert að Margrét hafi látið reyna á það af alvöru hvort barokkhugtakið sé nýtilegt í tengslum við íslenskan kveðskap 17. aldar. Henni tekst að sýna fram á að hugtakið skýri ýmislegt og eigi ágætlega við um margt í skáldskap aldarinnar, en hún hefði mátt þrengja það meira og hugsanlega binda það frekar við ákveðna orð-

ræðu (e. *discourse*). Kannski er kjarni málsins sá sem Margrét orðar svo ágætlega í 3. kafla: „Barokkskáldin sóttust í kveðskap sínum eftir því sem var flókið, skrautlegt, ýkt og torskilið en einnig og um leið eftir því sem var formfast, vandlega niðurraðað og myndaði samhverfu og heild“ (bls. 47). Þessi heillandi mótsögn virðist vera eitt helsta einkennið á skáldskap 17. aldar. Aftur á móti sýnir Margrét fram á kosti þess að miða barokkhugtakið að nokkru leyti við samfélagsleg skilyrði (sem hefði einnig mátt gera ef farin hefði verið sú leið að skilgreina barokkið sem orðræðu, t.d. að hætti Foucaults og annarra fræðimanna sem hafa lagt áherslu á tengsl skáldskapar við hugmyndafræði, vald, stofnanir og söguleg skilyrði). Þegar litið er á aðstæður Hallgríms verður því ekki neitað að hann var „barokkskáld“ í þeim skilningi að hann var nokkuð lært skáld í nánnum tengslum við helstu valdastofnanir samfélagsins. Þetta sýnir Margrét mætavel fram á í 8. kafla sem fjallar um skáld og samfélag.

Margrét hefur til að bera yfirburðabekkingu á verkum Hallgríms Péturssonar og fjallar um þau af miklum skilningi og yfirsýn. Hún hefur sett sig vel inn í trúarhugmyndir og skáldskaparviðhorf barokktímans og nær að varpa ljósi á jafn ólíkar kvæðagreinar og hverfullleikakvæði, huggunarkvæði og sálmakveðskap. Henni tekst oft að leiða í ljós hvernig einstök verk hans kallast á við eldri rit og byggjast á ákveðinni hefð. Passíusálmana, metnaðarfyllsta verk Hallgríms, greinir Margrét af mikilli kunnáttu og bendir á mikilvægar hliðstæður í erlendum bókmenntum. Hún tekst líka á við túlkun sálmanna og sýnir hvernig lesa má textann á ólíkum sviðum eins og gert var ráð fyrir í kristinni túlkunarhefð (15. kafli). Hallgrímur birtist lesandanum ekki aðeins sem listamaður heldur lærdómsmaður, enda leggur Margrét mikla áherslu á tengslin við klassíska mælskuhefð og fyrirmyndir. Hún fjallar líka um íhugunarrit Hallgríms í óbundnu máli út frá mælskufræðum (16. kafli) og gerir fróðlega grein fyrir lof-kvæðum sem ort voru um Passíusálmaskáldið (18. kafli).

Einn af mörgum kostum ritsins er að það hvetur til umræðna um skáldskap 17. aldar. Margrét spyr áleitinna spurninga um viðhorf

okkar til skáldskapar og hvernig sé best að nálgast bókmenntir frá fyrri tíð. Það er eins konar leiðarstef í ritinu að nútímamenn geti ekki skilið skáldskap barokksins nema með því að setja sig inn í hugarheim þeirrar tíðar manna og gagnólík viðhorf þeirra til skáldskapar. Víða er vikið að því að væntingar nútímalesenda um frumleika og persónulega tjáningu skáldsins eigi ekki við um barokkbókmenntir heldur séum við þar undir áhrifum frá rómantíkinni og einstaklingshyggju hennar. Margrét talar um „nauðsyn þess að þeir sem rannsaka og túlka bókmenntir sautjándu aldar láti rómantíska tím[a]bilið í bókmenntasögunni ekki villa sér sýn“ (bls. 405). Þetta er vissulega þörf ábending en hún getur um leið ýtt undir ákveðna framandgervingu barokksins. Lesendur fá hvað eftir annað að heyra að barokkskáld hafi farið eftir ákveðnum reglum um framsetningu og inntak skáldskaparins og lítið hafi verið lagt upp úr því að koma með eitt-hvað frá eigin brjósti. En ástæða þess að við lesum ennþá skáldskap Hallgríms er þó kannski einmitt sú að hann er í ákveðnum skilningi það sem rómantíkerarnir kölluðu „frumlegt“ skáld. Samtímamenn Hallgríms kunnu líka að meta það sem við köllum frumleika en þeir kölluðu það öðrum nöfnum, m.a. *inventio*, þ.e. upphugsun efnisatriða í kvæði. Hvað sem líður öllum reglum og venjum setur Hallgrímur mark sitt á allt sem frá honum fer. Það má útskýra listræna spennu í skáldskap hans með hugtökum eins og barokki, að barokklist byggist á markvissri notkun andstæðna og öfga og annars slíks, en svo má líka halda því fram að Hallgrímur sé hreint ekki eins reglufastur og af er látið. Það þarf ekki annað en líta á bragfræði Passíusálmanna til að sjá hvernig ómstrítt og spennuþrungid rím, hrynjandi og ljóðstafasetning setja lesturinn oft í uppnám. Það eru einmitt hin persónulegu efnistösk og einstaka orðsníld sem einkenna bestu kvæði Hallgríms. Hann talar beint til okkar og við hrífumst af skáldskap hans þó að við vitum kannski ekki öll ýkja mikið um þær listrænu eða trúarlegu forsendur sem liggja skáldskap hans til grundvallar.

Ég er í sjálfu sér ekki ósammála því að sýn fræðimanna á bókmenntir 17. aldar hafi að mörgu leyti verið of rómantísk. Þar held

ég að Margrét hafi mikið til síns máls. En það er hægt að verða svo „andrómantískur“ í afstöðu sinni að manni fari að sjást yfir þann skapandi leik og tjáningu sem er þrátt fyrir allt að finna í kveðskap aldarinnar. Lesturinn fer þá einkum að beinast að því sem virðist eiga sér samsvörun í viðurkenndum skáldskaparfræðum og viðteknum venjum samtímans. Óhefðbundnari lestri er hafnað með orðum eins og þessum: „Það þjónar engum tilgangi að leita að því sem skáldið taldi ekki viðeigandi að láta koma fram. Nútímalesendur og túlkendur verða að taka skáldskap sautjándu aldar á eigin forsendum og láta sér lynda þá framsetningu sem þar er“ (bls. 405). En hvernig getum við verið viss um hvað skáldið taldi viðeigandi? Og eigum við sem lesendur, sem njótendur bókmennta, að binda okkur af því sem við höldum að skáldið hafi talið viðeigandi? Höfum við ekki leyfi til að lesa textann á opinn hátt og jafnvel spyrja óviðeigandi spurninga ef svo ber undir? Það er aldrei að vita hvað kemur í ljós og kannski ljúkum við þá upp leyndum hirslum textans. Í þessu þarf ekki að felast nein sérstök rómantísing. Ætli íslensk alþýða 17. aldar hafi t.d. aldrei spurt óviðeigandi spurninga um kveðskap séra Hallgríms og annarra skáldklerka landsins?

Ég get vel fallist á að barokklist sé yfirleitt *formfastari* og *ópersónulegri* en list nútímans, en ég á erfiðara með að samþykkja að formfestan og ópersónuleikinn séu þar allsráðandi. Það sem ég sakna því kannski mest við lestur bókarinnar er sveigjanlegri sýn á bókmenntahefðina og að gert sé ráð fyrir meira svigrúmi fyrir persónulega tjáningu. Margrét segir t.d. á einum stað:

Samkvæmt greiningu Þórunnar [Sigurðardóttur] er ljóð Hallgríms um dóttur sína, Steinunni, harmljóð en ekki erfiljóð (Þórunn Sigurðardóttir 1997: 87–88). Þar ætti því sorgin að vera meginatriðið. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að huggunin sé það atriði í byggingu kvæðisins sem vegi þyngst og að kvæðið sjálft standi nær bókmenntagreininni *consolatio* – huggunarkvæði – en bæði erfiljóðinu og harmljóðinu. Hins vegar er í kvæðinu kaffi sem kalla má lof eða *laudatio* og segja

má að það styðji þá skoðun að kvæðið flokkist til erfiljóða (bls. 266).²

Þegar á reynir er hér eins og Margrét geti ekki alveg gert upp við sig hvort kvæðið sé huggunarkvæði eða erfiljóð, en það hljóti þó að vera annað hvort af þessu tvennu. Ég held að vandamálið sé að hún lítur á bókmenntagreinar sem flokka, eins og ráða má af þeim orðum hennar að kvæðið „*flokkist* til erfiljóða“ (leturbreyting mín). En eins og augljóst er af rökræðu Margrétar við Þórunni eru bókmenntagreinar túlkunaratriði og ekki flokkunarfræðileg fyrirbæri. Hér og víða annars staðar í ritinu hefði verið gagnlegra að líta á bókmenntagreinar sem fljótandi fremur en fastar og þá getur skáldverk sem hægast farið á milli bókmenntagreina með því sem kallast háttbrigði eða móðulásjón.³ Móðulásjón er þekkt fyrirbrigði í barokklist og má m.a. víða greina í tónverkum manns sem stendur jafnvel enn betur undir því en Hallgrímur að vera kallaður barokkmeistari, Johanns Sebastians Bach. Kvæði Hallgríms um Steinunni má þá t.d. túlka sem huggunarkvæði sem bregður hætti (móðúlerar) og fer á kafla yfir í það sem kalla mætti lofkvæði. Þetta er því ekki spurning um flokkunarfræðilegt annaðhvort-eða heldur túlkunarfræðilegt bæði-og.

Í samræmi við þá skoðun sína að öll barokklist sé ópersónuleg segir Margrét enn fremur um þetta kvæði: „Í raun er skáldið ekki persónulegt í þessu kvæði fremur en öðrum og þar fer ekki mest fyrir lýsingu á harmi þess sem hefur misst heldur er mest áhersla lögð á þau atriði sem geta orðið til huggunar“ (bls. 268). Heldur þykir mér þetta kaldhamraður lestur. Ástríkur faðir missir barnunga dóttur sína sem honum þykir undurvænt um og yrkir um hana kvæði. Er hægt að neita því að tjáning hans sé persónuleg? „Unun var augum mínum

² Margrét vísar hér í grein Þórunnar Sigurðardóttur: „Erfiljóðahefðin á 17. öld og Hallgrímur Pétursson.“ *Hallgrímsstefna. Fyrirlestrar frá ráðstefnu um Hallgrím Pétursson og verk hans*. Reykjavík 1997, bls. 87–97.

³ Sjá t.d. Alastair Fowler: *Kinds of Literature. An Introduction to the Theory of Genres and Modes*. Oxford 1982, bls. 191 o.áfr. Ég beiti kenningum Fowlers á ýmis kvæði Jónasar Hallgrímssonar í bók minni *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantik*. Reykjavík 1999, bls. 79–110. Sjá einnig grein mína um *Gunnlaðar sögu* í þessari bók.

/ ávallt að líta' á þig, / með ungdóms ástum þínum / ætíð þú gladdir mig / rétt yndis-elskulig ...“ Er þetta tóm forskrift og formfesta? Það held ég ekki. Þó að ort sé eftir öllum kúnstarinnar reglum er ekki þar með sagt að skáldskapurinn sé ópersónulegur. Öll mannleg tjáning fer eftir ákveðnum reglum og venjum. Þó að við beygjum rétt þýðir það ekki að við séum ófær um að tjá ást okkar og sorg persónulega.

Þau álitamál sem hér hafa verið tekin til umræðu breyta þó ekki því að ritið er hið vandaðasta að allri gerð og merkilegt framlag í 17. aldar fræðum. *Barokkmeistarinn* er órækur vitnisburður um yfirgripsmikla þekkingu Margrétar Eggertsdóttur á þeirri list sem hún kennir við barokk. Henni tekst að sýna fram á margháttuð tengsl skáldskaparins við erlendar bókmenntir, hugmyndastrauma og lærdómshefð. Þetta er verk sem vísað verður til um ókomin ár og góður grunnur að frekari rannsóknum á þessu forvitnilega skeiði í íslenskri bókmenntasögu.

LJÓÐRÆNT LEIKHÚS

Gaman og alvara í kvæðum Eggerts Ólafssonar

EINN ER SÁ ÞÁTTUR sem mér finnst hafa orðið út undan í umræðunni um bókmenntir íslenskrar upplýsingar og þá ekki síst þegar ljóðagerð Eggerts Ólafssonar ber á góma. Þar á ég við húmorinn. Upplýsing og siðferðileg alvara virðast vera eins konar samnefni í huga margra fræðimanna sem um Eggert hafa fjallað. Ekki ætla ég heldur að halda því fram að forsprökkum þessarar merku menntastefnu hafi ekki verið fúlasta alvara með áherslu sinni á gildi skynsemi og almennrar fræðslu. En aðferð upplýsingarinnar var ekki bara alvarleg heldur beittu höfundar hennar óspart fyrir sig háði og kímni. Þar er Eggert engin undantekning. Þó er gjarnan rætt um helsta verk hans, Búnaðarbálk, sem rímaða búfræðiritgerð – með öllum þeim ósejjanlegu leiðindum sem felast í slíku heiti. Að vissu leyti er þetta réttnefni á Búnaðarbálki sem er öðrum þræði ljóðræn ritgerð um búfræði, og ekki ætla ég að neita því að þar má finna erindi sem eru svo leiðinleg að þau gætu drepit naut. En innan um og saman við er líka bráðskemmtilegur kveðskapur sem á skilið að vera lesinn, og það sama á við um fleiri kvæði Eggerts. Ég ætla mér að sýna að Eggert geti verið hnyttið og skemmtilegt skáld, og að fyndnin í kvæðum hans sé reyndar oft ríkur þáttur í listrænni aðferð þeirra. Hún sé önnur hliðin á þeirri siðferðilegu alvöru sem einkennir bókmenntir þessa tímabils, enda lögðu rithöfundar íslenskrar og evrópskrar upplýsingar áherslu á það að blanda saman gamni og alvöru til þess að erindi skáldskaparins orkaði sterkar á lesandann. Þetta eru þættir í ljóðagerð Eggerts sem aðrir hafa bent á en mér finnst að hafi farið heldur lágt á síðari tímum.

Ljóðrænt leikhús

Í riti sínu um Eggert Ólafsson víkur Vilhjálmur Þ. Gíslason nokkuð að gamansemi í kvæðum skáldsins og bendir á að hún hafi þar ákveðnu hlutverki að gegna. Ég vitna ítarlega í umfjöllun Vilhjálmsson vegna þess að ég ætla að byggja á henni hér á eftir og gera frekari grein fyrir þessum athyglisverða þætti í kvæðum Eggerts.

Vilhjálmur kemst svo að orði um hin gamansömu kvæði skáldsins:

Eggert setti þjóðmálaskoðanir sínar þó ekki einungis fram í þeim kvæðunum, sem hann kallar alvarleg. Ádeilu sína einkanlega felur hann ekki síður í þeim kvæðunum, sem hann kallar kýmileg, og að nokkru í gamankvæðunum og kvæðum í gamni og alvöru. Kvæði eins og Sótt og dauði íslenskunnar og Tvídægja eða Sukkudokkabragurinn standa í beinu sambandi við alvarleg kvæði, eins og Búnaðarbálk, Ísland, Mánamál og Framverplu og svo síðakvæðin. Eggert hefur sjálfur vitað þetta vel, því hann segir um hin kýmilegu kvæðin, að þau sjeu „í rjetttri raun tóm alvara með heimsádeilum, en alvaran er fólgin ýmist undir ýkjum eður dæmisögum“.

Þessi kýmnikvæði Eggerts eru mjög merkilegur þáttur í kveðskap hans og í bókmentum samtíðarinnar yfirleitt. Þau eru að vísu misjöfn og stundum mishepnuð, og eins gamankvæðin. Kýmnin er stundum ekki kýmileg, og gamanið ekki gamansamt. Svo skeikar smekkvísinni alloft frá nútímans sjónarmiði. En Eggert hefur rjettilega og glöggar en aðrir sjeð það hvert vopn kýmnin og gamanið gat verið í viðreisnar- og síðvendsnisbaráttu hans. Slíkt var að vísu ekki nýjung íslenskum kveðskap að öllu leyti. En kýmnninni og háðinu var markvissar beitt hjá Eggerti en tíðkast hafði og form þess að ýmsu leyti nýtt. Koma þar sjálfsgagt til greina nokkur áhrif frá þessháttar bókmentum, sem Holberg var helstur fulltrúi fyrir í norrænum samtímabókmentum.¹

¹ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Eggert Ólafsson*. Reykjavík 1926, bls. 222–223.

Ég er í meginatriðum sammála þessari greiningu á hlutverki myndinnar í kvæðum Eggerts svo langt sem hún nær, en efnið þarf nánari athugunar við. Það eru ekki síst tengslin við erlendan samtímaskáldskap sem forvitnilegt er að skoða betur í ljósi kíminnar í kvæðum skáldsins. Mig langar einkum til að vekja athygli á einni bók sem sýnilega hefur haft áhrif á Eggert og satt að segja opnaði augu mín fyrir því hvað myndin í textum 18. aldarinnar er fjölbreytt og yfirgengileg. Það er hið furðulega rit Christians Friderichs Wadskiær, *Poëtisk Skue-Plads aabnet paa Det saa Kongelige som Kostelige Christiansborgs Slots-Plads, Forestillende i trende Scenes De Kongelige Danske Residence-Slotte, Saa mange af Historien og Antiquiteten har været at opspore, Med udførlige Historiske Anmærkninger ... Samt et lidet Historisk Tillæg, ved Christian Friderich Wadskiær. KJØBENHAVN, 1741*. Eggert vitnar í þessa athyglisverðu bók Wadskiær's í formála að kvæðum sínum en henni hefur ekki verið mikill gaumur gefinn hingað til svo mér sé kunnugt.²

Vilhjálmur Þ. Gíslason nefnir bók Wadskiær's tvívegis í riti sínu um Eggert og fer um hana heldur niðrandi orðum. Í fyrra sinnið segir hann: „Var margt til Wadskiær's að sækja af lærdómi, sem allur var í molum og ómeltum vísdomi, en minna af smekkvísi eða andagift“.³ Síðar minnst Vilhjálmur á Wadskiær þegar hann ræðir um þær miklu neðanmálsgreinar og skýringar sem Eggert hafði með kvæðum sínum. Um þær segir hann: „Þetta var einnig erlendur samtíðarsíður. Í ritum Wadskiær's, sem Eggert vitnar í, er syndaflóð af þessum skýringum“.⁴ Frekari umfjöllun um verk og áhrif Wadskiær's á Eggert er ekki að finna í riti Vilhjálms um skáldið.

² Ég vil geta þess að upphaflega vakti Jón Samsonarson athygli mína á riti Wadskiær's, en hann kvaðst í samtali alltaf hafa ætlað að skoða *Poëtisk Skue-Plads* og hugsanleg áhrif þess á Eggert en aldrei komið því í verk. Ég geri mér fulla grein fyrir því að Wadskiær er aðeins einn af mörgum áhrifavöldum á hugmyndir Eggerts um hlutverk gamans og alvöru í skáldskap, en rit hans er eina erlenda samtímaverkið sem Eggert vitnar til í hinum merkilega formála sínum að kvæðasafninu og því er eðlilegt að athyglin beinist að þessu riti öðrum fremur.

³ Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Eggert Ólafsson*, bls. 193.

⁴ Sama rit, bls. 198.

Þeir dómur sem lýsa sér í ofangreindum orðum um verk Wadskiærs eru ekkert einsdæmi. Vilhjálmur endurómar hér almenna skoðun, enda fóru danskir bókmenntafræðingar yfirleitt óvirðulegum orðum um höfundarverk þessa landa síns langt fram á 20. öld. Þeir hefðu eflaust tekið undir þau orð að *Poëtisk Skue-Plads* einkenndist af „lærdómi sem allur var í molum og ómeltum vísdómi, en minna af smekkvísi eða andagift“ og sjálfsagt fallist á þann dóm að í ritum Wadskiærs væri „syndaflóð“ af skýringum og neðanmálgreinum. Út frá sjónarhóli og skáldskaparsmekk okkar tíma er líka margt úrelt og ósmekklegt í ritum Wadskiærs. En þá erum við líka að dæma verk 18. aldar á framandi forsendum og leggja mælistiku nútímans á það sem var öðruvísi vaxið. *Poëtisk Skue-Plads* nær ekki máli ef mælt er á slíkan hátt, en það stendur alveg fyrir sínu ef það er metið á eigin forsendum, í umhverfi sinnar aldar. Greinilegt er að Eggert hefur tekið mark á „*Próf. Vadskiær*“ eins og hann kallar Danann, enda tekur hann upp eftir honum umfjöllun um franska fagurfræði.⁵ Vilhjálmur virðist telja að Wadskiær hafi jafnvel haft áhrif á hinar miklu neðanmálgreinar og skýringar í kvæðum Eggerts. Ég held að áhrifin séu meiri en Vilhjálmur gefur til kynna í riti sínu og að Eggert hafi m.a. tekið mið af Wadskiær í merkilegri skilgreiningu sinni á þeirri sérstöku blöndu gamans og alvöru sem hann telur að einkenni kveðskap sinn.

Áður en lengra er haldið er rétt að gera nokkra grein fyrir því riti Wadskiærs sem hér um ræðir, *Poëtisk Skue-Plads*, sem kalla mætti Ljóðrænt leikhús á íslensku. Höfundur þess var hálfgerður furðufugl en hefur þó vaxið svo í álitu á síðustu áratugum að óhætt er að segja að Danir hafi enduruppgötvað eða kannski bara uppgötvað Wadskiær – því að hann átti aldrei miklum vinsældum að fagna meðan hann var á dögum. Honum var einkum legið á hálsi fyrir smekkleysi og lærdómur hans talinn sliga skáldskapinn. Það var helst að Wadskiær væri hælt fyrir að yrkja lipurt og létt þegar hann var í essinu sínu, en

⁵ Eggert Ólafsson: „Formáli skáldsins um þessi kvæði og þarhá um vegleik og vanda skáldskaparins.“ *Kvæði Eggerts Ólafssonar útgefin eptir þeim beztu handritum er feingizt gátu*. Tómas Sæmundsson, Eggert Jónsson og Skúli Thorarensen bjuggu til prentunar. Kaupmannahöfn 1832, bls. 1–8; hér bls. 7.

innihaldið var hins vegar ekki talið upp á marga fiska. Umsögnin í fyrstu útgáfu *Dansk biografisk lexikon* er dæmigerð, en þar er komist svo að orði um Wadskiær:

W. besad baade Aandslivlighed, stor metrisk Lethed og en udbredt Belæsthed. Men hans Digtning var lige saa tom paa Indhold som udtværet og smagløs i sin Form, og hans Viden var polyhistorisk Sprænglærdom, anbragt paa urette Sted.⁶

Wadskiær, sem fæddist árið 1713 og lést 1779, var fjölfróður maður með afbrigðum en hafði ekki þá dómgreind til að bera sem nauðsynleg er til þess að skipuleggja þekkingu sína og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Um þetta eru bæði eldri og yngri fræðimenn samála þó að þeir séu ekki á einu máli um skáldskapargildi verka hans. Wadskiær var sem sé maður sem lagði meira upp úr fróðleiksmolum en heilsteyptri hugsun í verkum sínum. Hann var m.a. undir verndarvæng þess áhrifamikla manns Eriks Pontoppidan og vann að ýmsum fræði- og útgáfustörfum á vegum hans. Árið 1747 varð Wadskiær prófessor í sögu í Sorø eða Sórey á Sjálandi (þar sem *Ferðabók* Eggerts og Bjarna Pálssonar var prentuð að Eggerti látnum árið 1772) og síðar varð hann prófessor í skáldskaparfræðum í Kaupmannahöfn. Frami hans var þó ekki eins glæstur og ætla mætti af þessu titlatogi. Hann þótti slakur kennari og sat ekki lengi sem prófessor í Sórey, var fljótlega sagt upp störfum þar (1751) og þótti ekki heldur standa sig vel í embættinu í Kaupmannahöfn.

En það er ekki lærdómsmaðurinn heldur skáldið Wadskiær sem nýtur aukins álits á okkar tímum. Er þá gjarnan bent á hnyttilegt og alvörubundið háð hans, frjálstan leik hans með tungumálið og lipurlega kveðandi. Einn helsti sérfræðingur í danskri ljóðagerð 17. og 18. aldar, Ejnar Thomsen, dregur eiginleika Wadskiærs saman á þennan hátt:

⁶ J. Paludan: „Wadskiær, Christian Frederik.“ Prentað í C.F. Bricka (útg.): *Dansk biografisk lexikon*. 18. bindi. Kaupmannahöfn 1904, bls. 149–154; hér bls. 150.

Der er utvivlsomt momenter af stor og forsættelig komik i hans uigennemtrængelige alvorsmaske midt under hæmningsløse overdrivelser af udtryk for hyldest, sorg og glæde, en selvfølgelig administration af halsbrækkende paronomasier (lydleg) og næsten genial anvendelse (fx i Sorørefleksionerne) af den lige så mulighedsrige som vanskelige figur antiklimaks.⁷

Það eru ekki síst tækifæriskvæði Wadskiærs sem nú eru metin að verðleikum, en í þeim þykir hann í senn færa sér lærðan stíl umliðinnar aldar í nyt og leysa upp þessa viðteknu og vinsælu bókmenntagrein – „en oprigtig anvendelse af 1600-tallets lærde stil med ironisk opløsning af genren“.⁸ Þetta er einmitt mikið einkenni á Ljóðrænu leikhúsi, þar sem er að finna frumlega blöndu af lærðum stíl og léttum og leikandi tækifæriskvæðum. Wadskiær var innan við þrítugt þegar þetta verk hans kom út árið 1741. Ljóðrænt leikhús hefst á fróðlegum formála höfundarins, og það er í þessum formála sem hann rekur þá frönsku fagurfræði sem Eggert vitnar til í áðurnefndum formála sem prentaður var með *Kvæðum* hans 1832.

Í heild er Ljóðrænt leikhús hið furðulegasta ritverk eins og ráða má af heiti þess, blanda af lærðómi og ljóðrænum ólíkindalátum. Meginefni bókarinnar er gamansamur kveðskapur og útúrsnúningar sem Wadskiær hefur ort um ýmsar hallir og konungleg setur í Danmörku. Hann skýrir svo kvæðin með ítarlegum neðanmálgreinum og fræðilegum tilvitnunum, m.a. í íslenskar fornbókmenntir. Ejnar Thomsen kemst svo að orði um þetta rit að hinir lærðu skýringartextar höfundarins við kvæðin kunni að fæla lesendur frá, en „arbejder man

⁷ Ejnar Thomsen: „Wadskiær, Christian Frederik.“ Prentað í S.C. Bech (ritstj.): *Dansk biografisk leksikon*. 3. útg. 15. bindi. Kaupmannahöfn [1984], bls. 219–221; hér bls. 221.

⁸ J. Hougaard o.fl.: *Dansk litteraturhistorie*. 3. b. Stænderkultur og enevælde 1620–1746. Kaupmannahöfn 1983, bls. 374. Um tækifærisljóð Wadskiærs sjá einnig eftirtalin rit: Vilhelm Andersen: *Illustreret dansk Litteraturhistorie*. 2. b. Den danske Litteratur i det attende Aarhundrede. Kaupmannahöfn 1934, bls. 197–204; Ejnar Thomsen: *Barokken i dansk digtning*. [Ritgerðin var skrifuð árið 1935.] Kaupmannahöfn 1971, bls. 191–193; E.J. Billeskov Jansen og G. Albeck: *Dansk litteraturhistorie*. 2. b. Fra Ludvig Holberg til Carsten Hauch. Kaupmannahöfn 1976, bls. 107–110.

sig gennem pedanteriet viser navnlig Poëtisk Skue-Plads ... sig at indeholde en virkelig frisk kerne af veloplagt rejsejournalistik“.⁹ Ekki er ósennilegt að þessar skemmtilegu ferðamyndir Wadskiærs hafi höfðað til Eggerts, enda orti hann gjarnan í léttum dúr um sínar eigin ferðir um Ísland eins og lesa má í prentuðum kvæðum hans. Eggert hefur kunnað að meta það uppátæki Danans að leggja út af Skíðarímu í Ljóðrænu leikhúsi sínu, en Wadskiær virðist hafa haft handrit íslenska kvæðisins undir höndum. Skíðaríma (sem og Tímaríma sem Eggert vitnar til í kvæðasafni sínu eins og síðar verður rakið) var kvæði sem var upplýst 18. aldar mönnum mjög að skapi, enda er þar að finna samfélagslega ádeilu og háðska lýsingu á aðbúnaði kóngafólks í heiðnum goðaheimi sem séður er með augum fátæks alþýðumanns. Samlíkingin við Ljóðrænt leikhús er því augljós að þessu leyti.

Auk þess að slá um sig með tilvísunum í íslenskar fornbókmenntir og norræna goðafræði vísar Wadskiær oft og einatt í klassískan kveðskap Grikkja og Rómverja, t.d. Hóras og Virgil. Hér er því margt sem minnir á aðferð Eggerts, sem var mikið fyrir að skýra ljóð sín með löngum neðanmálgreinum þar sem hann sýndi þekkingu sína á fornum fræðum, íslenskum jafnt sem erlendum, Snorra Sturlusyni jafnt sem Hóراسi og Virgli. Wadskiær auðkennir erlendar tilvitnanir með sérstöku lettri eins og oft var gert í prentuðum ritum á þeim tíma. Hins vegar er hann svo tilvitnanaglaður í ólíkar tungur að æði margar leturgerðir geta komið fyrir á einni og sömu blaðsíðunni. Prentflötur bókarinnar verður því oft hinn skrautlegasti og er sjálfsgagt með ráðum gert til að auka ánægju lesenda og vekja kátínu, enda var það yfirlýst stefna Wadskiærs að blanda saman gamni og alvöru í þessu riti sínu eins og fjallað verður um hér á eftir. En víkjum fyrst að kvæðum Eggerts.

Kvæði Eggerts

Kvæði Eggerts Ólafssonar með áðurnefndum formála skáldsins komu út 1832. Þau voru „útgefin eptir þeim beztu handritum er feingizt gátu“ eins og segir á titilsíðu. Þar var þó ekki farið eftir óskum skálds-

⁹ Thomsen: „Wadskiær, Christian Frederik“, bls. 220.

ins um heiti kvæðasafnsins. Í tveimur eiginhandarritum Eggerts (MS. Boreal. 81 og í JS 3 4to, handriti sem var í eigu séra Björns Halldórs-sonar í Sauðlauksdal) er titill kvæðasafna hans svohljóðandi:

Nockur Ný Alpióðleg Islensk Qvæde Út af Heimsspeke,
Naattúruhlutum og Bæjarlegum efnum; *til* sidbótar og
Fróðleiks, sem lands-fólkinu syniz þarft vera Framsett ýmist í
Sidalærdómum og Heimsaðeðlum; ymist í Aalvarlegu Gamne;
Eður og skoplegre Aalvauru.¹⁰

Í þessum titli skáldsins er í fyrsta lagi að finna upplýsingar um *efni* kvæðanna, þ.e. kvæði út af heimspeki, náttúruhlutum og bæjarlegum efnum („bæjarlegur“ í merkingunni sveitalegur eða búskaparlegur); í öðru lagi upplýsingar um *tilgang* kvæðanna, þ.e. að þau séu ætluð til sidbótar og fróðleiks, og í þriðja og síðasta lagi lýsir titillinn *aðferð* kvæðanna, þ.e. að þau séu framsett ýmist í síðalærdómum og heimsádeilum, ýmist í alvarlegu gamni eður og skoplegri alvöru. Það er þetta síðasta atriði í titlinum sem ég vil vekja athygli á. Svipaða áherslu má lesa úr þeim einkunnarorðum sem Eggert hefur framan við kvæðasafnið í eiginhandarritum sínum, en eftir því hefur ekki verið farið í prentuðu útgáfunni 1832.

Eins og Vilhjálmur Þ. Gíslason bendir á koma einkunnarorð Eggerts fyrir kvæðunum úr þremur áttum: „... hefur hann þrenn einkunnarorð, um hjarðmennsku, eftir Virgil, um sidgæði, eftir Hóras, og svo vísuna úr Tímarímu, að „margt er sér til gamans gert – geði þungu að kasta““.¹¹ Tilvitnunin í Tímarímu er eftirtektarverð. Þó að Eggert undirstriki með henni skemmtigildi kvæða sinna, að þau eigi að létta mönnum lundina, má ekki gleyma því að Tímaríma var samtímaádeila þar sem háði og jafnvel groddalegum hlátri var óspart beitt til að grafa undan spilltum valdamönnum á Íslandi. Þetta er í samræmi við skilgreiningu Eggerts sjálfs á kvæðum sínum í fyrirsögninni sem

¹⁰ Hér er farið eftir stafsetningu titilsins í JS 3 4to (á Landsbókasafni Íslands – Háskóla-bókasafni).

¹¹ Vilhjálmur Þ. Gíslason: „Kvæði Eggerts Ólafssonar.“ Eggert Ólafsson: *Kvæði*. Reykjavík 1953, bls. VII–XXXII; hér bls. XXIV; sbr. Vilhjálmur Þ. Gíslason: *Eggert Ólafsson*, bls. 176–177.

hann vildi að væri notuð en hlaut ekki náð fyrir augum útgefendanna 1832, þar sem hann talar um siðalærdóma og heimsádeilur sem ýmist séu settar fram í alvarlegu gamni eður og skoplegri alvöru. Það er þessi blanda af gamni og alvöru sem einkennir mörg bestu kvæði Eggerts og er einmitt dæmigerð aðferð í bókmenntum upplýsingarinnar á Íslandi og úti í Evrópu.

Eggert fylgir þessari skilgreiningu eftir í niðurskipan efnisins í kvæðasafninu og rökstyður hana í formálanum sem prentaður er í upphafi útgáfunnar 1832, en hann kallast „Formáli skáldsins um þessi kvæði og þar hjá um vegleik og vanda skáldskaparins“. Kvæðin flokkar Eggert eftir gamansemi og alvarleika. „Alvarlig kvæði“ eru höfð í einum flokki, „Kímilig kvæði“ í öðrum, „Kvæði í gamni og alvöru“ í þeim þriðja og „Gamankvæði“ í þeim fjórða, og þar á eftir kemur „Viðbætir“. Eggert réttlætir þessa flokkun með lærðum rökum í formálanum og kemst svo að orði um skiptingu sína á kvæðunum:

Samt er efni kveðlinganna margskonar; og því hefi eg, að dæmum hinna nýrri skálda utanlands, sett hvört kyn í sitt staði og raðað þeim eptir háleik og virðing efnisins á þennann hátt:

Fyrst standa kvæði í *tómri alvöru*, þau eru annaðhvort *almennilig*, um siðbætr og heimsádeilur; eður *sérilig* um eina þjóð, vissa menn, verk og tilfelli; í annari röð standa *kímilig* kvæði, þau eru í rétttri raun tóm alvara með heimsádeilum; en alvaran er fólgin ýmist undir ýkjum eður dæmisögum. Þá koma hin þriðju kvæðin (*serio-jocosa*), hvar efnið er saman *alvara* og *gaman*, einsog í þeirri fjórðu röð eru einúngis *gaman-kvæði*; þó meingast stundum þar með nokkur alvara. En fimta röðin, í hvörri sjást margsháttar kveðlingar, mætti að sönnu uppskiptast á meðal hinna fjöggra; samt þykir mér betur að láta hana opna standa, ef eg kynni að fá fleiri kvæði til viðbætirs, má þá eins síðar ef vill, setja hvört í sinn stað. Allar þessar raðir deilast í skipti, eptir þreyngð eður rýmd efnisins, og aprt sum af þeim stærri kvæðum í sínar smágreinir.¹²

¹² Eggert Ólafsson: „Formáli skáldsins“, bls. 3–4.

Eggert kveðst hér hafa erlenda flokkun til hliðsjónar og það má líka marka af tilvísun hans í „*serio-jocosa*“. Eins og komið hefur fram vísar hann á öðrum stað í formála sínum í títtnefnt rit Wadskiærs, *Poëtisk Skue-Plads*. Mér finnst mjög sennilegt að Eggert byggi flokkun sína að nokkru leyti á því riti. Wadskiær fjallar um aðgreiningarvanda í formála sínum að Ljóðrænu leikhúsi og notar einmitt sömu latnesku orðin og Eggert. Danska skáldið kemst svo að orði í formála sínum: „Herved maa jeg bede Læseren, at hand vel vil distingvere inter seriø & jocose aut ironice dicta, thi ellers vilde adskilligt klinge absurd.“¹³ Wadskiær lætur sem sé *lesandann* um að greina sundur alvöruþrung-ið gaman („seriø & jocose“) annars vegar og háðsk kvæði („ironice dicta“) hins vegar, biður hann m.ö.o. um að lesa þau af skilningi. Eggert tekur hins vegar að sér að greina kvæðin sundur *fyrir* lesandann út frá þessu sjónarmiði en það er allt annað en auðvelt. Svo notuð séu hugtök formgerðarstefnunnar er +/- gaman eða +/- alvara varla „aðgreinandi þáttur“ í þessu samhengi. Enda lendir Eggert í ógöngum með flokkunina: aðalflokkarnir eru „mengaðir“ eins og hann segir sjálfur („í þeirri fjórðu röð eru einúngis *gaman-kvæði*; þó meingast stundum þar með nokkur alvara“), hann verður auk þess að búa til óljósa milliflokka og að síðustu „opinn flokk“ með kvæðum sem tilheyrja hinum flokkunum.

En það væri ósanngjarnt að skoða skiptingu Eggerts einvörðungu út frá flokkunarfræði, enda var það líklega ekki megintilgangur hans að greina kvæðin sundur. Á það er einnig að líta að einmitt þessi mælikvarði á kvæðin leiðir í ljós markmið þeirra og aðferð: hina upplýstu notkun á mismunandi blöndu af gamni og alvöru til að opna augu lesenda fyrir fegurð og nytsemi heimsins og öðru því sem skáldinu þótti ómaksins vert að yrkja um. Eins og kunnugt er var „Gaman og alvara“ vinsæll titill á upplýsingartímanum, m.a. notaður af Magnúsi Stephensen í útgáfunni *Margvíslegt gaman og alvara í safni smárita og kvæða ýmislegra rithöfunda I–II* (Leirárgörðum 1798 og 1818).

¹³ Christian Friderich Wadskiær: „Fortale.“ *Poëtisk Skue-Plads aabnet paa Det saa Kongelige som Kostelige Christiansborgs Slots-Plads ...* Kaupmannahöfn 1741. Blaðsíður formálans eru ónúmeraðar en ofangreind tilvitnun er á fjórðu öftustu síðu.

Þannig séð verður skipting Eggerts á kvæðunum öllu skiljanlegri: hún er ekki aðeins flokkun heldur og ábending um aðferð.

Í formála sínum að Ljóðrænu leikhúsi fjallar Wadskiær mikið um hlutverk háðsins í alvarlegum skáldskap. Verður honum tíðrætt um gildi satírunnar eða hins ádeilukennda háðs. Spyrji menn hvers vegna hann sé satíristi í ritum sínum, segist hann spyrja á móti hvers vegna höfundar eins og Voltaire hafi gerst satíristar. Það er því ljóst að hann tengir háðslega aðferð sína m.a. þeim skáldum sem einna fremstir voru af höfundum evrópskrar upplýsingar, vill líkjast hinum beittu pennum sem nýttu háðið á markvissan hátt í verkum sínum. Wadskiær verður þó seint talinn hreinræktaður fulltrúi upplýsingarinnar, enda er margt í skáldskap hans sem minnir fremur á bókmenntir 17. en 18. aldar eins og ráða má af áhuga hans á höllum og konungssetrum. Í ritgerð sinni *Barokken i dansk digtning* telur Ejnar Thomsen að Wadskiær heyri fremur til skálda síðbarokksins en upplýsingarinnar og kemst svo að orði að í honum hafi barokkið eignast „sin sidste enlige kæmpe“.¹⁴ Hinu verður þó ekki neitað að í blöndu sinni af gamni og alvöru í verkum eins og Ljóðrænu leikhúsi líkist Wadskiær að nokkru leyti háðfuglum eins og Voltaire, og á það hefur einnig verið bent að hann hafi lært mikið af Holberg í siðferðilegri satíru sinni eða „Holbergsk påvirket moralsatire“ eins og Ejnar Thomsen orðar það á öðrum stað.¹⁵

Eins og kom fram í tilvitnuðum orðum Vilhjálms Þ. Gíslasonar má vafalítið rekja hina ádeilukennda gamansemi í kvæðum Eggerts Ólafssonar til þeirrar erlendu hefðar sem „Holberg var helstur fulltrúi fyrir í norrænum samtímabókmenntum“. Sjálfsagt hefur hinn frægi Holberg haft bein áhrif á bókmenntasköpun Eggerts, en áhrif hans hafa ekki síður verið óbein og ratað sína leið gegnum milliliði eins og Wadskiær.

¹⁴ Thomsen: *Barokken i dansk digtning*, bls. 193.

¹⁵ Thomsen: „Wadskiær, Christian Frederik“, bls. 221.

Flokkar Eggerts

Skipting Eggerts á eigin kvæðum er þá ekki aðeins flokkun heldur og ábending um listræna aðferð hans, sem hér hefur m.a. verið rakin til Ljóðræns leikhúss eftir Wadskiær. Lítum nú nánar á helstu flokka kvæðanna í ljósi þessa:

A. Fyrst eru það kvæðin sem Eggert kallar alvarleg. Fremst er Ísland, sögulegt kvæði í alvarlegum dúr um Ísland og örlög þess. Þá kemur Búnaðarbálkur, en manni virðist þó að Eggert hefði eins getað flokkað hann sem blöndu af gamni og alvöru, enda er fyrsti hlutinn, Eymdaróður, hálfgerð satíra. Síðan taka við rímaðar siðferðiritgerðir sem lýsa svo mikilli alvöru skáldsins að það verður næstum því hlægilegt. Eitt ljóðið heitir t.d. Þíknaþillir og er efníð skilgreint svo í undirfyrirsögn: „um það, að meiriháttar stúlkur láti og látið hafi svo opt fallerast hér á landi; kennist helzt um það hirðuleysi foreldra og illri siðvenju í hússtjórninni, hvar einginn munur er gjörðr á góðu og illu, háu og lágu, yfirráðum og undirgefni“.¹⁶ Svipaðs efnis er annað kvæði sem heitir Helblinda og fjallar af siðferðilegri en um leið dálítið hlægilegri alvöru um forherðingu landans og hórdóm ýmiss konar sem aftur er rakinn til lélegs uppeldis og sinnulausra foreldra. Þá kemur enn eitt alvarlegt kvæði sem heitir Leiðarsteinn góðra farmanna í hafvillum heims þessa. Ljóðmælandi Eggerts er þar sá almenni vegfarandi sem þekktur er úr kristilegri hefð, ferðamaður á lífsveginum sem hefur villst af réttri leið en finnur hana um síðir með Guðs hjálp, þegar hann kemur „til sjálfs sín og alvörunnar“ eins og það heitir í millifyrirsögn skáldsins.¹⁷

Mörg önnur kvæði eru í þessum flokki alvarlegra kvæða. Þar má nefna hátíðleg ljóð um kóngafólk, þjóðholl kvæði ýmiss konar og síðast en ekki síst hin forvitnilegu kvæði sem Eggert kallar Ferðarollu. Þetta eru lausavísur sem hann kvað undir fornum háttum á ferðum sínum um Ísland og eru ekki alltaf alvarlegs eðlis. Eggert slær þar líka á létta

¹⁶ *Kvæði Eggerts Olafssonar*, bls. 50.

¹⁷ Sama rit, bls. 58.

strengi, eins og þegar hann yrkir um það er ferðafélagi hans, Bjarni Pálsson, missti hatt sinn í hver einn við Kröflu í Mývatnssveit. Það er auðfundið að Ferðarollan hefur t.d. haft áhrif á Jónas Hallgrímsson, enda eru þetta nýstárleg kvæði á íslensku, skáldlegar smámyndir sem brugðið er upp af ferðalagi um hrjóstrugt land.¹⁸ Christian Wadskiær gerði einmitt mikið af þessu í ritum sínum, þ.á m. í Ljóðrænu leikhúsi. Ekki vantar þar heldur yrkingar um kóngafólk, þannig að margt er líkt með Eggerti og Wadskiær að þessu leyti.

B. Eggert tekst einna best upp í öðrum flokki kvæða sem hann kallar kímileg. Þar eru kvæði eins og Tvídægra, sem er eitt skemmtilegasta kvæði skáldsins og felur í sér hárbeytta hæðni sem minnir á Jonathan Swift, en í riti sínu um Eggert bendir Vilhjálmur Þ. Gíslason á að aðferð kvæðisins líkist nokkuð þeirri sem Holberg notar í verkum á borð við *Nikulás Klím*. Í Tvídægru berst skáldið í draumi til Sukkudokkalands, en Sukkudokkar eða fiðrildaveiðimennirnir eru í raun Íslendingar í álögum. Goðin hafa reiðst illu háttalagi þeirra og gert þá dáðlausa, tekið frá þeim mannlegt eðli. Hér notar Eggert íronískan samanburð við íslenska fornöld, þegar Íslendingar voru ennþá mennskir. Tungumál þeirra hefur liðast sundur í erlendum straumum og núna talar þjóðin „Norðrálfunnar flestu sprok“ eins, og Eggert kallar það.¹⁹ Hann skopast að málfari Íslendinga 18. aldar, enda ötull baráttumaður gegn erlendum áhrifum á íslenska tungu.

Í þessum hluta bókarinnar, kímileg kvæði, er einnig að finna ljóðið Sótt og dauði íslenskunnar, en íslenskan er þar persónugerð sem gömul kona. Þetta eru í reynd tvö kvæði, og þar beitir Eggert grótesku háði. Þegar íslenskan lætur lífið nærast alls konar illþýði á líkinu og gjörnýtir það. Eru jafnvel étin úr því augun og innýflin. Dauðdagi

¹⁸ Jónas orti t.d. ferðavísur sínar Víti (Eldgígur vestan undir Kröflufjalli) og Fremrinámar í svipuðum stíl. Þegar hann fór upp á Kröflu minntist hann Eggerts og Bjarna Pálssonar, sbr. bréf hans til Finns Magnússonar 22. júlí 1839 (*Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* II. *Bréf og dagbækur*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 25–27; hér bls. 25).

¹⁹ *Kvæði Eggerts Olafssonar*, bls. 135.

hennar er allt annað en virðulegur, og Eggert skemmtir sér við það að setja saman „Grafarskrift eðr heldr Yfirskrift Íslenzkunnar“, þar sem lík hennar stendur upprétt, smurt og forvarið. Yfirskrift hennar hljóðar svo:

*STATTU VID, ÞVÍ LEID ER LAUNG,
LÚINN FERDAMADR!
ISLENZKAN HÈR ÖNDUD STEND,
EKKI GRAFIN, HULD NÈ BREND,
ALDIR MARGAR MÖNNUM KEND,
MUDAR HÈT MINN STADR; [þ.e. bjó í munninum]
FYRIR BÚKHLAUP FALLID HEF, [þ.e. dó úr niðurgangi]
A FÓTUM SEF;
FARDU, MUNDU, GLADR!²⁰*

Líkaminn kemur mjög við sögu í þessu kvæði og aðferð Eggerts, að setja háleitt efni (íslenskuna og menningararfinn) í lágkúrulegt samhengi, með því að leggja áherslu á gróteskar líkamsmyndir og lægri líkamsþarfir, minnir á kenningar Mikhails Bakhtin um föstuleiki (karnival) og hvernig öllu er þar snúið á haus. Bakhtin heldur því fram að í föstuleikjunum birtist alþýðleg hláturmenning sem geri alla jafna um stund, hvar sem þeir standa í samfélagsstiganum, enda séu þeir háðir sömu líkamsþörfunum.²¹ Í kvæðinu er lögð áhersla á munninn – rými tungunnar – og meltingarveginn, rétt eins og í föstuhefðinni.²² Gamanið er því grátt en í niðurlaginu bendir Eggert á að alvara búi að baki:

²⁰ Sama rit, bls. 130.

²¹ Mikhail Bakhtin: *Rabelais and His World*. Hélène Iswolsky þýddi. 2. útg. (Þýðingin var fyrst gefin út 1968 en bók Bakhtins var frumútgefin á rússnesku 1965.) Bloomington, Indiana 1984.

²² Sama rit, bls. 278–302. Umræddur kaffi er til í íslenski þýðingu Jóns Ólafssonar, sjá Mikhail Bakhtin: „Ímyndir veislunnar hjá Rabelais.“ *Orðlist skáldsögunnar. Úrval greina og bókakafla*. Ritsstj. Benedikt Hjartarson. Reykjavík 2005, bls. 91–117.

Nú er endað æfintýr
 efnis-stórt, en sögnin rír,
 alvaran hær eflaust býr
 undir gerðar nafni;
 sár þó virðist sannleikinn,
 sönn og góð er meiníngin,
 veit eg allir vitrir menn
 veita dygða safni:
 túngu rétta telja snild,
 að tala skyld,
 taka ei allt í gamni.²³

Síðasta kvæðið sem nefnt verður í þessum flokki kímilegra kvæða eru Flöskukveðjur Eggerts, en þar í er hið fræga erindi „Ó, mín flaskan fríða!“ Undirfyrisögn kvæðisins er þessi: „Mjúk og skemtilig satýra, sýnandi inngang, framgang og útgang drykkjuskaparins“.²⁴ „Ó, mín flaskan fríða“ er líklega oftast lesið og sungið á síðari tímum sem meinlaus stemningsvísa. En henni hefur upphaflega verið ætlað að bíta fastar og vera hárbeitt – og umfram allt myndin – ádeila á of-drykkju. Brennivínsberserkurinn sýnir flöskunni þá tryggð og tilfinningahita sem aðrir menn sýna eiginkonum sínum og ástmeyjum. En þegar flaskan er tóm orðin og eftirköst drykkjunnar farin að segja til sín snýst ástin upp í hatur og drykkjumaðurinn kallar flöskuna svik-sama hóru.

C. Þriðji flokkurinn eru kvæði í gamni og alvöru. Þessi kvæði eru ekki eðlisólík þeim sem Eggert kallaði kímileg hér á undan. Til dæmis er í þessum flokki að finna Hegrakvæði, þar sem ort er um óminnis-hegrann fræga sem fylgir drykkju. Auk þess eru þar alls konar tækifæriskvæði, svo sem brúðkaupsvísur og stökur sem skáldið hefur ort af ýmsu tilefni.

²³ *Kvæði Eggerts Olafssonar*, bls. 131.

²⁴ Sama rit, bls. 144.

D. Fjórði og síðasti aðalflokkur Eggerts eru svokölluð gamankvæði. Meðal þeirra er Hödduríma þar sem ort er um samspil sjávar og vinds. Hvort tveggja er persónugert í kvæðinu, aldan kölluð Hadda Ránardóttir og vindurinn Kári og Hræsvelgur jötunn, sem sagður er valda vindum í Snorra-Eddu. Úr þessu verður gamansöm og nokkuð blautlega orðuð ríma, ort undir baksneiddri braghendu. Ríman er kynnt svona í undirfyrirsögn Eggerts: „um ferð Höddu Ránardóttur til Kára og undrafullt samræði hennar við Hræsvelg jötun“.²⁵ Náttúruöflin eru þarna persónugerð með gamansömum hætti og myndirnar eru gróteskar að hætti föstuleikja.

Í þessum flokki gamankvæða Eggerts er annað kvæði sem einnig snýst um persónugervingu sjávarins, þ.e. Ægisdrekkka hin nýja, en Ægisdrekkka er annað nafn á eddukvæðinu Lokasennu. Undirfyrirsögnin er: „Um þá mikiligu Vatnsfjarðar veizlu 1766, hvar Ægir, Rán og þeirra 9 dætr sátu að heimboði“.²⁶ Þetta er í raun stutt ríma, ort undir þeim hætti sem kallast stúfhenda. Kvæðið er hnyttið og skemmtilega ort. Eggert hyllir þar sem fyrr íslenska náttúru og það sem hún hefur upp á að bjóða. Í fjörunni er að finna ýmislegt ætilegt, og Ægir býður líka upp á drykk þó að ekki sé hann kannski bragðgóður: „Fullt er af réttum fjöruborð, það fáheyrt er; / ölfaungin sjálfir færð þær“.²⁷ En von bráðar grefur Eggert undan þessari þakklátu ræðu hins upplýsta náttúruunnanda. Sjórinn hefur í raun ekkert að gefa sem hefur gildi fyrir manninn sjálfan: „Hjá Ægis dætrum yndi’ og hita einginn fær: / afgamlar hrotur eru þær. // Ægis-drekkann er eins í þessum eyði stað, / því sullið hans er sjó-blandað“.²⁸ Hér kemur því önnur og íronískari rödd inn í rímuna og útkoman verður ákveðið tvísæi í afstöðunni til sjávarins; hann er gjöfull en um leið sálarlaus með öllu. Gróteskar neyslumyndir setja svip sinn á kvæðið og minna enn og aftur á föstuleikjastílinn.

²⁵ Sama rit, bls. 201.

²⁶ Sama rit, bls. 216.

²⁷ Sama rit, bls. 217.

²⁸ Sama rit, sama stað.

Upplýstur hlátur

Hér verður numið staðar í bili, en auðvitað mætti athuga fleiri þætti í kvæðum skáldsins í þessu samhengi. Fróðlegt væri að skoða skáldamál Eggerts í ljósi kímunnar; svo dæmi sé tekið býr hann til kenn-inguna *ása jukk* um skáldskapinn (þ.e. skáldskaparmjóðurinn sem Óðinn spjó í ker ása, sannkallað jukk). Gróteskan kemur þar enn og aftur við sögu. Ekki verður að sinni ráðist í slíka skoðun á skáldamáli Eggerts, en áður en skilist er við þetta efni er rétt að reyna að benda á helstu einkenni húmors í kvæðum Eggerts. Segja má að þar sé aðallega um þrenns konar húmor að ræða:

- 1) Góðlátleg kímni eða kankvís tónn. Í Búnaðarbálki, 2. erindi Náttúrulystar, yrkir Eggert um það þegar aldan fellur á ströndina. Þar má greina þennan kankvísa tón: „mögláði sjór við merskis brýn / melankólisku kvæðin sín“.²⁹
- 2) Satírsk hnyttni, þ.e. háð sem ætlað er að hitta eitthvað sem miður hefur farið í heiminum, sbr. ýmsar heimsádeilur Eggerts sem rætt var um hér á undan.
- 3) Gróteskur húmor, eins og greina mátti í kvæði hans um Sótt og dauða íslenskunnar, þar sem hinir og þessir hámuðu líkið í sig.

Sjálfsgagt mætti finna fleiri einkenni húmors í kvæðum Eggerts, og þar á meðal misheppnaða myndni samkvæmt nútíasmekkk, en nóg er af slíkum dæmum í ljóðum skáldsins. Stundum glottir lesandinn líka þegar skáldið hefur ekki ætlast til þess, hvort heldur það stafar af því að alvara Eggerts verður óvart hlægileg eða að skáldið gerir sig sekt um einhverja smekkleysu samkvæmt fagurfræðilegum viðmiðunum nútímans. Það er hins vegar merkilega oft sem Eggerti tekst að vera myndinn, jafnvel í augum nútímamanna, og um leið er þessi myndni markviss og þrungin alvöru. Eflaust má líta á þessa blöndu gamans og alvöru sem áhrif frá evrópskri upplýsingu, en þó kemur það fyrir

²⁹ Sama rit, bls. 34.

Í kvæðum Eggerts að bak við hina upplýstu rödd heyrir önnur sem dregur gildi hinna upplýstu viðhorfa í efa, rödd sem felur í sér ákveðið tvísæi. Bestu kvæði Eggerts byggja á þeirri margslungnu blöndu af gamni og alvöru sem einkennir góðan skáldskap öðru fremur.

JÓN ÞORLÁKSSON SKÁLD Á BÆGISÁ

ÁRIÐ 1994 VAR ÞESS MINNST að 250 ár voru þá liðin frá fæðingu Jóns Þorlákssonar, en hann fæddist í Selárdal í Arnarfirði 13. desember 1744. Sem löngum fyrr beindist athyglin þá einkum að þýðingarstörfum hans, enda er Jóns oftast minnst sem mannsins sem sneri Milton á íslensku. Hann þýddi *Paradísarmissi* við erfið skilyrði norður í landi þar sem hann þjónaði sem prestur á Syðri-Bægisá í Öxnadal og vann önnur stórvirki á þessu sviði með þýðingum sínum á *Messíasi* eftir Klopstock og *Tilraun um manninn* eftir Pope. Jón á Bægisá er því einhver helsta hetja íslenskrar þýðingarsögu og það var vel til fundið hjá þýðendum að láta tímarit sitt heita í höfuðið á honum. Það er þó ekki þýðandinn Jón Þorláksson sem ég ætla að fjalla um hér, enda er það m.a. gert í ágætri grein Ástráðs Eysteinsonar í fyrsta hefti áðurnefnds tímarits,¹ heldur skáldið á Bægisá sem vill stundum gleymast.

Nafnbót samtíðarmanna, *þjóðskáld*, á séra Jón Þorláksson líklega fremur að þakka þessum þýðingum en frumortum kvæðum sínum.² Þó að hann væri mikilsmetið skáld á sínum tíma, seint á 18.

¹ Ástráður Eysteinson: „Þjóðráð. Formáli að ritgerð um Paradísarmissi.“ *Jón á Bægisá. Tímarit þýðenda* (1994), bls. 10–21. Sjá einnig grein séra Gunnars Kristjánssonar, „Skáldið á Bægisá“, í sama hefti tímaritsins, bls. 6–9. Heimir Pálsson hefur fjallað ítarlega um þýðingar og skáldskap Jóns á Bægisá: „Inngangur.“ *Jón Þorláksson: Kvæði – frumort og þýdd. Úrval*. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík 1976, bls. 7–61. Um ævi Jóns má lesa í bók Sigurðar Stefánssonar: *Jón Þorláksson þjóðskáld Íslendinga. Æfissaga*. Reykjavík 1963.

² Sbr. titilblaðið á útgáfu Paradísarmissis: *Ens enska skálds, J. Miltons, Paradísar missir. Á íslenzku snúinn af þjóðskáldi Íslendinga, Jóni Þorlákssyni*. Kaupmannahöfn 1828. Sæmdarheitið *þjóðskáld* er hér væntanlega notað í svipaðri merkingu og orðið höfuðskáld, en

og snemma á 19. öld, eru hin augljósu afrek hans öll á sviði þýðinga. Og þau frumortu kvæði sem voru í hvað mestum metum á hans döggum, sálmakveðskapur prestsins á Bægisá, eru ekki líkleg til að halda nafni hans á loft á okkar guðlausu tímum. Er þá nokkuð eftir til að gleðja sig við í ljóðmælum Jóns Þorlákssonar? Svo sannarlega. Þar er nefnilega margt veraldlegra ljóða sem á erindi við okkur enn í dag.

Jón á Bægisá gaf sig lítt að þessum ljóðum sínum, þau virðast flest orðin til fyrir tilviljun, ekki af þeirri markvissu ástundun sem lýsir sér í þýðingarstarfi hans. En um leið er þetta kannski helsti kostur þeirra – þar grípur hann tækifærið, augnablikið, og er gjarnan einlægur og orðheppinn. Þessi ljóð hans eru eins konar aukageta, það er ekki reiknað með þeim, þau koma stundum aftan að skáldinu sjálfu og okkur hinum, koma á óvart. Mörg bestu ljóð hans eru full af leik og stríðni, háðsk og jafnvel klúr. Og klerkurinn á Bægisá er eitthvert argasta níðskáld okkar á síðari öldum. Bjarni Thorarensen orðaði það svo að „í níðkveðskap yfirgekk síra Jón Þorláksson alla.“³ Sjálfur Magnús Stephensen fékk að kenna á hvössu níði hans. Frumkvöðull íslensku upplýsingarinnar gaf út nýja sálmabók 1801 og gerði sér þar lítið fyrir og endurbætti suma sálma Jóns Þorlákssonar og hafnaði öðrum. Séra Jón fór hamförum yfir þessu gerræði Magnúsar og orti mergjað kvæði, Rustasneið, um leirburðinn í sálmabókinni:

Skáldskapur þinn er skothent klúður,
skakksettum höfuðstöfum með,
viðast hvar stendur vættar-hnúður,
valinn í fleig, sem rífur trèð;
eitt rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn.⁴

síðar á 19. öld fær það á sig þjóðernislegru blæ, eins og Hannes Pétursson fjallar um í bók sinni *Kvæðafylgslu. Um skáldskap eftir Jónas Hallgrímsson*. Reykjavík 1979, bls. 7–8.

³ Orðin féllu í bréfi hans til Bjarna Þorsteinssonar 5. desember 1830, sbr. Bjarna Thorarensen: *Bréf*. Síðara bindi. Jón Helgason bjó til prentunar. Safn Fræðafélagsins, 14. bindi. Reykjavík 1986, bls. 130.

⁴ Jón Þorláksson: *Íslensk ljóðabók Jóns Þorlákssonar prests að Bægisá*. II. deild. Jón Sigurðsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn 1843, bls. 576.

Magnús fyrirgaf séra Jóni þessar yrkingar, enda orti skáldið iðrunarkvæði til hans, hina bljúgu Bragarbót, hvort sem hugur hefur nú fylgt máli eður ei. En áður hafði Jón ort mikil kvæði um upplýsinguna sem einkennast af táknrænu tali um ljósið og sigur þess yfir myrkrinu og annað slíkt sem hefur verið frumkvöðli stefnunnar mjög að skapi. Jón á Bægisá tengist því upplýsingunni sterkum böndum, en þó eru líka þræðir sem tengja hann íslenskri rómantík. Hann yrkir til dæmis til Bjarna Thorarensens og nær í skottið á sveitunga sínum Jónasi Hallgrímssyni, sem hann hittir barnungan og spáir skáldframa að því er sagan segir.⁵ Jónas orti síðar Vorvísu í stíl Jóns á Bægisá, og Dalvísa Jónasar er greinilega ort með hliðsjón af þýðingu séra Jóns á norsku kvæði.⁶ Jón Helgason, prófessor og skáld, minntist nafna síns Þorlákssonar í ágætu erindi árið 1944,⁷ en hann átti líka orðastað við hann í kvæðum sínum. Ef vel er hlustað má heyra að hið alkunna kvæði Jóns Helgasonar, Á afmæli kattarins, kallast á við þau snjöllu dýraljóð sem Jón Þorláksson orti á sinni tíð. Kötturinn er ávarpaður, honum lýst og ævi hans rakin í kumpánlegum tón, þar sem væntumþykja og gamansemi veiga salt:

Alla tíð var þó með okkur vel,
einlægt mér reyndist þitt hugarþel,
síðan ég forðum þig blindan bar,
breiddi á þig sæng þegar kaldast var.

Fimm voru systkinin fædd í heim,
fagnar þú degi hið eina af þeim;
hinum var öllum í æsku drekkt,
ósköp er kattlífið dapurlegt.

⁵ Tómas Hallgrímsson: „Jónas Hallgrímsson.“ *Lýður*, 6. tbl. 29. mars 1890, bls. 22–23; hér bls. 23.

⁶ Um þetta er m.a. fjallað í bók minni *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantík*. Reykjavík 1999, bls. 363–364.

⁷ Jón Helgason: „Séra Jón Þorláksson. 1744 – 13. des. – 1944.“ *Frón* 2, 1944, bls. 231–243. Endurpr. í greinasafni Jóns Helgasonar: *Ritgerðakorn og ræðustúfar*. Reykjavík 1959, bls. 155–170.

Lifað nú hefur þú árið eitt,
 oddhvöss er vígtönnin, klóin beitt;
 stundum á kvöldin með kurteis hljóð
 kveðurðu af munnni fram ástaljóð.⁸

Skyldleikinn við kvæði Jóns Þorlákssonar leynir sér ekki. Líklega eru dýraljóðin einhver lífvænlegustu verk skáldklerksins á Bægisá. Þau eru skemmtilega og eftirminnilega orðuð, oft eins konar eftirmæli um dýr sem skáldið hefur komist í kynni við eða skapað sjálfur. Nöfn kvæðanna eru lýsandi: Vakri Skjóni; Um dauða mús í kirkju; Eptir spanskan hrút; Titlíngs minning. Ef til vill er síðasttalda kvæðið um fuglinn þeirra best – undarlegt sambland af heimsborgaralegu háði og viðkvæmum trega. Mér er til efs að annað skáld hafi ort svo hjartnæmt kvæði um ellidauðan kanarífugl (1. erindi):

Mjög er nú hljódt í saungva sæti! –
 sá fór í burt er skemta nam, –
 er þá mitt fegurst eptirlæti
 orðið að dauðum titlíngs-ham?
 ó, gæti' eg lífgað aptur þig!
 ó, hvað það mundi gleðja mig!⁹

Síðan rekur skáldið sögu þessa ágæta söngfugls sem fæddur var í Hrórarskeldu (3. og 4. erindi):

Ætt þín í Roskild ágæt stendur,
 upprunninn líka varstu þar,
 til Kaupinhafnar síðan sendur,
 sáu þig ótal höfðingjar,
 ófeilnum titlíngs-augum með
 eins fékkstu þeirra dýrðir sæð.

⁸ Á afmæli kattarins. Jón Helgason: *Úr landsuðri. Nokkur kvæði*. Reykjavík 1939, bls. 51–52.

⁹ Jón Þorláksson: *Íslensk ljóðabók*, II. deild, bls. 366.

Örlaga nornir að þær krepptu,
 út bygðu þær frá Hafnar stað
 og háöldruðum hingað sleptu,
 hafi þær ómak fyrir það! –
 Eyrindi þitt til Íslands var
 öðrum að skemta' og deyja þar.¹⁰

Ýmsir samtímamenn Jóns ortu sambærileg ljóð og má þar nefna skoska skáldið Robert Burns sem kvað um dýrin stór og smá, allt frá lús í kirkju („To a Louse, On Seeing one on a Lady's Bonnet at Church“) og mús á akri („To a Mouse, On turning her up in her Nest, with the Plough, November, 1785“) til hunda („The Twa Dogs. A Tale“) og hesta („The Auld Farmer's New-year-morning Salutation to his Auld Mare, Maggie, on giving her the accustomed ripp of corn to hansel in the New-year“). Burns á fingert háðið og ádeilutóninn sameiginlegan með Bægisárklerknum, en einnig hina ríku samúð með öllu sem anda dregur.¹¹ Kvæði Jóns verða tregafyllri fyrir þá sök að þar er ort um dýr sem ekki eru lengur á lífi, en sú staðreynd gerir þau um leið grátbrosleg í aðra röndina, eins og til er ætlast.

Jón á Bægisá gat líka ort alvarlegri eftirmæli en þau sem hann kvað um dýrin og líkist þá stundum hinum mikla snillingi þeirrar kvæðagerðar, Bjarna Thorarensen, einkum í erfíljóði sínu um Bjarna Pálsson landlækni. Mannlýsingin er stórbrotin og upphafin, enda verður ljóðið að eins konar varnarræðu fyrir hinn látna, eins og algengt er í bókmenntum af þessu tagi. Jón yrkir m.a. um stuðning landlæknis við fæðandi konur og ljósmæður á Íslandi:

¹⁰ Sama rit, sama stað.

¹¹ Ljóðmælandanum í kvæði Burns til músarinnar þykir miður að hafa brugðið henni og umbýlt bústað hennar. Hann ávarpar hana sem jafningja sinn, enda séu þau bæði dauðlegar verur: „I'm truly sorry Man's dominion / Has broken Nature's social union, / An' justifies that ill opinion, // Which makes thee startle, / At me, thy poor, earth-born companion, / An' fellow-mortal.“ Robert Burns: *Poems and Songs*. Ritstj. James Kinsley. Oxford o.v. 1990 (frumútg. 1968), bls. 101.

Birtið þer, brúðir,
 sem börn alið!
 var hann yður eigi
 til aðstoðar?
 fyrri flutning hans
 og framgaungu
 njóta nærkonur
 náms og launa,
 og þer handhjálpur
 hálfu meiri.¹²

Jón Þorláksson hafði snemma á ævinni misst kjól og kall út af kvennamálum, en það hefur kannski verið á misskilningi byggt hjá kirkjulegum yfirvöldum. Ef eitthvað er að marka það samtalskvæði sem Jón orti á efri árum og heitir Kjöllinn og hempan hefur það fyrst og fremst verið kjöll prestsins sem var kvensamur, ekki presturinn sjálfur. Í þessu kímna ljóði stígur kjöllinn í vænginn við hempu af stúlku sem „var heingd útá staf í snjóskafi til þurks á Syðri-Bægisá, en kjöll af prestinum á Ytri-Bægisá“.¹³ Hempa stúlkunnar vill reyndar ekki þýðast kjól prestsins, segir hann vera orðinn of gamlan fyrir þess háttar brölt og bauk. En það má kalla mikla bíræfni af klerki sem hafði tvívegis verið settur út af sakramentinu fyrir þessar sakir að gera sjálfan prestskrúðann – þetta fróma embættistákn – að miðpunkti svo holdlegra yrkinga.

Þegar Jón yrkir um hlutskipti sitt er honum eiginlegt að kvengera eða skoða ýmsa þætti tilverunnar út frá sambandi sínu við hitt kynið. Í einhverri þekktustu vísu sinni yrkir hann um fátæktina sem konu sína og eins og nærri má geta er hann orðinn dálítið þreyttur á því ævilanga hjónabandi:

¹² Jón Þorláksson: *Íslensk ljóðabók*, II. deild, bls. 154. Sveinn Pálsson kemst svo að orði um störf Bjarna landlæknis: „Bjarni Landph. fór og strax að koma því til leiðar, þó seigt gengi, að uppfærðar og examíneraðar Yfirsetu-konur væru í hvörri sýslu, hvar um hann lengi þæfði við Dr. Finn Biskup, og hafa þær síðan 1766, þann 20ta Júní, fengið árlega 100rdli. af Kóngi, sem Landphysicus útbýtir þeim“. Sveinn Pálsson: *Ævisaga Bjarna Pálssonar*. Akureyri 1944, bls. 56.

¹³ Jón Þorláksson: *Íslensk ljóðabók*, II. deild, bls. 547.

Fátæktin var mín fylgju-kona
frá því eg kom í þennan heim;
við höfum lafað saman svona
sjötýgi vetur, fátt í tveim; –
hvort við skiljum nú hëðan af
hann veit, er okkur saman gaf.¹⁴

Og hún er ekki bara andleg, ástin á milli hans og kvæðadísarinnar. Skáldskapargyðjan er heldur loftkennd í kvæðum margra skálda, en það er öðru nær hjá Jóni og því líkast sem blóðheitis elskendur séu að kveðjast (1. erindi):

Kveð eg þig, kæra
kvæða-dís mín!
síðasta sinni
er við sjást munum;
lengi lífðum við
leikfull saman;
þú fer nú fyrri;
far þú! eg kem.¹⁵

Það kemur í ljós að hann og skáldskapardísin hafa átt saman allnokkur afkvæmi; en hitt er þó ekki síður skemmtilegt hvernig skáldið víkur að því að ýmis kvæði annarra hafi verið honum eignuð (6. erindi):

Enda var okkur
eignað stundum
það sem annarr ól
enn svartari,
og þá fyrst frètt
eptir faðerni
þegar vaxinn var

¹⁴ Sama rit, bls. 523–524.

¹⁵ Sama rit, bls. 533–534.

vafa-gepill,
 en við ófrægð
 á öllum þingum.¹⁶

Jón Þorláksson flutti að Bægisá á miðjum aldri þegar hann fékk loks uppreisn æru eftir að hafa verið fimmtán ár frá prestskap. Þó að nafn séra Jóns sé tengt við Bægisá hófst skáldferill hans ekki þar heldur löngu fyrr, í Hrappsey á Breiðafirði. Jón gerði því víðreist um ævina innanlands þó að hann færi aldrei utan. Hann fæddist á Vestfjörðum, ólst upp þar og líka sunnanlands, var um hrið í Skálholtsskóla og hóf síðan skáldferil sinn og þýðingarstörf í Hrappsey. Þar var seint á 18. öld sett á stofn fyrsta prentsmiðja landsins sem ekki var í eigu kirkjunnar, en sem kunnugt er var kirkjan öldum saman einráð um hvað koma mátti út á Íslandi.¹⁷ Jón starfaði að þýðingum og prófarkalestri í Hrappsey og varð þeirrar ánægju aðnjótandi að sjá þar frumort kvæði sín á prenti. Það var í *Tullins kvæðum* 1774 en þar birtust nokkur ljóð eftir Jón sjálfan, auk þýðinga hans á verkum norska skáldsins Tullins. Er það fyrsta ljóðabók á íslensku, veraldlegs efnis, sem kemur út að höfundi lifandi, ef frá eru taldar rímur.¹⁸

Áður en Jón hélt fótgangandi norður að Bægisá veturinn 1788 orti hann Grafskript eftir sjálfan sig, rétt eins og hann væri að jarðsetja eigin ævi þar vestra. Honum var líklega þungt í hug, enda varð hann að skiljast við þá konu sem hann hafði gengið að eiga, Margréti dóttur Boga Benediktssonar prentsmiðjueiganda í Hrappsey, og unga dóttur þeirra, Guðrúnu, því eiginkonan vildi ekki fylgja Jóni norður í nýja brauðið. Í Grafskriptinni vísar hann að því að lánið hafi leikið sig grátt og ávarpar síðan vegfarandann sem kann að ganga fram á gröfina (1. og 2. erindi):

¹⁶ Sama rit, bls. 535.

¹⁷ Sjá rit Jóns Helgasonar: *Hrappseyjarprentsmiðja 1773–1794*. Safn Fræðafélagsins, 6. bindi. Kaupmannahöfn 1928.

¹⁸ *Nockur, þess alþeckta danska Skálds Sál. Herr Christ. Br. Tullins Kvæde, med litlum Vidbæter annars efnis. Á Íslensku snúen af J. Th. Hrappsey 1774.*

Leikhnöttur lukkunnar
 liggur í þessum reit;
 mjög þeim hún mislynd var,
 meir þó opt köld enn heit;
 hvílu, sem þráði þrátt,
 þversynjað honum var
 og rór á engan hátt
 unnt, nema þessarar.

Það er Jón Þorláksson
 þessa sem byggir gröf,
 bíðandi' í blíðri von
 betra lífs eptir gjöf.
 Þenk maður! þú sem ert,
 þvílíkur var hann hær;
 þú verður, það er bert,
 þvílíkur sem hann er.¹⁹

Þrátt fyrir þessi drungalegu ummæli beið Jóns nú öllu betra líf fyrir norðan, því óhætt er að segja að hann átti farsæla ævi á Bægisá þar sem hann bjó rúma þrjá áratugi, allt til dauðadags, 21. október 1819, og vann þar sín mestu bókmenntaafrek með þýðingum á Pope, Milton og Klopstock. Jón lýsir sjálfum sér í fleiri kvæðum, enda er hann persónulegri en gengur og gerist í skáldskap síðari alda. Í gamansamri Sjálfslýsingu sinni kveðst hann vera lotinn í herðum og grannur vexti, mjög bólugrafinn, hafa gult hár og söðulnef, „augun hörð sem tinna“, vera skrafinn og róa ákaflega.²⁰ Hins vegar ber að taka slíkar lýsingar með fyrirvara, enda er Jón ýkinn í besta skilningi þess orðs. Lesandinn veit aldrei hvenær honum er alvara, hvenær hann er einlægur eða bara að skálda. Þetta er ein skemmtilegasta hliðin á ljóðagerð Jóns á Bægisá. Hið persónulega í kvæðum hans er hluti af leiknum. Það er

¹⁹ Sama rit, bls. 536.

²⁰ Sama rit, bls. 505–506.

til dæmis eins víst að hin ástleitnu ljóð séu öðrum þræði ort til að efla orðspor hans sem kvennamanns fremur en að það sé fótur fyrir þeim öllum. Hann kann öðrum betur þá list að yrkja hálfkveðnar vísur.

Oft er rætt um Jón Þorláksson sem fyrirrennara þeirra skálda sem hófu íslenska ljóðagerð upp í nýjar hæðir á 19. öld. Hann hafi endurnýjað íslenskt skáldamál með því að taka upp bragarhætti og látlausa ljóðrænu eddukvæða og þannig haft mikil áhrif á málbeitingu síðari skálda. Vissulega er það rétt, en hins vegar er mesti óþarfi að skoða skáldskap Jóns eingöngu sem aðdraganda að einhverju betra og fegurrá sem síðar varð. Ljóðagerð hans stendur alveg fyrir sínu. Jón á Bægisá syngur með sínu nefi og rödd hans er eftirminnileg öllum þeim sem leggja við hlustir.

JÓNAS HALLGRÍMSSON OG BESSASTAÐASKÓLI

JÓNAS HALLGRÍMSSON var í Bessastaðaskóla sex vetur, frá 1823–1829, en dvaldi að öllum líkindum hjá fólki sínu heima í Öxnadalnum á sumrin. Þegar hann hóf nám í skólanum var hann á sextánda ári og þegar hann lauk námi var hann orðinn 21 árs gamall. Jónas naut styrks á skólaárunum – hlaut hálfa ölmusu eins og það var kallað – enda var hann fátækur og föðurlaus. Hann hafði gengið í heimaskóla fyrir norðan en á Bessastöðum opnuðust fyrir honum dyr helstu menntastofnunar landsins. Í skólanum var einvala lið kennara. Björn Gunnlaugsson kenndi reikning og dönsku. Dr. Hallgrímur Scheving, frændi Jónasar, kenndi latínu. Jón Jónsson lektor kenndi trúarbrögð. Sveinbjörn Egilsson kenndi grísku, sögu og landafræði. Nemendur skólans voru ekki heldur af verra taginu og margir þeirra urðu nánir vinir og samverkamenn Jónasar upp frá því. Á Bessastöðum kynntist hann Konráði Gíslasyni og Tómasi Sæmundssyni, sem síðar stofnuðu tímaritið *Fjölni* með honum, en fjórða Fjölnismanninn, Brynjólf Pétursson, þekkti Jónas fyrir, frá því að þeir voru saman í heimaskóla í Goðdölum í Skagafirði. Gísli Ísleifsson varð náninn vinur hans á skólaárunum og til hans orti Jónas eitt helsta æskukvæði sitt, *Ad amicum eða Til vinar*, sem fjallar um gildi vináttunnar. Lárus Sigurðsson var einnig náninn vinur hans í skóla, en Lárus dó ungu.¹ Jónas átti einnig mikið saman að selda við frænda sinn Skafta Tímóteus Stefánsson, en hann dó einnig ungu og Jónas minntist hans síðar í fallegu kvæði sem hann kallaði *Saknaðarljóð*. Ekki er að efa að kynni Jónasar af þessum mönnum, jafnt lærifæðrum sem nemendum, hafa haft mikið að segja fyrir hann og þá stefnu sem hann tók í lífinu.

¹ Lárus lærði ensku og orti ljóð á því máli eins og Andrew Wawn fjallar um í greininni „The Dream. Óbirt ljóð á ensku eftir Lárus Sigurðsson frá Geitareyjum.“ *Ritmennt* 5 (2000), bls. 131–147.

Páll Melsteð yngri var einnig með Jónasi í skóla. Páll lýsir vistinni á Bessastöðum með þessum orðum í endurminningum sínum:

Líkaminn varð þar harður og hraustur, það gjörðu glímurnar, knattleikurinn og sundið, ásamt kröftugri og nögrí fæðu, sálin varð forneskjuleg og hálfklassísk, lítið var um annað hugsað en hetjuöld Grikkja og Rómverja, og fornöld norðurlanda; lesnir: Plató, Xenófon og Hómer, Virgilíus, Hóratíus, Júlíus Cæsar og Ciceró; höfundar Njálu, Grettlu, Eglu í svefnloftunum...²

Eins og lýsing Páls ber með sér var skólinn latínuskóli. Skólafarfið snerist að talsverðu leyti um það að lesa klassísk rit, auk Biblíurita, og snúa þeim á hnitmiðað og fallett íslenskt mál. En fornrítin sem nemendur lásu utan skólatíma voru fleiri en þau sem Páll telur upp. Þannig nefnir Jónas Eddu – þ.e. eddukvæði – og Ossían sem helstu huggun sína í bréfi skrifuðu á Bessastöðum 1828.³ Ossíanskvæðin, sem Jónas hefur lesið í danskri þýðingu, voru þá mjög í tísku, en ýmsir drógu þó í efa að þar væri um að ræða ævaforngelísk ljóð eins og „útgefandi“ þeirra, Skotinn James Macpherson, hafði látið í veðri vaka. Hann mun hafa ort þau að miklu leyti sjálfur.⁴

Talsvert hefur verið fjallað um veru Jónasar í skólanum. Þeir sem helst hafa ritað um ævi hans, allt frá Hannesi Hafstein á 19. öld til Matthíasar Þórðarsonar og Páls Valssonar á 20. öld, hafa bent á þroskandi áhrif Bessastaðaskóla á skáldið og manninn Jónas.⁵ Vilhjálmur

² Páll Melsteð: *Endurminningar*. Kaupmannahöfn 1912, bls. 35.

³ *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar II. Bréf og dagbækur*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 5.

⁴ Andrew Wawn fjallar um viðtökur Ossíanskvæðanna á Íslandi í greininni „Óðinn, Ossian and Iceland.“ *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum*. Ritstj. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson. Reykjavík 1994, bls. 829–840.

⁵ Sbr. inngang Hannesar Hafstein: „Um Jónas Hallgrímsson.“ *Ljóðmáli og önnur rit eftir Jónas Hallgrímsson*. Kaupmannahöfn 1883, bls. VII–XLVI (inngangurinn er endurprentaður í bókinni *Undir Hraundranga. Úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson*. Ritstj. Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 2007, bls. 7–27). Sjá einnig ævisögur Jónasar eftir Matthías Þórðarson (*Rit eftir Jónas Hallgrímsson V*. Reykjavík 1937, bls. I–CLXXXIX) og Pál Valsson (*Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*. Reykjavík 1999).

Þ. Gíslason, sem áður hafði skrifað bók um Bessastaði (*Bessastaðir. Þettir úr sögu höfuðbóls*, 1947), fjallar um þetta efni í bók sinni *Jónas Hallgrímsson og Fjölnir* sem kom út 1980. Vilhjálmur ræðir um helstu áhrifavalda á skáldið Jónas og sýnir hvað hann las á Bessastöðum. Jónas hafi hrifist af skáldskap Horatiusar og Ossíans, eins og sjá megi á yrkingum hans sjálfs á skólaárunum.⁶ Ég hef fjallað um áhrif eddukvæða á skáldskap Jónasar í bók minni *Arfur og umblytning* sem kom út 1999, enda er æskuljóðakver hans frá Bessastöðum fullt af eddulegum kvæðum og greinilegt að Jónas hefur tileinkað sér skáldamál og bragarhætti þessa gamla kveðskapar. Edduhátturinn fornyrðislag var alla tíð eftirlætisháttur Jónasar og þó að hann hætti að fara í einu og öllu eftir bragfræði og skáldskaparstíl eddukvæða þegar fram í sótti, er augljóst að kynni hans af þessum kvæðum á Bessastöðum höfðu mikið að segja fyrir skáldþroska hans. En nú er það svo að eddukvæði voru ekki námsefni í skólanum þó að kennararnir þar væru einhverjir helstu sérfræðingar landsins í þeim fræðum. Það sem virðist því hafa þroskað skáldgáfu Jónasar einna mest er það sem hann las og ræddi um *utan* skólatíma. Þetta er atriði sem ég veit ekki til að menn hafi ígrundað sérstaklega í sambandi við skólavist Jónasar á Bessastöðum og mig langar til að nota tækifærið og velta því dálítið fyrir mér, enda held ég að ýmislegt megi af því læra.

Þorsteinn Gylfason fjallar almennt um hlutverk skóla og skólastarfs í grein sem birtist í *Nýjum menntamálum* 1994. Hann efast um að rétt sé að skólar stefni beinlínis að því að *þroska* nemendur, enda sé ekki hægt að koma mönnum til þroska á ákveðinn eða markvissan hátt. Þroski sé eins konar hliðarverkun eða *úthrif* eins og Þorsteinn kallar það. Hugtakið úthrif (e. *externalities*) er komið úr hagfræði. Mengun er neikvætt dæmi um úthrif af atvinnulífi, einkum iðnaði. Eitt einkenni mengunar er oft það að þar verður enginn einn kallaður til ábyrgðar. Meinið er heildaráhrifin af öllu atvinnulífinu; samverkandi þættir og orsakavaldar hafa mengunina í för með sér. Þroski er

⁶ Sá kafli bókarinnar sem hér um ræðir, „Hóras, Ossían og Edda“, er endurprentaður í áður nefndu greinasafni, *Undir Hraundranga*, bls. 149–155.

aftur á móti jákvætt dæmi um úthrif í menntakerfinu. Þorsteinn sýnir þetta með reynslusögu:

Það er verið að kenna manni latínu, og maður lærir orðalista og beygingar utan að, og situr svo dag eftir dag vetur eftir vetur og reynir að koma flóknum málsgreinum Cæsars og Ciceros yfir á íslenzku og hlustar á félagu sína gera það sama. Núna hafa næstum allir sem gengu í gegnum þetta með mér löngu gleymt hverju einasta latnesku orði sem þarna var lært og kennt, að ég tali ekki um beygingarnar. Svo áhrifin voru engin nema á einstaka mann eða konu sem lögðu fyrir sig málvísindi af einhverju tæi í háskóla.

En í mínu tilfalli að minnsta kosti voru *úthrif* af þessu latínustagli: óbein áhrif sem enginn tók eftir, ekki einu sinni kennararnir. Og fyrst enginn tók eftir þeim var ekki von að neinn sæi þau fyrir. Það kviknuðu til dæmis ófyrirsjáanlegar spurningar. Af hverju fannst mér þýðing sessunautar míns á málsgrein hjá Cicero betri en mín? Af hverju fannst mér orðaröðin hjá mér rökvíslegri en hjá honum? Svo var hægt að gantast um efnið í frímínútum með útúrslunum og skrumskælingum.⁷

Þorsteinn telur að skólar og skólakerfið geti skapað þroskavænleg skilyrði en það sem einna helst stuðli að þroska sé ekki endilega það sem sé á stundatöflunni. Skólar geti kennt eða þjálfað ákveðna tækni og vinnubrögð, stuðlað að þekkingu á ákveðnum sviðum, en eiginlegur þroski sé í eðli sínu úthrif sem erfitt sé að kenna. Nú hefði verið forvitnilegt að vita hvað Þorsteinn á við með hugtakinu þroski, en hann skilgreinir það ekki nánar í grein sinni. Á okkar dögum eru til ýmsar skilgreiningar á þroska og hann er flokkaður á margvíslegan hátt. Margir kannast til dæmis við hugtökin félagsþroski, tilfinningaþroski og málþroski og við getum meðal annars haft þau í huga þegar við hugsum um þessi mál.⁸

⁷ „Skólar, úthrif og þroski.“ *Ný menntamál*, 4. tbl. 12. árg. (1994), bls. 6–11; hér bls. 8.

⁸ Sigrún Aðalbjarnardóttir fjallar á fróðlegan hátt um þessi hugtök í bók sinni *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldar*. Reykjavík 2007, bls. 114–127 o.v.

Ekki er að efa að kennararnir á Bessastöðum hafa reynt að stuðla að þroska nemenda á ýmsum sviðum þó að ekki væri það formlega á dagskrá. Fegurðarskyn og málsmekkur nemenda hafa efflaust þroskast í þýðingarglímunni sem háð var hvern dag í skólanum undir handleiðslu manna eins og Sveinbjarnar Egilssonar. Kennararnir voru miklir íslenskumenn og þó að latínustaglið gæti verið þreytandi hafði það þó þau *úthrif* að nemendur urðu meðvitaðir um það hvernig orðunum er hagað og málið vandað. Þó að lítið færi fyrir móðurmálskennslu á stundaskrá skólans var hún iðkuð af því líku kappi í sambandi við aðrar kennslugreinar að Páll Melsteð kvartar yfir því að hann hafi lítið lært í sögu þegar Sveinbjörn átti að vera að kenna hana, en því meira í íslensku.⁹ Málhreinsun og fegrun íslenskunnar voru Sveinbirni og Hallgrími Scheving svo mikið hjartans mál að þeir sátu sig sjaldan úr færi um að skjóta að nemendum athugasemdum þess efnis, einkum í fornmalatímum þegar þýtt var úr latínu og grísku.

Það var ekki óalgengt í evrópskum skólum á 19. öld að nemendum væri sett fyrir að yrkja og vitað er að Hallgrímur Scheving fékk skólapiltum slík heimaverkefni. Páll Melsteð segir: „Dr. Scheving fékk okkur (Jónasi, Andrésí Hjaltasyni og Búa Jónssyni) stundum dæmisögu og sagði okkur að yrkja út af henni, og settumst við þá upp í lokrekkjur og fórum að yrkja.“¹⁰ En ég held að það hafi ekki síður verið hin frjóa návist við aðra nemendur, gáfaða og leitandi unga menn, sem hneigði huga Jónasar til skáldskapar. Páll segir frá því að nemendur hafi farið með kvæði á svefnloftinu – Jónas þuldi þar til dæmis kvæði eftir Bjarna Thorarensen¹¹ – og saman gáfu þeir út skólablað og settu leikrit á svið, þannig að bókmennta- og menningarlífið blómstraði utan sem innan skólatíma. Jónas hefur lært margt af því að ræða við samnemendur sína á svefnloftunum, þar hefur myndast skemmtileg heimavistarstemning sem var hvetjandi á margan hátt. Þar komu saman ólíkir persónuleikar sem tókust á og efldu hver

⁹ Páll Melsteð: *Endurminningar*, bls. 30.

¹⁰ Úr bréfi til Hannesar Hafstein 26. júní 1882. Lbs. 4791 4to.

¹¹ Úr sama bréfi. Sjá *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* IV. *Skýringar og skrár*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 43.

annan. Páll segir frá því að Jónas hafi oft átt „í kappræðum við Jón Hjaltalín, einkum á morgnana í rúmi sínu í Amtmannssalofloftinu; rúmin voru þar hvert upp af öðru, og Jónas og hans rekkjunautur í neðra rúmi, en Hjaltalín og hans lagsmaður í efra rúminu.“¹²

Jónas hefur tekið út mikinn félags- og tilfinningaþroska á Bessastöðum, svo beitt sé nútímahugtökum, og einkum átt í nánú vinasambandi við Gísla Ísleifsson. Auk þess kvæðis sem áður er nefnt, *Ad amicum*, orti Jónas til hans önnur kvæði og heitir eitt þeirra *Iðrunarvísur*, en það er ort eftir að þeim Gísla hafði sinnast, eins og Jónas greinir frá í bréfi til Tómasar Sæmundssonar.¹³ Greinilegt er að þetta hefur verið stormasamt og náð samband,¹⁴ en Jónas upphefur vináttu þeirra í anda Horatiusar og Maecenasar í kvæðum sínum. Hann leggur þannig út af einu kvæði Horatiusar:

Við skulum sól
sömu báðir
hinna sinni
við haf líta.
Létt man þá leið
þeim ljósi móti
vini studdur
af veröld flýr.¹⁵

Þannig verður klassískur skáldskapur, sem Jónas kynnist á Bessastöðum, fyrirmynd að vinasambandi, eins konar umgjörð um vináttu

¹² Úr sama bréfi. Sjá *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* IV, bls. 43.

¹³ *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* II, bls. 10.

¹⁴ Leiðir þeirra áttu eftir að liggja saman þegar báðir voru við nám við Hafnarháskóla og þar virðist ýmislegt hafa gengið á ef marka má sögusagnir: „Síðar búa þeir Jónas og Gísli saman í herbergi á Garði í Kaupmannahöfn í tvö ár, eða þar til Páll Melsteð kemur utan 1834 og flyst inn til Jónasar en Gíslí út, að sumra sögn í fússi.“ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*, bls. 36.

¹⁵ *Occidente sole (Ad amicum)*. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* I. *Ljóð og lausamál*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 27. Fyrirsögn kvæðisins merkir „Við sólsetur (til vinar).“

tveggja karla sem er æðri öllu öðru. Jafnvel dauðinn verður bærilegur fyrir það eitt að vinirnir ætla að kveðja lífið saman. Að stofna til vinasambands er mikilvægur þáttur í þroskaferli einstaklingsins og á æskuárunum er samband tveggja stráka eða tveggja stelpna oft eins konar tilhlaup að sambandi við hitt kynið. Sumarið 1828 segir sagan að Jónas hafi síðan kynnst ást til konu þegar hann varð samferða Þóru Gunnarsdóttur norður í land. Margir telja að kvæðið *Ferðalok* sé ort um ást hans til hennar og það sýnir þá að Jónas var á fullorðinsárum fær um að standa í djúpu tilfinningasambandi við aðra manneskju þó að það væri ekki endilega líkamlegt samband. Niðurlagserindi *Ferðaloka* kallast að vissu leyti á við vinarkvæðið sem áður er til vitnað:

Háa skilur hnetti
hímingeimur,
blað skilur bakka og egg;
en anda sem unnast
fær aldregi
eilífð að skilið.¹⁶

Í fyrra kvæðinu var það vináttan sem gerði dauðann bærilegan; hér er það ástin sem sigrar dauðann. Þannig má rekja ýmsa þræði í ævi og skáldskap Jónasar til skólaáranna sem hafa verið mikill mótunartími fyrir hann sem einstakling og verðandi lista- og lærdómsmann.

Niðurstaða mín er því sú að Jónas hafi tekið út heilmikinn þroska á Bessastöðum, auk þeirrar þekkingar sem hann aflaði sér þar á ýmsum fræðasviðum. Þó að ég hafi reynt að benda á þroskavænlega þætti sem voru ekki beinlínis á námsskrá skólans, þá er ég ekki á nokkurn hátt að kasta rýrð á það merkilega starf sem kennarar skólans unnu. Bessastaðaskóli var merkileg menntastofnun og kannski ekki síst fyrir það að þrátt fyrir metnaðarfullt skólastarf báru aðstandendur skólans gæfu til þess að gefa nemendum svigrúm til að þroskast á sinn hátt. Skólaandinn virðist hafa verið góður og hvetjandi. Bessastaðir gerðu

¹⁶ *Ferðalok. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* I, bls. 223.

Jónas Hallgrímsson kannski ekki að því stórskaldi sem hann varð – meira þurfti að koma til og kannski umfram allt bein kynni hans af erlendri menningu og borgarsamfélagi – en ár hans í skólanum á Álftanesinu mótuðu hann og þroskuðu sem mann og skáld.

„KVEÐIÐ EFTIR ÞJÓÐKUNNU
SPÁNSKU KVÆÐI“

Illur lækur eftir Jónas Hallgrímsson

KVÆÐIÐ ILLUR LÆKUR EÐA HEIMASETAN hefur valdið lesendum Jónasar Hallgrímssonar heilabrotum í hálfra aðra öld og gott betur. Það hefur ákveðna sérstöðu meðal kvæða hans fyrir þá sök hve það er stríðnislegt og táknrænt. Lækurinn er tvírætt tákn en það heyrir til undantekninga að Jónas ljái náttúrufrýrbærum táknrænt gildi; kvæðið Alsnjóa er önnur undantekning þar sem snjórinn er gerður að táknri dauðans. En það er fleira sem veldur því að Illur lækur er sveip-
aður ákveðinni dulúð.

Kvæðið orti Jónas í Sórey á Sjálandi þar sem hann dvaldi í tæpt ár, frá miðju sumri 1843 til vorsins 1844, í góðu yfirlæti hjá vini sínum Japetusi Steenstrup náttúrufræðingi (1813–1897). Jónas tók þátt í samkvæmislífi betri borgara þar í sveit, klæddi sig upp og fór á böll. Hann virðist hafa orðið skotinn í stelpu eða stelpum á þessu ári ef marka má bréfaskrif hans þar sem honum verður tíðrætt um kvenfólk og nokkur kvæði hans frá sama tíma má lesa í ljósi ástamála.¹ Hannes Pétursson hefur fært rök fyrir því að kvæði sem Jónas orti á dönsku og kallaði „Efter assembléen“ lýsi ástarskoti með tilvísun til grískrar goðafræði.² Tilfinningar af þessu tagi má lesa á milli línanna í öðrum kvæðum frá Sóreyjarári Jónasar. Hann þýðir t.d. kvæði eftir þýska

¹ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*. Reykjavík 1999, bls. 410–415; Dagný Kristjánsdóttir: „Ástin og Guð. Um nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Seinni hluti.“ *Undirstraumur. Greinar og fyrirlestur*. Reykjavík 1999, bls. 29–46 (greinin birtist áður í *Tímariti Máls og menningar*, 50. árg., 3. hefti (1989), bls. 341–360).

² Hannes Pétursson: „Bráð veiðigyðjunnar.“ *Kvæðafylgslu. Um skáldskap eftir Jónas Hallgrímsson*. Reykjavík 1979, bls. 115–136.

skáldið Chamisso sem hann kallar Kossavísu og er mjög munúðarfullt þó að ekki sé það frumort.

Hægt er að tímasetja Illan læk nokkuð nákvæmlega. Annað eiginhandarrit Jónasar (KG 31 b V) er dagsett 8. febrúar 1844 en hitt eiginhandarritið (JS 129 fol.) hefur hann líklega skrifað nokkrum vikum síðar.³ Hann sendi vini sínum Brynjólfi Péturssyni síðara handritið fyrir 9. mars 1844 en þann dag var kvæðið lesið upp í Fjölnisfélaginu í Kaupmannahöfn og samþykkt til útgáfu.⁴ Í 7. ári *Fjölnis* kom kvæðið síðan fyrir almenningssjónir:

Illur lækur eða Heimasetan

Lækur rennur í lautu,
liggur og til þín sér:
Alltaf eftirleiðis
eg skal gá að mér.

Nú fór illa, móðir mín!
Mér var það samt ekki að kenna;
sástu litla lækinn renna
græna laut að gamni sín,
breikka þar sem brekkan dvín,
bulla þar og hossa sér!
Vertu óhrædd! eftirleiðis
eg skal gá að mér.

Lækur gott í lautu á,
leikur undir sólarbrekkum,
faðmar hann á ferli þekku
fjóra gul og rauð og blá;⁵

³ Ólafur Halldórsson: „Athugasemdir og skýringar.“ *Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti*. Reykjavík 1965, bls. 312.

⁴ Brynjólfur Pétursson: *Bréf*. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn 1964, bls. 46 og 264; Matthías Þórðarson (ritstj.): „Fundabók Fjölnisfélags.“ *Eimreiðin*, 33. ár 1927, bls. 87–88.

⁵ *Viola tricolor*, þrenningargras. [Neðanmálgrein í *Fjölni*, 7. ári (1844), bls. 30.]

einni þeirra eg vil ná
og svo skvettir hann á mig,
Illur lækur! eftirleiðis
eg skal muna þig.

Klukkan mín, svo hvít og hrein,
hún er nú öll vot að neðan;
hefðirðu þá heyrt og séð 'ann,
hvernig ertnin úr honum skein,
ég hef orðið ögn of sein,
og svo skvetti hann á mig.
Illur lækur! eftirleiðis
eg skal muna þig.

Lækur fer um lautardrag,
leikur sér að væta meyna
þá hún stígur þar á steina,
það er fallett háttalag!
Ég fer ekkert út í dag,
uni, móðir góð! hjá þér,
vertu óhrædd! eftirleiðis
eg skal gá að mér.⁶

Eins og sjá má er kvæðið lagt í munn meyjar sem ávarpar móður sína og lýsir reynslu sinni af læk sem hefur leikið hana grátt. Í fyrri hluta síðasta erindis kemur svo önnur rödd inn í kvæðið sem lýsir meynni utan frá og fer íronískum orðum um háttalag lækjarins. Það er þó eins og Jónasi hafi ekki þótt þetta nógu stríðnislegt því að hann birti eftirfarandi athugasemd í næsta ári *Fjölnis* sem lesendur hafa síðan ekki vitað hvort taka eigi alvarlega eður ei:

⁶ Kvæðið er prentað á bls. 29–30 í 7. ári *Fjölnis* (1844).

Illur lækur

Þess ber að geta að smákvæðið „Illur lækur“ (sjá 7. ár Fjölnis á 29. bls.) er kveðið eftir Þjóðkunnunni spánsku kvæði.

J.H.⁷

Skáldið útskýrir þetta ekki nánar, nefnir ekki spánska kvæðið og eftirleiðis hefur allt verið á huldu um Illan læk. Er hann frumort kvæði eða þýðing? Útgefendur hafa yfirleitt sett kvæðið í flokk með þýðingum Jónasar en ekki byggt það á öðru en athugasemdinni í *Fjölni*, enda hefur ekki tekist að benda á spænskættað kvæði sem verið gæti fyrirmynd hans að Illum læk. Og hvar á líka að bera niður þegar kveðskapur Spánverja er svo mikill að vöxtum sem raun ber vitni? Er það ekki eins og að leita að nál í heystakki?

Þýtt á þýsku

Nú er það auðvitað ekki svo að vegir skáldskaparins séu órannsak-anlegir en brautin er ekki endilega bein heldur getur skáldskapurinn ratað eftir ýmsum krókaleiðum og vegaleysum milli manna og menningarsvæða. Þetta getur flækt málin en líka einfaldað þau. Þegar ég fór að rekja slóð þessa kvæðis fyrir skemmstu ákvað ég að bláða fyrst í þýskum þýðingum á spænskum kvæðum, enda fannst mér sennilegast að Jónas hefði kynnst ljóðagerð Spánar eftir slíkum millileiðum þar sem hann kunni ekki mikið í spænsku svo ég viti til en var því betur að sér í þýsku. Þjóðverjar voru manna duglegastir að miðla suðrænum menningararfi á 18. og 19. öld og koma fræg nöfn við þá sögu, menningarrisar á borð við Herder, Goethe og þá bræður August og Friedrich Schlegel, að ógleymsdu eftirlætisskáldi Jónasar, Heinrich Heine, sem orti m.a. rómönsur um senjorur og riddara í spænskum stíl.⁸ Miðlun suðrænna mennta varð raunar snar þáttur í þeirri lista-

⁷ *Fjölnir*, 8. ár (1845), bls. 84.

⁸ Jónas varð a.m.k. fyrir formlegum áhrifum frá rómönsu Heines og eins og alkunna er tók hann upp ýmsa suðræna bragarhætti í kvæðum sínum, allt frá októvu til tríolettu, eins og ég hef rakið í bók minni *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantik*. Reykjavík 1999, bls. 347–364.

og hugmyndastefnu sem við erum vön að kenna við rómantík.⁹ Það má því segja að suðrið sæla hafi andað þýddum vindum norður um alla Evrópu á þessum tíma.

Meðal þeirra Þjóðverja sem fengust við að þýða kvæði úr spænsku var maður sem öllu minna hefur farið fyrir í menningarsögunni en þeir sem hér voru nefndir. Emanuel Geibel hét hann, fæddur í Lübeck 1815 og gerðist snemma víðförull, stundaði nám í klassískri filólógíu í Bonn, bjó síðar í Berlín, kenndi um skeið í Apenuborg, varð svo heiðursprófessor í bókmenntum í München en sneri aftur til Lübeck á miðjum aldri og endaði ævina þar 1884. Eftir hann liggur fjöldi rita, ljóðabækur, leikrit og þýðingar úr ýmsum málum. Athygli mín beindist fljótt að kvæðaþýðingum hans sem komu út í Berlín 1843 undir heitinu *Volkslieder und Romanzen der Spanier im Versmaße des Originals verdeutscht*. Útgáfutíminn vakti mér ákveðnar vonir því að þetta var árið áður en Jónas orti Illan læk. Og viti menn. Ekki hafði ég lesið lengi í bókinni þegar við mér blasti kvæði sem kom kunnuglega fyrir sjónir. Geibel númerar kvæðin og þetta var hið fimmta í röðinni:

Bullicioso era el arroyuelo

Schäumend floß der Bach und spritzte
 Mich mit seiner Flut;
 Seid nicht bange, liebe Mutter,
 Daß er's wieder thut.

Leise rann der Bach im Fliohn,
 Der Verräther, wie im Traume,
 Unter Blumen, unterm Schaume,
 Daß er fast lebendig schien;
 Überschreiten wollt' ich ihn,

⁹ Sjá m.a. Antoine Berman: *The Experience of the Foreign. Culture and Translation in Romantic Germany*. Albany 1992. S. Heyvaert þýddi. Titill á frummáli: *L'épreuve de l'étranger. Culture et traduction dans l'Allemagne romantique*. Paris 1984.

Da bespritzte mich die Flut;
Seid nicht bange, liebe Mutter,
Daß er's wieder thut.

Wo er zwischen Kiesel'n sprang,
Macht' er tausend Fäll' und Kreise,
Recht, als wollt' er leise, leise
Schmeicheln mir mit seinem Klang.
Und ich glaubt' ihm was er sang;
Da bespritzte mich die Flut;
Seid nicht bange, liebe Mutter,
Daß er's wieder thut.

Meine Schürze fein und weiß
Hat er ganz und gar benetzt,
Und sich lachend drob ergetzet
Mit den Blumen dort im Kreis.
Künftig bleib' ich heim; ich weiß,
Er bespritzt mich mit der Flut;
Seid nicht bange, liebe Mutter,
Daß er's wieder thut.¹⁰

Jónas hefur væntanlega kynnst kvæðapýðingum Geibels í Sórey fljótlega eftir að þær komu út, e.t.v. hjá danska skáldinu Carsten Hauch (1790–1872) eða landa hans B.S. Ingemann (1789–1862), en Jónas var heimgangur hjá þeim félögum og ræddi við þá um skáldskap eins og bréf hans bera með sér.¹¹ Víst er að pýðingar Geibels vöktu víða athygli og margar þeirra urðu síðar þekktir sönglagatextar. Ekki ófrægari maður en Robert Schumann samdi tvo sönglagaflokka upp

¹⁰ *Volkslieder und Romanzen der Spanier im Versmaße des Originals verdeutscht* durch Emanuel Geibel. Berlin: Verlag von Alexander Duncker 1843, bls. 7–8.

¹¹ *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. II. bindi: *Bréf og dagbækur*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 157–158, 160, 212–213 o.v.

úr þýðingum Geibels árið 1849, *Spanisches Liederspiel* og *Spanische Liebeslieder*. Þýðingar Geibels voru prentaðar að nýju í *Spanisches Liederbuch* (Berlín 1852) ásamt kvæðapýðingum Pauls Heyse (1830–1914). Samnefndur sönglagaflokkur eftir tónskáldið Hugo Wolf kom út árið 1891 og er löngu orðinn sígildur í tónbókmenntunum. Kvæðið um lækinn varð þó ekki þeirrar gæfu aðnjótandi að vera lyft á vængjum söngsins og svífa víða um heim, enda hefði væntanlega fljótt komið í ljós hvaðan kvæði Jónasar var runnið ef þýska þýðingin hefði öðlast slíka frægd. Aftur á móti hafa íslensku tónskáldin Árni Thorsteinson og Atli Heimir Sveinsson báðir samið lag við kvæði Jónasar og kannski má segja að þar hafi þeir bætt fyrir vanrækslusyndir þýskra kollega sinna gagnvart kvæðinu um lækinn.¹²

Kvæðið á spænsku

Með þýðingu Geibels í höndunum var tiltölulega auðvelt að rekja sig áfram að spænska frumkvæðinu. Ekki var þó mikið að græða á stuttaralegum athugasemdum hans sjálfs: „Nr. 5 eftir óþekktan höfund; ljóð fullt af glaðlegu og græskulausu gamni.“¹³ Í ritaskrá sinni tíni Geibel til margar útgáfur og rit sem hann hefur stuðst við en getur þess ekki sérstaklega hvaðan hvert kvæði er tekið. Ein útgáfan sem hann nefnir er *Tesoro de los romanceros y cancioneros españoles* sem Eugenio de Ochoa hafði umsjón með og kom út í París 1838. Þar er að finna kvæði sem hefst á orðunum sem Geibel notar sem fyrirsögn, „Bullicioso era el arroyuelo“. Það fer hér á eftir ásamt orðréttri þýðingu dr. Margrétar Jónsdóttur:

Bullicioso era el arroyuelo	Hávær/freyðandi var smálækurinn
<i>Y salpicóme;</i>	<i>og hann skvetti á mig;</i>
<i>No haya miedo, mi madre,</i>	<i>ekki óttast, móðir mín,</i>

¹² Raunar er til gamalt lag við Illan læk, sbr. Bjarna Þorsteinsson (ritstj.): *Íslensk þjóðlög*. Kaupmannahöfn 1906–1909, bls. 643. Heimildarmaður Bjarna, séra Þorvaldur Jakobsson í Sauðlauksdal, kveður lagið vera íslenskt þjóðlag.

¹³ „No. V. von unbekanntem Verfaßer; ein Lied voll heiteren unbefangenen Scherzes.“ Emanuel Geibel: „Zu den Liedern.“ *Volkslieder und Romanzen der Spanier*, bls. 187.

Que por él torne.

Huyendo, madre, corria
 El arroyuelo traidor;
 Cubierto de agua y de flor
 Cosa viva parecia:
 Procuré pasar un día,
Y salpicóme, etc.
 Entre las guijas hacia
 Mil cortadillos y quiebras,
 Que con el son me decia:
 Fiéme del agua fria,
Y salpicóme, etc.
 La mi pulida servilla
 Mojada me la dejó,
 Y riéndose quedó
 Con las flores de su orilla:
 Estarme quiero en la villa
 Dias y noches;
Y salpicóme;
No haya miedo, mi madre,
*Que por él torne.*¹⁴

að ég snúi aftur til hans.

Flýjandi, móðir, hljóp hann,
 hinn svikuli smálækur;
 þakinn vatni og blómi
 virtist hann lifandi vera:
 Ég reyndi að láta einn dag líða,
og hann skvetti á mig o.s.frv.
 Meðal steinvalanna
 gerði hann marga skurði og brot
 og með hljóðinu sagði hann mér:
 Ég treysti kalda vatninu,
og hann skvetti á mig o.s.frv.
 Fínu ilskóna mína
 bleytti hann
 og hann varð eftir hlæjandi
 hjá blómunum á lækjarbakkanum:
 Ég vil vera í þorpinu
 daga og nætur;
og hann skvetti á mig;
ekki óttast, móðir mín,
að ég snúi aftur til hans.

Hér er að öllum líkindum kominn sá texti sem Geibel byggði þýðingu sína á. Ég hef borið hann saman við tvær aðrar útgáfur sem ég hef komið höndum yfir (þær eru þó ekki meðal þeirra sem Geibel vísar til). Önnur þeirra kom út í Madrid 1829.¹⁵ Hin var prentuð í

¹⁴ *Tesoro de los romanceros y cancioneros españoles históricos, caballerescos, moriscos y otros recogidos y ordenados por don Eugenio de Ochoa. Coleccion de los mejores autores españoles.* Tomo XVI. París: Casa editorial Garnier Hermanos [1838], bls. 208–209 (kvæðið er nr. 53 í flokknum „Letras amorosas, doctrinales y satiricas“).

¹⁵ *Cancionero y romancero de coplas y canciones de Arte Menor, letras, letrillas, romances cortos y glosas anteriores al siglo XVIII, pertenecientes a los géneros Doctrinal, Amatorio, Jocosos, Satirico, &c.* Por D. Agustin Duran. Madrid: Imprenta de D. Eusebio Aguado 1829, bls. 109 (kvæðið er nr. 61 í flokknum „Letras amorosas“).

Valladolid svo snemma sem árið 1605.¹⁶ Textinn er samhljóða í þeim öllum. Kvæðið kann að vera nokkru eldra en útgáfan frá 1605 gefur til kynna og gæti hafa gengið í munni eða uppskriftum frá því á 16. öld. Jónas virðist telja að kvæðið hafi verið á allra vörum þegar hann kemst svo að orði að Illur lækur sé kveðinn „eftir þjóðkunnu spánsku kvæði“. Þannig nefnir hann uppruna þess suður á Spáni en þegir hins vegar þunnu hljóði um skuld sína við Geibel. Þó að hægt sé að geta sér til um ástæður þess verður varla skorið úr því með vissu.¹⁷

Enda þótt Jónas leggi aðeins út af þessu eina Spánarkvæði hefur hann eflaust lesið mörg önnur slík í þýðingu Geibels. Þau eru yfir fimmtíu talsins í þýsku útgáfunni frá 1843 og eru rómönsurnar þá ekki taldar með. Fyrir Jónasi hefur opnast heill kvæðaheimur sem laut öðrum lögmálum en hann átti að venjast. Geibel kallaði kvæðin einu nafni *Volkslieder* en reyndar má deila um hvort rétt sé að telja þau öll til þjóðkvæða. Mörg þeirra eru eflaust af þjóðlegum rótum runnin en vitað er að ýmis hirðskáld endurreisnarinnar ortu í kringum eldri stef og steypu þau upp eins og brotasilfur.¹⁸ Hér verður þó að ganga út frá viðmiðun Geibels, enda hefur Jónas væntanlega ekki haft neinar

¹⁶ *Segunda parte del romancero general, y flor de diuersa Poesia*. Recopilados por Miguel de Madrigal. Con Priuilegio, en Valladolid, por Luis Sanchez 1605, bls. 81–82.

¹⁷ Ég hélt erindi um Illan læk á málþingi Félags um átjándu aldar fræði 11. febrúar 2006 og var þá m.a. spurður hvort Jónas hefði gerst sekur um ritstuld með því að þegja um þann texta sem Illur lækur er skyldastur, þ.e. „Schäumend floß der Bach und spritzte“ eftir Geibel. Því er til að svara að höfundarréttur var ekki jafn skýrt skilgreindur í lögum og reglum 19. aldar og á okkar dögum en vissulega má líta á það sem óheilindi af Jónasar hálfu að geta ekki um þýsku þýðinguna. Dr. Gauti Kristmannsson þýðingafræðingur varpaði fram þeirri skýringartilgátu á fundinum að athugasemd Jónasar stafaði e.t.v. af því að einhver hefði bent honum á að ætla mætti að Illur lækur væri frumort kvæði og hann hefði farið þá leið að segja hálsannleika með því að taka fram að kvæðið væri „kveðið eftir þjóðkunnu spánsku kvæði“ en þagað um þýsku þýðinguna. Það kann líka að hafa valdið nokkru um að höfundur spænska kvæðisins var ókunnur og Jónas því litið á það sem eins konar „almenningsgeign“ eins og oft er gert þegar þjóðkvæði eiga í hlut. Illur lækur var líka „höfundarlaus“ að nafninu til þegar hann birtist í *Fjölni* 1844 því að kvæðið var þar ekki eignað neinum, hvorki Jónasi né öðrum. Það var ekki fyrr en með athugasemdinni í *Fjölni* 1845 sem skáldið setti upphafsstafi sína undir kvæðið þótt með óbeinum hætti væri.

¹⁸ Í aftanmálgreinum sínum við þýðingarnar nafngreindir Geibel ýmsa höfunda sem kvæðin hafa verið eignuð þó að hann kalli þau í heild *Volkslieder*.

forsendur til að draga í efa að þetta væri þjóðkvæðahefð. Hvað kvæðið um lækinn og stúlkuna varðar vissi hann það eitt að höfundur þess væri ókunnur og sú vitneskja hefur styrkt hann í þeirri trú að hér væri um þjóðkvæði að ræða.

Lýrísk kvæði af þessu tagi eru kölluð *cancion* ('söngur') eða rætt um þau í heild sem *cancionero* ('söngvasafn'). Eitt helsta einkenni þeirra er áleitnið stef eða viðlag, enda eru þau iðulega söngljóð. Söngurinn hefst á meginstefinu (sp. *estribillo*) sem er tekið upp að hluta eða í heild síðar í kvæðinu (sbr. „Y salpicóme“ o.s.frv.). Ljóðmælandinn og minnið í „Bullicioso era el arroyuelo“ eru kunnugleg í þessari kvæðahefð. Í spænskum *canciones* er ekki óalgengt að stúlka eða ung kona játi fyrir móður sinni að hún sé ástfangin eða hafi komist í kynni við karlmann en það er þó ekki endilega orðað beint. Og þar erum við komin að táknmáli söngvanna sem er kapítuli út af fyrir sig.

Fræðikonan Paula Olinger hefur rannsakað ummyndanir (e. *images of transformation*) í hefðbundnum kvæðum Spánar frá síðmiðöldum og endurreisn. Hún bendir á að náttúruöfl og frumefni gegni mikilvægu hlutverki í þessum kvæðum og séu oft tákn tilfinninga. Einkum sé það flæði lofts og vatns sem kallist á við kenndir mannsins. Loft eða (heitur) vindur tengist iðulega ástríðu karla og vatnsstraumur ástamálum kvenna. Um „Bullicioso era el arroyuelo“ segir hún:

Here a girl has been splashed by a noisy frothy brook. She reassures her mother that she will not go back to it. Clearly the “arroyuelo” symbolizes a young man, and most likely a young man whom she finds most attractive (notice the endearing diminutive). He is a lively, passionate young fellow (perhaps boiling with love for her) and he “splashed” her. Just how serious the splash was is left to the imagination, but it was clearly intended to infect her with the splasher's own passion, for that is exactly what the girl insists to her mother did not happen. She claims, at least, that she will not return to him, though her mode of expression reveals fascination and delight.

In this poem we find that not only the adjective “bullicioso” implies restless, passionate love, but also the noun itself, “arroyuelo.” In countless traditional lyrics different bodies of water – fountain, stream, river, ocean – serve as the highly symbolic setting for amorous encounters. ... Here the condensation is great. The location becomes symbolically identical with the lover himself, whose agitated feelings break their bounds and “splash” upon the beloved.¹⁹

Það kemur því ekki á óvart að í spænskum útgáfum – t.d. þeim frá 1829 og 1838 – skuli kvæðið um lækinn haft í flokki sem kenndur er við „Letras amorosas“ eða ástamál. Segir það meira en mörg orð um skilning manna á þessum tvíræða texta.

Endurritanir

Við höfum nú gengið upp með læknum að upptökum hans á Spáni og ekki annað eftir en að ganga niður með honum aftur og fylgjast með rennsli hans um þann farveg sem Geibel og Jónas veita honum í. Þýðingar og útlekkingar eru miðlun menningar. Hvernig tekst Geibel að miðla merkingu og listrænum leik frumkvæðisins? Og hvert verður framhaldslíf þeirra í kvæði Jónasar? Þýska þýðingin er millitexti í þessu samhengi; íslenski textinn er þýðing á þýðingu.²⁰ Af frumkvæðinu hefur Jónas varla þekkt meira en fyrstu ljóðlínuna sem Geibel notaði sem fyrirsögn í þýðingu sinni þannig að um beinan samanburð milli íslenska og spænska textans er ekki að ræða. En þessi eina lína gerir miðlunina enn forvitnilegri en ella; upphaf kvæðisins er tvítýngt eins og það horfir við Jónasi og varla hefur farið hjá því að hann velti spænskunni fyrir sér.²¹

¹⁹ Paula Olinger: *Images of Transformation in Traditional Hispanic Poetry*. Newark, Delaware 1985, bls. 4.

²⁰ Sjá umfjöllun Ástráðs Eysteinnssonar um slíka millitexta í bókinni *Tvímáli. Þýðingar og bókmenntir*. Fræðirit 9. Reykjavík 1996, bls. 150–151.

²¹ Það er eftirtektarvert að Geibel notar ekki smækkunarendingu um lækinn eins og gert er í spænska kvæðinu heldur talar alls staðar um *Bach* – ekki *Bächlein*. Jónas talar aftur á móti um „litla lækinn“ í fyrsta erindinu og vel má vera að hann hafi dregið þá ályktun

Geibel kveðst halda bragarháttum frumkvæðanna þegar hann þýðir þau á þýsku („im Versmaße des Originals verdeutscht“ eins og það heitir í titli bókarinnar).²² Spænka kvæðið er frekar óreglulega kveðið eins og þjóðkvæða er von og vísa. Erindin eru mislöng og hrynjandinn með ýmsu móti en algengast er að átta atkvæði séu í ljóðlínu (sp. *octosilabo*, e. *octosyllable*; í spænskri bragfræði er hefð fyrir því að miða frekar við fjölda atkvæða en bragliða). Þýska þýðingin er aftur á móti trúkaísk út í gegn (þ.e. einkennist af fallandi tvíliðum) og undantekningarlaust hafðir fjórir bragliðir í línu nema í þeirri áttundu sem er alltaf einum lið styttri. Geibel er þannig kaþólskari en páfinn því að hann býr til bragreglu þar sem nokkurt frjálsræði er fyrir og Jónas fylgir honum í einu og öllu. Að mörgu leyti er þetta dæmigert fyrir viðtökur þjóðkvæða á síðari tímum þar sem tiltölulega frjálst og óreglulegt flæði skáldskaparins er hneppt í viðjar reglu og listrænnar fágunar. Taktföstu ígildi redondillunnar í fyrri hluta erindanna með hinu fræga rammafrími sínu er eflaust ætlað að koma „spánsk fyrir sjónir“ og bera með sér andblæ suðrænnar menningar.²³

Enda þótt Jónas noti hliðstætt form og Geibel fer því fjarri að hann sýni honum viðlíka fylgispekt þegar kemur að efni og uppbyggingu kvæðisins. Þýðing Geibels er þrjú erindi auk styttra stefis sem á undan fer; kvæði Jónasar er heilu erindi lengra, þ.e. stutt upphafsstef og fjögur erindi. Þetta er alveg í samræmi við venjur hans

af þeirri ljóðlínu frumkvæðisins sem var að finna hjá Geibel að *arroyuelo* væri myndað af *arroyo* með smækkunarendingu, þ.e. ‘smálækur, lækjarsytra’ (hann hefur t.d. þekkt hliðstæðar endingar eins og *-ellus*, *-ella* og *-ellum* úr latínunni sem hann hafði lært í Bessastaðaskóla). Í sömu línu er notað lýsingarorðið *bullcioso* sem dregið er af sögninni *bullir*, ‘feyða, ólga’. Aftur kann Jónas að hafa leikið sér að spænka titlinum þegar hann velur íslensku sögnina *bull* sem hljómar líkt: „sástu litla lækinn renna ... bulla þar og hossa sér“ (í eiginhandarriti sínu í KG 31 b V hefur hann fyrst skrifað „buldra við“ en síðan dregið yfir það og skrifað „bulla þar“ o.s.frv.).

²² Formþýðingar af þessu tagi eru kallaðar eftirlíkingar eða formlíkingar í þýðingfræði (e. *mimetic form*), sbr. James S. Holmes: *Translated! Papers on Literary Translation and Translation Studies*. Amsterdam 1988, bls. 23–33.

²³ Í heild er rímröðin svipuð en skipting karl- og kvenríms er ekki hin sama (Geibel: aBBaacDc; spænka kvæðið: AbbAA...). Jónas fylgir bragarhætti Geibels í hvívetna en bætir við ljóðstöfum að íslenskum sið. Ég fjalla nánar um bragfræði Ills lækjar í *Arfi og umbyltingu*, bls. 350, nmgr. 93.

sem þýðanda. Jónas sneri mörgum kvæðum um ævina og tók sér oft svo mikið túlkunarfrælsi að það getur verið álitamál hvort þar sé um eiginlegar þýðingar að ræða eða eins konar tilbrigði við stef.²⁴ Þó að enginn vafi geti nú leikið á því að Illur lækur er þýðing á „Schäumend floß der Bach und spritzte“ er ekki þar með sagt að hún sé bókstafsþýðing. Það sama á raunar við um þýðingu Geibels á spænska kvæðinu, að minnsta kosti ef marka má þær útgáfur þess sem ég hef undir höndum. Lítum á nokkur atriði sem sýna hvernig efnið breytist í meðförum höfundanna og er endurritað á ákveðinn hátt.

Frumkvæðið einkennist af munúðarfullum leik og því að stúlkan slær úr og í um það sem gerðist. Hún segir að lækurinn hafi bleytt *finu ilskóna* sína: „La mi pulida servilla / Mojada me la dejó“ (orðið „servilla“ var notað um léttu skó með þunnum botni). Fínir ilskór verða að *hreinni og hvítri svuntu* hjá Geibel: „Meine Schürze fein und weiß“. Svuntan verður að *undirpils* hjá Jónasi: „Klukkan mín svo hvít og hrein“. Lækurinn verður því nærgöngullur sem norðar dregur, færir sig frá skófatnaði upp í hlífðarföt og endar undir pilsinu. Þetta er eins og góð kjaftasaga sem verður æ meira krassandi eftir því sem hún berst víðar.

Skórnir blotna í spænska kvæðinu án frekari útskýringa, enda eru orsakir og afleiðingar oft óljósar í þjóðkvæðum; hlutirnir bara gerast og um það er ekkert meira að segja. Geibel lætur stúlkuna reyna að ganga yfir lækinn og það er þá sem hún blotnar. Í kvæði Jónasar ætlar stúlkan að tína blóm handan lækjar en lækurinn notar þá tækifærið og skvettir á hana („leikur sér að væta meyna / þá hún stígur þar á steina“). Blómatínsluminnið er því frá Jónasi komið og hann þróar það enn frekar í kvæðinu.

Í spænska kvæðinu og þýsku þýðingunni er minnst á blóm sem vaxa við lækinn en hvers konar blóm það eru fáum við ekki að vita. Jónas bætir um betur: „Lækur gott í lautu á, / leikur undir sólarbrekk-

²⁴ Páll Valsson: „Skýringar.“ *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*, IV. bindi: *Skýringar og skrár*, bls. 132 o.áfr.; Dick Ringler: *Bard of Iceland. Jónas Hallgrímsson, Poet and Scientist*. Madison 2002, bls. 396.

um, / faðmar hann á ferli þekkingum / fjóla gul og rauð og blá“.²⁵ Ekki er nóg með að hann tilgreini blómið heldur nær náttúrufræðingurinn í honum yfirhöndinni og hann setur neðanmálgrein við fjóluna í *Fjölmi* 1844 eins og til skýringar: „*Viola tricolor*, þrenningargras.“ Fjólán hefur verið hugþekk Jónasi, enda er hana víða að finna í Öxnadalnum þar sem hann ólst upp. Má þar vitna til orða Hannesar Hafstein um heimasveit skáldsins: „Rétt við háa hóla / hraunastalli undir, / þar sem fögur fjóla / fegrar sléttar grundir ...“²⁶ Vel má vera að Jónas hafi einnig haft í huga að fjólán hefur löngum verið talin blóm ástarinnar og töfrum gædd.²⁷ Þá er blómatínsla alþekkt minni í lýsingum á samdrætti kynjanna og sjálfur notar Jónas það í Ferðalokum eins og frægt er. Fegurð blóma getur auk þess afvegaleitt ungmeyjar og úlfar heimsins færa sér það oft í nyt eins og dæmin sanna.

Það er því hin *sjónræna* fegurð sem heillar stúlkuna hjá Jónasi og veldur því að hún vöknar. Lækurinn í spænska kvæðinu nær hins vegar að heilla stúlkuna með *hljóði* sínu og ávinnur sér traust hennar með því („Que con el son me decia: / Fiéme del agua fria“). Í þýðingu Geibels nær lækurinn líka tókum á stúlkunni með *hljóði* sínu og *söng* („Recht, als wollt’ er leise, leise / Schmeicheln mir mit seinem Klang. / Und ich glaubt’ ihm was er sang“). Í spænska kvæðinu er lækurinn sagður svikull („El arroyuelo traidor“) og Geibel talar að sama skapi

²⁵ Í eiginhandarritinu í KG 31 b V má sjá að á þessum stað hefur Jónas fyrst skrifað annað plöntuheiti, „fjallaljósið“, en síðan dregið yfir það og skrifað „fjóla gul og“ o.s.frv. (hann hefur verið að leita að orði sem stuðlaði við „faðmar“ og „ferli“ í fyrri línunni). Í neðanmálgrein sinni við fjóluna í sama handriti hefur Jónas skrifað: „*Viola tricolor*, *brekkusóley*, *þrenningargras*“ en hann hefur fellt *brekkusóley*na niður í hinu eiginhandarritinu (JS 129 fol.) og þannig birtist neðanmálgreinin í *Fjölmi*. Það má hugsa sér að hann hafi tekið þessi plöntuheiti frá fyrir Hulduljóð því að þar kemur „fjallaljósið“ fyrir í 8. erindi og „rauð og blá / brekkusóley“ í 17. erindi.

²⁶ Hannes Hafstein: „Hraun í Öxnadal.“ *Ljóðabók*. 2. útg. Reykjavík 1925, bls. 56.

²⁷ Þetta kemur t.d. fram í öðrum þætti *Draums á Jónsmesunótt* þar sem Óberon segir við Bokka (Puck): „Þó sá ég glöggt hvar Amors ör kom niður; / hún féll á lítið blóm í vesturvegi / mjólkurhvít sem varð rautt [*purple*] af ástar und; / telpurnar kalla blómið „ástarauga“ [*love-in-idleness*]. / Sæktu mér þetta blóm; ef borinn er / safinn úr því á sofandi augnalok / þá fær jafnt karl sem kona ást á hverri / lifandi skepnu“ er fyrst ber fyrir augu“. William Shakespeare: *Leikrit* I. Helgi Hálfðanarson íslenskaði. Reykjavík 1956, bls. 22.

um lækinn sem svikara („der Bach ... Der Verräther“). Jónas minnst hvergi á svikult eðli lækjarins en meyjan kallar hann illan í viðlaginu og svo er einnig gert í heiti kvæðisins. Orðræða ástar og brígða birtist því með ýmsum hætti í þessum textum og þó aðallega í hálfkveðnum vísum.

Að lokum má geta þess að Jónas þýðir ljóðlínu Geibels, „Künftig bleib' ich heim“, með orðunum „Ég fer ekkert út í dag, / uni, móðir góð! hjá þér“ og kemur hugsuninni líka til skila með aukafyrirsögninni Heimasetan.²⁸ Jón Ólafsson ritstjóri taldi „vafalaust“ að kvæðið ætti að heita Heimasetan en ekki Heimasetan.²⁹ Honum hefur væntanlega fundist efnið og yfirbragðið þesslegt að þar væri ort um gjafvaxta stúlku í föðurgarði og enga smámey. Lái honum hver sem vill.

Lokaorð

Illur lækur er sennilega meðal mest lesnu kvæða Jónasar á okkar dögum. Það er t.d. að finna í sýnisbók íslenskra bókmennta, *Blákápu*, sem notuð hefur verið í grunnskólum landsins í meira en áratug.³⁰ Áður var það prentað í *Ljóðabók barnanna* sem kom tvívegis út og var mikið lesin á síðari hluta 20. aldar.³¹ Í þessum bókum hefur pennateikning listakonunnar Barböru Árnason fylgt kvæðinu og beint lestrinum á því í ákveðinn farveg. Teikningin er byggð upp sem röð smámynda af lítilli stelpu sem er heldur stúrin yfir að hafa bleytt kjólinn sinn, en smámyndirnar mynda umgerð um stærri mynd af læk sem bugðast niður brekku þar sem eitt helsta kennimark íslenskrar sveitasælu, burstabær á bæjarhól, er í bakgrunni. Í forgrunni er stelpan sýnd klífa

²⁸ Aukafyrirsögnin er einungis í öðru eiginhandarriti Jónasar, JS 129 fol.; í KG 31 b V heitir kvæðið einfaldlega Illur lækur.

²⁹ Jón Ólafsson: „Jónas Hallgrímsson 16. nóv. 1807–26. maí 1845. Tala, haldin í Reykjavík 11. mars 1900.“ *Nýja öldin* III (1900), bls. 195.

³⁰ *Blákápa*. Lestrarbók I. Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir bjuggu til prentunar. Reykjavík 1994, bls. 24–25. Önnur útgáfa bókarinnar kom út árið 1996 og önnur prentun árið 2002. Bókin er kennd í 5. bekk grunnskóla.

³¹ *Ljóðabók barnanna*. Guðrún P. Helgadóttir og Valborg Sigurðardóttir völdu ljóðin. Barbara Árnason teiknaði myndirnar. Reykjavík 1953, bls. 10–12. Önnur útgáfa bókarinnar kom út árið 1965.

háan og grösugan bakkann handan lækjarins. Yfirbragð myndarinnar er létt og saklaust og fellur vel að kaflaheitinu „Allir krakkar, allir krakkar“ í *Blákápu*.

Kvæðið hefur því oft verið skilgreint og skilið sem barnabókmenntir. Margar kynslóðir Íslendinga hafa alist upp við þann skilning að þetta sé saklaus saga af lítilli stelpu sem er eiginlega of mikill grallari til að ganga í kjól. Þegar uppruni kvæðisins og umritanir Jónasar eru höfð í huga blasir við nokkuð önnur og fullorðinslegri mynd. Blómatínslan er táknræn og hinn persónugerði lækur æði nærgöngull. Með Illum læk veitir Jónas erótískum straumum inn í íslenska ljóðagerð, enda hafa ástamál verið honum ofarlega í huga í Sórey. Kannski er kominn tími til þess að þjóðin vaxi upp úr skóla-bókarskilningi sínum á þessum tvíræða texta.

TVÆR ATHUGAGREINAR UM JÓNAS HALLGRÍMSSON

I. Klauflex

Játningar Halls í Skollafit

FRAM EFTIR ÖLDUM var lagt blátt bann við því á föstunni að leggja kjöt sér til munns og ekki mátti einu sinni nefna það á nafn. Af því spruttu ýmsar sögur í aldanna rás, enda reyndist mörgum erfitt að neita sér um væna flís af feitum sauð og bönn eru þess eðlis að þau draga athyglina einmitt að því sem ekki má. Þó að þessi siður væri aflagður hér á landi löngu fyrir daga Jónasar Hallgrímssonar lifði minningin um hann og skáldið tók sig eitt sinn til og skrifaði hjá sér stutta gamansögu eða anekdotu um það efni. Hún heitir „Klauf-laxinn“ og er á þessa leið:

„Sjö sinnum sjö eru 49,“ sagði Hallur í Skollafit; það er föstutíminn og þá má enginn nefna kjöt – varaðu þig, maður, á að syndga! ég hef komið að honum í tunglsljósi þar sem hann sat á eldhúsglugga og seildist inn á rárnar og talaði við sjálfan sig í hálfum hljóðum. Hann sagðist liggja á dorg og vera að veiða og hélt það væri hverjum manni heimilt. Og þegar hann kom á þingið og sýslumaðurinn sagði hann hefði stolið, þá bar hann ekki á móti því, nema hvað hann neitaði það hefði verið kjöt.

„Ég hef tekið klauflex,“ sagði þjófurinn, „og býst við að verða hýddur; en það er best að bera sig karlmannlega!“

Það bar ekki heldur á honum að hann væri sérlega daufur. En þegar honum var lesin upp þingbókin og hann heyrði þar

stöð „fimm fjórðungar af kjöti“, þá fór hann að gráta og sagði við dómarann: „Krofið var fimm fjórðungar; en hitt voru ekki mín orð; skrifði þér heldur sex fjórðunga og setjið þér klauffax.“¹

Frásögn Jónasar var tekin upp í *Íslenzkar þjóðsögur* Jóns Árnasonar með aðfaraorðum um sprengidagskvöld og venjur sem því tengdust. Þar segir:

... öllum þeim keteifum, sem afgeingu og heimamenn gátu ekki torgað um kvöldið, safnaði húsbóndinn saman á þriðjudagskvöldið, lét þær í skinnbelg, batt hann upp í baðstofumæni, og lét hann hánaga þar fyrir augunum á heimamönnum sínum alla föstuna, þángað til á laugardaginn fyrir páska. Þá tók hann ofan belginn, og fékk hverjum sínar leifar, sem „setið hafði í föstunni“, með því að nefna hvorki ket né flot alla föstuna, heldur skyldi þá nefna það „klauffax“ og „afrás“; því síður mátti bragða ket allan þann tíma, og helzt sú venja enn í pápiskum löndum. Þó voru það ekki einu skriptirnar, sem þeir feingu, er „úr föstunni geingu“, að þeir mistu matleifa sinna frá sprengikvöldinu, heldur höfðu þeir og fyrirgert páskaketinu, sem Eggert Ólafsson kannast við, og enn fleiri víti voru þeim sett. Sagt er, að pápísku biskuparnir hafi sett ríkismönnum njósnir, til að vita, hvort þeir ætu ekki ket eða nefndu það um föstutímamann, og tóku þá af þeim heilar jarðir í föstuvíti, en af fátækari mönnum voru teknir aðrir fjármunir, ef þeir áttu, eða þeir voru sjálfir teknir í bönd, sem erindið segir: „Einginn mátti nefna ket / alla föstuna lánga; / hver það af sér heyra lét, / hann var tekinn til fanga.“²

¹ *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I. Ljóð og lausamál.* Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Vals-son og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 330. „Klauffaxinn“ var frumprentaður í *Fjölmi*, 9. ári (1847), bls. 35, en eiginhandarrit Jónasar hefur ekki varðveist.

² *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.* Safnað hefir Jón Árnason. Annað bindi. Leipzig 1864, bls. 574. Konrad Maurer vitnar líka til þessarar frásagnar í *Isländische Volkssagen der Gegenwart.* Leipzig 1860, bls. 207–208.

Skriftamál skoska refsins

Ekki veit ég hvað orðið klauflex er gamalt í málinu. Elsta dæmið í Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans er fengið úr sögu Jónasar, en það segir þó ekki alla söguna því að Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779) hefur þetta orð á nokkrum stöðum í hinni miklu orðabók sinni í AM 433 fol. undir flettunum *fasta*, *klauflex* og *lax*.³ Orðið er þá að minnsta kosti þekkt á 18. öld og gæti vel verið eldra.

Ég hef rekist á hliðstætt minni í skoskum bókmenntum. Á ofanverðri 15. öld orti skáldið Robert Henryson kvæðaflokkinn *The Morall Fabillis of Esope the Phrygian* sem er kveðinn út af dæmisögum Esóps eins og nafnið gefur til kynna.⁴ Fjórða kvæðið í flokknum segir frá refnum Lawrence sem áttar sig á því einn góðan veðurdag að hann er syndum hlaðinn og vill létta á sér með því að ganga til skrifta. Leitar hann á náðir úlfs eins sem kallast Friar Wolff Waitskaith (þ.e. bróðir Úlfur Veitir-Skaða). Þrátt fyrir eftirnafnið virðist bróðir Úlfur hafa allt til að bera sem prýða má einn skriftaföður, enda er honum lýst sem „Ane worthie Doctour in Divinitie; / Freir Wolff Waitskaith, in science wonder sle, / To preiche and pray wes new cummit fra the closter, / With beidis in hand, sayand his Pater Noster“ (l. 666–669).⁵ Refurinn fellur á kné og biður bróður Úlf að hlýða á játningarnar. Skriftafaðirinn spyr sem vænta má hvort syndarinn iðrist gjörða sinna og fer þar eftir þrískiptri grein kaþólskrar hefðar: *contritio*, *confessio* og *satisfactio*. Nokkuð virðist þó skorta á

³ Ég þakka Gunnlaugi Ingólfssyni fyrir að kanna fyrir mig elstu þekkt dæmi um orðið í gögnum OH. Skýringar Jóns Ólafssonar á orðinu eru að mestu samhljóða þeim sem koma fram hjá Jóni Árnasyni, en athyglisvert er að hann skýrir það sem „joci gratia pro carne“, þ.e. að kjötið sé í gamni nefnt svo (undir flettunni *klauflex*).

⁴ Það sem á miðöldum gekk undir nafninu „dæmisögur Esóps“ er reyndar breytilegt safn sagna sem komnar eru úr ýmsum áttum. Sögurnar af refnum, sem hér verða gerðar að umtalsefni, eru t.d. ekki eiginlegar Esópssögur heldur tilheyra þær þeim sagnaflokki sem kallaður er *Fabule extravagantes*.

⁵ Hér er vitnað í verkið skv. efturfarandi útgáfu: Robert Henryson: *Poems*. Ritstj. Charles Elliott. 2. útg. 1974 (frumútg. 1963). *The Morall Fabillis of Esope the Phrygian* eru á bls. 1–89 í þessari útgáfu og kvæðið um refinn og úlfinn, „The Taill how this foirsaid Tod maid his Confessioun to Freir Wolf Waitskaith“, er á bls. 19–25 (l. 614–795 í kvæðinu í heild).

iðrunina af refsins hálfu, því að hann réttlætir gjörðir sínar með því að hænsn og lömb séu bragðgóð og refur kunnir ekki að afla sér matar með öðrum hætti en drepa slíkar skepnur. Úlfurinn bendir þá á að tvennt vanti hér upp á fullnaðarskriftir af hálfu refsins („thow wantis pointis twa / Belangand to perfyte Confessioun; / To the third part off Penitence let us ga“, l. 712–714). Ekki virðist þessi vöntun standa í vegi fyrir syndaaflausn, því að allt og sumt sem úlfurinn segir að refurinn þurfi að gera í yfirbótarskyni sé að neita sér um kjöt fram að páskum. Refurinn maldar í móinn og segir að nauðsyn brjóti lög („neid may haif na law“, l. 731). Úlfurinn fellst þá á að refurinn megi eta kjöt tvisvar í viku og skilja þeir við svo búið.⁶

Refurinn reynir nú að fiska sér til matar en er vatnshræddur og óttast ölduganginn. Hann bregður þá á það ráð að klófesta kiðling úr geitarhjörð sem er þar á beit, dregur hann svo að vatninu, dýfir ofan í og segir: „Ga doun Schir Kid, cum up Schir Salmond agane!“ („Niður með þig, herra Kið, upp með þig aftur, herra Lax!“; l. 751). Borðar hann „laxinn“ síðan með bestu lyst („off that new-maid salmond eit anewch“, l. 753), leggst á meltuna í sólinni en missir þá í ógáti út úr sér að nú væri réttast að ör skytist í maga sinn. Gengur það þegar eftir. Hirðirinn sem gætti geitanna sér refinn, skýtur hann með boga sínum og tekur pelsinn upp í kiðlingsmissinn.

Boðskapurinn í sögunni (lat. *moralitas*) er svo dreginn saman í lokin. Skyndilegur dauði hins falska refs á að vera mönnum áminning um að lifa dyggðugu lífi og sýna sanna iðrun. En þó að skáldið segi það ekki beint í samantektinni má draga þá ályktun af lýsingu hans á skriftunum að hann hafi haft sínar efasemdir um ágæti þeirra yfirleitt eða kannski öllu heldur framkvæmd þeirra í sínu heimalandi.

⁶ Charles Elliott túlkar þetta svo í skýringum sínum í áður nefndri útgáfu, bls. 152: „*perfyte Confessioun*: the full sacrament of Penance embraces (i) *contritio*, ‘sorrow of heart and detestation of sin committed with the resolve to sin no more’, (ii) *confessio*, ‘the external manifestation of conscience to a priest in order to obtain pardon’, (iii) *satisfactio*, ‘the payment of the temporal punishment due on account of the offence committed against God by sin’. Henryson’s fox confesses (ll. 691–7), cannot attain to full contrition (ll. 698–711), and accepts an ironic punishment (ll. 712–32).“

Bróðir Úlfur virðist að minnsta kosti ekki vera til fyrirmyndar sem skriftafaðir, þannig að ádeilan beinist ekki aðeins að hinum breyska ref. Það má því almennt skilja þetta sem paródíu eða skrumskælingu, en Helga Kress hefur nýlega fjallað um annan 15. aldar texta í því samhengi, hin íslensku skriftamál Ólafar ríku.⁷

Saga Jónasar og kvæði Henrysons eiga það sameiginlegt að þeir sem ekki geta „setið í föstunni“ þykjast fiska kjötið og tala um það sem slíkt – nefna það lax. Refurinn gengur þó enn lengra en einfeldningurinn Hallur í Skollafit (sem kann þó að vera refslegri en ætla mætti í fyrstu, ef marka má bæjarnafnið), því að hann brýtur ekki aðeins föstuna heldur vanvirðir tvær aðrar helgar athafnir kirkjunnar: skriftirnar og skírnina.

Hliðstætt minni er þekkt í frönskum Esópsútleggingum frá síðmiðöldum, þar sem sagt er frá hinum átfreka Ysagrín sem sér kind og ávarpar hana sem lax: „Quant Ysagrín vit le mouton, / Il le salua, le glouton, / Et li dit: Saumon, diex te gart...“⁸ (Ekki þarf að spyra að því hvernig farið hefur fyrir blessaðri kindinni.) Grunnminnið sem hér um ræðir, þ.e. að nefna eða skíra kjöt sem fisk (og þá ekki endilega sem lax), hefur líka lifað sjálfstæðu lífi utan Esópshefðarinnar og stungið niður fæti á ýmsum stöðum og ýmsum tímum.⁹ Einn af dýrlingum kaþólsku kirkjunnar, heilagur Ulrich frá Augsburg, lét sér þó ekki nægja mállegan gjörning af þessu tagi. Þegar honum var fært kjöt á föstudegi gerði hann sér lítið fyrir og hreinlega breytti því í fisk. Þetta kraftaverk varð svo frægt að á myndverkum er Ulrich iðulega sýndur með fisk í hendi, sem er þá í reyndinni umbreytt kjöt.

Hádegisverður í Kaupmannahöfn

Hverfum að lokum til Kaupmannahafnar, þegar fimmtán ár eru liðin frá því að „Klaufflaxinn“ eftir Jónas birtist í *Fjölni* 1847. Fyrsta

⁷ Helga Kress: „Confessio turpissima: Um skriftamál Ólafar ríku Loftsdóttur.“ *Óþarfar unmustur og aðrar greinar um íslenskar bókmenntir*. Reykjavík 2009, bls. 70–92; hér einkum bls. 82.

⁸ „Ysopet I. Fable XLVII. Du Loup et du Mouton.“ *Fables inédites de XIIe, XIIIe et XIVe siècles et fables de la Fontaine*. II. bindi. Ritstj. A.C.M. Robert. París 1825, bls. 474.

⁹ Sjá *The Times Literary Supplement* 1953, bls. 317, 333 og 629.

sunnudag eftir páska 27. apríl 1862 er Benedikt Gröndal boðið til hádegisverðar „*svo nærri dagmálum sem orðið getur*“. Gestgjafinn er Konráð Gíslason sem ávarpar vin sinn í boðsbréfinu sem „Hun-anglegi Gröndal“. Bréfinu lýkur á kostulegri upptalningu á því sem Konráð segist *ekki* geta boðið honum upp á – með löngum lista yfir girnilega rétti sem gætu sem best verið teknir af einhverjum enskum matsæðli – en í bláendann á bréfinu kemur svo lýsing á því sem gestgjafinn telur sig *geta* boðið Gröndal upp á:

... enn, heldur enn allt um þrotni, skulum við bera fram klauflex soðinn eða steiktan – og með steiktum klauflexi (ef hann verður á borði) óprotlegan epla grúa moldgróinna, enn með soðnum klauflexi (ef hann verður á borði) mikla gnægt af sætu soði. ... Að vísu er leiðin löng og fæturnir stuttir, enn sigursæll er góður vilji. Þó eru það ekki mín orð, goðum líki Gröndal, að Þú skulir hafa í sekk Þjer Silius eða Statius. Því væri það ekki ofætlun? Hafirðu skáld á Þjer, Gröndal minn, þá ertu skáldað skáld; og hjetirðu Auðunn, mætti þá kalla Þig Auðun rotinn – því skáldaður er líkt og rotinn. Enn nú er jeg blaðþrota eða blaðrotinn og nærri kafnaður í sjervizku.¹⁰

Ekki veit ég hvort boðsbréfið hefur haft tilætluð áhrif, en skemmtilegt er það og ólíkindalæti Konráðs minna okkur kannski á að í sjálfu sér er klauflex feluorð eða skrauthvörf. Hér er það notað í glensi og gamni en virðist upphaflega tengjast föstuvendum og banni við því að eta og nefna kjöt.¹¹

II. Bóndi er bústólpi

Jónas Hallgrímsson orti Alþing hið nýja í þakkarskyni fyrir konungsúrskurð Kristjáns áttunda 20. maí 1840, þar sem yfirvöldin léðu loksins máls á því að Íslendingar endurreistu alþingi sitt og héldu það

¹⁰ Konráð Gíslason: *Bréf Konráðs Gíslasonar*. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Reykjavík 1984, bls. 162–163.

¹¹ Orðið páskahákarl er líka þekkt í þessari merkingu á 19. öld, sbr. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. 2. útgáfa, 2. prentun. V. bindi. Reykjavík 1993, bls. 475.

á Þingvöllum eins og að fornu. Í öðru erindi ljóðsins eru þessar frægu línur:

Bóndi er bústólpi
– bú er landstólpi –
því skal hann virður vel.

Í Alþingi hinu nýja yrkir Jónas um þjóðfrelsi og þingræði, um bóndann og bóndabæinn sem hornsteina samfélagsins. Eftirtektarvert er að skáldið talar um þá sem *stólpa*.¹² Samkvæmt Orðabók Háskólans eru til eldri dæmi í íslensku ritmáli um orðið bústólpi, en það er þá notað í tengslum við skepnur en ekki menn. Í Lærdómsritunum gömlu er rætt um að „sauðfé sé hinn helsti bústólpi vor“ og einnig komist svo að orði: „Þau [þ.e. kúgildin] hafa verið fótur hans fjárafla, og einasti bústólpi.“¹³ Elsta dæmi Orðabókar Háskólans um orðið landstólpi er hins vegar að finna í Alþingi hinu nýja og því sennilegt að Jónas hafi smíðað það sjálfur. En hvað kom honum til að ræða um *bóndann* sem bústólpa og útfæra þetta stólpamyndmál enn frekar með orðinu landstólpi?

Árið 1792–1797 var reistur frelssistólpi – eða *Frihedsstøtten* eins og hann heitir á dönsku – rétt utan við Vesturport í Kaupmannahöfn.¹⁴ Byggðin hefur vaxið svo á þeim tveimur öldum sem liðnar eru að stólpinn er nú í hjarta borgarinnar, á miðri Vesterbrogade, gegnt aðaljárnbrautarstöðinni (hann hefur reyndar verið endurgerður nokkrum sinnum og var auk þess fluttur til þegar lestarstöðin var reist en er þó ekki fjarri upprunalegri staðsetningu sinni). Stólpinn er

¹² Í orðabók Blöndals eru ljóðlínur Jónasar teknar sem dæmi um að orðið stólpi sé notað í yfirfærðri merkingu: „overf. Støtte: *bóndi er bú-s., bú er land-s.*“ Sigfús Blöndal: *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík 1920–1924, bls. 806. Þessi yfirfærða merking orðsins er gömul í málinu. Auk þeirra dæma sem tilgreind eru í orðabók Fritznars hefur Sverrir Tómasson vakið athygli mína á því að rætt sé um forgöngumenn kristni sem „styrka stólpa“ í Magnúss sögu lengri, 1. kap. (*Íslensk fornrit*, XXXIV. bindi. Finnboði Guðmundsson gaf út. Reykjavík 1965, bls. 335).

¹³ *Rit þess Íslenska Lærdóms-Lista Felags* V, bls. 73, og VII, bls. 178. Kaupmannahöfn 1785 og 1787.

¹⁴ Í því sem á eftir fer er einkum stuðst við fróðlega bók Karin Kryger: *Frihedsstøtten*. Kaupmannahöfn 1986.

tákn um frelsi bóndans – *bondefrihed* – og reistur af forvera Kristjáns áttunda, Friðriki sjötta (sem þá kallaðist Friðrik krónprins, því að faðir hans Kristján sjöundi var enn konungur að nafninu til en ófær um að stjórna sökum geðveiki). Stólpann teiknaði arkitektinn og málarinn N.A. Abildgaard. Hann er gerður úr rauðum sandsteini, ferstrendur og 20 metra hár. Á fæti hans eru fjórar allegorískar kvenmyndir í klassískum stíl eftir myndhöggvarana Johannes Wiedewelt, Nicolaj Dajon og Andreas Weidenhaupt. Kvenmyndirnar eiga að tákna ástundun akuryrkju, hollustu, hreysti og þegnskap. Skáldið Thomas Thaarup samdi áletranirnar sem enn er að finna á stólpanum. Á þá hliðina sem vissi mót sveitinni var letrað í steininn:

KONGEN
 BØD
 STAVNSBAANDET
 SKAL OPHØRE
 LANDBOELOVENE
 GIVES
 ORDEN OG KRAFT
 AT
 DEN FRIE BONDE
 KAN VORDE
 KIEK OG OPLYST
 FLITTIG OG GOD
 HÆDERLIG BORGER
 LYKKELIG

Stavnsbaandet fól í sér að „bændafólk mátti ekki fara burt úr fæðingarstað sínum nema landsdrottinn leyfði“, eins og vinur Jónasar, Konráð Gíslason, segir í *Danskri orðabók* sinni.¹⁵ Fæstir bændur í Danmörku áttu jarðir sínar sjálfir og urðu því að leigja þær af land-

¹⁵ Konráð Gíslason: *Dönsk orðabók með íslenskum þýðingum*. Kaupmannahöfn 1851, bls. 460.

eiganda. Meðan gamla reglan var í gildi voru þeir því alveg háðir landeigandanum á fæðingarstað sínum og gátu ekki leitað annað um leiguna jafnvel þó að þeir teldu hag sínum betur borgið þar. Þessu banni var aflétt með konungsboði 20. júní 1788. Danskir sagnfræðingar telja að það hafi skipt sköpum í réttindamálum bænda þegar átthagafjötrarnir bundu þá ekki lengur:

Først når stavnsbåndet blev løst, ville bonden være en fri mand på fæstemarkedet, som kunne gøre sine ønsker gældende ved overtagelsen af et fæste – eller gå sin vej, også som en fri mand. Dette mål nåedes ved forordningen af 20. juni 1788 om stavnsbåndets ophævelse, der for eftertiden er kommet til at stå som den vigtigste af alle reformerne, fordi den tager det største skridt i retning af at hæve bonden til en værdigere stilling som samfundsborger.¹⁶

Stólpinn við Vesturport var því ekki eins og hvert annað minnismerki sem yfirvöldin höfðu látið reisa sjálfum sér til dyrðar, heldur var hann táknrænn fyrir nýfengið frelsi danska bóndans. Jónas, Konráð og aðrir Hafnar-Íslendingar hafa oft séð þennan frelssstólpa, enda vinsælt að rölja út að bæjarmörkunum og spásséra eftir grasi grónum veggjunum sem umkringdu Kaupmannahöfn.

Og nú var frelsið í auglýsingu á Íslandi. Bóndinn og bú hans voru kjölfesta hins íslenska samfélags á tímum Jónasar. Eða öllu heldur: *stólpi* þess. Bústólpi og landstólpi. Með slíku myndmáli gat Jónas vísað í viðurkennt tákn bændaafrelsis eins og var við hæfi í þakkarkvæði til kóngsins í Kaupinhafn. Orðmörg áletrunin á steininum, „At den frie Bonde kan vorde kiek og oplyst, flittig og god, hæderlig Borger, lykkelig“, á sér stutta og laggóða hliðstæðu hjá Jónasi: „því skal hann virður vel.“

Ef það er rétt til getið að frelssstólpinn hafi vitjað Jónasar með

¹⁶ Jens Vibæk: *Reform og Fallit 1784–1830. Danmarks historie*, 10. bindi. Ritstj. John Danstrup og Hal Koch. 2. útg. Kaupmannahöfn 1971, bls. 78.

slíkum hætti í kvæðinu var hann ekki eina skáldið sem lagði út af þessu tákni bændafrelsis. Sama ár, 1840, orti eitt helsta skálda Dana, N.F.S. Grundtvig, Fuglewise til Bondefrihedens Pris. Þar lofsöng hann bændur og vísaði til frelssstólpans með mun beinni hætti en Jónas gerði í sínu ljóði. Hin fleygu orð Grundtvigs verða látin standa sem lokaorð þessarar greinar:

Der staar en Sten paa Vesterbro,
 Det er en Ære-Støtte
 For Hjærtet, som i Kongebo
 Ved Bondens Lænker blødte.¹⁷

¹⁷ *N.F.S. Grundtvigs Poetiske Skrifter*. VI. bindi. Svend Grundtvig bjó til prentunar. Kaupmannahöfn 1885, bls. 382.

KONRÁÐ Í KREISCHA

Um bréfitarann og ferðalanginn Konráð Gíslason

ÓLAFUR HALLDÓRSSON HANDRITAFRÆÐINGUR hafði yfirumsjón með heildarútgáfu á bréfum Konráðs Gíslasonar sem Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar árið 1984 á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Ég hef lengi haft mikið dálæti á þessari bréfaútgáfu þó að ég hafi stundum saknað þess að henni skyldu ekki fylgja skýringar og skrár sem hefðu aukið notagildi útgáfunnar til muna. En stafrétt útgáfa á bréfum Konráðs er þó svo mikið þarfáþing í sjálfu sér að það stappar nærri vanþakklæti að fara fram á meira, og raunar er eins og „hvor sjái sjálfan sig“, eins og þeir Fjölismenn komust gjarnan að orði.¹ Útgáfa Ólafs og Aðalgeirs reyndist mér vel þegar ég bjó bréf Jónasar Hallgrímssonar til prentunar árið 1989² og var reyndar ekki laust við að mér þætti þjóðskáldið stundum fara halloka í samanburðinum við hinn andríka bréfitara sem Konráð óneitanlega var. Fyndni Jónasar átti það til að missa marks, en Konráð var svo næmur á hið smáskrýtna í tilverunni að mér þótti – og þykir enn – sem hann sé allt að því óbrigðull þegar kemur að því að orða og lýsa heiminum á hómorískan hátt.

Í þessari grein ætla ég þó að víkja að tveimur heldur þunglyndislegum skeiðum í lífi Konráðs eins og þau birtast í bréfum hans. Hann

¹ Sjá t.d. bréf Konráðs til Jónasar Hallgrímssonar 14. júní 1837. Konráð Gíslason: *Bréf Konráðs Gíslasonar*. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Reykjavík 1984, bls. 44–47; hér bls. 44.

² *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989. Ég bjó bréfin til prentunar, sjá II. bindi: *Bréf og dagbækur*, bls. 5–265, og ritaði skýringar við þau, sjá IV. bindi: *Skýringar og skrár*, bls. 268–427 (að slepptum bréfaþýðingum sem Þorsteinn G. Indriðason hafði með höndum).

ferðaðist til Þýskalands árin 1844 og 1846, í fyrra skiptið til að leita sér lækninga við augnveiki og í síðara skiptið til að finna fróun eftir ástvinarmissi. Hægt er að fara ýmsar leiðir að þessum skrifum. Líta má á þau sem viðleitni til að koma á eða viðhalda skriflegu sambandi við aðra, til að gera upp eigin mál eða halda til haga því sem drífur á daga manns, en svo má líka segja að þau feli í sér stúlæfingar, ákveðnar stellingar eða hlutverkaleik o.s.frv. Þjóðverjar – sú þjóð sem Konráð sækir heim í þessum bréfum – eiga til sérstakt heiti yfir slík skrif og kalla þau *Reisebriefe*. Textar af því tagi eru skyldir reisubókarforminu (þ. *Reisebuch*) þar sem rúm er fyrir hér um bil allt sem mönnum dettur í hug að færa til bókar á ferðum sínum. Salthólmsferð Jónasar Hallgrímssonar frá 1836 er dæmi um reisubókarkorn, þar sem ægir saman athugasemdum um jarðfræði, veðurfar, skáldskap, bókhaldi yfir ferðakostnað, mannlýsingum og ýmsu öðru, en umfram allt ber lýsingin vott um ánægjuna af því að vera á ferð og flugi.

Í fyrri ferðinni sumarið og haustið 1844 skrifar Konráð ein 15 bréf til Brynjólfs Péturssonar, sum svo löng að þau má kalla eins konar ferðadagbók, og eitt bréf til Jónasar Hallgrímssonar, langt og skemmtilegt. Bréfin sem hann skrifar í síðari ferðinni, sumarið og haustið 1846, eru færri og yfirleitt styttri, þ.e. tvö til Brynjólfs og eitt bréf til hvors um sig, Magnúsar Eiríkssonar og Stefáns Þorvaldssonar, sem var æskuvinur Konráðs. Á þessum tíma var Konráð orðinn vel þekktur í hópi norrænna fræðimanna fyrir þekkingu sína á málfræði og textum miðalda, en hann var þá kominn vel á fertugsaldur, fæddur 1808.

Eiríkur Guðmundsson hefur skrifað fræðirit sem dregur nafn sitt af setningu í bréfi Konráðs til Jónasar: *Gefðu mér veröldina aftur*. Rit-ið fjallar um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og nítjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michels Foucault. Eiríkur lítur á bréfaskriftir Konráðs sem ákveðinn þátt í innreið nútímans í skrifum íslenskra höfunda, að þar megi greina mótun nútímalegs sjálfs sem efast um allt og birtist í orðræðu sem sé ólíkindaleg. Eiríkur segir að í bréfunum sveiflist Konráð „frá græskulausu gríni, aftignun sem bygg-

ir á hliðskipun ólíkra efnisþátta; frá hömlulausum galsa til einlægrar tjáningar – játningar þar sem „sannleikur“ er dreginn upp úr dýpi mannsins.“³ Og hann segir ennfremur:

Tungumálið er sennilega eitt helsta viðfangsefni bréfa Konráðs; þar sem hann gengur lengst hefur orðræðan algjörlega skilið sig frá þeim gildum sem tryggðu dreifingu hennar einni öld fyrr. Tala má um tvíræðni og stjórnleysi; það sem Fjölnismenn kölluðu sín í milli „absúrdkómik“. Þótt rætt sé um hjartans málefni, líkt og staðsetningu Alþingis á Þingvöllum, verður gáskinn alvörunni yfirsterkari; segja má að tungumálið taki völdin, hugsjónin týnist í líkingum.⁴

Þannig geti Konráð virst „ekki einn heldur „margur“; það er líkt og hin hugsandi vera tvístrist í margar mögulegar stöður og hlutverk eftir því hvenær bréfið er skrifað og þá ekki síður hverjum.“⁵

Konráð hefur bréf sitt til Jónasar í Kreischa hinn 25. júní 1844 á þennan hátt:

Jeg er ekki almennilega ráðinn í, hverjum jeg á að senda þetta brjef, og þessvegna veit jeg ekki heldur, hvernig jeg á að byrja það; því allt af er bezt að laga sig dálítið eptir kringumstæðunum!! en viljirðu vera góðgjarn maður, hver sem Þú ert – og jeg held jeg verði að láta það lenda á þjer Jónas! – þá verðurðu við að kannast, að allir hafa ekki sömu áhrif á mann, og þessvegna talar (og skrifar) maður ekki eins til allra, þó maður sje aldrei nema nokkurneginn einlægur, eins og jeg er.⁶

³ Eiríkur Guðmundsson: *Gefðu mér veröldina aftur. Um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og nítjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michels Foucault*. Studia Islandica 55. Reykjavík 1998, bls. 104.

⁴ Sama rit, bls. 106. Benedikt Gröndal segir svo frá „absúrdkómisku“ tali þeirra Konráðs í æviminningum sínum, *Dægradvök*. „En hann hélt mikið upp á excentriskt, fantastískt tal, það voru leifar af samverunni við Jónas og Brynjólf, frá fyrri tímum, og í því var ég einskis eftirbátur.“ Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson: *Dægradvöl. Ritsafn*, IV. bindi. Gils Guðmundsson bjó til prentunar. Reykjavík 1953, bls. 465.

⁵ Eiríkur Guðmundsson: *Gefðu mér veröldina aftur*, bls. 107.

⁶ Konráð Gíslason: *Bréf*, bls. 85.

Við getum litið á þetta sem ólíkindalæti og tilraun til að skemmta vininum, en eflaust er nokkuð til í því hjá Eiríki Guðmundssyni að þarna birtist rásandi og óstöðug sjálfsvera sem sé harla ólík hinni óskoruðu miðju merkingar sem skynsemisvera upplýsingarinnar taldi sig standa fyrir. Konráð er miklu frekar rómantískur í afstöðu sinni og hér gætum við haft í huga dálæti þeirra Fjölnismanna á Heinrich Heine, hinu skáldlega ólíkindatóli sem var viðkvæmur og íronískur í senn. Konráð sveiflast öfganna á milli að hætti Heines, hann slær úr og í, er fúlasta alvara en þó er allt í gamni. Í stuttu máli stundar hann hið rómantíska tvísæi sem rúmar hugsjón og veruleika, upphafningu og hrapað til jarðar, hrifningarvímuna sem endar jafnóðum í kaldhæðinni vissu draumóramannsins um að ekkert er til nema hráslagalegur veruleikinn. Heine hafði einmitt brugðið upp ferðamyndum til að koma þessari nútímalegu heimssýn til skila í fjórum bindum sínum af *Reisebilder* 1826–1831.⁷

Vissulega eru mörg veður í Konráði og kannski er hann einn nútímalegasti höfundur okkar á 19. öld, ekki síst fyrir þá sök að hann kemur hvað eftir annað aftan að sjálfum sér og er ekki fastur í einhverjum fagurfræðilegum stellingum. Hann lítur ekki á sig sem ljóðskáld heldur yrkir í öðru formi, brýtur upp bréfin með innskotum, smáskrýtnum athugasemdum, fyrirvaralausum tilvitnunum, drungalegri rödd sem talar úr djúpinu en syngur svo óðara í falsettu og snýr út úr öllu saman. Í bréfi sem Konráð skrifar Brynjólfi 26. september 1844 lýsir hann t.d. ungri konu sem verður samferða honum: „Ja, Röschen heitir hún. Það var orð og að sönnu! “Röslein, Röslein, Röslein roth, Röslein auf der Heiden”! Ja, víst er hjer heiði – einlægur sandur, að kalla má, vaxinn lágum viði. En nú er þó vegurinn farinn að verða mikils til of stuttur, þar sem hann var áður í lengra og leiðinlegra lagi.“⁸ Nafn konunnar minnir Konráð á rósina í kvæði

⁷ Hluti þessa verks – *Ideen. Das Buch Le Grand* (1827) – hefur komið út á íslensku: Heinrich Heine: *Hugmyndir. Bók Le Grands*. Haukur Hannesson þýddi. Reykjavík 2002. Fjölnismenn þýddu örstutt brot úr því, sjá *Fjölni*, 1. ár (1835), bls. 141–144.

⁸ Konráð Gíslason: *Bréf*, bls. 109.

Goethes, Heidenröslein, og það bregður birtu á umhverfið. Hann unir sér vel í þessum góða félagsskap og vill að stundin endist sem lengst. Eftir að leiðir skilja segir hann síðar í bréfinu:

Aumingja Röschen! hvar mundir þú nú vera niður komin? Mig við óar opt að sjá Út á sjóinn rokinn, Frost og snjóinn ekru á undir Góulokin. Það er undarlegt hvað mjer þykir gaman að mörgum ísle. vísun hjer í þessari útlegð, og hvað mjer þykja þær fallegar og einhverneginn óumræðanlega sætar, þó mjer hafi áður ekkert þótt til þeirra koma. Jafnvel þessi vísa þykir mjer góð, af því hún á so vel við um Gräfenberg: Hjer er nauða helvíti, hjer er dauðinn eilífi, hjer er standið hörmunga, hjer er landið fordæmdra. Röschen! Röschen mín! jeg er hræddur um þú þínist af tannverk í þessum bönnuðum kulda. Enda er ekki að marka, þó mjer sje kalt, sem allt af er í vatninu...⁹

Líta má á tilvitnanatækni Konráðs sem merki um nútímalega aðferð sem sett hefur svip sinn á bókmenntir og listiðkun á 20. og 21. öld. Hvort sem það eru kvæði eftir Goethe eða íslenskar lausavísur, þá fléttar Konráð þær inn í textann og stofnar til skapandi hugrenningatengsla. Hann vitnar líka seint og snemma í einstakar ljóðlínur Jónasar, bæði í bréfum til hans sjálfs og til annarra, eins og Benedikts Gröndals.¹⁰ Vissulega syngja línur Jónasar sig sjálfar, orð hans eru fleyg, en þarna fáum við líka innsýn í það hvernig skáldskapur verður gjaldgengur, hvernig honum er haldið að bréfavinum Konráðs og tilvitnanir í Jónas felldar inn í hvers kyns samhengi.

Aðalgeir Kristjánsson hefur ritað ævisögu Konráðs og ber hún heitið *Síðasti Fjölnismaðurinn*. Hann fjallar m.a. um ferðir Konráðs til Þýskalands og þá mynd sem við fáum af honum í bréfum hans til Fjölnismanna og annarra bréfavina. Aðalgeir ber Konráð sem ferðalang og bréfitara saman við Fjölnismanninn Tómas Sæmundsson,

⁹ Sama rit, bls. 119.

¹⁰ Sama rit, bls. 56–58, 67, 166 o.v.

sem fór víða um Evrópu 1832–1834 og færði reynslu sína til bókar.¹¹ Um þetta segir Aðalgeir:

Pegar bréfin eru borin saman við bréf og *Ferðabók* Tómasar Sæmundssonar kemur glöggf fram hve gagnólíkir þeir voru. Konráð sér lítið annað en það sem að honum snýr og varðar áhugamál hans, þar sem Tómas horfir á heiminn í miklu stærra samhengi og óháð eigin persónu, en með hagsmuni ættjarðar sinnar í huga.¹²

Þó að það sé eflaust rétt að Konráð sé einkalegri í áhugamálum sínum og almennri sýn á heiminn, þá held ég að hann sé á sinn hátt að huga að hinu stærra samhengi, ekkert síður en Tómas. Sem ferðamaður er Tómas að sjálfsögðu stærri í sniðum en Konráð, enda má hann heita eini Íslendingurinn á löngu árabili sem gerir tilraun til að fara í það sem almennt kallaðist *Grand Tour* á evrópskan mælikvarða.¹³ Tómas ferðast suður um alla Evrópu og gerir það í menntunarskyni; hann gengur hreint til verks, gerir það sem gera á í slíkri ferð, kynnir sér framandi menningu og lönd og setur sig inn í andlegt líf þjóðanna, hittir að máli menntamenn og snýr aftur með farteskið fullt af hugmyndum og dýrmætri reynslu.¹⁴ Ferðir Konráðs eru minni í sniðum en mér finnast lýsingar hans á mönnum og málefnum ekki síður lifandi en hjá Tómasi. Konráð hefur einlægán áhuga á fólki, ekki endilega á hugmyndum þess eða fyrir hvað það stendur, heldur á sérkennum þess, á félagsskap þess, hann fær fólk jafnvel á heilann dag eftir dag, fylgist með því á heilsuhælinu og lýsir þessu öllu eins og besti skáldsagnahöfundur í bréfum til vina sinna. Upp af síðum

¹¹ *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*. Jakob Benediktsson bjó undir prentun. Reykjavík 1947.

¹² Aðalgeir Kristjánsson: *Síðasti Fjölnismaðurinn. Ævi Konráðs Gíslasonar*. Reykjavík 2003, bls. 113.

¹³ James Buzard: „The Grand Tour and after (1660–1840).“ *The Cambridge Companion to Travel Writing*. Ritstj. Peter Hulme og Tim Youngs. Cambridge 2002, bls. 37–52.

¹⁴ Um ferðir og ferðaskrif Tómasar sjá grein Steinunnar Ingu Óttarsdóttur: „Að kasta sér meðal útlendra þjóða.“ Um *Ferðabók* Tómasar Sæmundssonar.“ *Andvari*, 131. ár (2006), bls. 139–155.

bréfanna rísa lifandi smámyndir af fólki og af lífinu í öllum sínum margbreytileika, en hugur Konráðs litar þetta allt og kryddar með innskotum og tilvitnunum, með þeirri sérstöku absúrdkómík sem Hafnarstúdentarnir stunduðu í sínum hópi.

Konráð hefur yndi af því að ferðast og hrífst af nútímatækninni, eins og þegar hann segir í bréfi sem hann skrifar Brynjólfi frá Leipzig 14. júní 1844:

Mikið ógnarlegt gaman er að fara á járnbrautum, elskan mín góð! og það er svo þægilegt í aðra röndina að mega hvergi standa við, en fá allt af nýtt fólk í kringum sig. Jeg þekki ekkert, sem getur komizt í samjöfnuð við það. Taugarnar hafa ekki hallann á því – það segi jeg Þjer satt. Jeg þekki þær ekki aptur eins og þær voru í Kmh.; og ef augun bötnuðu ekki á sífeldu ferðalagi; þá er deyfðin í augunum sjálfum. Vera kann líka, að þau þyrftu töluvert lengri tíma til að batna, en taugarnar yfir höfuð að tala. Ekkert ofbýður mjer ferðin á gufuvögnunum, mjer þætti enn betra, ef þeir færu dálítið harðara, og hættan væri dálítill, til að herða taugarnar enn betur.¹⁵

Hér birtist okkur hinn taugaspennti en áhugasami ferðamaður, hann er gefinn fyrir hraða og hefur yndi af félagsskap ókunnugra. Lýsingar Konráðs á dvölinni í Kreischa og vatnsböðunum þar eru oft skemmtilegar.¹⁶ Lækningaraðferðirnar virðist þó ekki hafa haft tilætluð áhrif á augnsjúkdóminn sem hrjáði hann.¹⁷ Það fær skiljanlega á hann og gerir bréfin þunglyndisleg á köflum, en það er þó ekkert í samanburði við skrif hans í síðari ferðinni sem hann fór sumarið og haustið 1846.

Konráð varð fyrir þeim harmi að missa unnustu sína, Ane Mat-

¹⁵ Konráð Gíslason: *Bréf*, bls. 78.

¹⁶ Sjá t.d. langa bréfið sem Konráð skrifar Brynjólfi 26. september 1844 (sama rit, bls. 106–130, einkum bls. 117–118, þar sem vatnsböðunum er lýst í einstökum atriðum).

¹⁷ Sbr. t.d. orð Konráðs í bréfi sem hann skrifar Brynjólfi 31. október 1844: „Af augunum í mjer er það að segja, að þau fara allt af vesnandi, og eru nú þessvegna töluvert verri, enn þegar jeg fór frá Kmh. En fyrir alla muni segðu öngvum frá því. Það er ekki til neins að halda slíku á lopt.“ (Sama rit, bls. 130.)

hilde Pedersen, sem lést aðeins 24 ára að aldri 15. júní 1846.¹⁸ Var hann ekki mönnum sinnandi eftir það og varð úr að hann hélt aftur suður til Þýskalands til að leita sér huggunar.¹⁹ Það er ekki síst í bréfinu sem Konráð skrifar æskuvini sínum, Stefáni Þorvaldssyni, í Berlín 14. september 1846 að hann tjáir harm sinn og örvæntingu, en hluti bréfsins er á þessa leið:

Mjær er ekki tamt að gráta (nema af gleði við hlið unnustu minnar, meðan hún lifði), en jeg get nú með öngu móti tára bundizt, þegar jeg hugsa eða skrifa um ástand mitt – og þessi tár hafi haldið við lífi mínu allt að þessu; en líf mitt er nú einskis vert: ekkert gleður mig, allt er mjær tómmt og dautt. Ef það væri ekki skylda mín að lifa, vegna hins og þessa, sem jeg hef tekizt á hendur, hefði jeg samt varla látið dauða minn dragast svo lengi; en það er ódregilegt að enda ekki lofordi sín, ef maður getur það með nokkru móti. Það aptrar mér frá að yfirgefa lífið, og hitt annað, að hvað óumræðanlega sár sem endurminningin er, þá get jeg þó ekki verið án hennar; en jeg er hræddur um, að þegar dauðinn kemur þá sje allri endurminningu lokið. Jeg hef æfinlega verið veikur að trúa, bæði á guð og ódauðlegleikann, nema þá stutta stund, sem mjær gekk allt að óskum, af því jeg hafði öðlast það sem er ótal 1000sinnum dýrmætara enn allt annað í heiminum, en síðan dauðinn svipti mig því, þá er, að kalla, hver trúar neisti útkulnaður í hjarta mínu.²⁰

Þetta er þunglyndisleg orðræða og ólíkindalætin víðsfjarri sem settu svip sinn á skrif Konráðs tveimur árum fyrr. Umhverfið og staðirnir sem hann kemur á veita honum ekki neina gleði ólíkt því sem áður var, þó að ferðin sé farin til þess að gera honum lífið þolanlegt:

¹⁸ Aðalgeir Kristjánsson: *Síðasti Fjölnismaðurinn*, bls. 116–120.

¹⁹ Brynjólfur Pétursson greinir frá þessu í bréfi til bróður síns, Jóns Péturssonar, 18. ágúst 1846. Sbr. Brynjólf Pétursson: *Bréf*: Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn 1964, bls. 95–96.

²⁰ Konráð Gíslason: *Bréf*, bls. 144–145.

Þessi ferð átti að vera til þess. Jeg hef sjeð mart og komið til margra merkis-borga (Stettin, Berlin, Wittenberg, Magdeburg, Leipzig, Dresden, Freiberg, Chemnitz, Prag, Wien, Linz, Salzburg, München, Nürnberg, Erlangen, Bamberg) og þar að auk til Karlsbad og Marienbad; en jeg verð nú að pína mig til að gefa [því] gaum, sem jeg annarskostar hefði viljað vinna mikið til að sjá. Sona getur snúizt fyrir manni.²¹

Ferðin hafði því ekki tilætluð áhrif og Konráð sneri aftur til Kaupmannahafnar um haustið. Hann tók í raun ekki aftur gleði sína fyrr en níu árum síðar, 1855, þegar hann kvæntist Karen Sophie Böhm (áður Pedersen), eldri systur unnustu sinnar.²² Þeim varð ekki barna auðið en Karen Sophie átti son frá fyrra hjónabandi, George að nafni, sem var seinfær. Konráð gekk honum í föður stað og reyndist honum vel. Karen Sophie lést rúmum tveimur áratugum síðar, 1877, og við það syrti aftur að hjá eftirlifandi eiginmanni hennar.²³ Konráð lést 1891, 82 ára að aldri, eftir að hafa um árabíl gegnt stöðu prófessors í norrænum málum við Hafnarháskóla. Hann virðist hafa orðið trúaður er á leið ævina.²⁴

Konráð hélt ljóðum Jónasar á lofti í bréfum sínum eins og áður er getið, og það er við hæfi að ljúka þessari umfjöllun á ábendingu um að bréf hans hafi líka orðið uppspretta skáldskapar. Sigfúsi Daðasyni varð oft hugsað til Konráðs og notaði áðurnefnda tilvitnun, „Gefðu mjer veröldina aptur, Jónas minn!“, sem einkunnarorð fyrir ljóði sem heitir Veröldin. Í heild hljóðar þessi kaffi í bréfi Konráðs svo:

Jeg verð öldungis lama á skinnsálinni, þegar jeg þenki þar um. Sjera Tómas er niðr í jörðunni, og Þú á Saurum og Brynjólfur hjartveikur og í aðsigi með að verða sýslumaður. Og sólin er ekki eins björt og veðrið ekki eins heitt og heimurinn ekki eins fagur og 1834. Í guðs nafni huggaðu mig, Jónas! jeg hef misst

²¹ Sama rit, bls. 145.

²² Aðalgeir Kristjánsson: *Síðasti Fjölnismaðurinn*, bls. 143–149.

²³ Hann fjallar um þetta í bréfum sínum, sjá Konráð Gíslason: *Bréf*, bls. 191 o.áfr.

²⁴ Aðalgeir Kristjánsson: *Síðasti Fjölnismaðurinn*, bls. 251.

alla veröldina. Gefðu mjer veröldina aptur, Jónas minn! Þá skal jeg aldrei biðja Þig optar.²⁵

Ekki er að undra að þessi eftirminnilegu orð hafi orðið skáldum og fræðimönnum íhugunarefni, eins og bæði má sjá á heitinu á bók Eiríks Guðmundssonar og þessu ljóði Sigfúsar. En skáldið lét ekki þar við sitja heldur orti annað ljóð sem heitir Suður yfir Mundíafjöll, en í því eru fjölmargar vísanir í bréf Konráðs til Brynjólfs og Jónasar sumarið og haustið 1844. Sigfúsi vannst ekki tími til að ganga endanlega frá ljóðinu áður en hann féll frá og það hefur því verið prentað eins og hann flutti það á bókmenntasamkomu árið 1995.²⁶ Einkunnarorð ljóðsins eru tekin úr bréfinu sem Konráð skrifaði Brynjólfi frá Leipzig 14. júní og hljóða svo: „Mikil undur og ósköp vildi jeg gefa til þess ef jeg ætti – fyrir víst 10 ár af lífi mínu – að geta komizt suður yfir Mundíafjöll, o.s.frv., og færast allt af fjær og fjær.“²⁷ Ljóð Sigfúsar hljóðar svo í heild:

Suður yfir Mundíafjöll

Alltaf fjær og fjær?

En hví þá, góði Konráð?

Var ekki neinna annarra kosta að æskja?

Engin ásættanleg málamiðlun á boðstólum
til handa þeim sem ekki unir neinu?

²⁵ Konráð Gíslason: *Bréf*, bls. 69–70. Bréfið til Jónasar er skrifað í Kaupmannahöfn á föstudaginn langa 1844, áður en Konráð fór suður til Þýskalands. Séra Tómas Sæmundsson var látinn þegar þetta er ritað (d. 1841) og hvorki Jónasi né Brynjólfi var langra lífdaga auðið. Jónas var allur rúmu ári síðar (1845) og Brynjólfur lést 1851.

²⁶ Sbr. Þorstein Þorsteinsson: *Ljóðhús. Þættir um skáldskap Sigfúsar Daðasonar*. Reykjavík 2007, bls. 382–385. Sjá einnig grein Bergljótar Soffíu Kristjánsdóttur: „Og gá þar að orði ...“ Í tilefni af bók Þorsteins Þorsteinssonar *Ljóðhús. Þættir um skáldskap Sigfúsar Daðasonar*.“ *Skírnir*, 183. ár, hausthefti 2009, bls. 308–334; hér einkum bls. 318–321.

²⁷ Konráð Gíslason: *Bréf*, bls. 78–79.

Hvarflaði aldrei að þér,
virðulegi Konráð,
að semja þér nýja ferðaáætlun,
leita uppi einhvurn stað í raunverunni
– og samt nærri hlutlausan –
sem vera mætti að fyndist
svo sem mitt á milli nálægðar
og endalausrar fjarlægðar?

Hefði ekki verið fært
að halda áfram um sinn
án ósanngjarnra tilætlana?
Stefna, til að mynda, suður á Púl
– þó ekki væri lengra miðað –
og nema þar staðar
næstum alveg friðvænlegur í skapi ...
rétt sem ekkert amaði að ...
Til að mynda í Bár, ja-á?
Já, einna helst í Bár!
Fá þér þar sæmilegt herbergi
og þægilega þjónustu
(ekki verra 'ún væri mælt á grísku).
Viðkunnanlegur blær trúir ég að sé
yfir landinu á þessum slóðum
einkum snemma á morgnana
þegar heimurinn tekur til að endurfæðast.

Staldra þar við um hríð
– varla skemur en eitt ár þætti mér hæfilegt –
nújæja: altjent ... altjent hálf ár ...
Alls ekki svo
sem þú byggist til að taka neitt heljarstökk
út í bláinn

ellegar gerðir endilega ráð fyrir því
 að rata á óvissustigu.
 Heldur allt settlegt
 jafnvel sveitasælulegt
 og málfræðin meira að segja ennþá
 ofar öðrum freistingum.

Einhver tvíveðrungur þá samt, góði Konráð,
 í óskum og þrám?
 Einhverjar áhyggjur og efasemi,
 dýrmæti Sir?
 Priklaus í Kreischa raunar
 og aldrei nema nokkurnegin einlægur.
 En hví að vera að fást um þvílíka smámuni?

Hógværðarhjúpur
 ellegar harðneskjudul –
 væri þér ekki líka um og ó
 að velja eindregið þarna á milli?
 Ætli nokkur vitringur
 – eða hálfvitringur –
 purkunarsamur eða óprúttinn
 færi að lá þér
 þótt þú álitir óhultast
 að fyrirgefa Brynjólfi?
 (Naumast heldur hyggilegt
 að hrekja vini sína frá sér!
 Enda ertu kominn á þann aldur, lagsmaður!
 að enginn almennilegur kvenmaður
 enginn kvenmaður
 alls enginn
 alls enginn kvenmaður
 fengist til þess lengur
 að liggja undir þér kauplaust.)

Nei! Nei heyrir mér þú svara
 óspurðri spurningu.
 Fleira en í fyrstu mun hafa virzt
 er svo andskoti satt
 að það er óskrifandi.
 Englendingar
 – þó einkennilegt kunni að sýnast –
 hafa gaman af
 að þjóta gegnum alla veröldina
 til að flýta lífinu.
 Life is very long
 munu þeir reyndar staðhæfa
 á næstu öld en ekki á þessari.

En djöfullinn á mórauðum buxum
 er farinn að berja fótastokkinn
 fyrir aftan þig, góði Konráð!
 Priklaus, priklaus,
 priklaus í Dresden
 og bráðum ekkert úrræði annað
 en snúa aftur til Hafnar
 – í veikri von
 og daufri trú
 og gá þar að orði
 sem kynni samt að ná
 yfir alla veröldina.²⁸

Eins og sjá má tekur Sigfús ýmsa þræði upp úr bréfum Konráðs og spinnur úr skemmtilegan vef.²⁹ Það eru engin tíðindi að nútímaskáld

²⁸ Sigfús Daðason: *Ljóð 1947–1996*. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar. Reykjavík 2008, bls. 209–212.

²⁹ Svo dæmi sé tekið vísar Sigfús í bréf sem Konráð skrifar Jónasi frá Kreischa 25. júní 1844 (Konráð Gíslason: *Bréf*, bls. 85–94). Þaðan eru m.a. tekin orðin um að vera „aldrei nema nokkurnegin einlægur“ – eins og sjá má á tilvitnun í bréf Konráðs fyrr í

leiti víða fanga og vísi í texta frá fyrri tíð, en Sigfús gengur skrefi lengra og lætur rödd Konráðs óma í ljóðinu. Þetta eru ekki tilfallandi vísanir heldur skapandi textatengsl sem leiða í ljós að bréfin eru á köflum líkari skáldskap en hversdagslegum boðsendingum milli manna. Skáldið sendir Konráð yfir Alþafjöll og suður til Puglia og Bari á Adríahafsströnd Ítalíu. Þannig fáum við mynd af þeim möguleika að ferð Konráðs hefði verið líkari þeim *Grand Tour* sem Tómas fór á sínum tíma. En um leið nær Sigfús að lýsa persónueinkennum og hugarheimi Konráðs, ekki síst *tvíveðrunum* sem í honum er, þessum *hógværðarhjúpi eða harðneskjudul* sem gera manninn svo sérstakan, en eru honum að vissu leyti fjötur um fót og valda því að hann verður að láta nægja að óska sér yfir Mundíafjöll í stað þess að ganga suður sjálfur. Konráð snýr aftur til Hafnar, jafnt í ljóði Sigfúsar sem í veruleikanum, en orðsins maður, málfræðingurinn, á þó von um að sitja kyrr en samt að vera að ferðast. Hinn leitandi hugur getur verið á *Grand Tour* þó að kroppurinn fari hvergi og í krafti málsins geta upp lokist fyrir honum viddir sem eru huldar öðrum mönnum. Helsta meðal Konráðs við hvers kyns vanlíðan – fyrir utan ferðalögin – virðist löngum hafa verið að sökkva sér í vinnu.³⁰ Alla ævina var hann að fást við orð, og kannski fann hann á endanum þetta eina sem náði yfir alla veröldina.

En við sem njótum texta Konráðs ættum kannski að íhuga hvort við þurfum ekki að finna einhver orð sem auðvelda okkur að hætta að

þessari grein – og einnig orðin sem dvalið er við í ljóðinu, að vera kominn á þann aldur að enginn kvenmaður vilji liggja kauplaust undir manni: „Sir! Það er hvorttveggja, að jeg er orðinn so gamall, að „enginn almennilegur kvenmaður vill liggja undir mjer *kauplaust*“ (eins og maðurinn ljet sjer um munn fara), og að vatnið tekur úr manni alla náttúru; enda sjer það á“ (sama rit, bls. 87). Margar fleiri vísanir eru fólgnar í ljóði Sigfúsar og í ýmsa aðra texta en bréf Konráðs. Í setningunni um að á næstu öld muni Englendingar staðhæfa að „Life is very long“ vísar hann t.d. í *The Hollow Men* eftir T.S. Eliot, eins og Þorsteinn Þorsteinsson bendir á í umfjöllun sinni um ljóðið (*Ljóðbús*, bls. 384).

³⁰ Brynjólfur orðar þetta svo í bréfi til Gríms Thomsens 6. desember 1846: „Konráð var kominn frá Þýskalandi – Wien, Munchen etc: – þar hafði hann verið á þriðja mánuð. Síðan hann kom heim hefur hann *sökkt* sjer niður í erfiði, enda er hann nú farinn að verða manneskjulegur aptur“ (Brynjólfur Pétursson: *Bréf*, bls. 105).

hugsa um þá sem hefðbundin bréfaskrif. Eins og hér hefur verið rakið má líta á textana sem tilraun til að víkka bókmenntaformið út og þróa nýjan tjáningarhátt. Bréfin búa yfir margháttuðum textatengslum við skáldskap Jónasar og annarra höfunda sem Konráð vitnar til og vinnur úr, en þau fæða líka af sér nýjan skáldskap hjá Sigfúsi Daðasyni og eru að því leyti hluti af ákveðnu samhengi og framvindu. Póesían býr í fleiri textum en þeim sem hefð er fyrir að telja til hreins skáldskapar. Konráð orti reyndar einnig kvæði og stökur af ýmsu tagi,³¹ en frumlegasta framlag hans liggur þó án efa í bréfunum. Sjálfsagt þarf fleira að koma til svo að við lærum að meta frumleika Konráðs að verðleikum, en kannski gætum við einfaldlega byrjað á því að sæma hann heitinu *bréfaskáld* í þeirri von að það breytti einhverju?

³¹ Sigurður Nordal: „Svo kvað Konráð.“ *Skírnir*, 118. ár, 1944, bls. 37–50.

TVÆR ATHUGAGREINAR UM GRÍM THOMSEN

I. Á Sprengisandi

SUMARIÐ 1861 FÓR GRÍMUR THOMSEN norður í land ásamt fleiri mönnum og riðu þeir um Sprengisand. Sú ferð varð tilefni hins þekkta kvæðis sem hefst á orðunum „Ríðum, ríðum og rekum yfir sandinn“, en það birtist fyrst í ljóðasafninu *Snót* 1877.¹ Kvæðið lýsir reið og rekstri og er þar að líkindum átt við lausa hesta sem menn höfðu til reiðar eða hesta undir klyfjum sem reknir voru yfir sandinn. Þess má geta að langar lestir hesta fóru um Sprengisand með varning milli landsfjórðunga og var t.d. mikið um að skreið væri flutt með þeim hætti.² Líklegra er þó að í kvæðinu sé átt við ferð eins og þá sem Grímur fór með félögum sínum. Ekki er til lýsing á ferðinni en væntanlega hafa þeir haft hesta til reiðar og undir klyfjar. Kiðagil í Bárðardal sem ort er um hefur löngum verið eins konar vin í huga langþreyttra ferðalanga, enda voru þar fyrstu grasbalarnir sem hægt var að beita hestunum á eftir að komið var norður yfir Sprengisand, „hinn graslausa, hagavana auðnargeim“.³

Kvæðið er formálalaust og færir okkur inn í atburðina miðja (lat. *in medias res*). Við erum í einni svipan komin á bak – ljóðmælandinn hvetur okkur áfram – og ríðum yfir sandinn eins og við höfum

¹ Kvæðið heitir Sprengisandsvísir í *Snót* (3. útg. Akureyri 1877, bls. 165–166) en Á Sprengisandi í síðari útgáfum. Orðalagsmunur er auk þess á nokkrum stöðum: 3. lína: hér á ferð > hér á reiki; 12. lína: eru þar að smala > eru kannske að smala; 13. lína: Ríðum, ríðum, og > Ríðum, ríðum; 16. lína: í hennar leið > á hennar leið.

² Hallgrímur Jónasson: „Á Sprengisandi. Ferðaleiðir og umhverfi.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík 1967, bls. 120.

³ Sama rit, bls. 130.

aldrei gert annað. Sagt er frá í nútíð og við erum ekki þar heldur *hér* á hálendinu meðan degi hallar. Staðurinn er markaður með tilvísun til þekktra örnefna og kennileita á borð við Sprengisand, Arnarfell, Ódáðahraun, Herðubreið og Kiðagil. Orðavalið er fremur hlutbund-
ið þó að lýsingin taki jafnt til yfirnáttúrulegra sem efnislegra fyr-
irbæra. Í kvæðinu ber mikið á myndmáli og því er víða höfðað til
skynfæranna, einkum sjónar og heyrnar. Umhverfið stendur okkur
lifandi fyrir hugskotssjónum.

Setningarnar eru í styttra lagi og yfirleitt fara saman setningaskil
og bragfræðileg skil, þ.e. flestar setningarnar fylla eina ljóðlínu hver.
Innan um og saman við eru þó setningar sem halda áfram yfir í næstu
línu (fr. *enjambement*, sjá 9.–10., 11.–12. og 17.–18. línu). Orðaröð-
in í kvæðinu vekur sérstaka athygli. Í bundnu máli er nafnorðum eða
nafnliðum stundum skipað aftar í setningu eða ljóðlínu en vera ætti
samkvæmt sjálfgefni orðaröð íslensku (frumlag, sögn, aðrir liðir).
Hvorki fleiri né færri en sextán ljóðlínur af átján enda hér á nafnorði
eða nafnlið, en nokkur þeirra ættu að standa framar í línu samkvæmt
sjálfgefni orðaröð (a.m.k. orðin í 3., 6., 7. og 8. línu). Hin bakskip-
uðu nafnorð – ég nota hugtakið bakskipun sem andstæðu við fram-
skipun (lat. *inversio*) – fá aukinn þunga við það að þau eru um leið
rímorð, þannig að línulokin hjá Grími minna einna helst á svipuhögg
þar sem lýst er ákafri reið yfir ógnvænlegan eyðisandinn:

Ríðum, ríðum og rekum yfir *sandinn*,
rennur sól á bak við *Arnarfell*,
hér á reiki er *margur óhreinn andinn*,
úr því fer að skyggja á *jökulsvell*;
Drottinn leiði *drösulinn minn*,
drjúgur verður *síðasti áfanginn*.

Þey þey! þey þey! þaut í holti *tóa*,
þurran vill hún blóði væta *góm*,
eða líka einhver var að húa

undarlega *digrum karlaróm*;
útilegumenn í *Ódáðabraun*
eru kannske að smala fé á *laun*.

Ríðum, ríðum, rekum yfir *sandinn*,
rökkrið er að síga á *Herðubreið*,
álfadrottning er að beisla *gandinn*,
ekki er gott að verða á *hennar leið*,
vænsta klárinn vildi eg gefa til
að vera kominn ofan í *Kiðagil*.⁴

Grímur beitir fleiri brögðum í kvæðinu. Erindin hefjast öll á sítekn-
ingu (gr. *epizeuxis*), þ.e. „Ríðum, ríðum“ (tvívegis) og „Þey þey! þey
þey!“, en það stílbragð er oft notað til áherslu og hefur einnig á sér
yfirbragð sefjunar eða fjölkynngi. Hér má einnig sjá dæmi þess sem
kalla mætti fleygun setningarliða (gr. *hyperbaton*, ‘stíga yfir’), en þá
er orðum fleygað á milli orða sem venjulega standa saman. Nafn-
liðurinn „þurr gómur“ er fleygaður þannig að fjögur orð eru á milli
lýsingarorðsins og nafnorðsins sem það á við: „þurran vill hún blóði
væta *góm*“ (sjálfgefin orðaröð væri þessi: hún vill væta þurran góm
blóði). Grímur notar þetta stílbragð talsvert eins og sjá má á upphafi
kvæðisins sem hann kallar Ólund: „*Háum* helst und *öldum*, / *haf* á
botni *köldum*, / vil eg *lúin* leggja *bein*, / á *hálu* hvílast *þangi*...“⁵ Það
lítur því út fyrir að stílbragðinu sé einkum ætlað að árétta annarleika
og óhugnað. Í viðara samhengi getum við kannski ályktað sem svo
að oft sé fleygun notuð í skáldlegri orðræðu þar sem leitast er við að
lýsa hrikalegri náttúru og ógnum hennar. Fjallið Skjaldbreiður eftir
Jónas Hallgrímsson hefst á líkan hátt: „*Fanna* skautar *faldi háum* /
fjallið, allra hæða val; / *brauna* veitir *bárum bláum* / *breiðan* fram um
heiðardal.“⁶

⁴ Grímur Thomsen: *Ljóðmæli*. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Reykjavík 1969, bls. 76–77 (leturbreyting mín).

⁵ Sama rit, bls. 72 (leturbreyting mín).

⁶ *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* I. *Ljóð og lausamál*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 129 (leturbreyting mín).

Ekki ætla ég mér þá dul að fullgreina þetta margbrotna kvæði í örstuttri grein, en ég vil þó varpa fram þeirri spurningu hvort ekki geti verið að stílblagðið vísun (e. *allusion*) komi meira við sögu í kvæðinu en menn hafa haldið. Hallfreður Örn Eiríksson hefur vikið að tengslum þessa kvæðis við íslenska þjóðtrú og þykir hér margt kunnuglegt, ekki síst hin almenna vísun í útilegumannasögur, en öllu óíslenskari þykir honum álfadrottningin vera og telur að þar geti verið um að ræða áhrif frá þýskri þjóðtrú og skáldskap (sbr. álfakonung eða *Erlkönig* Goethes og álfadrottningu Heines í Álfareiðinni eins og kvæðið heitir í þýðingu Jónasar Hallgrímssonar). Um línuna „hér á reiki er margur óhreinn andinn“ segir Hallfreður: „Verið getur, að Grímur hafi haft drauga í huga, en tröllin voru hundheiðin líka.“⁷ En kannski þurfum við að leita út fyrir þjóðtrúna til að skilja betur hvað Grímur á við með þessum orðum. Í Matteusarguðspjalli 12:43–44 segir: „Nær óhreinn andi fer út af nokkrum, þá ráfar hann um eyðimerkur, leitar híbýlis og finnur ekki; þá segir hann með sér: eg vil aptur snúa til húss míns, hvaðan eg fór...“⁸ Í Lúkasarguðspjalli 11:24 hljóðar þetta svo: „Þegar óhreinn andi fer út af manni, ráfar hann um vatnslausar eyðimerkur, leitar hælís, og nær hann ekki finnur það, þá segir hann við sjálfan sig: eg vil hverfa aptur í hús mitt, hvaðan eg fór...“⁹ Þessi ritningargrein hefur orðið ýmsum Íslendingum umhugsunarefni í aldanna rás og í þeim hópi eru ekki ómerkari menn en Jón biskup Vídalín og Jónas Hallgrímsson.¹⁰ Það skiptir þó meira máli í þessu samhengi að ritningargreinin virðist hafa orðið hugstæð Grími sjálfum ef marka má kvæði hans Afturgöngur. Lokaorð þess eru eftirtektarverð: „en – útlagar guðs „um auða staði / andar reika fortapaðir“.“¹¹ Ekki verður betur séð en orðin sem Grímur hefur þarna innan gæsalappa séu bein tilvitnun í þessa sömu ritningargrein,

⁷ Hallfreður Örn Eiríksson: „Sagnir og þjóðkvæði í skáldskap Gríms Thomsens.“ *Gripla* V (1982), bls. 162–182; hér bls. 164.

⁸ *Biblía það er öll Heilög ritning*. Reykjavík 1859, bls. 859.

⁹ Sama rit, bls. 913.

¹⁰ Sjá skýringar mínar í *Ritverkum Jónasar Hallgrímssonar* IV. *Skýringar og skrár*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 316.

¹¹ Grímur Thomsen: *Ljóðmáli*, bls. 373.

þó að hann umorði rímsins vegna. Munurinn er sá að andarnir sem reika um auða staði eða eyðimerkur eru ekki óhreinir í þessu tilviki heldur týndir eða glataðir.¹²

Það vekur ugg að vita af því að óhreinir andar leiti sér að bólstað í mönnum (sem eru kallaðir hús í ritningargreinunum) eða vilji þeim illt. Láí ljóðmælanda hver sem vill að ákalla Drottin þegar hann finnur fyrir návist þeirra á Sprengisandi. Vísunin eykur því enn á óhugnaðinn í kvæðinu og gerir skiljanlegri þá örvæntingu sem skín úr orðum ljóðmælanda í lokin, þegar hann segist fús að fórna besta reiðskjótanum fyrir það eitt að komast til byggða. Eyðisandurinn er þá ekki aðeins kjörlendi viðsjárverðra útilegumanna og álfadrottninga heldur er hann auk þess andsetinn.¹³

Sá sem fer um slíkar slóðir lendir hæglega í lífs- og sálarháska. Þessum háska kemur Grímur svo vel til skila með vísunum, myndmáli og ýmsum mælskubrögðum að jafnvel þeir sem hafa aldrei á Sprengisand komið fyllast hálfgerðum óhug við það eitt að lesa kvæðið í hljóði eða heyra það flutt. Vænsti klár Gríms er í þeim skilningi skáldfákurinn sjálfur sem rennur á retoriíkinni einni saman yfir andans eyðisanda.

¹² Sögnin fortapa er gamalt tökuorð í íslensku biblíumáli og kemur m.a. fyrir í Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar. Sjá Chr. Westergård-Nielsen: *Låneordene i det 16. århundredes trykte islandske litteratur. Bibliotheca arnamagnæana* VI. Kaupmannahöfn 1946, bls. 125 (sbr. nafnorðin fortapan og fortöpun, bls. 125 og 127).

¹³ Fyrir á tíð fóru menn með Brynjubænir eða særingar móti illum öndum. Ein er á þessa leið: „Eg særi þig, óhreinn andi, í burt frá þessum manni, eður mér og mínum, hvort sem það er heldur kona eða karlmaður, skyldur eða vandalaus. Eg særi þig frá öllum, sem eg vil það gjöra, og eg vil þessa bæn yfir lesa, eður eg hana yfir legg. Í þriðja máta særi eg þig frá öllum þeim skepnum, sem eg þessa bæn yfir les. Þessa særing les eg yfir þér í nafni þess krossfesta Jesu Christi, og vegna sinnar ástar og kærleika, sem hann hefir á sínum börnum...“ *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* I. Safnað hefir Jón Árnason. Leipzig 1862, bls. 455. Bænir eða særingar af þessu tagi sýna að erfitt getur verið að draga skörp skil á milli þjóðtrúar og biblíutrúar. Vel má vera að Grímur hafi í senn í huga áður nefnda ritningargrein og almenna þjóðtrú Íslendinga um „óhreina staði“. Um þá síðarnefndu, sjá Einar Ól. Sveinsson: *Um íslenskar þjóðsögur*. Reykjavík 1940, bls. 131.

II. Kjarnyrði um fagurfræði

Í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn eru varðveitt kjarnyrði Gríms Thomsens um fagurfræði, „Aforismer om Æsthetik (tildels efter Jean Paul)“. Þetta eru 39 handskrifaðar síður í handritanúmerinu NKS 1839 4to. Kjarnyrðin, sem eru á dönsku eins og flest það sem Grímur samdi um fagurfræði, eru að öllum líkindum frá fimmta áratug 19. aldar, þegar hann var hvað mest að fjalla um þessi efni í námi sínu, ræðu og riti, en handritið er án ártals. Ef þrengja ætti hringinn frekar mætti giska á að kjarnyrðin væru skrifuð um eða upp úr 1840, því að Grímur vitnar kunnuglega til Jeans Paul í ritgerðinni *Om den nyfranske Poesi* sem hann samdi 1841 og var gefin út 1843.¹⁴ Ekki verður þó sagt að Jean Paul sé mjög fyrirferðarmikill í prentuðum ritgerðum Gríms og það vekur því meiri athygli að hann skuli gera honum svona mikil skil í kjarnyrðum sínum. Það hefði komið minna á óvart ef Grímur hefði t.d. dregið saman kjarnyrði úr skrifum Hegels sem vitað er að hafði mikil áhrif á fagurfræði hans.

Þjóðverjinn Johann Paul Friedrich Richter (1763–1825), sem tók sér skáldanafnið Jean Paul, var þekktur rithöfundur á sinni tíð, þó að hann sé ekki mikið lesinn á okkar dögum. Hann skrifaði m.a. inn- gang að fagurfræði, *Vorschule der Ästhetik*, sem kom fyrst út 1804 og aftur 1813. Það sem hefur einkum vakið athygli Gríms í þessu riti, og hann ræðir í fyrri hluta kjarnyrða sinna, eru íhugunarefni eins og snilligáfa, stilling eða gætni, hið háleita (*das Erhabene, det Ophøjede*), rómantík, hlátur, ástríður og siðferðilegt hlutverk skáldskapar. Lauslegur samburður sýnir að Grímur glósar hér beint upp úr þýska ritinu, þannig að bls. 1–4 svarar til 11.–12. greinar hjá Jean Paul og bls.

¹⁴ Grímur Thomsen: *Om den nyfranske Poesi...* Kaupmannahöfn 1843, bls. 10, 61 (þar sem hann ræðir um skilning Jeans Paul á hugtakinu rómantík), 69, 99–100 (þar sem hann vitnar í umfjöllun Jeans Paul um snilligáfu í *Vorschule der Ästhetik*), 101 (þar sem hann vitnar aftur í *Vorschule der Ästhetik*) og 128 (þar sem hann ræðir um skilning Jeans Paul á satúrinni). Grímur minnst líka á Jean Paul í fagurfræðilegu samhengi í meistara- prófsritgerð sinni *Om Lord Byron*. Kaupmannahöfn 1845, bls. 167 (þar sem hann ræðir um hið háleita eða *det Ophøjede*).

4–13 til 22.–29. greinar hjá honum.¹⁵ Í síðari hluta kjarnyrða sinna (bls. 15–39) fjallar Grímur svo almennt um heimspeki Kants og þá um hugmyndir hans um hið fagra, einnig um hugmyndir Schillers um sama efni og um hugmyndir Friedrichs Schlegel um íroníu í skáldskap.¹⁶ Það er því óhætt að segja að þarna sé komið víða við og þyrfti miklu lengra skrif en þetta hér til að henda reiður á því öllu. Sú rannsókn bíður betri tíma, en við höfum þó nóg í höndunum til að geta dregið eftirfarandi ályktanir:

Ljóst er að *Vorschule der Ästhetik* hefur höfðað til Gríms og hann talið ómaksvert að skrifa fjölmargar síður með hliðsjón af þessu riti. Jean Paul var einn helsti satíristi síns tíma og í fagurfræði sinni gerir hann hlátrinum einkum hátt undir höfði.¹⁷ Þetta hefur vakið Grím til umhugsunar, eins og sjá má á umræðu hans um hlátur og íroníu. Alvörubundið háð eða íronía var honum mjög að skapi og meðal þess sem dró hann að Byron lávarði, að því ógleymdu að sjálfur beitti hann háði af mikilli íþrótt bæði í lífi og list.

Það er alkunna að á yngri árum var Grímur undir miklum áhrifum frá Hegel, en það er jafnljóst að hann leitaði víðar fanga í fagurfræði. Kjarnyrðin sýna ásamt öðru hve vel hann kynnti sér það sem aðrir fagurfræðingar en Hegel höfðu til málanna að leggja.

Ef það er rétt til getið að kjarnyrðin séu frá því um 1840 má sjá í þeim upphafsstef sem Grímur átti eftir að útfæra frekar í síðari skrif-

¹⁵ Sbr. Jean Paul: *Vorschule der Ästhetik. Kleine Nachschule zur ästhetischen Vorschule*. Ritstj. Norbert Miller. München 1963 (textinn frá 1813 er lagður til grundvallar í þessari útgáfu), bls. 55–59 (11.–12. grein) og bls. 86–119 (22.–29. grein).

¹⁶ Skilningur Jeans Paul á því sem hann kallar húmor (*Humor*) er mjög líkur skilningi Friedrichs Schlegel á hugtakinu íroníu, sbr. René Wellek: *A History of Modern Criticism 1750–1950*. 2. *The Romantic Age*. Cambridge o.v. 1981 (frumútg. 1955), bls. 108.

¹⁷ Þess má geta að hláturfræðingurinn Mikhail Bakhtin fer viðurkenningarorðum um framlag Jeans Paul til þessara fræða í riti sínu *Rabelais and His World*. Segir hann að Jean Paul hafi gert sér grein fyrir tengslum hláturs og grótesku en þó ekki skilið til fulls hve víðtæku og jákvæðu hlutverki hláturinn geti gegnt: „He does not separate the grotesque from laughter. He understands that without the principle of laughter this genre would be impossible. But his theory concerns itself only with a reduced form of laughter, a cold humor deprived of positive regenerating power.“ *Rabelais and His World*. Hélène Iswolsky þýddi. 2. útg. (Þýðingin var fyrst gefin út 1968 en bók Bakhtins var frumútgefin á rússnesku 1965.) Bloomington, Indiana 1984, bls. 42.

um sínum. Hugtök eins og hið háleita og stilling eða gætni áttu t.d. eftir að verða lykilatriði í skilgreiningu hans á sérkennum norræns skáldskapar, eins og hann túlkaði þau í ritgerðum sínum og ræðum á síðari hluta fimmta áratugarins.¹⁸

Kjarnyrðin gefa okkur því sjaldgæfa innsýn í lestur og vinnubrögð Gríms, en hann fór snemma að stunda þá iðju að hylja spor sín jafnt á andlega sem á veraldlega sviðinu og hefur af þeim sökum orðið mönnum meiri ráðgáta en margir aðrir 19. aldar Íslendingar.

¹⁸ Andrés Björnsson þýddi helstu ritgerðir Gríms um þetta efni og gaf út undir heitinu *Íslenzkar bókmenntir og heimsskoðun*. Reykjavík 1975. Ég fjalla nokkuð um ofangreind hugtök í 4. kafla bókarinnar *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskrí rómantik*. Reykjavík 1999 og í grein minni „Og andinn mig hreif upp á háfjallatind.“ Nokkrar birtingarmyndir hins háleita á 19. öld.“ *Skorrdæla – gefin út í minningu um Svein Skorra Höskuldsson*. Ritstj. Bergljót S. Kristjánsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson. Reykjavík 2003, bls. 155–177. Um fræðiskrif Gríms má lesa í bók Kristjáns Jóhanns Jónssonar, *Kall tímans. Um rannsóknir Gríms Thomsen á frönskum og enskum bókmenntum*. Studia Islandica 58. Reykjavík 2004.

SKÁLDIÐ GÍSLI BRYNJÚLFSSON

GÍSLI GÍSLASON, SEM SEINNA TÓK UPP EFTIRNAFN föður síns og kallaði sig Brynjúlfsson, fæddist 3. september 1827. Hann var sonur Gísla Brynjúlfssonar (1794–1827), prests á Hólmum í Reyðarfirði, og konu hans Guðrúnar Stefánsdóttur (1799–1890). Faðir Guðrúnar var Stefán Þórarinsson amtmaður (1754–1823), föðurbróðir Bjarna Thorarensens skálds. Hafði Bjarni beðið um hönd frænku sinnar og varð það úr að þau trúlofuðust árið 1816 þó að Guðrún væri vart af barnsaldri, en hún varð afhuga honum og sleit trúlofuninni tveimur árum síðar. Gekk hún að eiga séra Gísla árið 1824. Hann var einn mesti lærdómsmaður þjóðarinnar á sinni tíð. Auk guðfræði lagði hann stund á rúnafræði og náttúruvísindi við Hafnarháskóla og var honum veitt doktorsnafnbót árið 1823 fyrir ritgerð um rúnir. En Gísla varð ekki langra lífdaga auðið í hjónabandinu. Hann drukknaði í Reyðarfirði rúmlega tveimur mánuðum áður en Gísli yngri fæddist og var þá á 33. aldursári. Hafði hann lagst til sunds til að bjarga báti sem rekið hafði frá landi. Var hann harmdauði öllum sem til hans þekktu og þótti þar skarð fyrir skildi í íslenskum menntum, enda hafði mikils verið vænst af Gísla á því sviði. Samtímaheimildir lýsa honum svo að hann hafi verið gáfumaður og góðmenni.

Að manni sínum látnum fluttist Guðrún að Ketilsstöðum á Völlum til Önnu systur sinnar og Páls Melstedts sýslumanns, sem síðar varð amtmaður, og þar fæddi hún Gísla. Dvöldust þau mæðgin eftir það á þremur stöðum austanlands og norðan: Á Ketilsstöðum, í Heydölum og í Enni í Sléttuhlíð, hjá Lárusi Thorarensen sýslumanni, bróður Guðrúnar. Árið 1835 fluttu þau til Reykjavíkur. Hóf Gísli nám í

Bessastaðaskóla haustið 1841 og brautskráðist þaðan vorið 1845 með ágætiseinkunn. Sigldi hann til Kaupmannahafnar um sumarið og hóf nám í lögfræði við háskólann. Ekki virðist hann þó hafa haft ýkja mikinn áhuga á þeirri fræðigreini, eins og ráða má af kvæði sem hann orti 1846 til kunningja síns, Fjölnismannsins Konráðs Gíslasonar, sem hefst á þessum orðum:

Leiður er ég á lögum,
leiður á molludögum,
leiður á lífsins snögum,
leiður á flestum brögum,
leiður á lýðum rögum
og lærdóms sundurhlutan,
leiður á öllu utan
Íslendingasögum.¹

Gísli sótti þó fyrirlestra hjá lagakennurum sínum fram á vor 1848, en las bókmenntir og málfræði meðfram. Er til óprentuð glósubók Gísla úr laganáminu (NKS 3320 4to, skrifuð veturinn 1846–1847) sem sýnir að hann var iðulega með hugann við skáldskap undir ræðum kennaranna, enda breytast lagaglósurnar í bundið mál og bókmenntagreinar þegar minnst varir. Fleiri óprentuð handrit liggja eftir Gísla, t.d. dagbókarbrot frá sumrinu 1846 (í NKS 3320 4to), ýmis bréf (einkum í NKS 3263 4to), sögur og sögubrot í anda þjóðsagna (í NKS 3320 4to)² og ótal minnisgreinar, svo fátt eitt sé talið. Ekki þarf að blaða lengi í eftirlátnum gögnum Gísla til að sjá að þar fór maður sem hafði lifandi áhuga á öllu milli himins og jarðar en átti að sama skapi erfitt með að festa huga og hönd við eitthvað eitt og varð

¹ Gísli Brynjúlfsson: *Ljóð og laust mál*. Sveinn Yngvi Egilsson bjó til prentunar. Reykjavík 2003, bls. 133. Eftirleiðis verður vitnað í þessa bók með blaðsíðutali í meginmáli.

² Sjá eftirfarandi greinar: Jón Samsonarson: „Byltingasinnað skáld í þjóðfræðaham.“ *Gripla X* (1998), bls. 167–196; Ögmundur Helgason: „Sögur afdalakarlsins – Mórauði hundurinn, útilegumannasaga – eftir Gísla Brynjúlfsson.“ *Slæðingur*, 2. ár (1997), bls. 23–30; sami: „Þjóðsagnasmásögur.“ *Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni*. Reykjavík 1998, bls. 401–411.

Því minna úr verki en efni stóðu til. Honum varð þetta snemma ljóst sjálfum, enda segir hann í dagbók sinni 2. janúar 1848 (bls. 229):

Í morgun fór ég á fætur kl. 10½. Hímdi. Við því hættir mér yfirhöfuð mest, ég get ei byrjað á neinu, því ég vil byrja á svo mörgu, og svo verður ekki úr ævi minni, sem hún nú er, annað en:

„vakandi draumar
og vera sofandi ...“

Eftir tveggja ára dvöl í Höfn brá Gísli sér heim til Íslands sumarið 1847 en sigldi aftur utan um haustið. Lagði hann nú einkum stund á norræn fræði, enda þótt hann lyki aldrei prófi í þeirri grein. Gísli varð styrkþegi Árnasjóðs 1848 og naut styrksins til 1877. Vann hann einkum að fornritaútgáfum á vegum sjóðsins, en ekki þótti hann afkastamikill fræðimaður. Hann var í forstöðunefnd *Nýrra félagsrita* 1848–1859. Gísli tók virkan þátt í stjórnámálum og var þingmaður Skagfirðinga 1859–1863. Dvaldi hann þá hér á landi um þingtím-ann en annars bjó hann í Höfn það sem eftir var ævinnar. Komst hann upp á kant við pólitískan leiðtoga landsmanna, Jón Sigurðsson forseta, og dró það dilk á eftir sér og gerði stöðu Gísla erfiða gagnvart Hafnar-Íslendingum. Þeir hæddu hann og útskúfuðu úr hópi sínum, þannig að hann einangraðist æ meir eftir því sem árin liðu.³ Benedikt Gröndal gerði Gísla að persónu í gamanleikriti sínu *Gandreiddinni* (1866), kallaði hann Gunnar helming og má taka það viðurnefni sem áfellingisdóm bæði yfir stjórnámálaskoðunum Gísla og afrekum hans á fræðasviðinu. Gröndal sá eftir þessu síðar og segir í æviminningum sínum: „En þetta var þá tíðarandinn, að fyrtaf við alla, sem ekki fylgdu Jóni Sigurðssyni í blindni. ... Gísli hafði aðrar skoðanir en Jón, hann vildi fara einhvern miðlunarveg, en Íslendingar höfðu enga

³ Þorvaldur Thoroddsen telur að ofsóknir stúdenta gegn Gísla hafi ekki byrjað fyrr en eftir 1880, en eins og *Gandreiddin* sýnir var farið að anda köldu til hans löngu fyrr. Þorvaldur Thoroddsen: *Minningabók*, I. bindi. Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga. Kaupmannahöfn 1922, bls. 135–137; hér bls. 136.

hugmynd um aðra pólitík en að Jón væri Jón. Ég var í rauninni ekkert betri sjálfur.“⁴

Gísli var dósent í sögu Íslands og bókmenntum við Hafnarháskóla frá 24. apríl 1874 til dauðadags, 29. maí 1888, en landar hans álitu margir að með embættinu hefðu dönsku yfirvöldin umbunað Gísila fyrir að halda fram hlut Dana í sjálfstæðisbaráttunni.⁵ Árið 1855 gekk hann að eiga danska konu að nafni Marie Nicoline Gertzen (1829–1900). Starfaði hún sem kennslukona og þótti gáfuð og vel menntuð. Hún var skáldmælt og eru til kvæði og þýðingar eftir hana, sem eignuð voru Gísila í *Ljóðmælum* 1891.⁶ Hann orti til eigin konu sinnar fallega vísu undir dróttkvæðum hætti (Til konu minnar). Þeim hjónum varð ekki barna auðið. Guðrún móðir Gísila dvaldi jafnan hjá þeim í Kaupmannahöfn, en þau bjuggu á Gothersgade 24, 3. hæð og Dosseringen 32, 3. hæð. Lífði hún son sinn og lést í hárríelli árið 1890. Hún var mikil fríðleikskona og voru þau mæðgin talin lík. Marie Nicoline kenndi fram á efri ár og lést 1900.

Helstu prentaðar ritsmíðar Gísila eru þessar:

Tímaritið *Norðurfari*, Kaupmannahöfn 1848 og 1849 (2. útgáfa ljósprentuð. Reykjavík 1948). Gísli gaf tímaritið út ásamt Jóni Thoroddsen (auk þess sá Benedikt Gröndal með þeim um fyrra árið), en megnið af efni þess er eftir Gísila sjálfan.

Saga af Tristram ok Isodd i Grundtext med Oversættelse af Gísli Brynjúlfsson. Kaupmannahöfn 1851.

⁴ Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson: *Dægradvöl. Ritsafn*, IV. bindi. Gils Guðmundsson bjó til prentunar. Reykjavík 1953, bls. 480–481.

⁵ Sjá Aðalgeir Kristjánsson: „Háskólakennsla Gísila Brynjúlfssonar.“ *Andvari*, 126. ár (2001), bls. 72–98.

⁶ Jón Þorkelsson benti á þetta á sínum tíma: „Í kvæðabók Gísila (Kh. 1891) eru 4 kvæði eftir hana, sem ranglega eru þar eignuð Gísila: 1) Þýðing á kvæði Jóns Thoroddsens [„Þú á vörum, mæð hin mjúka“] bls. 462; 2) á vísu B. Thorarensens [„Þá eik í stormi hrynur háa“] bls. 478; 3) kvæði á ensku [„How I long the sparkling beam“] bls. 486–87; 4) ensk þýðing á [áðurnefndu] kvæði Jóns Thoroddsens bls. 487.“ [Jón Þorkelsson]: „Gísli Brynjúlfsson.“ *Sunnanfari*, 5. ár (1896), bls. 73–75; hér bls. 74.

Ljóðasafnið *Svava*. Kaupmannahöfn 1860. 2. útgáfa í Reykjavík 1946. Gísli gaf þetta ljóðasafn út ásamt Benedikt Gröndal og Steingrími Thorsteinssyni og ritaði Gísli formálann.

Saga af Tristram ok Isönd samt Möttuls saga. Kaupmannahöfn 1878. Gísli gaf söguna út.

Jusqu'ou les anciens Scandinaves ont-ils pénétré vers le pôle arctique dans leurs expéditions à la mer glaciale? Kaupmannahöfn 1884.

Om Islands statsretlige Forhold til Danmark. Blaðgreinar með formála eftir séra Arnljót Ólafsson. Kaupmannahöfn 1889.

Ljóðmæli. Kaupmannahöfn 1891.

Dagbók í Höfn. Eiríkur Hreinn Finnbogason bjó til prentunar. Reykjavík 1952.

Ljóðmæli. Íslenzk úrvalsrit. Eiríkur Hreinn Finnbogason bjó til prentunar. Reykjavík 1955.

Ljóð og laust mál. Íslensk rit XIII. Sveinn Yngvi Egilsson bjó til prentunar. Reykjavík 2003.

Dagbók í Höfn er rituð byltingarárið mikla 1848 og er hún langþekktust af ritum Gísla nú á dögum, enda einstök heimild um rómantíska sjálfsmynd ungs manns, svo einlæg og heillandi sem hún er. En dagbókin var ekki gefin út fyrr en um miðja 20. öld og lesendur 19. aldar höfðu því fæstir aðgang að henni. Þeir þekktu Gísla hins vegar sem höfund tregafullra ástaljóða og ákafan frelsisboðanda. Hann varð einkum kunnur fyrir framlag sitt til *Norðurfara* 1848–1849. Í fyrra ári tímaritsins birtust tvö vinsælustu ljóð hans, Grátur Jakobs yfir Rakel (Jakobsgrátur) og Faraldur, og þar og í síðara árinu litu dagsins ljós einhver heitustu frelsisskrif sem runnið hafa úr penna Íslendinga. Gísli var þá rétt rúmlega tvítugur að aldri og var hann afkastameiri við ritstörf á þeim árum en á nokkru öðru skeiði ævi sinnar.

Að upplagi var Gísli geðríkur maður sem kallað er, en um þetta leyti gekkst hann hreinlega upp í geðsveiflum og hverflyndi í síðrómm-

antískum anda. Það voru mörg veður í sál hans og hann gerði ekkert til að lægja þau. Hann lifði og hrærðist í heimi skáldskapar, eins og best má sjá á dagbókinni 1848, þar sem hann lýsir því sem hann er að lesa hverju sinni og hvaða áhrif það hefur á hann. Raunverulegar persónur og skáldaðar renna þar saman, og á það ekki síst við um hann sjálfan. Gísli mælir sig í sífellu við bókmenntahetjur sínar, eins og Byron lávarð (1788–1824), og tekur í ýmsu upp hætti þeirra og stöðu. Oft þarf ekki meira en nokkra stafi á bók til þess að hann tekst á loft og er tilbúinn að endurskoða líf sitt allt í ljósi þeirra orða. Dagbókin 1848 lýsir öðru fremur leit ungs manns að sjálfmynd. Skáldskapur Gísla ber vott um sömu leit, enda rásar hann þar á milli fyrirmynda og er stundum eins og hann grípi í tóm tægar hann ætlar að vera einlægur; honum lætur þá betur að vera aðrir en hann sjálfur.

Gísli var flestum mönnum næmari á aldaranda og umhverfi sitt. Hann skrifar í dagbók sína 5. júlí 1848, stuttu eftir júníuppreisnina í París: „Ég vil ólmast blindur í iðu tímans. En hræðilegt er það, sem á hefur gengið í París. Hefði ég verið þar, skyldi ég hafa dýft penna mínum í mannablóðið á götunum og skrifað svo fregnir þessar.“⁷ Gísli orti einnig ljóð um þennan atburð, Júníbardaginn í Parísarborg, þar sem hann tók afdráttarlausa afstöðu með verkalýðnum. Hluti kvæðisins hljóðar svo (bls. 90):

Verkalýð ei var að frýja
vits né hugar – oddaklið
vildi heldur hafa en flýja,
harðsnúnastra drengjalið:
Stóð á girðing sérhver sinni
sem í fylking æfður her,
frá ég heldur fólk en rynni,
féll um þveran annan hver –
það skal hafa þjóð að minni
þegar styrjöld lokið er.

⁷ Gísli Brynjúlfsson: *Dagbók í Höfn*. Eiríkur Hreinn Finnbogason bjó til prentunar. Reykjavík 1952, bls. 236.

Gísli segir í dagbók sinni 8. júlí 1848:

Ég var að hugsa um Commúnismus, og það mál er sannur vandi. Hvaða rétt á einn á að eiga betur en annar? Öngan, og því verður að drepa peningavaldið. En hvernig? Með því að gjöra menn svo, að þeir sem minnst séu upp á allt líkamlegt komnir, og það vildi Kristur. Hann lifði aðeins í andanum, og því er kenning hans svo háleit og yfir öllum socialismus, en hann sagði ei, hver hin regl(ulega) aðferð væri til að ná þessu, og því finnst mér ég lenda í socialismus, þar til ég finn annað betra.⁸

Ummæli af þessu tagi hafa valdið því að Gísli hefur verið talinn „fyrirrennari sósíalismsins á Íslandi og í íslenskum bókmenntum.“⁹ Sú skoðun fær þó varla staðist ef skrif hans eru skoðuð í heild. Gísli talaði stundum eins og sósíalísti eða kommúnísti, en miklu oftari hafnaði hann slíkum hugmyndum og skrifaði jafnvel gegn þeim, eins og í grein sinni „Frá Norðurlálfunni 1848“, þar sem hann segir um kommúnismann (bls. 192): „... það er mesti háski, því sameignarmenn vilja kollvarpa öllu mannlegu félagi sem nú er.“¹⁰ Því verður þó ekki neitað að Gísli kenndi til í stormum sinna tíða, og enginn getur brigslað honum um að hann hafi ekki tekið eindregna afstöðu gegn ánauð og kúgun í hvaða mynd sem hún birtist.

En eldhugar og hugsjónamenn rekast ekki alltaf vel í flokki. Þó að sú skoðun að Gísli væri óþjóðhollur væri að nokkru leyti á misskilningi byggð, er víst að hann tileinkaði sér snemma aðra sýn á heiminn en þá sem bundin var íslenskum eða þjóðernislegum hagsmunum. „Nú er ég alveg orðinn heimsþegn og búinn að sleppa þjóðerni fyrir mannkynsást“, segir hann í dagbókinni 18. september 1848.¹¹ Orð

⁸ *Dagbók í Höfn*, bls. 239.

⁹ Gils Guðmundsson: „Gísli Brynjólfsson og febrúarbyltingin 1848.“ *Timarit Máls og menningar*, 6. ár (1945), bls. 241–255; hér bls. 255.

¹⁰ Sbr. grein Þórunnar Valdimarsdóttur: „Þjóðernishyggja Gísla Brynjólfssonar.“ *Sagnir*, 3. ár (1982), bls. 87–92.

¹¹ *Dagbók í Höfn*, bls. 261.

hans bera í senn vott um aðdáunarverða víðsýni og pólitískan barnaskap á þessum tíma. Allt tal um alþjóðahyggju hljómaði annarlega í eyrum þeirra Íslendinga sem ráðandi voru í sjálfstæðisbaráttunni. Þeim var í mun að þjappa Íslendingum saman um þjóðarhugtakið og telja löndum sínum trú um að þeir ættu enga samleið með erlendum mönnum.

Skóðanir Gísla og skrif hans í *Norðurfara* fengu þó ákveðinn hljómgrunn á Íslandi, enda átti hann gott með að tala til almennings og hrífa menn með sér. Einkum náði hann flugi ef ástin var annars vegar – eða frelsið – nema hvorttveggja væri.

Ástaskáldið

Ástaskáld íslenskra miðalda voru Gísla hugstæð og þá einkum Kormákur Ögmundarson. Hann orti varla svo um ástina að hann vitnaði ekki fyrst í þennan gamla landa sinn og fyrirrennara. Ljóðin sem taka mið af Kormáki skáldi hljóta að teljast einhver heitustu ástaljóð 19. aldar. Þau eru fremst í heildarútgáfu ljóðmæla Gísla frá 1891 og kallar hann þau Lofnarljóð í kaflafyrirsögn (Lofn er annað heiti á Freyju, gyðju ástar og frjósemi). Auðfundið er að Gísli hefur að nokkru leyti samsamað sig sögupersónum og fornskáldum eins og Kormáki; hann á auðvelt með að setja sig í spor þeirra og yrkir þar af mikilli ástríðu.

Gísli átti það sameiginlegt með Kormáki að verða yfir sig ástfanginn af konu, en þegar á átti að herða var eins og hann missti áhugann. Hann og Ástríður Helgadóttir (1825–1897) felldu hugi saman meðan Gísli var enn í Bessastaðaskóla. Ástríður var dóttir Helga Thordersens (1794–1867) dómkirkjuprests, síðar biskups, og konu hans Ragnheiðar Stefánsdóttur (1795–1866), en hún var dóttir Stefáns Stephensens amtmanns. Foreldrum Ástríðar leist í fyrstu illa á samdrátt ungmennanna, en þó kom svo að þau létu sér þetta lynda og flutti Guðrún móðir Gísla þá inn á heimili þeirra hjóna í Reykjavík. Eftir að Gísli sigldi til Kaupmannahafnar voru þau Ástríður samvistum þar um hríð, en hún kom þangað með föður sínum í vetrarlok

1846 og var þar fram yfir mitt sumar, þegar Helgi var vígður biskup og sneri aftur heim til Íslands ásamt dóttur sinni.

Gísli minnst oft á Ástríði í bréfum sínum og ljóðum.¹² Sambandi þeirra má lýsa sem saklausum og upphöfnum unglingaástum. Gísli gerði Grím Thomsen að trúnaðarmanni sínum í ástamálunum og hafði Grímur gaman af að gegna þessu hlutverki, en hann var sjö árum eldri. Höfðu þeir kynnst þegar Grímur, sem lagði stund á samtímabókmenntir við Hafnarháskóla, dvaldi á Íslandi veturinn 1843–1844 og kenndi skólapiltum á Bessastöðum. Las hann m.a. með þeim erlendar bókmenntir og vakti áhuga Gísla á Byron, eins og síðar verður rakið. Héldu þeir kunningsskap sínum eftir að Gísli sigldi til Kaupmannahafnar 1845, þó að Grímur væri jafnan gagnrýninn á þennan skjólstæðing sinn í málefnum Braga og Freyju. Þegar Grímur hélt suður í lönd sumarið 1846 orti Gísli til hans þrjár sonnettur (Til Gríms). Þegar Grímur var kominn til Parísar skrifaði hann bréf til sameiginlegs kunningja þeirra, Brynjólfs Péturssonar, hinn 4. janúar 1847 og innti hann eftir Gísla. Spurning Gríms í bréfinu varpar ljósi á ákafa sjálfsléit hins unga manns: „hvað heldurðu hann [Gísl] eigi mörg stadia romantica, ideologica, lyrica, amorosa og hvað margar fatasniðs epocher eftir áður en hann kemst á leiðina til að verða karlmaður?“¹³ Þá var hugur Gísla til Ástríðar á hvörfum og virðist ást hans þegar hafa farið að kulna sumarið 1846. Þó er eins og Gísli hafi sveiflast á milli ástar og áhugaleysis, jafnvel eftir að hann sléit sambandi þeirra sumarið 1847, meðan hann dvaldi á Íslandi.

Þekktustu kvæði Gísla frá þessum árum, Grátur Jakobs yfir Rakel (ortur frá árslokum 1846 til febrúar 1847) og Faraldur (ortur frá 1847 til apríl 1848), vitna leynt og ljóst um eftirsjá hans eftir Ástríði, og nafn hennar birtist hvað eftir annað í dagbókinni sem hann hélt

¹² Sjá Aðalgeir Kristjánsson: „Áður manstu unni eg mey.“ Úr gömlum bréfum – og dagbókarbrotum Gísla Brynjúlfssonar.“ *Andvari*, 108. ár (1983), bls. 51–64, og bók sama höfundar: *Nú heilsar þér á hafnarlóð. Ævir og örlög í höfuðborg Íslands 1800–1850*. Reykjavík 1999, bls. 358–366.

¹³ Grímur Thomsen: „Bréf frá París 1846 og 1847 til Brynjólfs Péturssonar.“ *Tímarit Máls og menningar*, 30. ár (1969), bls. 327–347; hér bls. 342.

árið 1848. Án Ástríðar finnst honum hann vera hálfur maður og hann dvelur löngum stundum við endurminninguna um einlægar æskuástir þeirra. Þó er stundum eins og hann sjái jafnvel meira eftir ástríðunni en Ástríði. Hann er þá í sporum Kormáks skálds eða Werthers hins unga í sögu Goethes, *Die Leiden des jungen Werthers* (1774), sem Gísli og Ástríður höfðu lesið saman í tilhugalífínu (sbr. bréf hans til Gríms Thomsens, bls. 218). Í bók sinni um orðræðu ástarinnar skilgreinir Roland Barthes þessa tegund ástar einmitt með hliðsjón af Raunum Werthers unga og segir að viðfang ástarinnar máist þá eiginlega út í ofurveldi orðræðunnar.¹⁴ En upphafning ástarinnar getur einnig kallað fram fegraðar myndir af elskendunum sjálfum, eins og í sögubroti Gísla í NKS 3320 4to, þar sem lýsing fagurra og ástfanginna ungmenna ber svipmót Gísla og Ástríðar – og umræðuefnið í sögunni er að sjálfsgöðu ástir Werthers og Charlottu.¹⁵ Gísli ræðir iðulega um Ástríði á bókmenntalegum nótum og ber hana t.d. saman við lýsingu Shakespeares á Ófelfú, unnustunni sem Hamlet hafnaði í samnefndu leikriti (þó að Gísli líki sér ekki beint við prinsinn danska felst sú hugsun að sjálfsgöðu í samlíkingunni og eflaust hefur hann oftast mælt sjálfan sig við helstu karlhetjur heimsbókmenntanna).¹⁶ Eða með orðum Eiríks Guðmundssonar: „Segja má að lýsing hans á sambandi þeirra Ástríðar sé fengin úr bókmenntum, lesinn fremur en lifaður veruleiki.“¹⁷ Þannig er Gísli oft með annan fótinn í veruleikanum en hinn í ríki skáldskapar og drauma. Í dagbókinni segir hann að nóttina 24. febrúar hafi sig dreymt að Ástríður væri gefin öðrum manni.¹⁸ Þess var og ekki langt að biða. Hinn 1. september

¹⁴ Roland Barthes: *Fragments d'un discours amoureux*. Paris 1977 (þýtt á ensku sem *A Lover's Discourse. Fragments*. Lundúnum 1979); sjá einkum kaflann „annulment“ („annulation“ á ensku).

¹⁵ Sbr. Aðalgeir Kristjánsson: „„Áður manstu unni eg meý““, bls. 61–62, og *Nú heilsar þér á hafnarlóð*, bls. 365–366.

¹⁶ Sjá dagbórkærslu hans 24. febrúar 1848 (*Dagbók í Höfn*, bls. 115–116).

¹⁷ Eiríkur Guðmundsson: *Gefðu mér veröldina aftur. Um sjálfsvæisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og níttjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michels Foucault*. Studia Islandica 55. Reykjavík 1998, bls. 144–162; hér bls. 153.

¹⁸ *Dagbók í Höfn*, bls. 116.

1848 giftist hún Sigurði Melsteð (1819–1895), kennara við presta-skólann. Frá hennar hlið er ekki neinum heimildum til að dreifa um ástir þeirra Gísla. Indriði Einarsson hefur þó fyrir satt að hún hafi séð eftir honum alla ævi.¹⁹ Ástríður lést 1897.

En það eru fleiri konur sem vekja athygli Gísla á þessum árum, eins og ráða má af dagbók hans og kvæðum. Eitt ástaljóð hans heitir Kolfinna. Nafnið vísar í ástkonu Hallfreðar vandræðaskálds og það stendur einnig fyrir annars konar kvenmynd en þá sem algengust er í íslenskum bókmenntum að fornu og nýju. Ástkona Gísla er ekki ljós heldur dökk yfirlitum – „blökk og blíð“ – og greinilegt er að hann hefur dregist að slíkum konum. Í dagbók sinni ræðir hann oft um dökka Gyðingastúlku sem hann sér á lengdar á götu í Kaupmannahöfn. Frá vori og fram á haust 1848 er leit Gísla að þessari stúlku eins og leiðarminni í dagbókinni.²⁰ En þessi sérstaka kvenmynd er öðrum þræði bókmenntaleg, enda vitnar Gísli oft í Biblíuna þegar hann ræðir um hana.²¹ Í sonnettum sínum hafði Shakespeare lofsungið hina dökku lafði (*The Dark Lady*) og Byron lávarður einnig ort um suðrænar meyjar sem voru dökkar á brún og brá. Þessum skáldlegu konum hefur Gísli verið vel kunnugur. Í hverju kvæðinu á eftir öðru yrkir hann um dökkar meyjar og má þar nefna ýmis biblíuleg kvæði hans eins og Jakobsgrát, auk ástakvæða eins og Svövu og Síðasta skipti. Hin dökka kvenmynd er andstæð þeirri mynd sem dregin er upp af íslensku stúlkunni Ástríði í dagbók og kvæðum Gísla (sbr. „myndin þín hin

¹⁹ Indriði Einarsson: „Gísli Brynjúlfsson dócent.“ *Greinar um menn og listir*. Reykjavík 1959, bls. 41–45; hér bls. 45. (Frumpr. í *Lesbók Morgunblaðsins*, 37. bl. 1926.)

²⁰ Sjá færslur hans frá 3. maí til 18. september; *Dagbók í Höfn*, bls. 161, 163, 165, 168, 175, 177, 179 (hér rennur Gyðingastúlkan sem Gísli sá á strætum Kaupmannahafnar saman við mynd af Gyðingastúlku sem hann sér í blaði), 181, 182 (aftur samruni myndarinnar og þeirrar „sem lifir“), 184, 188, 190, 193, 195–199, 201–202 (Gísli teiknar upp mynd Gyðingastúlkunnar sem hann sá í blaðinu), 206 (Gísli dreymir Gyðingastúlkuna), 209, 212–214 (Gísli kallar hana „Saronsrós“, sbr. kvæði hans Liljan í Saron), 215–218 (Gísli leggur á ráðin um að „ná í hana“ með aðstoð Gyðings eins, en ekki tekst það), 219, 260 (Gísli rekst aftur á hina svarteygu Gyðingastúlku á götu) og víðar.

²¹ Sjá t.d. dagbókarfærslur Gísla 17.–18. júní og 18. september 1848; *Dagbók í Höfn*, bls. 214–215 og 260.

hvíta“ í kvæðinu [Til Ástríðar] og „Unga mæð með augu blá!“ í sama kvæði; sjá bls. 72). Samanburður blárra og svartra augna fer fram í kvæðinu Augun bláu, og þar þykir Gísli sem norræn meyjaraugu beri af hinum suðrænu. Má lesa það kvæði sem eins konar svar við kvæði sem Byron hafði ort um yfirburði suðrænnar fegurðar, eins og síðar verður rakið. Sagt hefur verið að karlar marki konum stað með glápi í þeim skilningi að þeir reyni að hlutgera þær sem kynferðisleg viðföng.²² Í kvæðum Gísla er það yfirleitt á hinn veginn. Konan nær valdi á karlinum með augnaráðinu og hann er ekki samur eftir (sbr. Svövu, Kolfinnu og fleiri kvæði).

Fleira vekur athygli í myndmáli þeirra ljóða sem Gísli yrkir um konur. Oft er konan kölluð *blóm*, *lilja* eða *rós* (Malvína, Grátur Jakobs yfir Rakel, Liljan í Saron og fleiri kvæði). Önnur áberandi mynd er *stjarnan* sem skáldið hefur þekkt bæði úr gömlum kveðskap um Maríu Guðsmóður (sbr. *stella maris*) og klassískum skáldskap. Ást-arstjarnan skín í mörgum kvæðum Gísla og tengist þá m.a. Venusi, hinni fornklassísku ástargyðju (sbr. bls. 279–280). Augum konunnar er oft líkt við stjörnur (t.d. í Svövu). Í ljóðum Gísla verður *kossinn* oft tákn fyrir ást og atlot karls og konu, eins konar hluti fyrir heild. Ólafur Davíðsson telur að skáldið tali þó enga tæpitungu þegar ástin er annars vegar:

Gísli lætur sér ekki nægja að horfast í augu við konurnar og ég hefi hvergi rekið mig á að hann óski að vera vindur, svo hann geti leikið um hár þeirra eða regndropi, sem geti lædst niður blessaðan hálsinn með lagi, eða neitt slíkt. Nei, Gísli er miklu samkvæmari venjulegu manneðli í ástakvæðum sínum. Honum er ekki nóg „að taka í hönd á hrund með hægu glingri“. Hann vill „spenna ástmeyju sína miðja í þýðri þrá“ (22) og njóta allrar þeirrar sælu, sem hún á til í vitum sínum (311). Það er reyndar ef til vill of mikið af kossagangi í ástakvæðum Gísla,

²² Sjá t.d. Helgu Kress: „Dæmd til að hrekjast. Um ástina, karlveldið og kvenlega sjálfsmynd í *Timahjófnum* eftir Steinunni Sigurðardóttur.“ *Speglanir. Greinasafn*. Reykjavík 2000, bls. 247–299; hér bls. 270 o.áfr. (Greinin birtist fyrst í *Timariti Máls og menningar* 1988.)

en víðast er „eldur í kossum hans“ (27) og sæma *slík* kossaljóð sér vel í mansöngvum.²³

Gísli leggur víða út af fornum skáldskap og á það ekki síst við um ástaljóðin, þar sem hann vísar iðulega í dróttkvæðaskáld eða biblíuljóð. Einar Benediktsson skáld skrifaði lofsamlega grein um Gísla í blað sitt *Dagskrá* 23. júlí 1896, átta árum eftir dauða hans og fimm árum eftir útgáfu *Ljóðmæla* 1891. Greinin sýnir svo að ekki verður um villst að Einar hefur borið skynbragð á þessa listrænu aðferð skáldbróður síns og kunnað að meta hana. Hann telur að tilvísanir Gísla í bókmenntarfinn dýpki ljóðin og auðgi. Einar bendir á hvernig þessi tækni birtist í ástaljóðum Gísla:

Hann heyrir hljóminn af samspili allra ástaskálda frá gullöldum gamalla og nýrra tíma, og hann tekur sjálfur undir og stillir hörpuna hóglega með ræktarfullum huga; svo hefst hann upp úr með meginlagið. Það er gripið fastar og fastar í strengina og bráðum leikur hann einn fyrir, en ómurinn af ljóðum liðinna skálda heyrir undir, eins og í fjarlægð, með djúpum hreimi margra radda.²⁴

Þannig yrkir Gísli gjarnan til kvenna. En upphafning hans á konum eða hinu kvenlega getur orðið slík að það jafnar við tilbeiðslu. Raunar yrkir hann lotningarfull kvæði til ástargyðja eins og Freyju (sem hann kallar einnig Lofn að fornum hætti) og heilagra meyja eins og Maríu Guðsmóður (sem hann kallar oft Mirjam, sbr. bls. 309). Freistandi er að tengja þessar upphöfnu kvenmyndir við móður Gísla, en hann virðist hafa verið mjög háður henni og ekki aðeins í æsku. Þau mæðgin bjuggu ávallt saman, ef frá eru talin árin 1845 til 1847, er Guðrún bjó hjá væntanlegum tengdforeldrum Gísla í Reykjavík en hann var í Kaupmannahöfn. Má nærri geta að henni hefur þótt óþægilegt að

²³ Ólafur Davíðsson: „Bókmentir.“ [Ritdómur um *Ljóðmæli* Gísla Brynjúlfssonar.] *Sunn-anfari*, 2. ár (1892–1893), bls. 7–9; hér bls. 8. Blaðsíðutölín í tilvitnuninni vísa í *Ljóðmæli* 1891, enda er þetta ritdómur um þá útgáfu.

²⁴ Einar Benediktsson: „Gísli Brynjúlfsson.“ *Laust mál. Úrval*. Fyrri bindi. Reykjavík 1952, bls. 256–262; hér bls. 257. (Frumpr. í *Dagskrá*, 23. júlí 1896.)

standa í þakkarskuld við biskupinn í Laugarnesi og konu hans, þegar sonur hennar brást trausti þeirra svo illa. Vel má vera að samviska Gísla vegna framkomu hans í garð Ástríðar og foreldra hennar hafi bundið þau mæðgin enn sterkari böndum en áður.²⁵ Víst er um það að Guðrún fylgdi syni sínum til Hafnar haustið 1847 og varð síðar eins og þriðji aðilinn í barnlausu hjónabandi Gísla og danskrar eiginkonu hans. Móðurást er áberandi yrkisefni hjá honum og birtist oft í kristilegum búningi, eins og t.d. í snjallri þýðingu hans á *Stabat mater dolorosa* og í tignun hans á hinni ungu Maríu Guðsmóður í kvæðunum *Sonetto in vita di M. Maria* og *Morgunstjarnan*.

Ýmislegt í dagbók Gísla 1848 virðist einnig benda til þess að móðir hans og María Guðsmóðir hafi verið nátengdar í huga hans. Hinn 27. maí skrifar hann: „Með mömmu og Jóni Sig(urðssyni) og konu hans að sjá myndasafnið, og er þar ekkert gagnlegt nema eftirmynd eða -gjörð *Murillos Madonna*. Það sá ég fyrst í enskri stálstungu hjá Bing í fyrra og var frá mér numinn og varð nær því katólskur, víst er það, að ég orti í huga mínum lofdrápu um ena hreinu Maríu mey.“²⁶ Hinn 13. júní skrifar hann: „Mikið draumarugl var í mér í nótt og órar. Mér þótti mér og mömmu vera boðið upp til Santa Péturs að borða.“²⁷ Auk þess birtist Guðrún hvað eftir annað í dagbókinni sem hin hrygga móðir og minnir að því leyti á *mater dolorosa*. Hinn 14. júní skrifar Gíslí: „Auminginn hún var svo mædd og angurvær.“²⁸ Næsta dag skrifar hann: „Aumingja mamma! hún hélt hún mundi

²⁵ Jónas Jónsson frá Hriflu taldi að Guðrún kynni að hafa ofverndað Gísla og hamlað með því (skáld)proska hans: „En ef frá er tekið ljóð hans um ástarharm æskuáranna [Grátur Jakobs yfir Raket], skorti hann þá innri glóð, sem leggur á varir mikilla skálda fleyg orð og ódauðleg. Ef til vill hafði móðir hans verið honum of mikið skjól og hlíf.“ Jónas Jónsson frá Hriflu: „Gíslí Brynjólfsson.“ *Tímabilið 1830–1874. Fjölnismenn og Jón Sigurðsson. Saga Íslendinga*, VIII. bindi, fyrri hluti. Reykjavík 1955, bls. 191–196; hér bls. 196.

²⁶ *Dagbók í Höfn*, bls. 180.

²⁷ Sama rit, bls. 204.

²⁸ Sama rit, bls. 206.

deyja á þessu ári, og hún er svo angurvær, að ég vikna við.²⁹ Í þýðingu sinni á *Stabat mater* segir Gísli í 2. erindi (bls. 144):

Ó, hve hrellð og hrygg til dauða
hinnadrottins var hin auða
einkasonar móðir mær
sem réð fanga sorg og stranga
sút, er hanga kvöl við langa
sinn leit mæra soninn skær.

Móðirin með guðlega nafnið – Guðrún – kann því að hafa runnið saman við Maríu á stundum. Matarboðið hjá Lykla-Pétrri mætti einnig taka sem bendingu um að Gísli hafi litið á sjálfan sig sem eins konar hliðstæðu við Maríusoninn fræga. Kannski er það ekki að undra ef haft er í huga að hann var eiginlega „eingetinn“ í þeim skilningi að hann sá föður sinn aldrei og hugsaði sér líklega að hann sæti uppi á himnum eins og Guð almáttugur.³⁰ Líkt og Kristur var Gísli eina barn hinnar ágætu móður sinnar og hún var því „einkasonar móðir mær“.

Gísli gekk svo að eiga aðra Maríu – Marie Nicoline. Sjálfsagt hefur hún einnig minnt hann á hina ungu Guðsmóður, enda segir sagan að

²⁹ Sama rit, bls. 208. Í óprentuðu dagbókarbroti (NKS 3320 4to) skrifar Gísli 25. nóvember 1846: „Hvað er þetta! Er ég þá aftur orðinn myrkfælinn? Hvaða myndir eru það sem hræða mig? Ó! móðir mín! Á ég þá að gera þér gremju, á þá allt líf þitt að vera eintóm sorg? Ég sé þig niðurlúta og dapra yfir mér, og þó svo blíða og góða, ó! móðurást, hvað getur jafnast við þig í heimi? Í gær þegar ég las bréf hennar þá fannst mér eins og hjartað væri rífið úr mér lifandi, að sjá þessa móðir [svo] niðurbeygða af sorg en þó svo blíða! Hún ávitaði mig ekki, en hin hjartnæmu blíðuorð skáru mig í hjartað, því í öngu er dýpri ávitan en afneitandi sorgarorðum – En ónei! móðir mín! Það er miskilningur, ég skal verða þér til gleði, til þess mun hinnadrottinn styrkja mig! / Hverfið þið nú, ógnamyndir sem að hræðið mig í næturdimmu [?], og sem ég ei þori að nefna fyrir öðrum.“

³⁰ Í áður nefndu dagbókarbroti frá 1846 ávarpar Gísli föður sinn á þann hátt að einna helst minnir á heit ákóll Krists til Guðs almáttugs: „Faðir minn! faðir minn! Getur þú fyrirgefið mér að ég skuli hafa smánað nafn þitt? Á þá ætt mín að hafa skömm af mér? Ónei! Ef þú fyrirgefur mér þá skiptir mig ekkert um aðra.“ (NKS 3320 4to.)

hún hafi verið „englum líkust, svo góðleg var hún og þýð á svip.“³¹ Þannig kemst rithöfundurinn Jón Sveinsson (Nonni) að orði, en hann var heimagangur hjá „prófessor Gísla“ á yngri árum. Þannig séð voru Maríurnar tvær í lífi Gísla, og ekki hefur honum þótt það verra, frekar en frelsaranum sjálfum sem átti bæði að móður og Magdalenu.

Hinn íslenski Byron

George Gordon, Byron lávarður var hin mikla fyrirmynd skáldhneigðra ungmenna á 19. öld. Hann var uppreisnarmaður og frelsisunnandi bæði í ríki holds og anda. Byron virti góða siði að vettugi og bauð ríkjandi hefðum birginn, jafnt í ástum og yrkingum. Hann varð frægur á einni nóttu fyrir ljóðabálk sinn *Childe Harold's Pilgrimage*, sem hóf að koma út árið 1812 og er eins konar ferðabók í bundnu máli. En það er með Byron eins og Gísla að mynd samtímamanna af honum var nokkuð önnur en sú sem menn gera sér í hugarlund á okkar dögum. Nú er Byrons einkum minnst fyrir heimsborgaralegt háð sitt og samfélagsgagnrýni í verkum eins og *Don Juan* (1819–1824). Sá Byron sem Gísli og samtímamenn kunnu að meta var hinn víðförli höfundur heimshryggðarljóða á borð við ljóðasöguna af Childe Harold – og svo auðvitað frelsisunnandinn Byron sem lét lífið í frelsisstríði Grikkja gegn Tyrkjum.³² Það var því ljóðrænt þunglyndi og einlæg frelsisást sem menn sáu öðru fremur í Byron og verkum hans.

Ef hægt er að segja að skáldskapur Gísla sé byronskur er það aðeins í þessum skilningi – en ekki í nútímaskilningi orðsins. Og það eru einmitt þessi einkenni sem ollu vinsældum hans um miðbik 19. aldar og óvinsældum hans nú. Fátt er jafnfjarri Gísla og heimsborgaralegt háð eða íronísk samfélagsgagnrýni. „Gísli var mikill alvörumaður, og

³¹ Jón Sveinsson (Nonni): *Borgin við sundið*. Reykjavík 1923, bls. 91. (Þýðing Freysteins Gunnarssonar á *Die Stadt am Meer*. Freiburg 1922.)

³² Aðdáendur Byrons á 19. öld máttu reyndar ekki heyra á það minnst að hetja þeirra hefði orðið sótt dauð en ekki vopndauð. Sjá um þetta og fleira víðvíkjandi dauða Byrons grein Guðna Elíssonar: „Byron og listin að deyja.“ *Skírnir*, 175. ár, hausthefti 2001, bls. 420–450; hér bls. 420.

þó að hann skrifi mikið um „humor“ í dagbókinni, kunnir hann hvorki með gaman að fara né taka því“, segir Eiríkur Hreinn Finnbogason.³³ Harmþrungin einlægni hljómar undarlega á okkar póstmóðernu tímum, sérstaklega þegar hún býr ekki einnig yfir andhverfu sinni, íroníu og ákveðinni fjarlægð á viðfangsefnið eða sjálfa sig. Byron lærðist það þegar fram í sótti að áhrifaríkara væri að beita rómantískri einlægni í bland við afhjúpanði háð. Fræðimaðurinn Jerome McGann hefur bent á að með þessu hafi Byron náð að afhjúpa rómantíska einlægni sem listbragð – að hún væri í sjálfu sér ekki „heiðarlegri“ eða kæmi frekar „frá hjartanu“ en hver önnur orðræða eða afstaða sem við til einkum okkur, hvort sem það er í bókmenntum, listum eða á öðrum sviðum mannlífsins. Rómantísk einlægni feli í sér þá listrænu blekkingu að lesandinn sé eins og ósýnilegur áheyrandi að eintali sálarinnar hjá listamanninum. Byron beiti hins vegar háði og tali jafnvel í ljóðum sínum eins og hann sé ekki staddur í einrúmi heldur á opinberum vettvangi.³⁴

Háði blandin einlægni af þessu tagi virðist ekki hafa höfðað til Gísla, enda var hann aðallega undir áhrifum frá fyrri verkum Byrons. Innfjálgt og alvörubrúngin einlægni hans jaðrar stundum við tilfinningasemi og áhugamenn um rómantískt tvísæi fara í geitarhús að leita ulla ef þeir bera niður í verkum Gísla. En hinu má ekki gleyma að þrátt fyrir skort á háði eru ljóð hans ekki einradda, heldur heyrast í þeim margar raddir, svo aftur sé vitnað til orða Einars Benediktssonar. Hér á eftir verður vikið að margröddun í ljóðum Gísla, en fyrst verður gerð nánari grein fyrir áhrifum Byrons. Þau eru með ýmsu móti eins og ljóðin Faraldur, Ísraelsljóð og Augun bláu eru til vitnis um.

³³ Eiríkur Hreinn Finnbogason: „Inngangur.“ Gísli Brynjúlfsson: *Dagbók í Höfðu*. Reykjavík 1952, bls. 5–37; hér bls. 18.

³⁴ Sjá m.a. grein um þetta efni eftir Jerome McGann: „Private Poetry, Public Deception.“ *The Politics of Poetic Form. Poetry and Public Policy*. Ritstj. Charles Bernstein. New York 1990, bls. 119–147.

I. Faraldur

Eins og áður er sagt dvaldi Grímur Thomsen á Íslandi veturinn 1843–1844 og kenndi skólapiltum á Bessastöðum. Hann var um þetta leyti að skrifa magistersritgerð sína um Byron lávarð (*Om Lord Byron*, útgefin 1845) og af æviminningum Benedikts Gröndals má ráða að Grímur hafi þá vakið áhuga Gísla Brynjúlfssonar á Byron.³⁵ Gestur Pálsson taldi að Gísli hefði síðan orðið til þess að Kristján Jónsson Fjallaskáld fór að yrkja ljóð í anda Byrons.³⁶

Fyrsta sonnetta Gísla af þremur, sem hann orti þegar Grímur hélt suður í lönd sumarið 1846, er á þessa leið (bls. 134):

Þú færð að koma þar sem Byron dvaldi,
 á þessa helgu, öldnu sagnastaði
 þar aldingullið undir hverju blaði
 sér unir rótt í himinblíðu valdi.

Þar sem að svalur sæ of borinn kaldi
 um sumarafna hreyfir grasið fríða,
 sem lága hylur hauga angurbliða
 þar hvílast skáldin undir grafarfaldi.

En er þú kemur einn á Stunubrúna
 þá undurdimman hylur vatnið bláa
 sem fullt er æ af fögrum bátum smáum,

mundu þá, Grímur! meyna jökulbúna
 og meður fjallatindinn dýrðarháa
 sem hjúpar sig í hökli þokugráum.

³⁵ Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson: *Dægradvöl*, bls. 344–345.

³⁶ Gestur Pálsson: „Nýi skáldskapurinn.“ *Ritsafn. Sögur – kvæði – fyrirlestrar – blaðagreinir*. Reykjavík 1927, bls. 373–402; hér bls. 385.

Þetta kvæði á upphaf sitt greinilega í samræðum Gríms og Gísla um Byron, en í því er einnig að finna beinar vísanir í skáldskap hans. Gísli nefnir „Stunubrúna“ og segir í skýringargrein við sonnettuna: „Í Feneyjum.“³⁷ Svo er mál með vexti að fjórði söngur (Canto IV) í ljóðaflokki Byrons, *Childe Harold's Pilgrimage* (1818), hefst einmitt á orðunum: „I stood in Venice, on the “Bridge of Sighs”“.³⁸ Menn þurfa því sífellt að hafa augun opin fyrir vísunum Gísla í Byron, enda hefur hann sjaldnast fyrir því að hnippa í lesendur þegar svo ber undir og allra síst í þessu tilviki, þegar kvæðið var beinlínis ort til byronfræðings.

Í grein sinni í *Skírni* 1939 kannaði Richard Beck áhrif *Childe Harold's Pilgrimage* á annað ljóð eftir Gísla, Farald, sem birtist fyrst í *Norðurfara* 1848. Gísli endurskoðaði Farald og breytti talsvert í *Ljóðmæli* 1891 (sú gerð er prentuð í *Ljóðum og lausu máli* 2003). Í frumgerðinni rakti ungur maður raunir sínar þegar hann fann dauðann nálgast, en óljóst var hvað dró hann til dauða. Ekki fór þó á milli mála að Faraldur var illa haldinn af heimshryggð og lífsleiða. Hann minntist heimaslóðanna með söknuði og æskuástar sinnar á stúlku sem hann yfirgaf en gat aldrei gleymt. Í endurskoðaðri gerð kvæðisins upplýsir Gísli að Faraldur hafi fengið banasár sín í frelsisstríði erlendis. Hann gerir einnig tilraun til að setja frelsishetjuna í ákveðið sögulegt samhengi í formálsorðum sínum að endurútgáfunni:

tilgangurinn var miklu fremur mest að lýsa ungum manni, er að vísu hefði tekið nógan, ef til vill, of mikinn þátt í heimslífinu í kringum sig, en sem „gneistinn“ þó aldrei hefði alveg slokknad hjá, og sem frelsisást á endanum hefði knúð til að ganga í lið með útlendum uppreisnarmönnum, sem allt þá var í undirbúningi í Norðurálfunni 1847. Í bardaganum fær Faraldur banasár og telur síðan harma sína á vígvelli áður en hann deyr ... Frelsisást og lotning fyrir hinu æðsta ásamt

³⁷ Gísli Brynjúlfsson: *Ljóðmæli*. Kaupmannahöfn 1891, bls. 220, sbr. *Ný félagsrit*, 7. ár (1847), bls. 201.

³⁸ *The Works of Lord Byron. Poetry*. II. bindi. Ernest Hartley Coleridge bjó til prentunar. Endurskoðuð útgáfa. Lundúnum 1922, bls. 327.

tilfinningu fyrir öllu því, er stórkostlegt hefur einnig verið í heiminum, er kjarninn í eðli „Faralds“, og að lýsa honum svo var frá upphafi tilgangur kvæðisins, þó það kæmi ei nógu greinilega fram í upphafi og niðurlagi þess af því mér tókst þá ei strax að orða það sem ég vildi.³⁹

Gísli setti ný erindi inn í kvæðið í þessum tilgangi. Í útgáfunni 1891 er fjórða erindið á þessa leið (bls. 93):

Leit um sig þar svelli
sára beitta þjóð,
fallið fólk að velli,
en frjálsuð óðöl góð:
Sá var unninn sigur jörð,
en hann sár í aftanblæ
einn við banasvörð.

Þannig hefur Gísli endurritað kvæði sitt og sett það í ákveðið pólitískt samhengi sem ekki var í eldri gerðinni. Faraldur er orðinn að virkum þátttakanda í pólitískri baráttu samtímans og deyr dauða frelsishetju. Kannski má komast svo að orði að í eldri gerðinni hafi dauði hans verið póetískur, nú sé hann pólitískur.

Endurskoðuð gerð ljóðsins er þó ekki síður byronsk en hin fyrri, enda var Byron þekktasti málsvari frelsis í hópi 19. aldar skálda. Gísli vildi ekki viðurkenna að Faraldur væri bein stæling á ljóðum hans, en taldi sér þó til gildis að „Íslendingum kom þar [í Faraldi í *Norðurfara* 1848] hin fyrsta vitneskja um skáldskap Byrons.“⁴⁰ Það verður líka að segjast eins og er að áhrif Byrons á ljóðið eru fyrst og fremst almenn, án þess að hægt sé að benda á ákveðnar hliðstæður við einstök ljóð lávarðarins. Richard Beck leitaðist við að sýna fram á tengslin við *Childe Harold's Pilgrimage* en hafði ekki alltaf erindi sem erfiði. Vissulega eru ljóðmælendur að ýmsu leyti hliðstæðir, en beinar sam-

³⁹ *Ljóðmali* 1891, bls. 102.

⁴⁰ Sama rit, sama stað.

svaranir eða orðalagslíkingar eru furðu fáar. Áhrif Byrons eru fremur fólgin í ákveðinni lífsafstöðu og persónueinkennum ljóðmælandans. Heimshryggð og frelsisást setja svip sinn á ljóðið og Faraldur er andlegur bróðir Harolds (líking nafnanna *Faralds* og *Harolds* er einnig nokkur) og annarra ungra manna í ljóðum Byrons sem þjakaðir eru af ást og óyndi.

II. Ísraelsljóð

Sá flokkur ljóða sem Gísli kennir við Ísrael er um margt athyglisverður. Ljóðin eru ort á löngu tímabili, frá 1847 til 1886. Í þessum flokki er eitt þekktasta ljóð Gísla, Grátur Jakobs yfir Rakel. Þar þótti kveða við nýjan tón í íslenski ljóðagerð sem einkenndist af trega og nýstárlegri úrvinnslu Biblíunnar. En Ísraelsljóð Gísla sýna þó öðru fremur hvað hann átti Byron lávarði mikið upp að inna. Árið 1815 var gefinn út í Lundúnum ljóðaflokkur Byrons, *Hebrew Melodies* (Hebraesöngvar), sem greinilega hefur orkað sterkt á Gísla. Í grein sinni um áhrif Byrons á Gísla víkur Richard Beck aðeins stuttlega að tengslum þessara tveggja ljóðaflokka, án þess að gefa þeim nánari gætur.⁴¹ Má það undarlegt heita, því að áhrif Byrons á skáldskap Gísla eru hvergi merkjanlegri en einmitt í Ísraelsljóðum.

Ekki þarf annað en bera heiti Ísraelsljóða saman við nokkra Hebraesöngva Byrons til að sýna fram á þennan skyldleika:

Ísraelsljóð

Grátur Jakobs yfir Rakel
Andvörp Sáls
(fyrir bardagann á Gilbóa)

Hebrew Melodies

Herod's Lament for Mariamne
Song of Saul
Before His Last Battle

⁴¹ Allt og sumt sem hann segir um tengsl ljóðaflokkanna er eftirfarandi: „Þetta síðast nefnda kvæði Gísla [Grátur Jakobs yfir Rakel] er í kvæðaflokki um efni úr ritningunni, er nefnist *Ísraels ljóð*, og minnir það heiti óneitanlega á *Hebrew* [svo] *Melodies* (Hebraesöngvar) Byrons. Eins og Byron yrkir Gísli einnig allmörg kvæði um Sál og um útleið Gyðinga í Babýlon.“ Richard Beck: „Gísli Brynjúlfsson og Byron.“ *Skírnir*, 113. ár (1939), bls. 135–160; hér bls. 149.

Sál

Liljan í Saron

Davíðs trú

Harmur Gyðinga í Babýlon

(sálmur Davíðs 137)

Saul

1. "By the Rivers of Babylon
we sat down and wept"2. "By the Waters of Babylon"
[tvö tilbrigði Byrons
við 137. sálm Davíðs]

Flokkar Byrons og Gísla eiga það sameiginlegt að þar er ekki aðeins ort um örlög Gyðinga og trú þeirra á Guð sinn, heldur eru þar ásta-ljóð innan um og saman við. Treginn gengur eins og rauður þráður í gegnum ljóð þeirra beggja. Eins og nafnið bendir til voru ljóðin í *Hebrew Melodies* ætluð til söngs, þ.e. þau voru hugsuð sem textar við tónlist. Grátur Jakobs yfir Rakel, þekktasta ljóðið úr flokki Gísla, varð einmitt vinsælt sem sönglag á 19. öld. Bera má 3. erindið í því ljóði (bls. 150) saman við 3. erindið í Herod's Lament for Mariamne eftir Byron:

She's gone, who shared my diadem;
 She sunk, with her my joys entombing;
 I swept that flower from Judah's stem,
 Whose leaves for me alone were blooming;
 And mine's the guilt, and mine the hell,
 This bosom's desolation dooming;
 And I have earned those tortures well,
 Which unconsumed are still consuming!⁴²

Vark í Síkems vorsæludölum
 vífi meður í Kanaans sveit,
 nærri Jórdanar blómríku böllum

⁴² *The Works of Lord Byron. Poetry.* III. bindi. Ernest Hartley Coleridge bjó til prentunar. Endurskoðuð útgáfa. Lundúnum 1922, bls. 401.

bjuggum við í sælunnar reit.
 Einn nú situr hinn aldraði halur
 úti dapur um miðnæturstund:
 Blómi er ræntur hinn blessaði dalur:
 Býr í moldu hið hugljúfa sprund.

Hér er að vísu ort um ólíkar persónur úr Biblíunni, en söm er eftirsjáin eftir hinni elskuðu og hugsunin um að hún sé í gröfinni; myndmálið er og hið sama, hin látna er líkust blómi, og auk þess er bragarhátturinn svipaður (átta víxlrímaðar ljóðlínur, hver með fjórum áherslum). Og það var að sjálfsgöðu hjá Byron sem Gísli fékk þá hugmynd að yfirfæra rómantíska heimshryggð og óyndi 19. aldar upp á Gamla testamentið. Í þessu ljóði fer hann frjállega með efni Fyrstu Mósebókar (29–49), þar sem sagt er frá Jakob og Rakel. Ástarsaga þeirra er öllu flóknari í Biblíunni og kemur systir Rakelar, Lea, þar við sögu, en þær voru báðar konur Jakobs. Það er bein tilvitnun í Biblíuna þegar Gísli segir í 2. erindi ljóðsins að Jakob hafi unnið fjórtán ár fyrir hinn ágjarna föður þeirra, en það gerði hann vegna ástar sinnar á Rakel. Eins og oftar lætur Gísli ljóðmælanda (feigan eða fullan af helþrá) líta yfir farinn veg og harma þá sem hann hefur misst – líkt og í Faraldi – en óvenjulegt er þó að hér á aldraður maður í hlut. Staðarnöfnin í kvæðinu eru fengin úr Biblíunni; Síkem var borg í Kanaanlandi, svo dæmi sé tekið (sbr. bls. 310).

Þó að Gísli fari vissulega eigin leiðir í Ísraelsljóðum og vinni úr biblíuhefðinni á sinn hátt er augljóst að grunnhugmyndin og rammi ljóðanna eru fengin frá Byron. Af sex Ísraelsljóðum eiga fjögur sér beina hliðstæðu í Hebreasöngvum hans. Ljóðin sem eiga sér enga hliðstæðu hjá Byron eru tvö. Annað er Davíðs trú, sem Gísli leggur út af ýmsum bókum Biblíunnar (sbr. bls. 313–314) og lýsir stórfenglegu almætti Guðs. Hitt ljóðið er Liljan í Saron, sem Gísli leggur m.a. út af Ljóðaljóðunum (sbr. bls. 312–313) og tengist það greinilega áhuga hans á ungu Gyðingastúlkunni sem hann sá á götu í Kaupmannahöfn. Er þessi ljóðaflokkur um margt merkilegur og óvenjulegur í

íslenskri bókmenntasögu, enda þótt hann styðjist greinilega við for-dæmi Byrons.

III. *Augun bláu*

Gísli átti einnig til að leggja út af kvæðum Byrons á annan og sjálf-stæðari hátt. Ekki verður betur séð en að Augun bláu séu svar Gísla við kvæðinu *The Girl of Cadiz* eftir Byron. Lávarðurinn hafði upphaflega ætlað því stað í fyrsta söng (Canto I) *Childe Harold's Pilgrimage* sem kom út 1812 en féll síðan frá því og var það fyrst prentað að honum látnum árið 1832. Kvæðið er sjö erindi og hefst á þessa leið:

Oh never talk again to me
 Of northern climes and British ladies;
 It has not been your lot to see,
 Like me, the lovely Girl of Cadiz.
 Although her eye be not of blue,
 Nor fair her locks, like English lasses,
 How far its own expressive hue
 The languid azure eye surpasses!

Prometheus-like from heaven she stole
 The fire that through those silken lashes
 In darkest glances seems to roll,
 From eyes that cannot hide their flashes:
 And as along her bosom steal
 In lengthened flow her raven tresses,
 You'd swear each clustering lock could feel,
 And curled to give her neck caresses.⁴³

Byron upphefur suðræna fegurð af miklum sannfæringarkrafti í þessu kvæði og Gísli lofsöng oft líkar kvenmyndir í ljóðum sínum. En í Augunum bláu tekur hann annan pól í hæðina. Kvæðið birtist fyrst

⁴³ *The Works of Lord Byron. Poetry. III. bindi, bls. 1–3.*

í *Norðurfara* 1848. Allt frá byrjun er því eins og stefnt til höfuðs The Girl of Cadiz, þó að Gísli nefni það kvæði aldrei á nafn. Ljóðmælandinn beinir tali sínu ekki beint til Byrons heldur ávarpar hann „suðræna menn“ (bls. 76):

Kveðið þér æ um augun dökku, svörtu
og ástabruna ljósin fagurtær!
sem aftanstjarnan, er á kvöldi björtu
í unnir sígur ljómandi og skær,
veit ég þau blossa –
brennandi kossa
býður og veitir hin svarteyga mær.

Hér dregur Gísli saman í eitt erindi það sem helst einkennir The Girl of Cadiz: Myndina af svörtum augum – „hin svarteyga mær“ (sbr. „darkest glances“), „ástabruna ljósin ... blossa“ („eyes that cannot hide their flashes“), aftanstjörnuna (Byron yrkir um „the evening star“ í 6. erindi sínu) og tilfinningahita suðrænu stúlkunnar (sbr. „brennandi kossa“) sem margoft er vikið að í kvæði Byrons. Gegn þessari fegurðarímynd og kvenkostum teflir Gísli fram norrænni konu og kemur hún í stað ensku eða bresku stúlkanna í enska kvæðinu. Byron taldi að svarteygar konur suðursins væru búnar fleiri kostum en konur frá hans heimalandi, en Gísli snýr öllu við og segir bláeygar konur norðursins bera af. Upptalning skáldanna er að ýmsu leyti hliðstæð: Konan er ekki laus á kostunum; hún er engin daðurdrós; ef hún fær hug á manni gefur hún sig alla; ást hennar er heit en ekki köld; hún er trygg allt til dauða o.s.frv. Gísli svarar Byron fullum hálsi og segist kæra sig kollóttan þótt hans líkar kveði áfram um ágæti suðrænna meyja, því að sjálfur hafi hann gert upp hug sinn (bls. 77):

Kveðið því æ um augun dökku, svörtu!
um augun bláu skal ég kveða sí
og um hin hreinu ástablíðu hjörtu
sem öllu fórna lífi og dauða í –

sæll ef að ætti' ég
enn eða mætti' ég
augun *hin* dökkbláu líta á ný.

Vel má taka skáletrið í síðustu ljóðlínunni sem tilvísun í *þá* bláeygu stúlku sem Gísli unni áður fyrr – Ástríði Helgadóttur. Í 3. erindinu ræðir hann um „dýpsta meyjarsál“ og að „í bljúgum ... barmi“ feli „bláeyg silkitróða“ (kvenkenning) „hreint og tærast ástabál“. Gísli notar mjög svipuð orð í dagbókinni 1848 þegar hann ræðir um Ástríði með hliðsjón af Ófelú:

Mér dettur í hug Ástríður, hún var eins, svo einlæg og trygg og drenglynd, og þó hún alltaf væri hrein af mér, þá vissi ég þó vel að hún líka var kvenmaður, veik og blíð, ó, ekkert faðmlag var heitara né innilegra en hennar, og víst er dýpst í hverri enni hreinustu meyjarsál, sem elskar, eitthvað holdlegt, og það er, þó hún ei viti af því, leynilegasta undirrót ástarinnar.⁴⁴

Í þessu ljósi má því lesa Augun bláu sem persónulega ástarjátningu og ekki aðeins sem almennan mannjöfnuð norrænna og suðrænna kvenna.

IV. Leiðirnar að Byron

Ýmsar ályktanir má draga af þeim samanburði sem hér hefur verið gerður á ljóðum Gísla og Byrons. Í frumortum ljóðum sínum leggur Gísli að minnsta kosti á þrjá vegu út af verkum enska skáldsins: Í fyrsta lagi með því að taka upp byronska lífsafstöðu og persónueinkenni, eins og hann gerir í ljóðinu Faraldi, og styðst þá ekki endilega við einstök verk eftir Byron. Í öðru lagi með því að yrkja ljóð sín inn í ákveðinn ramma sem Byron hefur áður afmarkað, eins og Gísli gerir í Ísraelsljóðum, þar sem afstaðan er ekki aðeins lík, heldur og yrkisefnin, myndmálið, hin sérstaka bókmenntahefð sem lögð er til grundvallar (bækur og persónur Gamla testamentisins) og

⁴⁴ Dagbókarfærsla 24. febrúar 1848; *Dagbók í Höfn*, bls. 116.

jafnvel ljóðformið sjálf. Í þriðja lagi á Gísli það til að yrkja beinlínis gegn Byron án þess þó að nefna hann sérstaklega á nafn. Svo er um Augun bláu sem virðist ætlað að kveða í kútinn það kvæði sem Byron kallar *The Girl of Cadiz*. Auk þess þýðir Gísli ýmis ljóð eftir Byron og má líta á þá texta sem fjórðu leiðina að verkum lávarðarins. Þar á meðal eru Óður um Waterló, kaflar úr *The Giaour*, Hafíð (úr *Childe Harold's Pilgrimage*), ljóð úr *Don Juan*, ljóð Byrons um Vilhjálmmastarð og Skilnaðarvísur til T. Moore (þær síðastnefndu eru teknar upp í *Ljóð og laust mál* 2003 en hinar þýðingarnar er að finna í *Ljóðmælum* 1891). Þýðingarnar hafa þá sérstöðu í þessu samhengi að þær eru eina „opinbera“ leiðin að ljóðum Byrons. Þar gengst Gísli við höfundarnafni hans, en annars lætur hann yfirleitt hjá líða að geta þess að hann gangi á vegum lávarðarins. Spyrja má hverju það sæti og koma þrjár skýringar þá einkum til greina. Ein er sú að Gísli geri almennt ráð fyrir því að lesandinn sé með á nótunum þegar hann vísar í verk Byrons, þannig að ekki sé orð á því gerandi. Einnig er hugsanlegt að hér sé að verki sá algengi varnarháttur skálda að gera lítið úr áhrifum mikilla fyrirrennara á þeirra eigin skáldskap. En þriðja skýringin er einfaldlega sú að Gísli hafi ekki gert sér grein fyrir því hve oft ljóð hans þáðu ljós sitt frá Byron. Þetta væri alveg í samræmi við það að sem skáld er Gísli iðulega eins og nokkurs konar miðill fyrir aðrar raddir. Hann virðist ekki hafa neitt á móti því að önnur skáld tali í gegnum sig og gerir sér reyndar far um að láta liðnar raddir enduróma í ljóðum sínum.

Frelsisskáldið

Þó að Gísli leitaði oft fanga í fornbókmenntum norrænna manna og Gyðinga og yrði í ákveðnum skilningi „fornyrstastur og fornkveðnastur íslenskra skálda“ á 19. öld,⁴⁵ var hann fyrst og síðast samtímaskáld. Biblían var ekki hans alfa og ómega; dróttkvæðaskáldin voru ekki hans helsta fyrirmynd, hvað sem líður tíðum vísunum hans í Kormák skáld og önnur slík. Lord Byron var hinn raunverulegi lávarður lífs

⁴⁵ Eiríkur Hreinn Finnbogason: „Inngangur“, bls. 15.

hans, að minnsta kosti á þeim árum þegar Gísli lét mest að sér kveða. Bókmenntaarfurinn var frekar eins og hljómbotn þess byronska frelsis- og ástaróðs sem hann orti til samtímamanna sinna.

Kvæði Gísla í fornum stíl eru mörg ágætlega heppnuð. En þó að það sé í sjálfu sér athyglisvert hvernig Gísli notar fornhætti og hefðbundið skáldamál í mörgum ljóðum sínum, þar sem hann býr til nýjar kenningar og umritanir, er hann enginn byltingarmaður á því sviði. Aðrir höfðu orðið honum fyrri til að leggja út af fornbókmenntum á svipaðan hátt. Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson höfðu endurvakið gamalt skáldamál og bragarhætti með afgerandi hætti í kvæðum sínum. Nýjung Gísla er aftur á móti ákveðin aðferð sem kalla mætti samsetningartækni eða *collage*, svo beitt sé alþekktu hugtaki úr myndlistarfræðum. Þessi nýstárlega tækni nýtur sín til fulls í þeim flokki kvæða sem Gísli kallaði Magyaraljód.

Í síðari árgangi *Norðurfara* birti Gísli heljarlanga grein sem heitir „Frelsis hreifingarnar meðal þjóðanna“.⁴⁶ Frelsisandi fór um Evrópu alla eftir febrúarbyltinguna í Frakklandi 1848 og sama ár var einveldi konungs afnumið í Danmörku (sbr. ritgerð Gísla, „Frá Norðurálfunni 1848“, bls. 177–208). Þetta ár og það næsta voru mikil átakaár í ungverskri sögu. Ungverjaland var konungsríki, en einvaldur þess var Austurríkiskeisari sem var af ætt Habsborgara; landinu var því í raun stjórnað frá Vínarborg. Lajos Kossúth (1802–1894), leiðtogi Magyarara, hélt fræga eldræðu snemma árs 1848 þar sem hann krafðist þess að Ungverjar fengju eigið þing og ráðuneyti. Vildi hann að héðan í frá yrði um „persónulegt“ konungssamband við Austurríki að ræða en að raunveruleg stjórn ríkisins færðist til Ungverjalands. Ungverjar með Magyarara í broddi fylkingar létu ekki sitja við orðin tóm og virtist þeim um skeið ætla að takast það ætlunarverk sitt að öðlast sjálfstæði. Austurrísk yfirvöld stóðu höllum fæti í umróti tímans og létu undan kröfum Ungverja fyrst um sinn, en svo sló í brýnu með þeim og endaði með stríði sem stóð með hléum fram undir haust 1849.

⁴⁶ Gísli Brynjúlfsson: „Frelsis hreifingarnar meðal þjóðanna.“ *Norðurfari*, 2. ár (1849), bls. 36–166.

Gíslí vakti rækilega athygli á hræringunum í Evrópu með skrifum sínum í *Norðurfara*. Hann hefur þó einkum hrifist af baráttu Magyara eða Ungverja og frelsishetju þeirra Kossúth. Skrif Gísla um frelsisbaráttu þessarar fjarlægju þjóðar voru fersk miðað við vanalegan frétttaflutning íslenskra tímarita og lýstu atburðarás sem ekki var enn séð fyrir endann á. Síðara ár *Norðurfara* kom út á haustdögum 1849 og þar var lýst atburðum sem áttu sér stað í Evrópu fyrir á því ári. Þá höfðu Ungverjar lengi vel haft betur gegn Austurríkismönnum og lýstu raunar yfir sjálfstæði sínu vorið 1849. En þegar Rússar komu Austurríkismönnum til hjálpar í stríðinu var þess skammt að biða að Ungverjar biðu lægri hlut. Í formála Gísla fyrir *Norðurfara* sem dagsettur er 20. september kemur fram að Ungverjar höfðu þá þegar gefist upp fyrir Rússum, en það gerðu þeir nokkrum vikum fyrir, í ágúst 1849.

Gíslí fjallar um baráttu Ungverja á innlifaðan hátt mikils frelsisunnanda. Skrif hans virðast einnig hafa fengið nokkurn hljómgrunn hér á landi, enda er greinilegt að hann hefur Ísland mjög í huga í lýsingu sinni á baráttu Ungverja. Í athugasemd í *Ljóðmælum* 1891 segir Gíslí um frelsisskrif sín í *Norðurfara* 1849:

Það hafði þá og tekist að gera nafn Magyara og Löðvis Kossúth svo frægt og vinsælt á Íslandi, að jafnvel hestastrákarnir minntust hans, er þeir sáu reiðmann „með svipu langa teyma hross út“; og hélst sá hugur við nokkra stund, er líkari var frelsisanda fornaldarinnar sjálfrar en aumingjaskap núverandi tíma hjá oss. Enda var ég þá og, er ég reit um Magyara í „Norðurfara“, og er enn svo gagntekinn af mörgu ágæti þeirra og oddvitans, en einkum þó af hinni hetjulegu og stórkostlegu frelsisbaráttu þeirra 1849, að ég spærði ei að bera þeim söguna heldur vel og þó segja satt og rétt frá öllu að því, sem mér var best kunnugt.⁴⁷

⁴⁷ *Ljóðmæli* 1891, bls. 121.

En Gísli lét sér ekki nægja að segja frá því í óbundnu máli sem átti sér stað í Ungverjalandi árið 1849 heldur orti hann einnig mikinn og athyglisverðan kvæðaflokk um sama efni, Magyaraljód. Þau voru þó ekki prentuð fyrr en að Gísli látnum í *Ljóðmælum* 1891, utan eitt kvæði (Fall Ungara) sem birtist í *Nýjum félagsritum* 1852. Magyaraljóðin eru prentuð í þeim bókarhluta sem Gísli kennir við skáldskaparguðinn Braga (*Bragaljód – Frelsiskvæði íslensk og almenn*). Þau tengjast leynt og ljóst þeirri pólitísku stefnuskrá Gísla sem birtist í greinaskrifum hans um Ungverja. Honum er mjög í mun að auka samúð Norðurlandabúa með frelsisbaráttunni sunnar í Evrópu og dregur m.a. fram sögulegar hliðstæður í því skyni, íslenskar og ungverskar. Í Magyaraljóðum gengur Gísli enn lengra en í greinum sínum um Ungverja og notar ekki aðeins söguleg rök til að sýna fram á hliðstæður og tengsl Norðurlanda og Ungverjaland. Hann blandar þar saman sögulegum staðreyndum og skáldlegum innblæstri á mjög athyglisverðan hátt og vinnur m.a. úr norrænum goðsögnum og fornaldarsögum Norðurlanda.

Pólitísk stefnuskrá Gísla er hvað greinilegust í öðru ljóðinu í þessum kvæðaflokki sem heitir Upphaf Ungara (Magyara). Reynir hann að sýna fram á forn tengsl Norðurlandabúa og Ungverja (Húna) með rökum sem eru lýsandi dæmi um það hvernig Gísli notar bókmenntarfinn málstaðnum til framdráttar. Rökin finnur hann í fornaldarsögunni um hinn goðsagnakennda og víðförla Örvar-Odd. Gísli vitnar til þess að hin norræna hetja hafi í rauninni komið til „Ungara við Úralfjöll, forfeðra Magyara“⁴⁸ og vingast við þá. Ögmund flóka (Ögmund Eyþjófsbana), hinn ógurlega andstæðing Örvar-Odds, tengir Gísli hins vegar helstu óvinum Magyara, engum öðrum en Rússum, enda komi það fram í fornaldarsögunni að Ögmundur flóki hafi „lagt allt Rússaríki undir sig.“⁴⁹ Örvar-Oddur er aftur á móti fulltrúi frelsisins og einna helst er á Gísli að skilja að þessi fræga hetja hafi átt „mestan þátt í frelsisanda þeim og hetjumóð, er svo merkilega

⁴⁸ Sama rit, bls. 126.

⁴⁹ Sama rit, sama stað.

einkennir fornan norrænan skáldskap frá öllum öðrum skáldskap í heimi.⁵⁰

Í fyrstu tveimur erindunum eru þeir Ögmundur og Oddur kynntir til sögunnar og þar kemur vel fram hve Gísli er lagíð að yrkja í anda eddukvæða (bls. 114):

Ár bjó austur
að Úralfjöllum
harðsnúin drótt
Húnkonunga;
átti illt
við Ögmund flóka
frá upphafi
ævi sinnar.

Þangað kom einn
við örvamæli
Oddur hinn víðförli
endur fyrir löngu
er hann austur fór
og álm bendi,
hár úr Hrafnistu,
hverjum meiri!

Orðavalið er eddulegt (sbr. orðið *ár* sem kemur gjarnan fyrir í upphafi eddukvæða í merkingunni snemma) og bragarhátturinn einnig, forn-yrðislag. Með því að áréttu venskap Örvar-Odds og þeirrar þjóðar sem bjó austur við Úralfjöll og átti í útistöðum við hinn yfirgangssama Ögmund flóka, nær Gísli að gera norræna menn og Ungverja að eins konar bandamönnum í hinu eilífa stríði mannkyns við ófrelsisöflin. Sakir þessarar fornu vináttu beri Íslendingum að sinna afkomendum Ungverja í nútímanum (6. erindi, bls. 115):

⁵⁰ Sama rit, bls. 127.

Oss er því skylt
 Íslendingum,
 er úr Hrafnistu
 ættir teljum,
 Hróars og Atla
 ættmanna þjóð,
 Odds hins víðförla
 vinum enn,
 örfum öðlinga,
 æ að sinna:
 Það er allt saman
 Ungarakyn
 er Húnmegir
 hétu forðum.

Vilji Íslendingar nútímans rekja ættir sínar til hinna hetjulegu Hrafnistumanna verði þeir líka að gangast við vináttu Odds við Ungverja og sýna hana í verki nú þegar hætta steðjar að ungerskri þjóð.

Í fjórða ljóði flokksins, Sigur Magyara 1848–49, heldur Gísli upp-
 teknum hætti og færir helstu leikendur í frelsisstríðinu í búninga
 norrænnar fornaldar. Hér leitar skáldið ekki síður fanga í goðsögnum
 Eddanna en fornaldarsögnum Norðurlanda. Rússum, andstæðingum
 Ungverja, umbreytir Gísli í tröllin í austri sem guðinn Þór var sífellt
 að berja á í Eddunum gömlu. Og með lævislegri blöndu fornfræða-
 grúskis og skáldskapar tekst Gísla að gera einn mann úr guðinum Þór
 og Atla Húnakonungi, sem hann segir vera forföður Ungverja. Þó að
 röksemdafærslan sé bláþráðótt er ákveðinn fótur fyrir þessari teng-
 ingu, því að Þór er tvívegis nefndur *Atli* í Snorra-Eddu. Gísli nýtir sér
 þetta til fulls og bætir um betur. Fyrir fjórða Magyaraljóðinu hefur
 hann þessi einkunnarorð:

„Stella cadit terra tremit, en ego malleus mundi!“

Orð Attila í hinni latínsku kroniku Ungara eptir Joh. de Thwroc (um 1490).⁵¹

Tilvitnunin gæti hljóðað eitthvað á þessa leið á íslensku: „Stjarna hrapar, jörð skelfur, sjá mig, hamar heims!“ Í formála sínum að fjórða Magyaraljóðinu segir Gísli:

Hermaður hinn mesti var og Attila konungur, en þau orð, sem honum hér eru eignuð fyrir framan kvæðið, sýna þó best að honum hefir verið meira í hug en það eitt: Hann hefur miklu fremur skoðað sig einkum sem þann, er hefna skyldi allrar gamallar kúgunar margra þjóða á Rómverjum og hafa til þess hamarinn á lofti, sem Þór sjálfur forðum. Spurningin er nú, hvort ei Húnar sjálfir hafi haft líka goðatru sem Norðurlandþjóðir og hvort ei jafnvel sjálf *nafn* Attila (*Atla, Þórs*) bendir til þessa. Margt sýnist að sanna að kveðskapur þeirra hafi líka átt ei svo lítið skylt við fornskáldskap norrænan, og það ber og ræða sú með sér, er Jornandes [Jordanes] segir að Attila hafi haldið fyrir Húnum áður en hann hóf hinn mikla bardaga á Catalaunisku völlumum 452 e. Krists burð.⁵²

Þegar Gísli nefnir Atla og guðinn Þór í sömu andranni er þar ekki aðeins um tilfallandi líkingu að ræða. Hér er á ferðinni úthugsaður samsláttur skáldsins sem m.a. er byggður á aðurnefndu Atlaheiti Þórs í Snorra-Eddu, auk tilvitnunarinnar þar sem Atli Húnakonungur líkir sér við hamar heimsins. Hlutverk Atla (Þórs) í norrænum goðsögnum og heimsmynd er hliðstætt hlutverki Atla (Húnakonungs) í evrópski sögu. Þeir berjast báðir fyrir frelsinu við óvinaöflin sem sækja að heimi þeirra, annar við tröllin í austri, hinn við rómverska heimsveldið sem allt vill undiroka. Þetta sögulega hlutverk Þórs gerir það að verkum að Gísli endar Magyaraljód sín gjarnan á heitu ákalli til þessa verndara frelsisins. Á það ekki aðeins við um fjórða ljóðið

⁵¹ Sama rit, bls. 137.

⁵² Sama rit, sama stað.

heldur og það sjötta og áttunda. Í fjórða ljóðinu (21. erindi) er ákallið á þessa leið (bls. 122):

Húnum aldrei Bikkabjór
blandist, fjör uns dvínar!
Hæstur Þór, svo hyggjustór,
heyrðu bænir mínar!

Hér kemur nýr aðili við sögu, sá sem Gísli kallar *Bikka* og er enn eitt dæmi þess hvernig hann lætur hinn gamla goðaheim varpa ljósi á helstu átakaöfl samtímans í Ungverjalandi. Í neðanmálgrein skýrir hann tengingu sína svo að

„*Bikkakyn*“ sé í „Magyaraljóðum“ æ haft um þann blending af þjóðverskum embættislyð í Austurríki (alls ei um Þjóðverja sjálfa) og þrælyndum slavneskum þjóðflokkum þar (Serbum, Króötum og Tsjekkum í Bæheimi), er óláns ráðgjafar keisarans í Vínarborg... frá upphafi höfðu haft mest til að siga á Magyara til að ónýta frelsi þeirra. ... *Bikki* er kallaður í eddukvæðunum hinn mikli svikari, þó konungsnafn bæri, er mestu illu réð með hinum frægustu fornkonungum, Jörmunreki og Atla, bar róg milli Gota og Húna, er hann þjónaði.⁵³

Þannig hefur Gísli endurskilgreint þátttakendur í átökunum austur í Ungverjalandi með hliðsjón af heimi eddukvæða og norrænum goðsögnum. Ennfremur enduróma í Magyaraljóðum kvæði frá ýmsum öldum norrænnar bókmenntasögu sem sýna vel hina sérstöku tilvísanatækni skáldsins. Í fyrsta ljóðinu í þessum kvæðaflokki, Magyarar og Ungaraland 1848, vísar Gísli t.a.m. í Darraðarljóðin í Njálu, Atlamál hin grænlensku, Bjarkamál hin fornu og Maísöng sænska skáldsins Tegnérs, eins og hann bendir sjálfur á í neðanmálgreinum sínum í *Ljóðmælum* 1891.⁵⁴

⁵³ Sama rit, bls. 131, nmgr.

⁵⁴ Sama rit, bls. 124–125.

Í Magyaraljóðum birtist tilvísanatakni Gísla í hnotskurn. Eins og Einar Benediktsson bendir á eru ljóð hans *margradda*. Í skáldskap sínum raðar Gísli saman bókmenntalegum brotum úr verkum annarra og blæs nýju lífi í brotin með frumlegum tengingum sínum og ljóðrænu. Um leið lætur hann bókmenntaarfinn kallast skemmtilega á við samtímasöguna, þannig að norrænar goðsagnir og fornbókmenntir ná að varpa forvitnilegu ljósi á frelsisbaráttu 19. aldar.⁵⁵

Náttúraljóð og þjóðtrú

Gísli hafði mikinn áhuga á þjóðlegum fræðum og vikur m.a. að söfnun þjóðsagna í dagbókinni 1848. Hinn 5. janúar skrifar hann: „Það er skaði ég skuli nú ei muna margar kát(egar) sögur, sem ég hef heyrt á Ísl(andi), t.d. *um dauða manninn, sem var bundinn á graðfolann, sem stökk upp á meri, sem annar reið*“ (bls. 235). Fimm dögum síðar, 10. janúar, bætir hann við: „Mig rankar aðeins við sögu um óskastein, um gamlan örn, sem maður skar krók af nefi á, um Gráskinnu etc.“ (bls. 240). Og 18. febrúar færir hann eftirfarandi inn í dagbókina: „Skrifað upp eftir mömmu ísl(ensk) kvæði og vísur“ (bls. 261). Það kom þó í hlut annarra en Gísla að safna saman og gefa út íslenskar þjóðsögur og þjóðkvæði. En hinu má ekki gleyma að Gísli lagði á frumlegan hátt út af íslensku þjóðsagnaefni í skáldskap sínum. Ögmundur Helgason hefur bent á að Gísli hafi, ásamt nokkrum öðrum Íslendingum, sett saman sögur sem kalla megi þjóðsagnasmásögur og að þær hafi verið ákveðið stig í þróun íslenskrar sagnagerðar.⁵⁶ Um þetta vitnar sögubrot Gísla, „Sögur afdalakarlsins – Mórauði hundurinn, útilegumannasaga“ (bls. 271–275).

Það hefur farið öllu lægra að Gísli gerði hliðstæðar tilraunir á sviði ljóðlistar. Náttúra og þjóðtrú eru yrkisefni í nokkrum kvæðum hans og þó að Gísli skipi þeim ekki í öndvegi í ljóðasafni sínu eru þau sum með því besta sem hann orti. En meðal þeirra eru einnig misheppnuð

⁵⁵ Ég fjalla nánar um þetta efni í kaflanum „Söguleg ljóðagerð Gísla Brynjúlffssonar“ í bók minni *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantik*. Reykjavík 1999, bls. 242–277.

⁵⁶ Ögmundur Helgason: „Þjóðsagnasmásögur“, bls. 405–406.

kvæði. Reyniviðurinn heitir langt frásagnarljóð sem Gísli fékk birt í *Nýjum félagsritum* 1847. Ef til vill hefur það ráðið einhverju að hér var á ferðinni óvenjulegt yrkisefni, því að fá skáld höfðu þá orðið til þess að nýta sér íslenskt þjóðsagnaefni í kvæði. Reyniviðurinn er ortur undir tersínuhætti og segir sögu tveggja elskenda sem eiga ástarfund úti í náttúrunni. Er atlotum þessara fögru ungmenna lýst og síðan sagt að þeim hafi sigið svefn á brá, enda kvöldsett orðið. En þá kemur í ljós hvert samband þeirra er:

húm og dimma ríkti í auðum geim –
 þau vöknudu – ég vildi ég mætti þegja!
 Því verr ei nokkur vaknaði í heim –
 þau voru systkin – því skal meira segja?
 Þögular stjörnur hvurfu af himinlind;
 þeim báðum hefði betra verið að deyja
 í blundinum, en drýgja slíka synd ...⁵⁷

Þrátt fyrir hjákátlegar upphrópanir ljóðmælanda verður niðurstaðan í ljóðinu sú að ekki beri að dæma systkinin heldur harma örlög þeirra:

dæmið þau ei, því syndin þeirra svarta
 var synd af ást, er flestum vinnur á
 og ákafast hrífur ætíð fagurt hjarta
 svo eigi lengur sér það ráða má. –
 En harmið þau, því heimi synd er goldin,
 hegningu veröld aldrei meiri sá.⁵⁸

Systkinin láta lífið fyrir ástina og á leiði þeirra vex reyniviður. Segir Gísli í athugasemd við ljóðið að enn megi sjá þetta tré í Möðrufells-
 hrauni fram í Eyjafirði.⁵⁹ Ljóst er að hann leggur þar út af þekktu þjóðsagnaminni, en samkvæmt Jóni Árnasyni þjóðsagnasafnara er til-

⁵⁷ *Ný félagsrit*, 7. ár (1847), bls. 198.

⁵⁸ Sama rit, bls. 199.

⁵⁹ *Ljóðmáli* 1891, bls. 428, sbr. *Ný félagsrit*, 7. ár (1847), bls. 196. Í dagbók sinni 9. janúar 1848 (*Ljóð og laust mál* 2003, bls. 238–239) segist Gísli hafa séð reyniviðinn, sem hann kallar víði, sumarið 1847. Uppkast hans að fyrstu erindum kvæðisins um reyniviðinn er varðveitt í NKS 3320 4to og er það skrifað 14. nóvember 1845.

brigði við það að finna allt frá Vestmannaeyjum til Norðurlands. Jón segir í útgáfu sinni á *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum* árið 1862:

Önnur saga mjög lík þessari gengur í Eyjafirði um systkin tvö, sem dæmd voru til dauða fyrir blóðskömm og aftekin í Möðrufellshrauni. Þau sögðust ávallt vera saklaus. Þegar þau voru komin á aftökustaðinn, báðu þau til Guðs að hann vildi þó að minnsta kosti sanna sakleysi þeirra eftir dauðann. Síðan voru þau tekin af, og óx upp úr blóði þeirra reynitré, og af þessum viði er sagt að nægð hafi verið þar áður, en nú er engin hrísla eftir í því byggðarlagi.⁶⁰

Þessi lýsing er samhljóða þeirri sem Konrad Maurer birti í riti sínu *Isländische Volkssagen der Gegenwart* sem kom út tveimur árum fyrr, 1860. Í viðbót við lýsingu sína víkur Jón að kvæði Gísla: „Það er trúlegt að fleiri sögusagnir séu um þenna sama atburð í Eyjafirði; að minnsta kosti sýnist Gísli Brynjúlfsson hafa fylgt annarri og miklu óhreinni sögn, en þessi er, sem tekin er eftir Dr. Maurers *Isl. Volkss.*, 177. bls., og Sigurði málara, sem heyrir hafði söguna öldungis eins í Eyjafirði og Dr. Maurer hefir hana.“⁶¹

Jón Árnason telur Gísla hafa fylgt „miklu óhreinni sögn“ í kvæði sínu og Maurer talar um „Corruption“ í því sambandi. Orðalagið ber því vitni að þetta var í árdaga íslenskra þjóðfræðirannsóknna þegar menn trúðu því að til væru „hreinir“ frumsagnir sem gætu „spillst“ þegar frá liði. Fáir þjóðfræðingar tækju svo til orða á okkar dögum, enda er meintur upprunaleiki ekki lengur settur á oddinn í þeim fræðum. En orðalagið er einnig gildishlaðið og vísar til siðferðis. Jón og Maurer eru ósáttir við að Gísli geri systkinin sek um sífjaspell. Vel má vera að Gísli víki frá þeirri sögn sem hann hefur heyrt hvað

⁶⁰ Jón Árnason: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. I. bindi. Leipzig 1862, bls. 643.

⁶¹ Sama rit, bls. 643, nmgr. Maurer hafði sjálfur haft orð á þessu í riti sínu þegar hann sagði: „So wurde die Sage mir im Eyjafjörður erzählt; etwas anders hat sie Gísli Brynjúlfsson aufgefasst in seinem Gedichte: Reynivíðurinn ... Wenn derselbe aber die Hingerichteten als schuldig behandelt, und dennoch den Baum aus ihrem Blute erwachsen lässt, so ist diess offenbar eine Corruption der ursprünglichen Sage.“ Konrad Maurer: *Isländische Volkssagen der Gegenwart*. Leipzig 1860, bls. 177.

varðar sakleysi eyfirsku systkinanna.⁶² En það er þá gert í þeim tilgangi að endurtúlka hana í ljósi þess að um sé að ræða „synd af ást“ eins og segir í kvæðinu. Í þessu felast málsbætur þeirra að mati Gísla og sektin liggur þá frekar hjá yfirvaldinu. Hinn raunverulegi glæpur er fölginn í refsingunni sem systkinin eru beitt. Átrúnaðargöð Gísla, Byron lávarður, hafði ort um slíkar ástir í meinum og auk þess átt í ástarsambandi við hálsfystur sína. Það er því ekki ósennilegt að lesa megi ákveðinn byronisma úr því hvernig Gísli fer með sögnina í kvæðinu.

Reyniviðurinn er heldur óburðugt kvæði en í því birtist listræn aðferð sem Gísli beitir með betri árangri í öðrum kvæðum. Samþætting þjóðsögu og náttúrulýsinga er með miklum ágætum í Lóunni (Gömul saga) og Gullinu rauða, tveimur kvæðum sem birtust í *Svönn* 1860 og sýna að Gísli var í fararbroddi þeirra skálda sem kusu sér íslenskar þjóðsögur að yrkisefni. Svo dæmi sé tekið hafði Grímur Thomsen, sem einna lengst átti eftir að ná á þessari braut, ekki birt neitt kvæði út af þjóðsögu enn sem komið var.⁶³ Gísli ruddi því brautina fyrir

⁶² Í dagbókinni 1848 getur Gísli heimildarmanna sinna fyrir sögninni (sjá færslur hans 10. jan., sbr. *Ljóð og laust mál*, bls. 239–241; sjá einnig færslu 9. jan., sbr. sama rit, bls. 238). Kveðst hann hafa heyrt hana í bernsku af vörum Stóru-Helgu, sem hann kallar svo, í Enni í Sléttuhlíð, eins og fleiri sögur sem hann sé nú að mestu búinn að gleyma. Helga hafi búið í Eyjafirði áður en hún fluttist til Skagafjarðar. Auk þess hafi húsfreyjan á Hrafnagili sagt honum sögu eyfirsku systkinanna sumarið 1847. Gísli naut návistar við fleiri sagnakonur um ævina og má þar nefna móður hans og Sunnevu Markúsdóttur, en hún var fóstur Guðrúnar Stefánsdóttur á Móðrúvöllum í Hörgárdal og einnig barnfóstra á Ketilsstöðum á Völlum, þar sem Gísli fæddist. Jón Samsonarson vikur að Guðrúnu og Sunnevu sem heimildarmönnum Gísla um þjóðsögur og þjóðkvæði í áður nefndri grein sinni („Byltingasinnað skáld í þjóðfræðaham“, bls. 179–181, 183–185 og 189). Þess má og geta að Guðrún Stefánsdóttir („Frau Brynjúlfsson“) var meðal heimildarmanna Konrads Maurer um íslenskar þjóðsögur (*Isländische Volkssagen der Gegenwart*, bls. 323).

⁶³ Enn liðu átta ár áður en Grímur birti fyrsta kvæði sitt sem ort er út af íslenski þjóðsögu, en það var Barnafoss sem birtist í *Þjóðólfi* 1868. Jónas Hallgrímsson varð einna fyrstur rómantískra skálda til að leggja út af íslenski þjóðtrú, sbr. Hulduljóð og fleiri kvæði, og eins og Gísli hafði hann áhuga á þjóðsögum og samdi frásagnir í svipuðum anda, t.d. sögubrotið Hreiðarshól.

hann og aðra sem á eftir komu.⁶⁴ Um smíðagallana á fyrstu kvæðum Gísla í þessa veru gildir hið fornkveðna að öll frumsmíð stendur til bóta.

En bestu þjóðsagnakvæði hans þurfa engrar afsökunar við. Lóuna yrkir Gísli árið 1846 í léttum og leikandi þjóðkvæðastíl með stafi sem gengur í gegnum öll erindin. Upphafið er á þessa leið (bls. 163):

Einn um haust í húmi bar
hal að klettasprungu,
úti kalt þá orðið var,
öngvir fuglar sungu.

Sá hann lóur sitja þar
sjö í klettasprungu,
lauf í nefi lítið var
og lá þeim undir tungu.

Kvæðið byggist á þjóðtrú sem Jónas Jónasson frá Hrafnagili fjallar um í *Íslenskum þjóðhátum*:

Lóan var einn þeirra fugla, sem ekki voru skapaðir í öndverðu, heldur breytti frelsarinn nokkrum leirfuglum, sem hann hafði búið til að gamni sínu, þegar hann var barn, í lóur; kom að honum Sadúsei nokkur og ávítaði hann fyrir þetta, af því að sabbatsdagur var, og ætlaði að fara að brjóta fuglana, en þá brá hann hendi yfir leirmyndirnar; flugu þá upp leirfuglarnir og sungu um leið: „Dýrðin, dýrðin“. Lengi trúðu menn því, að lóan færi ekki af landi burt á haustin, heldur tæki hún laufblað í nef sér eða birkiviðaranga, og svo svæfi hún í klettasprungum veturinn af, þangað til vorhlýjan vektí hana. Ef laufblaðið er

⁶⁴ Vera kann að yrkingar Goethes í þjóðkvæðastíl hafi haft áhrif á Gísla, enda þýddi hann kvæðið Álfakonungurinn eftir Goethe 17. október 1845 eða mánuði áður en hann gerði fyrsta uppkast sitt að Reyniviðnum (sbr. dagsetningar á eiginhandarritum Gísla í NKS 3320 4to). Það er t.d. eftirtektarvert að tré gegna örlagaþrungnu hlutverki í Álfakonunginum eins og í Reyniviðnum.

tekið burtu, deyr hún, en ef hún er tekin og borin inn í hlýtt hús, vaknar hún og vakir til vors.⁶⁵

Maðurinn í kvæði Gísla getur ekki stillt sig um að taka laufið úr nefi einnar lóunnar (bls. 163–164):

Og hann sá að sváfu þær
svefnamóki þungu,
læddist inn og einu nær
inn í klettasprungu.

Vorið eftir enn hann bar
einn að klettasprungu,
visin laufblöð lágu þar,
lóur úti sungu.

Allar syngja nema ein – og lóan sú syngur ekki framar. Hannes Pétursson túlkar kvæðið svo: „Hróflað var við líftaug einnar þeirrar í svefninum og því vaknaði hún ekki líkt og hinar þegar voraði: manns-höndin hafði seilst of langt inn í dularheim náttúrunnar, fyrir sakir óvisku eða meinbægni. Einum vorboða var orðið færra þegar vetur rann í sjó – einum, en sögnin er þó táknsaga um framferði sem virðir ekki lög lífsins en eyðir og deyðir.“⁶⁶ Kvæðið sýnir hvers Gíslí var megnugur þegar hann tók þjóðsagnaefnið réttum tókum og náði þá að nýta sér það í þágu nýrrar náttúrusýnar.

Hitt kvæðið, Gullið rauða, er einnig sprottið af þjóðsögu. Það er ort árið 1847–1848 og endurskoðað árið 1860.⁶⁷ Gíslí hafði ungunur dvalið í Skagafirði og þar hefur hann eflaust heyrt sögnina um haugrofið undir Tindastól, en hún mun nú glötuð að öðru leyti en því að hún lifir í kvæðinu.⁶⁸ Um þetta sagnakvæði Gísla segir Einar

⁶⁵ Jónas Jónasson frá Hrafnagili: *Íslenskir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó til prentunar. Reykjavík 1934, bls. 194.

⁶⁶ Hannes Pétursson: „Hönd úr jörð upp.“ *Úr hugskoti. Kvæði og laust mál*. Reykjavík 1976, bls. 103–107; hér bls. 104.

⁶⁷ Sbr. eiginhandarrit Gísla í NKS 3320 4to; sjá einnig *Dagbók í Höfn*, bls. 156 (24. apríl 1848).

⁶⁸ Við eftirgrensulan í þjóðsagnasöfnum hefur ekkert komið í leitirnar um þessa sögn. Í

Benediktsson: „Lýsing hans á því, er Glúmur gekk í haug Grímars, er svo stutt og kjarnorð sem krafist verður, og er öllu kvæðinu haldið út til enda í sama sniði. Fá kvæði í safninu [*Ljóðmælum* 1891], jafnlöng, eru svo lýtalaus að öllu.“⁶⁹ Þetta er ekki lítið hrós úr munni manns sem sjálfur hafði farið meistarahöndum um aðra skagfirska sögn er hann orti kvæðið Hvarf séra Odds frá Miklabæ.⁷⁰ Gísli heldur vel á haugrofsminninu og lýsir því hvernig Glúmur leitar að stað til að fela gullið á (bls. 160):

Að sævarstapa stefndi hám
er stendur yfir mari grám,
kleif upp bratta klettaslóð
er krummi varla áður tróð:
Ill hann fégirnd áfram rak
undir hið dökka hamraþak
þar sem örn í hreiðri há
helgum steinum liggur á.

Með „helgum steinum“ á Gísli líklega við þá þjóðtrú sem tengist erninum. Jón Árnason segir á einum stað um svokallaðan lausnarstein:

Maður skal fara í arnarhreiður Vítusmessunótt (þ.e. 15. júní),
og múlbinda unga hennar meðan þeir eru ófleygir í hreiðrinu.
Þegar örnin kemur heim, og finnur þá svo stadda, leitar hún
allra bragða til að losa af þeim múlinn, og dregur alls konar
náttúrusteina í hreiðrið, sem hún hyggur að megi létta þessu af
ungunum. Loksins sækir hún lausnarsteininn; margir segja hún
komi með þrjá steina seinast með ýmsum litum og beri hún

fornleifaskýrslum, sem prestar í Skagafirði sendu fornleifanefndinni í Kaupmannahöfn á árunum 1817–1822, er getið um ýmsa hauga í sýslunni og sagnir sem þeim tengjast, en hvergi er þar minnst á nöfn þeirra Glúms og Grímars (sbr. *Frásögur um fornaldarleifar 1817–1823*. Síðari hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík 1983, bls. 491–525).

⁶⁹ Einar Benediktsson: „Gísli Brynjúlfsson“, bls. 261.

⁷⁰ Ummæli Einars um Gísla eru frá 1896 en kvæði hans um séra Odd birtist fyrst í *Sumanfara* 1891.

hvern eftir annan að nefi unganna, og leysi lausnarsteinninn skjótt múl þeirra.⁷¹

Kvæði Gísla kann einnig að kallast á við sögn sem Jón Árnason greinir frá um gersemar sem fölgna séu í háum hömrum á þessum slóðum:

Í Tindastól austan- og norðanverðum, í eða upp undan Glerhallavík, skammt fyrir sunnan Bolabás, er brunnur luktur háum hömrum á alla vega, og gulllitaðvatn í. Bæði í þeim brunni, og umhverfis hann, er sagt að séu alls konar náttúrusteinar, og þar á meðal óskasteinninn. Allir náttúrusteinar, sem þar í eru, er sagt að komi upp á Jónsmessunótt, og bregði þá á leik ofan á brunnum, og í kringum hann, en þess á milli liggi þeir neðst á brunnbottinum. Best er því að sæta þessu lagi til að ná í steinana; en þó er svo örðugt að komast að brunni þessum, að ekki verður þangað farið, nema gandreid.⁷²

Um tengsl kvæðisins við slíkar sagnir verður ekkert fullyrt vegna þess að heimildirnar eru af skornum skammti. En Glúmi tekst ekki að klífa allan klettinn með feng sinn og kemst ekki heldur niður. Í þessari sjálfheldu missir hann að lokum vitið (bls. 161):

Svo hann dvaldi dægri þrjú,
döpur mundi ævin sú,
knúði gullið hrörnuð hönd,
hrjáðist lengi sturluð önd:
Uns af hungri hinn, er lá
hringi líkur gulli á,
örmagna með auðinn sinn
ofan steyptist hamarinn.

Endar þannig ævi hins fégráðuga manns og gullið sekkur í sjóinn, sem Gíslí orðar vel með tilvísun í gamla gullkenningu: „hvarf í ægi

⁷¹ Jón Árnason: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. I. bindi, bls. 649.

⁷² Sama rit, bls. 648.

ægisglóð“. Margt er því líkt með Gullinu rauða og Lóunni: Maður raskar ró þess sem hvílir í skjóli sínu (draugur í haug; lóa í klettaskoru) og nemur þaðan brott hlut (gull; lauf) sem veldur dauða. Náttúran og dulmögn hennar koma mjög við sögu í þessum kvæðum: Fuglinn sem sefur af veturinn; haugbúinn; örninn í kletti sínum. Með þeim áréttar Gísli að náttúrusýn þjóðtrúarinnar feli í sér mikilvægan skilning á stöðu mannsins í heiminum. Ef hann rýfur friðinn við umhverfi sitt er ekki von á góðu.

Ort í útleið

Hér hefur einkum verið dvalið við kveðskap frá yngri árum Gísla, enda lifði hann þá blómaskeið sitt sem skáld. Ljóðin sem hann orti um það leyti sem *Norðurfari* kom út og dagbókin sem hann hélt í Höfn árið 1848 eru þau verk sem halda munu nafni hans á lofti. Áratug síðar, þegar ljóðasafnið *Svava* kemur út 1860, er mesti hitinn farinn úr skáldskap hans. Þó að ágæt ljóð séu þar innan um er hlutur hans í bókinni síðri en féлага hans, Benedikts Gröndals og Steingríms Thorsteinssonar. Um það leyti var að myndast sú óvild milli Gísla og Jóns Sigurðssonar sem olli því að fáeinum árum síðar var hann talinn óalandi og óferjandi meðal Íslendinga í Höfn. Gísli var viðkvæm sál þótt hann talaði stundum digurbarkalega og greinilegt er að hann þoldi andstreymið illa. Hann varð æ bitrari eftir því sem árin liðu og tók það nærri sér að vera útskúfaður úr hópi landa sinna og fyrrum féлага. Kvæði hans frá síðari árum eru full eftirsjár eftir glataðri ást og glötuðum tækifærum á vettvangi lífsins, en þó kveður við nokkuð nýjan tón í sumum þeirra. Gísli hefur þar sagt skilið við hverflyndi sitt á yngri árum og tekur þá örlögum sínum af karlmennsku.

Ein fyrsta vísbendingin um þetta eru Vísur þær sem Gísli yrkir árið 1853, en þær urðu þekktar sem sönglag („Hin dimma, grimma hamrahöll“). Þar orðar hann karlmennskuhugsjón sína á eftirfarandi hátt (3. erindi, bls. 167):

Að bíða þess sem boðið er,
hvort blítt svo er eða strítt,

og hvað sem helst að höndum ber
 að hopa ei nema lítt
 en standa eins og foldgnátt fjall
 í frerum alla stund,
 hve mörg sem á því skruggan skall –
 sú skyldi karlmanns lund.

Eftirmæli Gísla um Jóhannes Guðmundsson sýslumann (1824–1869) eru æðrulaus og fallegur kveðskapur. Jóhannes var giftur Maren Ragnheiði Friðriku (1828–1907), dóttur Lárusar Thorarensens sýslumanns í Enni í Sléttuhlíð, þar sem Gísli hafði dvalið ungur ásamt móður sinni. Maren var því uppeldissystir Gísla og hann leit á Jóhannes sem mág sinn. Veturinn 1869 varð Jóhannes úti í aftakaveðri nálægt heimili sínu í Hjarðarholti í Dölum. Í eftirmælum Gísla er 3. erindið á þessa leið (bls. 142):

Svo og enn það ævikvöld
 að honum kom á fósturjörðu,
 að hann varð í veðri hörðu
 endaðs lífs að inna gjöld:
 Karlmannlegum dauða hann dó:
 Þá var fjallafoldin hvíta
 fönnum búin öll að líta
 þegar hann sig héðan bjó.

Í niðurlagserindunum kvæðisins er auðfundið trúartraust (bls. 143):

Nú er endað ævistríð
 og á þínu grænka leiði
 grösín, bróðir, best und heiði
 svásúðlega um sumartíð!
 Grátum ei þó frost um fold
 fresti um stundu vorum iðnum,
 kemur vor að vetri liðnum,
 lifir önd þó lestist hold.

Sé þér, mágur, moldin létt
 og þú sem að mest að misstir,
 minnar æsku fóstursystir,
 huggast lát af harmi mett!
 Kemur síðan sælli tíð –
 gott er þar til góðs að minnast,
 glöð þið megið aftur finnast
 þar sem hvorki er hregg né hríð.

Eftirmælin kallast að vísu á við kvæði Jónasar Hallgrímssonar eftir Tómas Sæmundsson (ort 1841) og eru ort undir sama bragarhætti, en þau standa fyllilega fyrir sínu. Hér birtist okkur þroskaðra og yfirvegaðra skáld en æskukvæðin gáfu til kynna, og eflaust ber æðruleysið vott um að Gísli gerðist trúaðri með aldrinum. Hann yrkir sannfærandi trúarkvæði á fullorðinsárum sínum og má þar nefna Davíðs trú sem ort er 1886 (3. og 4. erindi, bls. 156):

Eins og elding eilíf brenni
 ofan Drottinn fer að storð,
 bein og iður hristast henni
 hans er gellur máttarorð
 og þó nærir alla heima
 eins af mildi Drottins sól
 er kerúbar og kraftur beima
 krjúpa Guðs að náðarstól.

Guð er bæði í blíðum vindum
 Basans einn við fjallaslóð
 og á Hórebs helgum tindum
 heyrðust fyrr hans sigurljóð:
 Hann er bæði úti og inni
 og í sálu minni þó,
 mér er sekum mörgu sinni
 mildan frið í hjarta bjó.

Gísli hefur fundið huggun í Guði, en trúin er honum þó ekki eins og síðasta haldreipi örvinglaðs manns, heldur skín staðfesta og fullvissa úr orðum hans. Hann yrkir þennan sálm tæplega sextugur að aldri og setur hann í flokk Ísraelsjóðanna sem hann hóf að yrkja um tvítugt. Á árunum 1884–1887 yrkir Gísli annan flokk sem byggist á Biblíunni og hann kallar *Guðspjallamál eða nokkur sannmæli Jesú Krists*. Sá flokkur sýnir trúhneigð Gísla á efri árum, eins og ráða má af heitum kvæðanna: „Úr fjallræðu Jesú Krists“; „Orð Jesú Krists um auðmanninn“; „Jesús talar um Faríseana og grætur yfir Jerúsalem“; „Jesús og María Magðalena, páskamorgun“.⁷³

Kannski hafði Gísli reynt sannspár þegar hann orti ungur um Farald sem var eins og útlendingur í lífinu og endaði ævina á erlendri grund (bls. 98–99):

Sárt er einn að sýta
sviptur von og fró,
á eftir yndi að líta
um eilífð burt sem fló –
einmana svo um ævikvöld
ráfa um auðnu öllu sviptur,
ást og vinafjöld.⁷⁴

Hinn einlægi frelsisunnandi og ástaskáld andaðist í útlegð sextugur að aldri og eflaust saddur lífdaga. Norrænufræðingurinn og háskólakennarinn Konráð Gíslason minntist kunningja síns og starfsbróður með þessum orðum í bréfi: „Gísli Brynjúlfsson er nú nýdáiinn af blóðspýju, en hafði verið á ferli og inni í Regensi [Garði] daginn áður en hann andaðist. Ég hef kennt ósköp í brjósti um hann seinustu árin.

⁷³ Kvæðaflokkurinn um Krist er prentaður í *Ljóðmælum* 1891 en hann var ekki valinn í það úrval sem prentað er í *Ljóðum og lausu máli* 2003.

⁷⁴ Hér er vitnað í kvæðið eins og það birtist í *Norðurfara* 1848, en í *Ljóðmælum* 1891 er „sem“ í 4. línu breytt í „er“.

– Hann var fróður og minnisgóður og hafði, að mér fannst, manna best vit á hvað fallett er og fallett í fornum skáldskap.⁷⁵

Gestur Pálsson gaf Gísla Brynjúlfssyni þau eftirmæli að hann hefði verið „mesta ástaskáldið, sem landið hefir átt; hann er ekki einungis ástasaknaðarins skáld, hann er líka ástamunaðarins skáld. ... Það er líka kunnugt um Gísla, að hann var einhver mesti ástamaður, sem fæddur er á Íslandi. Einmitt þess vegna er hann líka svo einkennilegur í hópi íslensku skáldanna, af því að hann yrkir út frá sinni eigin lífsreynslu; það er ógnar sjaldgæft hjá okkur.“⁷⁶ Einar Benediktsson sagði að það væri „í rauninni fjótséð hverjum, sem vill dæma um kveðskap Gísla með sanggirni, að hann er eitt hið einkennilegasta og frumlegasta skáld Íslendinga.“⁷⁷ Matthías Jochumsson hóf eftirmæli sín um Gísla á þessu erindi:

Grátið fríðan laufalund,
lista-sprundin björtu;
nú eru köld og komin í grund
Kórmáks augun svörtu.⁷⁸

Gísli Brynjúlfsson verður sennilega seint talinn til höfuðskálda, en ljóð hans eru vel þess virði að vera lesin. Í augum margra samtímanna var hann óvenjulegur, en þó er það svo að skrif hans draga fram margt af því sem helst er einkennandi fyrir 19. öldina. Gísli var öðrum mönnum næmari á samtíma sinn og á yngri árum náði hann að festa hendur á ýmsu sem annars hefði farið forgörðum frá þessari öfgafullu öld rómantikur og umbyltinga. Hann stefndi sennilega aldrei að þeirri ljóðrænu gullgerðarlist sem landar hans eins og Jónas Hallgrímsson höfðu í hávegum. Gísli kundi hins vegar þá list að veita

⁷⁵ Konráð Gíslason: *Bréf Konráðs Gíslasonar*. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Reykjavík 1984, bls. 271.

⁷⁶ Gestur Pálsson: „Nýi skáldskapurinn“, bls. 385.

⁷⁷ Einar Benediktsson: „Gísli Brynjúlfsson“, bls. 256.

⁷⁸ Matthías Jochumsson: „Gísli skáld Brynjúlfsson (d. 1888).“ *Ljóðmæli*. 3. heildarútgáfa. Magnús Matthíasson bjó til prentunar. Reykjavík 1936, bls. 290.

ólkum áhrifum og straumum í einn farveg í ljóðum sínum. Einlægni hans er stundum of harmþrungin fyrir smekk nútímamanna, en hún ber einnig vott um listrænt örlæti af hans hálfu. Gísli gat verið sjálfhverfur maður, en skáldskapur hans er ekki því marki brenndur. Bestu ljóð hans eru opinn texti sem lesandinn heldur áfram að yrkja löngu eftir að höfundurinn er allur.

LEIKSTARFSEMI Á ÍSLANDI 1860–1920

Um doktorsritgerð Sveins Einarssonar

DOKTORSRITGERÐ SVEINS EINARSSONAR, *A People's Theatre Comes of Age. A Study of the Icelandic Theatre 1860–1920* (Reykjavík 2007), er skrifuð á ensku þó að hún hafi verið lögð fram til varnar við íslenskan háskóla. Kosturinn við að fjalla um þetta efni á ensku er að sjálfsögðu sá að rannsóknin verður aðgengilegri erlendum áhugamönnum um íslenska leiklist. Í ljósi þess að höfundurinn hefur áður fjallað ítarlega um sama eða svipað efni á íslensku verður það enn skiljanlegra að hann skuli kjósa að skrifa ritgerðina á hinu alþjóðlega fræðimáli nútímans. Ég vona að umræða mín um ritgerðina geti orðið til að vekja athygli íslenskra lesenda á því fróðlega efni sem þar er að finna. Trausti Ólafsson hefur áður fjallað skilmerkilega um ákveðna þætti ritgerðarinnar í ritdómi í *Skírni*,¹ en ég ætla að koma að henni úr nokkuð annarri átt og vekja máls á ýmsum þáttum sem þörf er á að ræða.²

Ritgerð Sveins skiptist í níu kafla og flestir þeirra deilast síðan í smærri greinar eða undirkafla. Fyrsti kaflinn er um leið inngangur verksins, annar kafla fjallar um rannsóknaraðferðir og sá þriðji um skilgreiningar helstu hugtaka. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir þeim samburði sem rannsóknin byggist á, en höfundur telur að ákveðnir þættir í finnskri, norskri og írskri leiklistarsögu bjóði einkum upp á samburð við þá þætti íslenskrar leiklistarsögu sem raktir eru í

¹ Trausti Ólafsson: „Íslensk leiklist vex úr grasi.“ *Skírni*, 181. ár, vorhefti 2007, bls. 249–253.

² Grein þessi byggist að hluta á andmælaræðu minni við doktorsvörn Sveins Einarssonar í Háskóla Íslands 25. nóvember 2006.

ritgerðinni. Í fimmta kafla er gefið stutt yfirlit um íslenska leiklistarsögu frá miðöldum og fram á 19. öld. Sjötti kafli, sem er langur og efnismikill, fjallar um leikstarfsemi á Íslandi á síðari hluta 19. aldar og er um leið aðdragandinn að umfjölluninni í sjöunda kafla, sem er sýnu lengstur og fjallar um meginefni rannsóknarinnar, sögu Leikfélags Reykjavíkur fram um 1920. Áttundi kafli fjallar svo um aðdragandann að stofnun Þjóðleikhússins og níundi kafli er um leið niðurlag ritsins. Þar á eftir fara heimildaskrár og þrjár viðaukar þar sem taldar eru upp leiksýningar á nokkrum stöðum á landinu á því tímabili sem um ræðir, 1860–1920.

Með heimildaskrár og viðaukum er ritið 360 blaðsíður að lengd. Í bókinni miðri eru nokkrar ónúmeraðar síður með eftirprentun ljósmynda af leikurum og sviðsetningum sem fjallað er um í verkinu. Á bls. 6 er að finna Íslandskort þar sem merkt er við þá bæi og þorp sem leikið var í á tímabilinu 1860–1920, auk þeirra skóla og sveitabæja sem voru vettvangur slíkrar starfsemi. Aftast í ritinu er svo að finna skrá yfir manna- og staðanöfn ásamt heitum sýningarstaða og eykur það notagildi ritsins.

Eins og venja er í doktorsritgerð er lögð til grundvallar ákveðin rannsóknartilgáta sem látið er reyna á og myndar eins konar leiðarhnoða í verkinu. Höfundur setur fram þá tilgátu að í Leikfélagi Reykjavíkur (LR) hafi frá því um 1900 og fram um 1920 verið fagmannlega staðið að leiksýningum og undirbúningi þeirra. Þar hafi í meginatriðum verið um að ræða atvinnuleikhús en ekki áhugamennsku. LR hafi í augum samtímamanna orðið að eins konar þjóðleikhúsi í samanburði við önnur leikhús í landinu. Á því tímabili sem rannsóknin nær til hafi leikstarfsemi einnig verið mun útbreiddari um landið en talið hefur verið. Iðkun leiklistar á Íslandi á síðustu áratugum 19. aldar hafi í eðli sínu verið grasrótahreyfing og getið af sér alþýðlegra leikhús en sambærileg starfsemi víða erlendis. Upp úr þessum jarðvegi hafi LR sprottið.

Rannsóknarsagan

Ritgerðin er í raun sjálfstætt framhald á fyrri rannsóknum höfundar og byggist einnig á rannsóknum ýmissa annarra sem hafa fjallað um afmarkaða þætti íslenskrar leiklistarsögu og sögu LR. Í hópi þeirra er frumkvöðull leikhúsrannsókna á Íslandi, Lárus Sigurbjörnsson, sem höfundur vitnar víða til í riti sínu sem vonlegt er. Hann vitnar einnig í upphafi rannsóknar sinnar til bókar Þórunnar Valdimarsdóttur og Eggerts Þórs Bernharðssonar, *Leikfélag Reykjavíkur. Aldarsaga* (Reykjavík 1997). Annar leikhúsrannsóknir sem höfundur vísar víða til er Jón Viðar Jónsson, en doktorsritgerð hans *Geniet och vägvisaren* (Stokkhólmi 1996) fjallar um Stefaníu Guðmundsdóttur leikkonu og rithöfundinn og leikstjórnann Einar H. Kvaran. Einnig er oft vísað til annarrar bókar Jóns Viðars, *Leyndarmál frá Stefaníu* (Reykjavík 1997), sem fjallar um ævi þessa mikla listamanns og um starfsemi LR. En Sveinn Einarsson stendur þó í mestri þakkarskuld við sjálfan sig og það er kannski ekki eins einfalt og það hljómar.

Sveinn hefur áður gefið út tvö yfirgripsmikil rit um sögu leiklistar á Íslandi: *Íslensk leiklist I. Returnar* (Reykjavík 1991) og *Íslensk leiklist II. Listin* (Reykjavík 1996). Í þeim kemur margt fram sem kannað er nánar eða á fræðilegri hátt í ritgerðinni. Í *Íslenskri leiklist I* er fjallað nokkuð um þann mikla leiklistaráhuga sem virðist hafa farið eins og eldur í sinu um íslenskar sveitir og sjávarbyggðir á síðari hluta 19. aldar, en þetta efni er tekið til nánari skoðunar í ritgerðinni og farið kerfisbundið í gögn sem tengjast þessari miklu og útbreiddu iðkun leiklistar af áhuganum og ástríðunni einum saman. Það má því segja að í fyrri verkum sínum gefi höfundur yfirlit yfir margt það sem hann brýtur síðan til mergjar í ritgerðinni. Hann vísar þó svo víða í *Íslenska leiklist I* og *II* að það jaðrar stundum við að doktorsritgerðin standi ekki fyllilega á eigin fótum heldur þurfi sífellt á stuðningi íslensku ritanna að halda. Þetta er ekkert tiltökumál fyrir íslenska lesendur sem geta auðveldlega leitað í fyrri ritin til að fá nánari skýringu eða umfjöllun um tiltekið efni, en erlendir lesendur eru öllu verr settir og

hræddur er ég um að þeim þyki umfjöllunin stundum heldur snubbótt og vildu glaðir fá meira að heyra.

Rannsóknaraðferð

Í kafla sínum um rannsóknaraðferðir (bls. 13–18) fjallar höfundur einkum um þrjár aðferðir. Hin fyrsta er *söguleg*, þar sem áhersla er lögð á að kanna og leggja mat á þau gögn sem tiltæk eru um efnið sem rannsaka á og þau eru sett í sögulegt samhengi, oft með samanburði við rannsóknir á sama eða hliðstæðu rannsóknasviði í öðrum löndum, menningarsvæðum eða tímabilum. Önnur aðferðin er *táknfræði* (semíótík). Höfundur vísar þar til þróunar leikhúsrannsókna á síðustu áratugum og vekur athygli á því að þær hafi færst út í táknfræði þar sem kannað er og túlkað hvernig merkingarmyndun leiksýninga á sér stað, ekki aðeins í krafti texta heldur einnig fyrir tilstilli leikmynda, látbragðs og allra þeirra þátta sem orka á hugsun og tilfinningar áhorfenda. Þriðja aðferðin er *viðtökufræði*. Höfundur leggur áherslu á að mikilvægt sé að huga að viðtökum leiksýninga og þess starfs sem fram fer í leikhúsum og þá þurfi að kanna alla þætti viðtökunnar, jafnt leikdóma, frásagnir og annan vitnisburð.

Þetta eru því þær þrjár aðferðir sem höfundur fjallar sérstaklega um í umræddum kafla og mætti nú ætla að hann gerði þeim öllum hátt undir höfði í ritgerðinni og beitti þeim jafnt á rannsóknarefnið. Reyndin er hins vegar sú að hann nýtir sér að langmestu leyti sögulegu aðferðina í riti sínu en leggur mun minna upp úr táknfræði og viðtökurannsóknum. Það kemur fyrir að hann velti fyrir sér táknlegri merkingu ákveðinna þátta í sýningum og leik, en þá á mjög almennum nótum og án þess að miða við ákveðna aðferð innan táknfræði. Hið sama má segja um rannsóknir hans á viðtökunum. Vissulega rannsakar hann viðtökurnar, m.a. með því að kanna leikdóma og umsagnir af ýmsu tagi, en hann greinir ekki þessar heimildir á neinn ákveðinn hátt í ljósi valinnar kenningar innan viðtökufræða.

Eftir stendur því að megináðferð höfundar er hin sögulega. Þetta er rannsókn sem byggist á býsna hefðbundinni könnun á þeim gögn-

um sem fyrir liggja um leikstarfsemi á tímabilinu 1860–1920 og sérstaklega á gögnum sem tengjast starfsemi Leikfélags Reykjavíkur fram um 1920. Gögnin og starfsemin eru jafnan sett í sögulegt samhengi og lögd áhersla á hina breiðu mynd samfélags, þjóðlífs, atvinnuhátta, byggðar og á almenn ytri skilyrði menningarstarfsemi eins og leiklistar. Ritgerð Sveins er þess vegna gagnlegt og merkt framlag til rannsóknna á menningarsögu tímabilsins, en hún er ekki ítarleg túlkun eða greining á leikbókmenntum Íslendinga frá árunum 1860–1920. Ýmis leikskáld og leikrit koma við sögu en um þau er ekki fjallað eða þau greind á bókmenntafræðilegan hátt, heldur er umfjöllunin um þau þáttur í stærra samhengi þar sem rakið er hvernig alþýðleg leikstarfsemi leiðir af sér stofnun Þjóðleikhúss. Vissulega er hér að finna margar glöggar athugasemdir um stöðu einstakra leikskálda gagnvart hefðinni, um ólíkar bókmenntastefnur sem hafa áhrif í leikhúsinu og í leikverkum, einkum rómantík og raunsæi, en nánari greiningu eða túlkun á verkunum er þar yfirleitt ekki að finna.

Afmörkun rannsóknarefnis og meðferð heimilda

Höfundur skilgreinir og afmarkar mjög vel það tímabil sem hann kýs að rannsaka í íslenskrí leiklistarsögu. Hann lætur leikhúsviðleitni Sigurðar Guðmundssonar málara um 1860 marka upphaf tímabilsins og lok þess markast af ákvörðun Alþingis árið 1923 um stofnun Þjóðleikhúss. Hinn sögulegi rammi er því mjög skýr og sannfærandi mynd dregin upp af því hvernig íslensk leikstarfsemi þróast smám saman frá áhugamennsku yfir í faglegan metnað og atvinnumennsku í LR. Sveinn bendir á að þessa þróun megi sjá á ýmsum sviðum, allt frá faglegum leiktjöldum Sigurðar málara yfir í list einstakra leikara, einkum og sérílagi leikkvonnanna Stefaníu Guðmundsdóttur og Guðrúnar Indriðadóttur, sem og í því hvernig íslensk leikritun síeflist og þjóðin eignast leikritahöfunda á borð við Matthías Jochumsson, Indriða Einarsson, Einar Hjörleifsson Kvaran, Jóhann Sigurjónsson og Guðmund Kamban. Ákvörðun Alþingis árið 1923 verður endanleg staðfesting á þeirri þróun sem orðin er og stjórnvöld viðurkenna

leiklistina sem sjálfstæða og þarfa listgrein með því að sýna vilja í verki til að byggja Þjóðleikhús.

Í ljósi þess hve þáttur Sigurðar málara er mikilvægur í rannsókninni hefði verið full ástæða til þess að rekja hvaðan hugmyndir hans um þjóðlegt leikhús eru hugsanlega komnar. Hugmyndir Herders og Hegels um hið þjóðlega og þjóðarandann skipta máli í því samhengi, en þær eru grunnurinn að þjóðlegri rómantík víða um lönd, hvort sem hún birtist í leikhúsinu eða í bókmenntunum. Þarna hefði einnig gefist kjörið tækifæri til að leggjast í frekari samanburð við áhrif þjóðernishugmynda í leiklistarsögu fleiri þjóða, eins og Stephen Wilmer hefur gert í rannsóknum sínum á þessu efni, þar sem hann ber saman þjóðlegt leikhús í Írlandi, Finnlandi og Slóveníu, svo nokkur lönd séu nefnd.³ Þetta gerir höfundur upp að vissu marki, en það skortir frekari útlitun á því hvaðan hugmyndir Sigurðar málara kunna að hafa verið runnar. Þær eru svo mótaðar og sannfæring hans svo sterk um sögulegt hlutverk leikhússins og slagkraft þess fyrir þjóðina að það verður að telja líklegt að hann hafi haft einhverja ákveðna fyrirmynd í huga eða jafnvel einhvers konar dagskrá sem hann kann að hafa kynnst erlendis.⁴

Höfundur er atorkumaður eins og glæsileg afrekaskrá hans ber vitni og ritgerðin er mikið eljuverk. Nokkur misbrestur er þó á því að vitnað sé rétt til heimilda. Tilvitnanir í leikdóma og skrif um leikhús í íslenskum blöðum frá því um og eftir aldamótin 1900 eru að minnsta

³ Höfundur hefur eina grein eftir Wilmer í ritaskrá: „Reifying Imagined Communities: Nationalism, Post-Colonialism and Theatre Historiography.“ *Nordic Theatre Studies* 12 (1999), bls. 94–103, en meðal annarra rita hans um þetta efni eru eftirfarandi: Helka Mäkinen, S.E. Wilmer og W.B. Worthen (ritstj.): *Theatre, History and National Identities*. Helsinki 2001; S.E. Wilmer (ritstj.): *Writing and Rewriting National Theatre Histories*. Iowa City, Iowa 2004; Pirkko Koski og S.E. Wilmer: *The Dynamic World of Finnish Theatre*. Helsinki 2006. Wilmer hefur haldið áfram rannsóknum sínum á þessu efni og m.a. ritstýrt bókinni *National Theatres in a Changing Europe*. Basingstoke, Hants o.v. 2008.

⁴ Árið 2011 hófst þverfagleg rannsókn á þessu efni sem styrkt er af Rannís og ber heitið *Meningarsköpun (Inventing Culture: Defining Sources of Theory and Inspiration and the Long-Term Results of Culture Creation by Icelandic Intellectuals 1857–1874)*. Verkefnisstjóri er Terry Gunnell en meðal annarra þátttakenda eru Karl Aspelund, María Kristjánsdóttir, Sigurjón B. Hafsteinsson, Sveinn Einarsson og sá sem þetta ritar.

kosti ekki alltaf nógu nákvæmar. En þó að höfundu séu stundum mislagðar hendur þegar hann vitnar til einstakra heimilda er mat hans á heimildunum og gildi þeirra yfirleitt trúverðugt. Hann hefur safnað saman gríðarlegum fjölda gagna um leikhúslíf á 19. og 20. öld og vinnur úr þeim á sannfærandi hátt þegar á heildina er litið. Lesandinn treystir að því leyti heimildarýni höfundar, enda vegur hann og metur heimildirnar á opinn og skynsamlegan hátt og ber saman ólíka vitnisburði til að komast að hinu sanna eða sennilega í málinu. Hann hefur haft mikið fyrir því að afla heimilda úr ýmsum áttum, jafnt úr bókum, blöðum, bréfum, fundargerðum, sýningarskrám, handritum og með viðtölum, enda er heimildaskrá ritsins mikil og löng. Hann nýtir sér líka heimildir um umgjörð sýninganna, hvort heldur það eru hús sem enn standa, myndir, teikningar eða lýsingar á fyrri húsakynnum, leiktjöld og lýsingar á þeim, búningar og lýsingar á þeim, ljósmyndir, heimildir um tónlistarflutning og söng, dans o.fl. Hann leitar einnig fanga í opinberum gögnum, *Alþingistíðindum*, lögum og reglum um einstök félög o.s.frv.

Heimildirnar eiga það reyndar til að bera greininguna ofurlíði og er þá eins og höfundur treysti því að þær tali sínu máli einar og óstuddar. Í hinum langa og geysifróðlega kafla um íslenskt leiklistarstarf á síðari hluta 19. aldar (bls. 53–103) kemur þetta oft fyrir. Í stað þess að draga það saman sem lesa má úr heimildunum fer höfundur þá leið að tíunda staðreyndir í nokkuð löngu máli og verður ritið því á köflum fremur upptalningarkennt og endurtekingasamt. Aftur á móti er efnið í sjálfu sér svo áhugavert að það er ekki annað hægt en halda áfram lestri og fara með höfundinum hringinn í kringum landið, frá einu byggðarlagi til annars og verða vitni að þeirri ótrúlegu grósku sem hefur verið í leiklistarlífinu út um sveitir landsins á þessum tíma. Þarna hefur höfundur m.a. nýtt sér sögulegar hagtölur um Ísland úr *Hagskinnu* Guðmundar Jónssonar og Magnúsar S. Magnússonar (Reykjavík 1997). Hann hefur líka unnið úr heimildum um ýmis félög á þessum tíma sem stóðu fyrir leiksýningum eða tengdust þeim með einum eða öðrum hætti. Þarna voru á ferðinni

kvenfélög, góðtemplarar og stéttarfélög sem sum hver sáu sér hag í því að byggja fjölnota hús sem nota mátti undir leiksýningar sem seldur var aðgangur að og þannig mátti standa nokkurn straum af byggingu og rekstri hússins. Þetta er einmitt það sem gerðist í Reykjavík þegar Iðnaðarmannafélagið reisti hús við Tjörnina, Iðnó, sem átti eftir að hýsa starfsemi LR um langt skeið. Höfundur tekst því oft að sýna fram á samfélagsleg skilyrði leikmenningar með því að bera saman gögn um ýmsa félagsstarfsemi, byggingar, atvinnuhætti og mannfjölda í þeim byggðarlögum landsins þar sem leiklistin náði að þrífast.

Umræður

Ég ætla nú að leiða hugann að ýmsu sem hefði mátt gera öðruvísi en það er þó ekki endilega hugsað sem ádeila á ritgerð Sveins heldur er ætlunin einkum sú að vekja athygli á ýmsum álitamálum og ólíkum leiðum sem fara má að efninu. Einn af mörgum kostum ritgerðarinnar er að hún hvetur til umræðna um það merkilega leikhústarf sem þar er fjallað um og ég vona að hugleiðingar mínar gefi til kynna hve fróðlegt það er að velta þessum málum fyrir sér frá ýmsum sjónarhornum.

Oft bendir höfundur á athyglisverðar staðreyndir sem vinna mætti betur úr. Til dæmis bendir hann á tengsl mannfjölda og leikstarfsemi á því tímabili sem hér um ræðir. Þéttling byggðar 1860–1920 og ör vöxtur bæja víða um land tengist greinilega vaxandi leikstarfsemi og er að mörgu leyti forsenda hennar. Höfundur dregur þá forvitnilegu ályktun af rannsókn sinni á leiklistarvirkninni að fari íbúatala bæjar upp í eitt hundrað eða þar yfir þýði það yfirleitt að um einhvers konar leikstarfsemi sé að ræða á staðnum (bls. 73–74). Ég hef grun um að það hefði mátt skilgreina þetta reikningsdæmi betur og rýna í breytarnar og tölurnar með því að nýta sér aðferðir borgarfræða (e. *Urban Studies*) sem ásamt öðru fjalla um skilyrði og dreifingu menningarstofnana. Nákvæmlega hvert er innbyrðis samband íbúafjölda, félaga og leikstarfsemi? Það væri fróðlegt að vita.

Höfundur skýrir uppganginn í leiklistinni oft með tilvísun til

Þjóðlegs metnaðar af hálfu Íslendinga þar sem Sigurður málarí fór fremstur í flokki. En skyldu einstök bæjarfélög ekki líka hafa haft metnað til að bera fyrir hönd leiklistarinnar þó að það sýni sig kannski ekki alltaf beint í fjárhagslegu framlagi þeirra? Mér finnast ummæli Einars Hjörleifssonar athyglisverð, en hann talar í leikdómi frá 1904 um að LR hafi tekist að fá áhorfendur til að flykkjast á sýningar á alvarlegum og tragískum verkum: „Þá þraut er Leikfélagið að vinna. Það er sæmd fyrir félagið. Og það er líka sæmd fyrir þennan bæ.“⁵ Leiklist er félagsleg iðja – hún þarf að minnsta kosti á einum leikara að halda og einum áhorfanda, ef ekki fleirum – og það eru margar áhrifa- og skýringarþættir sem koma þar til greina. Einn þeirra er metnaður bæjarfélags, bæði opinber og óopinber. Eins og fram kemur í tilvitnun höfundar í finnsku fræðikonuna Rittaa Säppäla, þótti sá ekki bær með bæjum í Finnlandi nema þar væri að minnsta kosti leikhús og hljómsveit og mun sú viðmiðun vera frá Þýskalandi komin (bls. 35). Þó að aðstæður hafi verið aðrar hér á landi, þar sem nútímavæðing gekk síðar í garð en á meginlandi Evrópu, má gera ráð fyrir því að íbúar bæjarfélags sem náð hefur ákveðinni stærð fari að gera kröfur um staðbundnar menningarstofnanir. Hvað þetta varðar mætti hugsa til hins þekktu hugtaks Pierres Bourdieu, menningarauður, þ.e. að einstaklingar og samfélög sjái sér hag í því að fjárfesta eða eignast einhvers konar hlutdeild í menningarverðmætum af ýmsu tagi, enda njóta þeir iðulega meira álits sem það gera.⁶ En svo hefur fólk líka bara gaman af því að skemmta sér og leikhúsið var og er eitt helsta form hópskemmtunar sem fyrirfinnst og einskær áhugi á leiklistinni er því auðvitað einn helsti drifkraftur allrar þessarar starfsemi, hvað sem öðrum þáttum líður.

Ef til vill hefði mátt varpa nýju ljósi á félagslega og um leið þjóðlega þáttinn með því að huga enn frekar að því hvernig leikritin og leiksýningarnar kölluðust á við ýmislegt sem var ofarlega á baugi á

⁵ Einar Hjörleifsson: „Leikhúsið.“ *Fjallkonan*, 22. nóvember 1904, bls. 182–183; hér bls. 183.

⁶ Sjá Pierre Bourdieu: *Almenningsálitid er ekki til*. Atvik 11. Ritstj. Davíð Kristinsson. Reykjavík 2007, bls. 33–59 o.v.

hverjum tíma. Fræðimaðurinn Stephen Greenblatt heldur því fram að margt í leikritum Shakespeares sýni hvernig félagsleg orka leitar útrásar í ákveðnum myndum, t.d. endurteknu eða áleitnu myndmáli sem virðist hlaðið leikrænni spennu.⁷ Ljóst er að Sigurður málari og lærisveinar hans voru undir sterkum áhrifum frá Shakespeare og nægir þar að minna á *Njársnóttina* eftir Indriða Einarsson, en bæði titillinn og efni verksins kallast á við *Draum á Jónsmessunótt*. *Njársnóttin* var eitt vinsælasta leikrit þessara áratuga og var hvað eftir annað sett á svið eins og Sveinn rekur skilmerkilega í ritgerð sinni. Á bls. 138 nefnir hann að í sviðsetningum LR á *Njársnóttinni* 1907 og áratuginn þar á eftir hafi skapast sú hefð að túlka baráttu ljósálfa og dökkálfa sem sjálfstæðisbaráttu Íslendinga gagnvart Dönum. Áslaug, sem fór fyrir ljósálfum, bar þá fánann Hvítbláinn og á bláum skildi hennar var silfurlitur fálki.⁸ Áslaug álfkona var þá fulltrúi íslenskrar frelsisþrár og álfakonungurinn fulltrúi erlends hellsis. Fólk flyktist í leikhúsið til að sjá þetta verk leikið og það má velta því fyrir sér hvers konar félagslega orku, svo vitnað sé til hugtaks Greenblatts, þessi táknræna túlkun hafi leyst úr læðingi.

Svo mikið er víst að leikhúsið hefur gegnt mikilvægu hlutverki í því að virkja hugmyndir um sjálfstæði Íslendinga og það má segja að þarna hafi ræst sá draumur Sigurðar málara að mennta mætti þjóðina frá senunni, eins og hann orðaði það (sbr. bls. 52 í ritgerðinni). Höfundur fjallar á sannfærandi hátt um það hvernig Sigurði varð að ósk sinni þegar til lengri tíma er litið og Íslendingar eignuðust Þjóðleikhús, en það hefði verið forvitnilegt að sjá hann glíma enn frekar við félagslega og þjóðlega þáttinn og í víðara samhengi. Það er spurning hvort leikhúsið var ekki jafnvel enn áhrifameira í *mótun* hugmynda um þjóðerni og sjálfstæði en ætla mætti af umfjöllun höfundar, hvort leikhúsið hafi ekki aðeins náð að endurspegla hugmyndir og áherslur sem fyrir voru í samfélaginu heldur virkjað þær og stýrt þeim með

⁷ Um þetta fjallar Stephen Greenblatt víða í bók sinni *Shakespearean Negotiations. The Circulation of Social Energy in Renaissance England*. Oxford 1988.

⁸ Síðastnefnda atriðsins er reyndar ekki getið í doktorsritgerðinni, en hins vegar fjallar Sveinn um þetta í riti sínu *Íslensk leiklist II. Listin*. Reykjavík 1996, bls. 246–247.

því að færa þjóðlífíð upp á sviðið frammi fyrir áhorfendum. Þegar vel tekst til er leiklistin hin einstaka list augnabliksins og fyrir daga almennra kvikmyndasýninga var leikhúsið eitt um hituna. Það er því auðvelt að vanmeta áhrif þess á þankagang og tilfinningalíf landans á þessum tíma. Leikhúsið var og er vettvangur einstaks orkuflæðis og gagnvirkni milli leikenda og áhorfenda, og ég efast ekki um að höfundur hefur alla burði til þess að gera þessum mikilsverða þætti enn betri skil, þó að mér sé fyllilega ljóst að það er ekki auðvelt að afhjúpa slíka félagsorku eftir á.

Ekki má heldur gleyma því að leikhúsið er iðulega vettvangur átaka og jafnvel þrætuþlið sjálft í öðrum skilningi. Í LR tókust á leikhúsöfl og áhrifamenn sem mynduðu eins konar valda- eða orkuklasa. Þetta hefði mátt afhjúpa betur ef beitt hefði verið öðrum aðferðum í rannsókninni, ef horft hefði verið meira til persónulegra þátta og fjölskyldutengsla innan leikhússins. Jón Viðar Jónsson hefur t.d. sýnt fram á valdabaráttu blokkanna í kringum Indriða Einarsson, Guðrúnu dóttur hans og Jens Waage tengdason hans annars vegar og hins vegar í kringum Stefaníu Guðmundsdóttur og mann hennar Borgþór Jósefsson sem var sýningarstjóri LR.⁹ En það verður ekki bæði sleppt og haldið og þó að forvitnilegt hefði verið að fá frekari umfjöllun um félagslegu þættina hefur höfundur valið skynsamlega leið með því að fjalla um stóru línurnar í leiklistarstarfinu á umræddu tímabili. Til að fyrirbyggja misskilning vil ég taka fram að hann ræðir vel og vandlega um félagslega þætti leikstarfsemi á Íslandi, en taka hefði mátt öðruvísi á þessum þáttum og nýta sér nýrri rannsóknir fræðimanna um þau efni.

Stundum er eins og höfundur gangi út frá því að *þjóð* sé einsleit og fremur föst stærð, en á síðari árum hafa fræðimenn sýnt fram á að þjóðarhugtakið verði til í tengslum við hagsmunabaráttu og miðist við ákveðna og oft ríkjandi þjóðfélagshópa. Þjóðarhugtakið er því

⁹ Jón Viðar Jónsson: *Geniet och vägvisaren. Om den isländska skådespelerskan Stefanía Guðmundsdóttir (1876–1926) och författaren och regissören Einar H. Kvaran (1859–1938)*. Stokkhólmi 1996, bls. 265–266 o.v. Sami: *Leyndarmál frá Stefaníu. Stefanía Guðmundsdóttir leikkona, samtíð og samferðamenn*. Reykjavík 1997, bls. 142 o.áfr.

ekki eitthvað fast og fyrirfram gefið heldur er það tilbúningur og skilgreiningaratriði frá einum tíma til annars. Sagnfræðingar hafa fengist heilmikið við hugtök eins og þjóð og þjóðerni, hvernig þau verða til og hvað þau standa raunverulega fyrir.¹⁰ Ástæða hefði verið til að kanna hvort ekki mætti eitthvað á þessum miklu umræðum græða í ritgerðinni og í því sambandi rannsaka hvort ekki gæti verið að leikhúsið hafi haft meiri áhrif á myndun eða að minnsta kosti sviðsetningu þjóðernisins en ætla mætti í fyrstu. Vissulega sýnir höfundur vel hvernig ákveðnir þjóðfélagshópar og hagsmunaaðilar tengjast leikhússtarfsemi á landinu, en fróðlegt hefði verið að vita meira um það hvernig þeir tengjast þjóðarhugtakinu og skilgreiningu þess.

Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur hefur sýnt fram á að þjóðernið á fyrstu áratugum 20. aldar hafi mótast af hugmyndinni um hinn góða Íslending sem *karlmann* og viðmið allra hluta. Sigríður hefur fjallað um forsendur þjóðernishyggjunnar og þær breytingar sem urðu á henni á þessum tíma með tilvísun til umræðna um edli og einkenni Íslendinga. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að hugmyndir þjóðernishyggjunnar fléttist saman við hugmyndir um karlmennsku og tengist togstreitunni milli hefðar og nútíma, sveita- og borgar-menningar og beri vott um tengsl þjóðarvitundar og samfélagsstöðu kynjanna.¹¹

Í framhaldi af þessu mætti spyrja hvort áður nefndar sviðsetningar á þjóðhetjunni Áslaugu álfkonu, sem leiðir baráttuna gegn harðráðum álfakonungi, hafi ekki hvatt konur til dáða og dregið upp gagnstæða mynd af hinum góða Íslendingi?¹² Eða allar þær miklu kvenhetjur sem listakonur eins og Stefanía Guðmundsdóttir og Guðrún Indriðadóttir léku fyrir fullu húsi – ætli þær hafi ekki hleypt kynsysturum sínum kapp í kinn og aukið sjálfstraust þeirra og vilja til að láta að sér

¹⁰ Sjá t.d. bók Guðmundar Hálfðanarsonar: *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík 2001.

¹¹ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík 2004.

¹² Trausti Ólafsson hefur nú gert þessu efni góð skil í grein sinni „Nýársnóttin. Gleðileikur um frelsisbaráttu þjóðar.“ *Skrínir*, 184. ár, hausthefti 2010, bls. 343–379.

kveða á opinberum vettvangi? Í því sambandi er mjög eftirtektarvert hvernig fjallað er um þessar tvær listakonur í samtímaskrifum sem rakin eru í doktorsritgerðinni og greinilegt er að skilgreiningar þeirra á kvenleikanum hafa vakið mikla athygli. Hvort sem það er Nóra í *Brúðubeimili* Ibsens, Steinunn í *Galdra-Lofti* eða Halla í *Fjalla-Eyvindi* Jóhanns Sigurjónssonar, þá þreytast menn seint á því að lofa þá snilld sem þær Stefanía og Guðrún þykja sýna á sviðinu, þau blæbrigði og þá innlifun sem veldur því að áhorfendur upp til hópa virðast samsama sig þessum kvenhetjum og finnast mikið til þeirra koma. Það eru *konurnar* sem eru stjórnurnar í leikhúsinu á þessum árum og það hlýtur að hafa haft sín áhrif, jafnt á stöðu kvenna almennt og á hugmyndina um hinn þjóðlega eða nútímalega einstakling. Má í því sambandi vitna í orð leikdómara *Vísis*, Jakobs Jóh. Smára, um leik Stefaníu í hlutverki Steinunnar í *Galdra-Lofti*:

Eg hef séð frú *Jóhönnu Dybwad*, sem nú mun frægust leikkona um Norðurlönd, bæði í hlutverki Höllu í „Fjalla-Eyvindi“ og annarsstaðar, en frú Stefanía jafnast fyllilega á við hana. Ef hún léki í stórborgunum á málum hinna stærri þjóða, þá hefði hún gull og græna skóga, og hróður hennar myndi fljúga með himinskautum. En Ísland hefir því miður að eins þakklátt hjarta. En auðvitað ljómar hún sérlega í svo ram[m]íslenskum hlutverkum, sem þetta er.¹³

Ummælin sýna vel þá virðingu og aðdáun sem leikkonur eins og Stefanía nutu og niðurlagsorðin gefa einnig til kynna hvernig hið þjóðlega var skilgreint á kvenlegum forsendum.

Ekki hefði heldur verið úr vegi að höfundur nýtti sér kynjafræði síðustu ára í umfjöllun um sviðsetningu á hlutverkum kynjanna og hvernig leikhúsið hefur í aldanna rás grafið undan hefðbundnum kynímyndum. Sumir kynjafræðingar eins og Judith Butler ganga svo langt að halda því fram að menningarbundið kyngervi (e. *gender*) sé gjörningur (e. *performance*) sem staðfesti hver við erum frá degi til

¹³ Jakob Jóh. Smári: „Galdra-Loftur.“ *Vísir*, 2. janúar 1915, bls. 3–4; hér bls. 4.

dags, frekar en að um sé að ræða fyrirfram ákveðið eðli sem marki allar gjörðir okkar og framkomu.¹⁴ Þetta er það sem hefur verið kallað mótunarhyggja og er oft hugsuð sem andstæðan við hefðbundna eðlishyggju. Í leikhúsinu hefur lengi verið haldið þeirri hugmynd eða túlkun að fólki, beint og óbeint, ekki síst í krafti listformsins sjálfs, að lífið sé leikur – mismunandi sorglegur eða hlægilegur – þar sem við göngum í ákveðin hlutverk og tókum á okkur ákveðin gervi. Forvitnilegt hefði verið að heyra meira um slíka sviðsetningu kyngervis og kynferðis á sviðinu á þessum tíma, t.d. í gamanleikjum þar sem karlar birtast í kvenmannsgervi og konur í karlmannsgervi. Stephen Greenblatt fjallar einmitt um þá leikrænu og félagslegu spennu sem falist getur í slíku (kyn)gervi og klæðnaði (e. *cross-dressing*).¹⁵ Ýmsar ljósmyndir og heimildir frá fyrstu áratugum 20. aldar sýna að oft brugðu menn á leik með kynímyndir og vel má gera sér í hugarlund að það hafi hrist enn meira upp í áhorfendum á siðavandari tímum en okkar eigin. Ekki má heldur gleyma því að leikarar þóttu lengi vel heldur vafasamur félagsskapur eins og Stefania Guðmundsdóttir fékk að heyra þegar hún ákvað að leggja leiklistina fyrir sig.¹⁶ Aukin fagmennska og samfélagsleg viðurkenning áttu eftir að breyta því, en það má hugsa sér að framan af hafi leiksýningar búið yfir spennu og hættu þess sem var hálfvegis á mörkunum og gat sett allt úr skorðum, jafnt hefðbundnar kynímyndir sem tignarröð samfélagsins.

Að lokum langar mig til að víkja að þjóðlega þættinum í dálítið öðru samhengi. Magnús Þór Þorbergsson leiklistarfræðingur fjallar um stofnun Þjóðleikhússins í grein í *Skírni* árið 2000. Hann kemst svo að orði: „Þó að leiklistin og bókmenntirnar séu samofnar að því leyti að hefðbundin leiklist fæst við að túlka leikbókmenntir, þá eru þessar tvær listgreinar í eðli sínu gjörólíkar. Máttur bókmenntanna

¹⁴ Judith Butler: *Gender trouble. Feminism and the subversion of identity*. Lundúnum og New York 1990.

¹⁵ Sjá einkum fjórða kafla, „Fiction and Friction“, í áður nefndri bók Stephens Greenblatt, *Shakespearean Negotiations*, bls. 66–93.

¹⁶ Þórunn Valdimarsdóttir og Eggert Þór Bernharðsson: *Leikfélag Reykjavíkur. Aldarsaga*. Reykjavík 1997, bls. 172–173.

felst í bókstafnum, ritverkum sem geymast og erfast milli kynslóða, en leiklistin er list augnabliksins; þegar leiksyningunni lýkur er hún að eilífu horfin.¹⁷ Magnús Þór telur að verkefnaval og áherslur Þjóðleikhússins fyrstu árin eftir opnunina hafi leitt í ljós hve íslensk leiklist sé sliguð af bókmenntaarfinum. Þjóðleikhúsinu hafi verið ætlað mikilvægt hlutverk í varðveislu menningar og tungu þjóðarinnar, en fyrir vikið hafi hefðin og textinn fengið of mikið vægi í leikhúsinu. Hin skapandi list leikarans hafi ekki náð að þróast í takt við þær öru breytingar sem urðu í nútímalegum leikhúsum víða um lönd og verkefnavalið hafi fremur einkennst af hefðbundnum verkum og leikgerðum skáldsagna. Þjóðleikhúsið hafi í senn grætt á því að vera skilgreint sem musteri menningararfsins og tungunnar og goldið þess að því leyti að leiklistin í landinu hafi ekki fengið að þróast á eigin forsendum sem skapandi sviðslist.

Mér finnast orð Magnúsar umhugsunarverð og velti því fyrir mér hvort ekki megji greina hliðstæða togstreitu í íslensku leikhúsi bæði fyrir og síðar. Við þekkjum það frá síðari árum hve leikgerðir skáldsagna, ekki síst verka Halldórs Laxness, eiga enn upp á pallborðið hérlendis og ég er reyndar ekki frá því að við getum greint hliðstæða hefðbindingu í ýmsum íslenskum kvikmyndum sem eru byggðar á bókmenntaverkum. Og þá fer maður eiginlega að hugsa með sér að það hafi kannski verið dálítið tvíbent að hamra á því við stjórnvöld og við almenning að þörf væri á *þjóðleikhúsi*. Á þessum þjóðlegu tímum sem þá voru hefur það eflaust aflað málinu meira fylgis en ella hefði verið og flýtt fyrir því að almennilegt leikhús yrði byggt – það hefði sennilegra verið mun tímafrekara að sannfæra stjórnvöld um nauðsyn þess að byggja *alþýðuleikhús*. En spurningin er hvort leikhúsið hafi ekki staðið uppi með allar þessar þjóðlegu byrðar á bakinu og verið lengi að ná sér?

Það væri hægt að ræða lengi um þau álitamál og athyglisverðu umræðuefni sem ritgerð Sveins Einarssonar vekur máls á, en hér

¹⁷ Magnús Þór Þorbergsson: „Musteri tungunnar. Þjóðleikhúsið og leiklistarumræða um 1950.“ *Skírnir*, 174. ár, vorhefti 2000, bls. 90–118; hér bls. 92.

læt ég staðar numið. Ég hef reynt að leggja heildarmat á verkið sem fræðilega ritgerð og bæði bent á það sem betur mætti fara og eins á ótvíræða kosti ritgerðarinnar, ekki síst hvernig þar er leitt í ljós með afar sannfærandi hætti hve leiklistarstarf stóð með miklum blóma víða um land á síðari hluta 19. aldar og hve faglega var oft að verki staðið í sýningum LR á fyrstu áratugum þeirrar 20. Ástæða er til að óska höfundu til hamingju með þetta stórvirki. Þó að það sé ekki gallalaust frekar en önnur mannanna verk er grunnur þess góður. Verkið byggist á yfirgripsmikilli könnun á leiklistarlífi á Íslandi frá 19. og fram á 20. öld. Það eykur til muna þekkingu okkar á þessu mikilvæga skeiði í íslenskri leiklist og menningarsögu og hvetur til frekari rannsókna á þessum sviðum.

JÓHANN SIGURJÓNSSON OG SÁLGREININGIN

Um doktorsritgerð Fern Nevjinsky

LEIKRIT JÓHANNSS SIGURJÓNSSONAR lýsa í senn átökum milli sterkra persónuleika og innri átökum einstaklinga. Áhersla Jóhanns á sálarlífið í sínum fjölbreyttu myndum hefur ekki farið framhjá unnum endum og áhugamönnum um verk hans í árána rás, hvort sem þeir eru leikhúsfólk, fræðimenn eða áhorfendur og lesendur. Þeir fræðimenn sem fjallað hafa um Jóhann hafa gert atrennur að sálfræðinni í verkum hans og jafnvel reynt að ráða í sálarlíf höfundarins sjálfs. Þetta gerir t.d. Helge Toldberg í bók sinni um Jóhann og Jón Viðar Jónsson í riti sínu *Kaktusblómið og nóttin*.¹ En aldrei fyrr hefur verið ráðist í eins viðamikla og kerfisbundna greiningu á verkum Jóhanns og Fern Nevjinsky gerir í doktorsritgerð sinni. Hún er rituð á móðurmáli höfundar, frönsku, og ber heitið *Désir et passion dans l'œuvre dramatique de Jóhann Sigurjónsson* eða *Prá og ástríða í leikverkum Jóhanns Sigurjónssonar*.² Doktorsritgerðin er unnin í samstarfi tveggja menntastofnana, Université Paris IV – Sorbonne og Háskóla Íslands, en varin við síðarnefnda skólann.³

¹ Helge Toldberg: *Jóhann Sigurjónsson*. Gísli Ásmundsson þýddi. Reykjavík 1966; Jón Viðar Jónsson: *Kaktusblómið og nóttin. Um ævi og skáldskap Jóhanns Sigurjónssonar*. Akureyri 2004.

² Fern Nevjinsky: *Désir et passion dans l'œuvre dramatique de Jóhann Sigurjónsson*. París og Reykjavík 2009. Eftirleiðis verður vitnað í doktorsritgerðina með blaðsíðutali í meginmáli.

³ Grein þessi byggist að hluta á andmælaræðu minni við doktorsvörn Fern Nevjinsky í Háskóla Íslands 11. september 2009.

Bygging og röksemdafærsla ritgerðarinnar

Doktorsritgerðin er mikil að umfangi. Meginmál hennar er 619 blaðsíður auk flokkaðrar heimildaskrár og nafnaskrár yfir persónur í leikritum Jóhanns. Er þá ótalinn viðauki sem nemur 91 síðu og hefur að geyma ýmiss konar ítarefni sem kemur lesendum að gagni. Er þar að finna helstu æviatriði Jóhanns, skrá yfir sýningar á verkum hans, ýmsar töflur, lista yfir hugtök sem notuð eru í sálgreiningu og margt fleira.

Höfundur hefur kynnt sér það sem ritað hefur verið um Jóhann, bæði í samtíð hans og síðar. Hún hefur lesið verk hans bæði á dönsku og íslensku og aflað sér mikillar þekkingar á samtíma Jóhanns og lagt sig fram um að skilja samhengi verka hans. Hún vitnar víða í rannsóknir annarra fræðimanna og tekur yfirleitt sjálfstæða og vel rökstudda afstöðu til þeirra. Sumum fræðimönnum andmælir hún en tekur undir sjónarmið annarra og leggur jafnvel út af þeim í túlkun sinni á höfundarferli og einstökum verkum Jóhanns. Skrif Matthíasar Viðars Sæmundssonar í bókinni *Ást og útleigð* eru dæmi um hið síðarnefnda, en Fern Nevjinsky leggur til grundvallar skilning Matthíasar á þróun Jóhanns sem rithöfundar og að ljóðið *Sorg feli í sér* eins konar niðurstöðu leikrita hans (bls. 527 o.áfr.).⁴ Meðferð heimilda er traust þó að stafsetning tilvitnana sé ekki alltaf hnökralaus. Í heimildaskrá eru á fimmta hundrað handrita og bóka og má af því ráða hve víða höfundur hefur leitað fanga í rannsókn sinni. Þetta er því mikið eljuverk.

Ritgerðin skiptist í átta kafla auk inngangs, þar sem greint er frá tilgangi og lýst aðferðum rannsóknarinnar, og lokakafla þar sem helstu niðurstöður hennar eru dregnar saman. Bygging ritgerðarinnar er í senn skýr og rökrétt. Kaflarnir eru flestir af svipaðri lengd og góð samantekt í lok hvers þeirra. Framsetningin er skýr og skiljanleg, þrátt fyrir mikla notkun tækniorda úr sálgreiningu (vikið verður að nokkrum þeirra hér á eftir). Höfundur heldur vel þræði og víkur sjaldan frá meginnefni.

⁴ Sbr. Matthías Viðar Sæmundsson: *Ást og útleigð. Form og hugmyndafræði í íslenski sagnaritgerð 1850–1920*. Reykjavík 1986, bls. 270.

Fyrstu þrjár kaflarnir leggja grunninn að rannsókninni. Eftir almenna kynningu á Jóhanni í fyrsta kafla, umhverfi hans, uppveiti, ævi og kveikjunni að verkum hans, ver höfundur næsta kafla í að lýsa almennri gerð leikverka hans og er þar að finna umsagnir um verkin, byggingu þeirra og staðsetningu í tíma og rúmi. Í þriðja kaflanum eru settar fram þær staðreyndir um verkin sem unnið er með í framhaldinu. Greind eru helstu þemu verkanna, auk þess sem persónum er lýst með sérstakri áherslu á þau tilfinningasambönd sem þær eiga í.

Í fjórða kaflanum hefst hin eiginlega athugun á verkum Jóhanns með aðferðum sálgreiningar. Þar er að finna gagnlega útlistun á ödipusarduldinni og hvaða hlutverki hún gegnir við að formgera sálarlífið samkvæmt kenningum sálgreiningarinnar. Í framhaldi af því eru rakin nokkur dæmi um persónur af ödipískum toga sem birtast í verkum Jóhanns. Í fimmta kafla er kafað dýpra ofan í þetta viðfangsefni með rannsókn á því hvernig þekking á þessari tilteknu duld varpar ljósi á ýmsar persónur Jóhanns. Einkum er þar staldrað við *Bóndann á Hrauni*. Höfundur kemst að þeirri niðurstöðu að það sé eina leikrit Jóhanns þar sem eiginleg ödipusarduld komi að fullu fram. Synir í öðrum verkum hans (í *Skugganum*, *Rung lækni*, *Merði Valgarðssyni* og *Galdra-Lofiti*) hafi ýmis einkenni ödipusarduldar sem hafi ekki verið leyst, en vandi þeirra sé í senn djúpstæðari og frumstæðari. Hann eigi rætur á stigi sem sé mun fyrir á þroskabrautinni eða á fyrstu, viðkvæmu mánuðunum í lífi barnsins þegar afmörkun sjálfsins á sér stað. Komið er að því sem kalla má megintilgátu höfundar sem er sú að þrjár persóna Jóhanns Sigurjónssonar leiði þær út í ástríður, en ástríðurnar eigi síðan þátt í andlegu hruni þeirra með allsherjar afturhvarfi til frumstiga sálarlífsins.

Í sjötta og sjöunda kafla er kafað dýpra ofan í þessa tilgátu með skírskotun til skrifa Sigmunds Freud, Jacques Lacan og fjölda annarra höfunda úr röðum sálgreinenda sem kallaðir eru til eftir þörfum einstakra umræðuefna. Einnig eru færð fleiri rök fyrir henni með frekari greiningu á ýmsum þáttum leikverka Jóhanns. Í sjötta kaflanum er fjallað um þrjár og ástríður. Gerð er grein fyrir tengslum þrjár og

narsissisma. Þegar þrjár breytast í ástríður komi í ljós brestir í myndun persónuleikans sem tengist frumgerð narsissismans. Höfundur finnur þessu stað í greiningum sínum á Njáli í *Merði Valgarðssyni* og Höllu í *Fjalla-Eyvindi*. Síðarnefnda greiningin er einkar sannfærandi. Dregnir eru fram narsissískir þættir í ást Höllu á Eyvindi. Þeir ágerast eftir því sem hlutskipti hennar verður harðneskjulegra og enda með andlegu hruni hennar.

Í sjöunda kafla færir höfundur frekari rök fyrir tengslum milli þrjár, ástríðna, narsissisma og sálarhruns með því að fjalla um tengsl frumstæðs narsissisma við dauðahvötina. Eftir inngangskafila um dauðann í verkum Jóhanns – og annan um kenningar Freuds um samspil lífshvatar og dauðahvatar í sálarlífinu – beinir höfundur athyglinni að þróun persónanna í leikverkunum. Hún fer nánar í saumana á gagngeru afturhvarfi Höllu til frumproskastiga, auk þess sem Harald Rung eru gerð sérstök skil. Lífshvötin og dauðahvötin bindast hvor af annarri í eðlilegu sálarlífi samkvæmt sálgreiningunni. Þegar ástríður fá lausan tauminn getur átt sér stað það sem Freud kallar *Triebentmischung* og þýða má sem „sundurliðun hvatanna“. Lífshvötin nær ekki lengur að binda dauðahvötina. Dauðahvötin tekur völdin og ræðst ýmist á aðra eða sjálfíð, oftast með skelfilegum afleiðingum.

Í lögum lokakafila er kastljósinu beint að frægustu leikpersónu Jóhanns, Galdra-Lofti. Um er að ræða ítarlega túlkun á persónunni sem líta má á sem árangur alls þess sem á undan fer í ritgerðinni. Höfundur greinir ofan í kjölinn samband Lofts við föður sinn, vin sinn Ólaf, biskupinn og ástkonurnar tvær, Steinunni og Dísu, og hvernig þessi tilfinningasambönd tengjast þrá hans eftir þekkingu. Líta megi á Loft sem eins konar Don Juan þekkingarinnar. Þekkingarþrá hans breytist í ástríðu sem ýti honum fram af ystu nöf og hann dragi veiklaðar sálir með sér í fallinu, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Að lokum er fjallað um það sem franskir fræðimaðurinn Charles Mauron kallar „einkagoðsögn“ (fr. *mythe personnel*) Jóhanns Sigurjónssonar. Einkagoðsögn skilgreinir hann sem ómeðvitað viðfangs-efni höfundar meira eða minna í öllum verkum hans. Í tilfelli Jóhanns

kemst Fern Nevjinsky að þeirri niðurstöðu að einkagoðsögnin snúist um mótsögn sem felist annars vegar í göfgun þrjárinnar og háleitra óska en hins vegar í þeim sálarháska sem ástríðurnar geta leitt þann út í sem lætur þrána taka völdin.

Sálgreiningin og leikhúsið

Fern Nevjinsky var um árabíl dósent í sálarfræði við háskólann í Rúðuborg, auk þess sem hún starfaði sem sálgreinir um langt skeið. Hún býr því yfir umtalsverðri sérþekkingu á sálgreiningu sem hún nýtir sér til að nálgast leikrit Jóhanns Sigurjónssonar á nýstárlegan hátt. Fyrir bragðið er ritgerðin nokkuð krefjandi þeim sem ekki hafa sama fræðilega bakgrunn og höfundur, en jafnframt mjög upplýsandi. Sálgreiningin hefur þróast mikið á síðustu áratugum andstætt því sem margir virðast halda, en sú skoðun er útbreidd að kenningar Freuds séu úreltar og staðnaðar og eigi ekki erindi í nútímalega greiningu á sálarlífi og samböndum. Vissulega gengur sálgreiningin út frá ákveðnum frumforsendum sem erfitt hefur reynst að sanna með öyggjandi hætti að séu slíkur hornsteinn sálarlífsins sem Freud hélt fram á sínum tíma. Ödipusarduldin og lausn hennar kemur víða við sögu í þessari ritgerð og á henni eru reistar ýmsar aðrar kennisetningar freudismans, þannig að ef mikilvægi hennar er ekki slíkt sem haldið er hlýtur það að draga úr gildi kenningarinnar í heild sem trúverðugrar lýsingar á sálarlífinu. En í hugvísindum hefur sálgreiningin löngum verið viðurkennd rannsóknaraðferð, enda má segja að hún hafi að vissu leyti vaxið út úr bókmenntum og listum, sem ákveðin túlkunarleið. Og það eru ekki síst tengsl hennar við leikhúsið sem skipta máli í þessu sambandi og eru umhugsunarverð.

Frumkvöðlar sálgreiningarinnar, Freud, Lacan og fleiri, leituðu í leikhúsið og fjölluðu um einstök leikverk í skrifum sínum. Leikritið *Hamlet* og samnefnd aðalpersóna þess voru t.d. greind og túlkuð sem birtingarmynd ödipusarduldar og svo er um fleiri verk Shakespeares. Bandaríski bókmenntafræðingurinn Harold Bloom telur að þessi skrif gefi ekki rétta mynd af sambandi sálgreiningarinnar við leikhúsið. Það sé ekki einfaldlega samband vísindalegrar aðferðar gagnvart

tilteknu viðfangsefni. Shakespeare bjó yfir miklu sálrænu innsæi og leikrit hans eru tilraun um manninn, hvatir hans og hugsanir. Bloom heldur því fram að Freud hafi verið í stöðu þiggjanda gagnvart þessu mikla leikskáldi og í rauninni smíðað kenningakerfi upp úr listrænu innsæi og sviðsetningu Shakespeares á sálarlífinu. Bloom vill því lesa Freud á forsendum Shakespeares, ekki öfugt. Hamlet hafi ekki verið með ödipusarduld heldur hafi Freud verið með hamletsduld!⁵ Og fyrst minnst er á ödipusarduldina, þá er hún heldur en ekki leikhúsleg, enda var Freud þar undir áhrifum frá leikritum Sófóklesar. Sálgreinandiinn gekk þess ekki dulinn, enda vísaði hann meðvitað í leikhúsið og líkti talmeðferð sálgreiningarinnar við þá hreinsun eða skírslu sem Aristóteles sagði að harmleikir hefðu í för með sér fyrir áhorfandann.⁶

Ef gengið er út frá því að sálgreiningin þiggi margt frá leikhúsinu má segja að sem túlkunaraðferð falli hún einkar vel að dramatískum verkum, en á hinn bóginn er samband sálgreiningarinnar við leiktextann ekki einfaldlega samband vísindalegrar aðferðar og viðfangs, heldur er hér – eða ætti að vera – meiri gagnvirkni á ferðinni. Sálgreiningin ætti ekki einvörðungu að sjá í leikhúsinu tilfelli til greiningar samkvæmt fyrirfram gefnum ferlum og einkennum sem staðfesta kenninguna, heldur þarf að gera ráð fyrir því að leikhúsið hafi fram að færa það sem var ófyrirséð og hniki jafnvel til eða umbylti því sem menn gáfu sér. Þegar sálgreiningu er beitt á bókmenntir og leikrit getur hún auk þess haft í för með sér ákveðna sjúkdómsvæðingu textans og höfundarins sjálfs. Spyrja má hvort sálgreiningin, sem varð til sem tilraun til að lækna geðræna kvilla, sé nothæf þegar fengist er við leikrit eftir skáld sem alls óvíst er að hafi verið haldið krankleika af þeim toga, auk þess sem athyglinni er ekki beint að skáldinu heldur að persónum þess. Og dulvitund hvers er verið að greina þegar sjón-

⁵ Harold Bloom: „Freud: A Shakespearean Reading.“ *The Western Canon. The Books and School of the Ages*. Lundúnum og New York 1996 (frumútg. 1994), bls. 371–394.

⁶ Shoshana Felman fjallar m.a. um þetta efni í grein sem Alda Björk Valdímarsdóttir hefur þýtt á íslensku undir heitinu „Handan Ödipusar. Dæmisaga sálgreiningarinnar.“ *Ritið* 2/2003, bls. 133–163.

um er beint að tilbúnum persónum á pappír, ef það er ekki dulvitund höfundarins? Þetta er áleitin spurning, en greinandinn kann þó einnig að hitta sjálfan sig fyrir í lestrinum ef hann yfirfærir eigin tilfinningar á persónur verksins eins og oft vill verða. Slíkt ferli – sem getur verið gagnvirk – er í talmeðferð sálgreiningarinnar skilgreint sem yfirfærsla (þ. *Übertragung*, e. *transference*). Að því leyti getur textinn orðið að eins konar millisviði eða leikvelli fyrir yfirfærslur lesanda og höfundar.⁷

Greiningin á Galdra-Lofti

Margt er vel gert í doktorsritgerðinni, en í umfjöllun sinni um *Galdra-Lofti* (8. kafli, bls. 529–603) finnst mér höfundi takast einkar vel upp og sýna hvernig hægt er að beita aðferðum sálgreiningarinnar á fjölbættan og blæbrigðaríkan hátt. Ekki er þar sjúkdómsvæðingunni fyrir að fara sem stundum einkennir afstöðu sálgreinenda til leiktexta, að minnsta kosti ekki hvað varðar aðalpersónu leiksins, enda kemur skýrt fram í leiklýsingum frá höfundarins hendi að Loftur missir vitið þegar líða tekur á þriðja þátt.⁸ Það er því full ástæða til að kanna með hvaða hætti þetta eigi sér stað í leiknum, hvaða forsendur verkið gefi fyrir því að þessi tiltekna persóna er eins og hún er og hvað valdi því að hún verði vitfirrt. Auk þess kallar leikurinn beinlínis á það að vera lesinn á sálfræðilegan hátt, enda heitir hann *Önsket* í danskri gerð, þ.e. Óskinn eða Þráin. Freudískara heiti á einu leikriti er vandfundið!

Meðal þeirra skrifa sem fyrir liggja um *Galdra-Lofti* eru grein Jóns Viðars Jónssonar, „Loftur á leiksviðinu“, og grein Dagnýjar Kristjánsdóttur, „Loftur á „hinu leiksviðinu““. ⁹ Höfundur leggur líka út af

⁷ Dagný Kristjánsdóttir fjallar um slíkar yfirfærslur og millisvið í doktorsritgerð sinni *Kona verður til. Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna*. Reykjavík 1996, bls. 59–65.

⁸ Sbr. leiklýsingarnar í þriðja þætti: „vitfirringarblær yfir svipnum“ – „Vitfirringin grípur hann“ – „Hann er orðinn vitfirrtur“. *Galdra-Loftur. Leikrit í þremur þáttum. Rit eftir Jóhann Sigurjónsson II*. Reykjavík 1942, bls. 70, 74 og 77.

⁹ Jón Viðar Jónsson: „Loftur á leiksviðinu. Galdra-Loftur Jóhanns Sigurjónssonar í íslensku leikhúsi.“ *Skírnir*, 154. ár (1980), bls. 24–76; Dagný Kristjánsdóttir: „Loftur á „hinu leiksviðinu““. Nokkrar athuganir á *Galdra-Lofti* Jóhanns Sigurjónssonar í ljósi sálgreiningarinnar.“ *Tímarit Máls og menningar*, 46. árg., 3. hefti (1985), bls. 287–307.

Íslenskri leiklist Sveins Einarssonar og ýmsum öðrum heimildum í umfjöllun sinni um *Galdra-Loft*.

Í grein sinni rekur Jón Viðar sögu sviðsetninga á leikritinu og bendir á að Jóhann gerði ráð fyrir að Loftur væri 21 árs gamall, ungur og óráðinn, en strax í fyrstu uppfærslu verksins krafðist leikstjórinn þess að persónan yrði gerð minnst fimm árum eldri svo að hún félli að þeim Fástsskilningi sem hann lagði í hana.¹⁰ Jóhann lét undan. Jón Viðar bendir aftur á móti á að í síðari sviðsetningum sé Loftur að minnsta kosti stundum leikinn eins og taugaveiklað ungmenni, þó að leikararnir sem fara með hlutverkið séu iðulega nokkuð eldri.¹¹

Dagný vinnur líka með ungan aldur Lofts í grein sinni og túlkar ýmsa þætti í persónulýsingu hans í ljósi þeirra afla sem móta einstaklinginn í bernsku og æsku samkvæmt kenningum Freuds. Dagný tekur t.d. með í reikninginn hugtök eins og ödipusarduld og narsissisma, móðurbindingu og hinn táknelega föður. Loftur missti móður sína ungur að árum og það setur svip sinn á sálarlíf hans, eins og Dagný sýnir fram á, og raunar er það svo að ákveðin atriði í leikritinu verða lítt skiljanleg nema þetta sé haft í huga. Svo er til dæmis um það er Loftur flettir upp í bók af handahófi á mikilvægri stund í leikritinu. Bókin sem hann þrífur er Ódysseifskviða og staðurinn sem hann kemur ofan á er fundur Ódysseifs og móður hans í dauðaríkinu.¹²

Þetta atriði verður einn af túlkunarlyklum Fern Nevjinsky í útvíkkaðri og nánar útfærðri sálgreiningartúlkun á leikritinu. Hún tekur upp ýmsa þæði úr grein Dagnýjar og vinnur frekar úr þeim. Líkt og Dagný ræðir hún um dulvitundina sem „hitt sviðið“ og telur að í leikverkum holdgerist þetta dulvitaða svið og verði leikvöllur langana, persónur verkanna verði kjörinn vettvangur fyrir tjáningu dulvitaðra óra. Atriðið með Ódysseifskviðu er gott dæmi um það þegar sálgreiningin afhjúpar eitthvað sem annars væri hulið og aðferðin sannar gildi sitt sem túlkunarleið í slíkum tilfellum. Eða með orðum Fern Nevjinsky: „Undirliggjandi er getuleysi Lofts til að syrgja móður

¹⁰ Jón Viðar Jónsson: „Loftur á leiksviðinu“, bls. 66.

¹¹ Sama rit, bls. 55 o.v.

¹² Dagný Kristjánsdóttir: „Loftur á „hinu leiksviðinu““, bls. 301 o.áfr.

sína. Þannig gerir hann þrjár fyrirrennara sinna úr bókmenntunum að sinni, heimsókn Ódysseifs til undirheimanna og þrjá Fausts: að þekkja heim Mæðranna og komast aftur til hinnar látnu móður. Um narsissíska samsemdaróra er að ræða. Reynt er að komast aftur í móðurfaðm dauðans.¹³

Höfundur telur að í persónu Lofts komi saman allir hinir narsissísku þættir sem tengjast vanda unglunga:

- Loftur sé unglingur sem sé gæddur yfirburðagáfum. Aftur á móti sé hann tilfinningalega vanþroska og búí við ýmiss konar fjölskylduvandamál. Móðurmissirinn setji mark sitt á hann en faðir hans krefjist mikils af honum um leið og hann hafni tilfinningatengslum við hann.
- Hann hrífist af hugsjónum en kynni hans af kynlífi séu skyndileg og á þann hátt að þau veki honum ugg. Hann geti ekki upplifað þessa reynslu sem heild og skilji því á milli líkama og sálar. Þetta verði samband sem hann samþætti ekki fyllilega raunveruleikanum.
- Hann sé einn af þeim unglungum sem grípi mjög mikið til varnarháttá gegn tilfinningum. Það geti verið með ofurbeitingu vitsmuna, með of sértækri hugsun eða með myrkum þönkum. Við þetta bætist að hann lifi og hrærist í lokuðum heimi og þurfi alltof ungur að árum að fást við siðferðislegan og tilvistarlegan vanda.

Strax í upphafi leiksins birtist Loftur því sem brothættur og einangraður unglingur að mati höfundar. Geta Lofts til sértæktrar hugsunar, hugleiðingar hans um trú og dauða, séu í litlu samræmi við tilfinningalegan vanþroska hans. Varnir hans séu svo sterkar að honum sé fyrirmunað að yfirstíga sektarkennd sína og kvíða, en þau séu tveir frumþættir hins þunglynda persónuleika. Meðal þess sem höfundur bendir á í framhaldinu er að *þekkingin sem varnarháttur* verði Lofti að hreinni fíkn. Eftir að Steinunn hefur stytta sér aldur í lokapætt-

¹³ Orðalagið er tekið úr íslensku ágrípi ritgerðarinnar sem lagt var fram við doktorsvörninna (Torfi Tulinius þýddi).

inum sýni skáldið hvernig narsissískur persónuleiki Lofts, sem í senn sé ástríðuþrunginn og afbrigðilegur, leysist upp í þunglyndi. Hann örvænti. Og aftur vitna ég til orða höfundar sjálfs: „Þessi rökvísi vonleysisins leiðir hann að niðurstöðu sem veldur sálarlegu hruni: það er bannað að þrá, vegna þess að þráin getur ræst, skapað kraftaverk. En sjálft viðfang þrárinnar er bannað (hvort sem um er að ræða hver fái fallosinn eða þrá móðurinnar), en það er líka bannað að þrá, vegna þess að með þránni kemur maður í stað Guðs eða hinna illu afla. Loks má segja um þrána að hún eyðir öllum mörkum: milli mannsins og guðlegra eða djöfullegra afla, milli lífs og dauða. Að þessu leyti er Loftur diónýsísk persóna.“¹⁴

Nú er það auðvitað svo að hægt er að greina og túlka leikrit eins og *Galdra-Loft* með ýmsum öðrum aðferðum, og það gerir höfundur raunar, því að hún tekur ýmislegt annað með í reikninginn heldur en það sem tilheyrir sálgreiningunni í sjálfu sér. En með því að taka Loft til svo nákvæmrar og djúprar skoðunar sýnir hún hvers sálgreiningin er megnug sem túlkunarleið og það var sannarlega kominn tími til að fræðimaður með sérþekkingu á rannsóknaraðferðinni gerði þessu og öðrum verkum Jóhanns Sigurjónssonar svo verðug skil.

Það er mikið gleðiefni að erlendur fræðimaður sinni íslenskum nútímabókmenntum af slíkri alúð og áhuga. Ef til vill er það hætt að koma okkur Íslendingum á óvart þó að miðaldabókmenntir okkar vekji áhuga erlendra fræðimanna, enda hafa þeir lengi rannsakað þær og auðgað íslensk miðaldafræði með sínu framlagi. Það hefur færst í vöxt að erlendir fræðimenn sýni íslenskum bókmenntum síðari alda virkan áhuga og því ber að fagna, sérstaklega þegar vel er að verki staðið. Doktorsritgerð Fern Nevjinsky er mikilvægt framlag til rannsókna á verkum Jóhanns Sigurjónssonar og um leið kynning á íslenskum bókmenntum síðari alda erlendis. Ástæða er til að óska henni til hamingju með vel unnið verk og vona að niðurstöður rannsóknarinnar verði birtar í einhverri mynd á íslensku, enda eiga þær fullt erindi við íslenska lesendur.

¹⁴ Sama heimild.

GRASAFERÐ OG LJÓÐAGERÐ Í *GUNNLAÐAR SÖGU*

ÍRSKA SKÁLDIÐ SEAMUS HEANEY hefur ort fræg ljóð þar sem hann tengir saman norrænar fornleifar og stjórnmálaástandið á Norður-Írlandi á síðari hluta 20. aldar. Mannshöfuðin og líkamspartarnir sem fundist hafa í mýrum Jótlands hafa orðið honum að yrkisefni, eins óskáldleg og þau nú virðast við fyrstu sýn. Heaney sér í þessum líkamsleifum merki um hrottalegan dauðdaga en jafnframt les hann úr þeim ákveðna helgisiði. Líkin beri vott um ópersónuleg eða samfélagsleg dráp og séu keimlík þeim drápum sem tíðkuðust í heimalandi skáldsins á 20. öld. Þá voru menn myrtir með köldu blóði af stríðandi öflum í átökum sem geta minnt á grimmar og blindar hefndir þjóðflokka fyrr á öldum. Heaney segir t.d. um heimkynni hins þekhta Tollund-manns:

Out there in Jutland
In the old man-killing parishes
I will feel lost,
Unhappy and at home.¹

Þannig geta fornleifar öðlast framhaldslíf í verkum þeirra sem á eftir koma, ekki síst líkamsleifar sem orka sterkt á ímyndunaraflíð og verða í áþreifanleika sínum áminning um mannlegt hlutskipti.² Í *Gunnlaðar sögu*, sem kom út 1987, skrifar Svava Jakobsdóttir líka

¹ Seamus Heaney: „The Tollund Man.“ *Wintering Out*. Lundúnum 1972, bls. 48.

² Sjá Karen Sanders: *Bodies in the Bog and the Archeological Imagination*. Chicago 2009.

út frá dönskum fornleifum og tengir þær á eftirminnilegan hátt við nútímann. Hún velur reyndar ekki ófrýnileg mýrarhöfuð sem yrkisefni heldur fallett gullker á danska Þjóðminjasafninu. Svava leggur líka mikið upp úr helgisíðum í sögu sinni, rétt eins og Heaney í áður nefndum ljóðum. Hún lýsir ákveðinni athöfn sem mun hafa tíðkast í fyrndinni þegar heiðin hofgyðja vígði nýjan konung með svokallaðri dreypifórn og samrekkti honum síðan.³ Þessi forni helgisíður sem lýst er í *Gunnlaðar sögu* kallast á við ýmsa atburði á nútíðarsviði verksins, þar sem íslensk framakona og móðir gengur í gegnum ákveðið ferli og tekur út þroska í þessu margslungna skáldverki Svövu. Ég ætla að fjalla hér um atriði sem ekki er alveg óskilyt Heaney, en það er ljóðræni þátturinn í *Gunnlaðar sögu*. Mig langar til að velta fyrir mér einkennum þessarar ljóðrænu og hlutverki hennar í sögunni.

Háttbrigði

Það er forvitnilegt að spyrja sig að því hvers konar skáldsaga *Gunnlaðar saga* sé. Óhætt er að segja að hún sé blanda margra tegunda. Hún hefur t.d. ákveðin einkenni þroskasögu (þ. *Bildungsroman*), enda þótt sú sem tekur út þroskann – móðirin í sögunni – sé eldri en venja er í hefðbundnum þroskasögum. Jafnframt er móðirin í hlutverki eins konar spæjara sem reynir að upplýsa ákveðinn „glæp“ – meintan stuld dótturinnar á hinu gullna keru á Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn – og minnir að því leyti á sakamálasögur. Fortíðarkafar verksins eru sumir í anda sögulegra skáldsagna: þar er reynt að endurgera ákveðið umhverfi frá liðnum tíma, sýna sögulegar aðstæður og hugmyndafræði sem ekki er ósennilegt að hafi einhvern tíma tíðkast og verið til. Svo má greina fleiri tegundir að verki. *Gunnlaðar saga* má með nokkrum rétti kallast fjölskyldusaga, frásögn af sambandi foreldris og barns, hvernig kynslóðirnar ala hver aðra upp, sú yngri þá eldri í þessu tilviki. Sjálfsagt myndu margir vilja þrengja þetta enn frekar og segja að sagan snerist fyrst og fremst um samband

³ Auk lýsinganna í *Gunnlaðar sögu* hefur Svava ritað um slíka helgisíði í greininni „Gunnlöð og hinn dýri mjöður.“ *Skrínir*, 162. ár, hausthefti 1988, bls. 215–245.

móður og dóttur, væri kvennasaga þar sem reynt væri að finna kvenlega rödd kynslóðanna í samfélagi og bókmenntahefð sem karlar hafi átt mestan þátt í að móta.⁴

Af þessari upptalningu – sem reyndar mætti lengja töluvert – má ljóst vera að í *Gunnlaðar sögu* er ofið saman ýmsum þekktum tegundum skáldsagna eða bókmenntagreinum. Þegar rætt er um bókmenntagreinir er gjarnan notað hugtakið *módúlasjón*. Það er fengið úr hljómlistarfræðum þar sem talað er um módúlasjón þegar farið er úr einni tóntegund yfir í aðra. Tónverk eins og píanósónata eftir Beethoven getur byrjað í einni tóntegund en farið yfir í aðra um stund, og jafnvel endað aftur í hinni upphaflegu. Eins er það með bókmenntirnar. Skáldverk getur byrjað í ákveðnum „dúr“ en bregður sér svo kannski yfir í annan. Hér er auðvitað ekki um tóntegundir að ræða í sama skilningi og í hljómlistinni. Enskumælandi bókmenntafræðingar nota oft hugtakið *mode* í þessu samhengi og mætti kalla það *hátt* á íslensku og módúlasjón *háttbrigði* í samræmi við það. Svo ég reyni að útskýra þessi hugtök með dæmum þá má t.d. benda á að Njála byrjar í hætti Íslendingasagna en í sögunni má greina ýmis háttbrigði. Háttur gamansögu er t.a.m. tekinn upp í þeim köflum sem fjalla um Björn og Kára, en það er aðeins um stund; Njála er eftir sem áður Íslendingasaga í grunninn. Fleiri Íslendingasögur sýna ámóta einkenni; t.d. tekur Egla að mörgu leyti upp hátt fornaldarsagna í þeim ýkjukenndu köflum sem gerast erlendis, og þannig mætti áfram telja. Bókmenntagreinir eru líklega ekki eins föst og hreinræktuð fyrirbæri og við hneigjumst stundum til að halda; þær renna hver inn í aðra áreynslulaust og taka upp hætti hinna.⁵

Víða í *Gunnlaðar sögu* má greina slík háttbrigði. Framan af er frásögn móðurinnar á nútíðarsviðinu merkt skynsemi og raunsæi, enda

⁴ Um þetta fjallar Maureen Thomas í greininni „Gunnlaðarsaga og kvenröddin í íslenskrum bókmenntahefð.“ *Skirnir*, 162. ár, vorhefti 1988, bls. 138–163.

⁵ Sjá t.d. Alastair Fowler: *Kinds of Literature. An Introduction to the Theory of Genres and Modes*. Oxford 1982, bls. 191 o.áfr. Ég beiti kenningum Fowlers á ýmis kvæði Jónasar Hallgrímssonar í bók minni *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskrum rómantik*. Reykjavík 1999, bls. 79–110; sjá enn fremur grein mína hér að framan um doktorsritgerð Margrétar Eggertsdóttur.

þótt þar sé stundum líkt eftir hugsanaflæði og framsetningin því ekki alltaf rökræn og skipulögð. En í þeim köflum sem greina frá hofgyðjunni Gunnlöðu á fortíðarsviðinu ríkja annars konar rök. Þar verður stillinn ljóðrænn eins og margir hafa bent á⁶ – þar fer skáldsagan að líkja eftir hætti ljóðsins. Þetta þóttu mikil tíðindi á sínum tíma því að í fyrri sögum Svövu hafði lítið borið á ljóðrænu, enda þótt þar væri bryddað upp á ýmsum öðrum nýjungum í frásagnarhætti, t.a.m. snjallri notkun á furðusögum (fantasíum). Til að einfalda málið getum við kannski sagt að háttbrigðin í *Gunnlaðar sögu* tengist annars vegar raunsæi og hins vegar ljóðrænum eigindum. Þessu mætti einnig lýsa sem hætti nafnskipta gagnvart hætti myndhvarfa, svo vitnað sé til frægrar útlekkingar Romans Jakobson á skilgreiningu Ferdinands de Saussure á tveimur hliðum tungumálsins.⁷ Kaflarnir í sögu Gunnlaðar á fortíðarsviðinu eru ríkir af myndhvörfum, táknum og ýmsum skáldlegum tengingum ólíkra fyrirbæra sem við erum vanari að rekast á í ljóðum en skáldsögum. Ég vík að ljóðrænu *Gunnlaðar sögu* hér á eftir en það er gert langar mig að ræða aðeins frekar um háttbrigði sögunnar og einkenni þeirra.

Háttbrigðin í *Gunnlaðar sögu* eru í raun mun flóknari en svo að þeim verði einfaldlega lýst sem hvarfli milli einhvers konar raunsæis og ljóðrænu. Áður er nefnt hvernig þar er ofið saman ólíkum bókmenntagreinum eða tegundum skáldsagna, þ. á m. þroskasögu og sakamálasögu. Fleiri listform eru dregin inn í frásögnina. Það er t.d.

⁶ Sjá t.d. grein Vésteins Ólasonar: „Tvö ferðalög.“ *Tímarit Máls og menningar*, 49. árg., 2. hefti (1988), bls. 242–247; hér bls. 246–247.

⁷ Svissneski málvísindamaðurinn Ferdinand de Saussure hélt því fram að á tungumálinu væru tvær hliðar sem mætti kenna við val (hvernig við veljum á milli nokkurn veginn jafngildra orða) og tengingu (hvernig við tengjum orðin saman í setningar). Rússneski málvísindamaðurinn Roman Jakobson taldi að í skáldamáli og mælskufræði væri hægt að greina hliðstætt grundvallarferli í tengslum við ákveðin stílbrögð. Þannig byggðust myndhvörf (metafórir) á vali en nafnskipti (metónymíur) á tengingu. Í framhaldi af því setti Jakobson fram þá kenningu að ákveðnar bókmenntagreinar og stefnur einkenndust af myndhvörfum (t.d. ljóðagerð og rómantik) og aðrar af nafnskiptum (t.d. sagnagerð og raunsæi). Sjá Roman Jakobson: „Tvær hliðar tungumálsins: myndhvörf og nafnskipti.“ *Spor í bókmenntafræði 20. aldar. Frá Shklovskij til Foucault*. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Reykjavík 1991, bls. 81–92 (Kristín Birgisdóttir og Nanna Bjarnadóttir þýddu).

athyglisvert að á nútíðarsviði sögunnar er reglulega og nokkuð kerfisbundið vísað í kvikmyndir og sjónvarp. Þetta er svo sem ekkert einsdæmi í skáldsögum síðari ára; í *Hversdagshöllinni* notar Pétur Gunnarsson þetta bragð t.a.m. víða á meðvitaðan hátt og skemmtilegan.⁸ Sögumaðurinn á nútíðarsviði *Gunnlaðar sögu* – móðirin – vísar m.a. á íronískan hátt í kvikmyndir með athugasemdum eins og þessum: „Ég var svo oft búin að sjá eitthvað svipað í bíó eða í sjónvarpi ... nei, þetta er ekki nógu dramatískt til að vera í bíó“ (bls. 18);⁹ og á öðrum stað í sögunni segir hún: „Borin von að gera spennumynd úr þessu“ (bls. 191). Þar með er áréttað hvað veruleiki sögunnar er raunverulegur og óuppspenntur – gengi varla í bíó. Á nútíðarsviði sögunnar má því segja að Svava hylli raunsæið og tali háðulega um ýkjukenna útfærslu á veruleikanum í listformum eins og spennumyndum bíóhúsanna. Á hinn bóginn áréttar hin síendurtekna bíólíking auðvitað að Nútímann með stórum staf í verkinu, að nútíðarsviðið er svið hraða og neyslumenningar o.s.frv. Ég held að það sé hægt að greina álíka hnitmiðaðar tilvísanir á fortíðarsviði sögunnar og að hin ljóðrænu háttbrigði taki mið af öðrum textum og stofni til annarra bókmenntatengsla.¹⁰

Grasafærð

Svava hefur skrifað mjög áhugaverða grein um Grasafærð Jónasar Hallgrímssonar sem birtist í hausthefti tímaritsins *Skírnis* 1993. Þar les hún þennan texta, sem kallaður hefur verið fyrsta íslenska smásagan, í ljósi einhvers frægasta bókmenntaverks síðari alda á Vesturlöndum sem er *Paradísarmissir* Miltons. Svava bendir á að lesa megi

⁸ Pétur Gunnarsson: *Hversdagshöllin. Skáldsaga*. Reykjavík 1990, bls. 104 o.v.

⁹ Blaðsíðutöl innan sviga miðast við frumútgáfu sögunnar: Svava Jakobsdóttir: *Gunnlaðar saga*. Reykjavík 1987.

¹⁰ Dagný Kristjánsdóttir hefur komist svo að orði um þetta: „Eins og ljóst má vera er *Gunnlaðar saga* Svövu Jakobsdóttur með glæstustu dæmum um textatengsl sem um getur. Þar má sjá hvernig Svava tekur hina fornu texta og tekur þátt í þeim í samræðu við hefðina. Enn sem fyrr á ég erfitt með að sjá umritanir en þeim mun meira af umbreytingu þar sem nýi textinn tekur hina eldri yfir í túlkun og umsköpun fyrir okkar tíma og okkar líf.“ Dagný Kristjánsdóttir: „Af texta ertu komin. Um hefð og textatengsl í verkum Svövu Jakobsdóttir.“ *Kona með spegil. Svava Jakobsdóttir og verk hennar*. Ritstj. Ármann Jakobsson. Reykjavík 2005, bls. 101–115; hér bls. 108.

Grasaferð á allegorískan hátt sem eins konar paradísar missi Jónasar Hallgrímssonar. Lýsing hans á grasafjallinu líkist einna helst lýsingum á aldingarðinum Eden eða himneskum sælureit á jörðu niðri. Þar ríki fegurð og samhljómur í líki grasagnóttar og sveitasælu. Síðan verði syndafall á fjallinu sem drengurinn í sögunni eigi sök á, og í kjölfar þess hrug og ógn úr öllum áttum. Einn af fylgifyskum syndafallsins sé Satan sjálfur sem birtist í lok Grasaferðar í gervi skuggalegrar veru sem virðist vera útilegumaður. Þar með sé endi bundinn á sæluvistina á samhljómsfjallinu: sekt og efi haldi innreið sína í líf drengsins.¹¹

Nú ætla ég ekki að fara að halda því fram að *Gunnlaðar saga* sé endilega lýsing á svipuðu syndafalli, en þó má greina ákveðna þætti úr því líku ferli í sögunni eins og ýmsir hafa bent á.¹² Það er m.ö.o. hægt að lesa paradísarlýsingu eða ánægjulegt samlíf í skauti náttúrunnar úr sögunni, og ennfremur hvernig svik og sekt breyta heimsmyndinni skyndilega. Gjörðir Óðins, sem ber vopn inn í vé gyðjunnar og stelur hinu helga kerri hennar, hafa í för með sér ákveðið syndafall: hann vinnur þar verk sem brýtur gegn þeim lögmálum sem voru í gildi. Ég hef lítinn hug á því að halda þessari samlíkingu til streitu, að halda því fram að hvaðeina gangi upp í slíkri paradísar- og syndafallstúlkun, enda held ég að slíkur lestur væri óþörf einföldun á þessari margræðu skáldsögu. En það er fróðlegt að hafa paradísarlýsingu Grasaferðar í huga við lestur verksins, enda gerir smásaga Jónasar, sem greinilega er Svövu hugleikin, heldur betur vart við sig í *Gunnlaðar sögu*.

¹¹ Svava Jakobsdóttir: „Paradísar missir Jónasar Hallgrímssonar.“ *Skírnir*, 167. ár, hausthefti 1993, bls. 311–362.

¹² Sjá t.d. grein Vésteins Ólasonar: „Tvö ferðalög“, bls. 246. Aðrir sem um söguna hafa fjallað benda á að fallið í sögunni – hið deyjandi sköpunarverk – tengist fornum goðsögnum og þá einkum þeim sem má kenna við Fiskikónginn og hinn heilaga Graal. Dagný Kristjánsdóttir vakti athygli á tengslunum við slíkar sagnir í greininni „Stabat Mater dolorosa.“ Um *Gunnlaðar sögu* eftir Svövu Jakobsdóttur.“ *Andvari* 113. árg. (1988), bls. 99–112; sjá einkum bls. 110–111. Soffía Auður Birgisdóttir tók þessar sagnir síðan til sérstakrar athugunar í greininni „Lífsvon í deyjandi sköpunarverki. Um *Gunnlaðar sögu* og Graalsögnina.“ *Kona með spegil. Svava Jakobsdóttir og verk hennar*. Ritstj. Ármann Jakobsson. Reykjavík 2005, bls. 116–130.

Í einhverjum fallegasta kafla skáldsögunnar, hinum tuttugasta og fyrsta, er greint frá samvistum Gunnlaðar og Loka haustið áður en vígsla Óðins fer fram. Þetta er ljóðræn lýsing á sambandi tveggja unglinga í skauti náttúrunnar, trúnaðarvina sem hafa um margt að ræða og bregða á leik sem er í senn fullur af gamni og alvöru. Það er mjög freistandi að lesa þennan kafla út frá Grasaferð. Líklega eru hliðstæðurnar augljósar öllum þeim sem á annað borð leiða hugann að þessum tengslum við sögu Jónasar en það er engu að síður vert að benda á þær og nýtt samhengi þeirra í sögu Svövu.

Í *Gunnlaðar sögu* er grasafjall Jónasar orðið að hæð í landslaginu, en það er engin venjuleg hæð heldur eru þar fólgin sjálf hin helgu vé. Það er blær hreinleika og sakleysis yfir fundum vinanna þarna á hæðinni, en undir niðri er spennna í sambandi þeirra og ýmsir fyrirboðar um framtíðina eins og í Grasaferð.

Skoran upp á grasafjallið í sögu Jónasar er hér einnig til staðar, eða eins og segir í *Gunnlaðar sögu*. „Af klöppinni steypist stígurinn niður í skoru sem fornir niðjar okkar höfðu höggvið í árdaga. Sá sem rataði eftir þessum launstíg hvarf sjónum manna líkt og hann hefði gengið inn í bergið.“ (bls. 84) En í Grasaferð er slík skora einmitt uppgönguleið upp á fjallið eða inngönguleið í paradísina, ef við miðum við túlkun Svövu í áðurnefndri Skírnisgrein.¹³ Unglingarnir verða líka samferða upp skoruna samkvæmt frásögn Gunnlaðar: „Ég tók á rás á móti honum. Hann var kominn í bergskoruna þegar við mættumst og ég hljóp í fang honum.“ Síðan segir frá því að Loki þykist skyndilega vera orðinn skógarbjörn, þungur og silalegur, og Gunnlöð er þarna greinilega í leiðtogahlutverkinu eins og Hildur Bjarnadóttir í Grasaferð. Það er hún sem leiðir Loka upp skoruna eða eins og segir í sögu Svövu: „Full af kæti og hlýju og vorkunnsemi tók ég hramminn þunga, lagði á öxl mér og teymdi björninn upp bergskoruna út á graslendið þar sem bifukollurnar breiddu úr sér sem hvítþvegið lín og þar settumst við.“ (bls. 85)

Loki er í trúðshlutverkinu eins og drengurinn í Grasaferð, tekur

¹³ Svava Jakobsdóttir: „Paradísar missir Jónasar Hallgrímssonar“, bls. 328–329.

að sér að sprella fyrir stúlkuna og lætur allt eftir henni. Enda segir Gunnlöð um Loka í sönnum Grasaferðar-stíll: „Við höfðum vaxið upp sem systkini og hann hafði ævinlega skemmt mér með léttri og kvikri lund sinni og kostulegum tiltækjum. Enginn var skemmtilegri né vænni en hann og enginn mér betri. Í öllu fór hann að vilja mín-um.“ (bls. 86)¹⁴

Þarna uppi á hæðinni í hinni hreinu og ósnortnu náttúru sem hvítar bifukollurnar standa fyrir njóta vinirnir sveitasælunnar um stund og eiga orðastað um ýmislegt, rétt eins og persónurnar í Grasaferð. Í ljós kemur að Loki er skáld eins og kynbróðir hans í sögu Jónasar og fer hann með ljóð fyrir Gunnlöðu. Hann er einmitt á mörku-um þess að verða karlmaður líkt og drengurinn í Grasaferð, sem er mitt á milli þess að vera barn og fullorðinn. Ástand Loka er þó sérkennilegra því að hann er yfirnáttúrulegur og þekkir líf allra hluta og beggja kynja, hefur reynslu af því að vera kona eins og kemur fram í ljóðinu sem hann er látinn kveða:

„Ég var úr
er orminn þæfði,
teglður tinnusteinn.
Á auðri ströndu
askur var ég,
mögur konu og mæ...“ (bls. 88)

Og ljóðagerðin virðist vera gagnkvæm eins og í Grasaferð því að Gunnlöð segir í framhaldi af þessu: „Og söngur hans kveikti ljóð í brjósti mér og kveikti mér orð af orði því að ég vildi vera slangan sem hann úðaði, eldurinn sem hann tendraði og tré á ströndinni við hans hlið. Ég gat ekki hugsað mér minningar Loka án mín.“ (bls. 88–89)

¹⁴ Drengurinn og stúlkán í Grasaferð alast einnig upp sem systkini og hann reynir að öðlast hylli hennar „með alls konar gamni og vinalátum þegar við vorum einhvers staðar á gangi.“ Hann segir ennfremur um systur sína að „henni var ég þægari en nokkrum manni öðrum á heimilinu.“ (Grasaferð. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I. Ljóð og lausamál*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík 1989, bls. 281–298; hér bls. 281 og 283.)

En í náttúrunni birtast fyrirboðar þess sem á eftir að verða. Ógnin lýsir sér á ljóðrænan hátt í umhverfinu; henni er komið til skila með beinum ljóðmyndum, ítrefuðum samlíkingum og myndhvörfum:

Og ég ýtti höfði Loka úr kjöltu mér og lagðist á magann við hliðina á honum. Bifukollurnar strukust við kinn mér eins og þegar einhver strýkur létt um vanga í kveðjuskyni. Ilmur jarðargróðurs fór dvínandi og augað leitaði ofar í heiðina þar sem ægifagarar fjólubláar breiður haustlyngsins klæddu heiðina eins og djarfur lofsöngur til dauðans. Í þessum fjólubláa lofsöng skynjaði ég fyrirboða um vá sem ekkert gat afstýrt nema kraftar allir samstilltust til að vekja allt á ný... (bls. 87).

Óðinn tengist þeirri ógn og vá sem hér birtist, og síðar í sögunni bregður honum fyrir sem skugga á heiðinni; hann ryðst inn í paradísina eins og hinn skuggalegi útilegumaður í Grasaferð, eða Satan samkvæmt túlkun Svövu í Skírnisgreininni. Enda þótt hæpið sé að lesa *Gunnlaðar sögu* frá upphafi til enda sem allegoríu þá er ljóst að Svava notar ýmis tákni og frumminni (erkitýpur) í þessu skáldverki sínu. Má þar minna á Madonnuna og Fiskinn á nútíðarsviði sögunnar,¹⁵ auk Skuggans (Óðins) sem birtist hvað eftir annað í helgri sveitasælunni á fortíðarsviði verksins.¹⁶ Sumpart eru þetta trúarleg-

¹⁵ Sjá einkum bls. 119–128 í *Gunnlaðar sögu*.

¹⁶ Skugganum er m.a. lýst með þessum orðum: „Í sömu andrá greindi ég óvænta hreyfingu við tré í hliðinni fyrir neðan mig líkt og flökti skuggi. Hvað var þetta? Skepna? Maður? Eitthvað sem ég hafði töfrað fram óviljandi og hugsunarlaust? Flóttalegur skuggi. Villuráfandi andi á sveimi? Loki? Það gat ekki verið Loki. Loki gat aldrei dulist mér með þetta ljósa hár sitt. Loki gat aldrei orðið hverfull skuggi í myrkri. Og aldrei hefði hvarflað að Loka að rjúfa hina helgu nótt gyðjunnar. Þessi skuggi skar sig ekki úr rökkirinu. Með hreyfingunum einum hafði hann greypst í myrkrið eitt andartak og fengið form. Svo var hann farinn. Horfinn bak við tré.“ (bls. 130–131) Aftur er honum lýst með þessum orðum: „... ég beindi sjónum að rjóðrinu hið næsta mér þar sem trén stóðu vörð um míri gyðjunnar og allt í einu sá ég ... enn var skugginn á ferð. Trén fylltust hrolli. Þau skulfu eins og ég. Hvað var þetta? Fyrirboði? Skuggi vetrarins? Eða svartur hrafn sleginn snöggri blindu ...?“ (bls. 133) Síðan segir: „Hnegg ofan af heiðinni barst inn í þögn hugsunar minnar. Enn rásaði fákurinn frjáls, heiðin merkt hófförum hans, stæltur og þaninn en nú sá ég hann fyrir mér er hann stansar snögglega

ar skírskotanir – Madonnan og Fiskurinn kallast augljóslega á við kristna hefð, þ.e. Maríu guðsmóður og Krist – en þær má einnig lesa í ljósi hugmynda C.G. Jung um frumminni. Skugginn er t.d. eitt helsta frumminnið samkvæmt kenningum hans.¹⁷

Þó að slík frumminni taki ekki til heilla frásagna geta þau engu að síður gefið til kynna hver staða texta eins og Grasaferðar er í íslenski bókmenntahefð. Saga Jónasar virðist hafa orðið að frumlægri frásögn í hefðinni með grunnmynd sinni af sterku sambandi tveggja ungmenna í umgjörð náttúrulýsinga. Að því leyti hefur hún lagt grunninn að bókmenntalegu paradísarástandi sem „hið útópíska frásagnarsnið“ byggist á, eins og Matthías Viðar Sæmundsson hefur skilgreint það.¹⁸ Ýmsir aðrir höfundar en Svava – allt frá Jóni Thoroddsen til Andra Snæs Magnasonar – hafa sett saman texta sem taka mið af Grasaferð, leynt og ljóst.¹⁹ Ef að líkum lætur mun hún enn um sinn varpa ljósi sínu – eða löngum skugga – á íslenska texta, ekki síst þá sem draga upp mynd af sveitasælunni eða andhverfu hennar.

á sprettinum, reisir brjóst og hringar makka, hvinur í faxi hljóðnar, flipinn flettist og berar tennur, trylltur í augum er hann eins og skuggi hafi birst honum líka. Haustkulið sem næðir um huga minn berst að vitum hans og nasirnar titra. Hann finnur lykt af örlögum sínum. Sér snöruna í hendi skuggans sem vitjar hans.“ (bls. 134)

¹⁷ Sjá C.G. Jung: *The Archetypes and the Collective Unconscious*. R.F.C. Hull þýddi úr þýsku. 2. útg. (frumútg. 1968). Princeton, New Jersey 1990.

¹⁸ Matthías Viðar Sæmundsson: *Ást og útleð. Form og hugmyndafræði í íslenski sagnagerð 1850–1920*. Studia Islandica 44. Reykjavík 1986, bls. 38 o.áfr.

¹⁹ Í skáldsögu sinni *LoveStar* (Reykjavík 2002) vísar Andri Snær markvisst í *Pilt og stúlku* Jóns Thoroddsens (Kaupmannahöfn 1850); aðalpersónurnar bera sömu nöfn og auk þess svifur andi Jónasar Hallgrímssonar víða yfir vötnunum, enda er Öxnadalurinn mikilvægur hluti söguviðisins. *LoveStar* er þó fremur dystópísk en útópísk saga eins og Helga Birgisdóttir fjallar um í meistaraprófsritgerð sinni *Þegar neglt var fyrir sólina, kírnarnar rötuðu ekki heim og einn maður átti sér draum. Vistrýni og verk Andra Snæs Magnasonar* (Háskóla Íslands 2007). Um áhrif Grasaferðar á *Pilt og stúlku* hefur Steingrímur J. Þorsteinsson fjallað í riti sínu *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans I*. Reykjavík 1943, bls. 206. Nýlega hefur Jón Karl Helgason bent á að smásagan Týndu hringarnir eftir Torfhildi Hólm sé skrifuð sem eins konar framhald af sögu Jónasar. Sjá Jón Karl Helgason: „Grasaferðalok.“ *Tímarit Máls og menningar*, 69. árg., 3. hefti (2008), bls. 43–54. Smásagan Valshreiddrið eftir Einar Benediktsson er enn eitt dæmi um frásögn sem lesa má sem tilbrigði við grunnstef Grasaferðar og þannig mætti lengi telja.

Háttur ljóðsins

Lengra mætti halda með samanburð á *Gunnlaðar sögu* og Grasaferð, en ég held að þetta ætti að nægja til að sýna hve háttbrigðin á fortíðarsviði sögunnar eru í raun flókin. Þó að við höfum sagt að fortíðarsviðið einkennist gjarnan af hætti ljóðsins þá er ljóðrænan þar með ýmsu móti. Í þeim kafla sem við höfum skoðað hér, hinum tuttugasta og fyrsta, er lýrikin mjög í ætt við þann sveitasælustíl og paradísarlýsingu á sambandi tveggja ungmenna úti í náttúrunni sem við könnumst svo vel við úr Grasaferð. Við getum kannski komist svo að orði að í þessum kafla sögunnar sé spunnið í kringum smásögu Jónasar og ýmsu snúið við. Mikilvægasti viðsnúningurinn er sá að sagan er nú sögð út frá kvenlegu sjónarhorni. Það er stúlkan sem er sögumaður hjá Svövu en drengurinn er sá sem hefur orðið í Grasaferð, þó að staða hans sem sögumanns sé reyndar nokkuð óviss og stúlkan virðist hafa undirtökin í frásögninni.²⁰

Aðrir fortíðarkafar *Gunnlaðar sögu* eru einnig ljóðrænar, en þar er ljóðrænan þó ekki endilega af því tagi sem hér var lýst. Þegar átökin magnast er t.d. tekinn upp háttur Völuspár og móðúlerað yfir í lýsingar þessa fræga eddukvæðis á ragnarökum. Eftirfarandi lýsingu er að finna í kaflanum um nýársnótt þegar hinn verðandi konungur deyr táknrænum dauða og ljóðrænan er greinilega ættuð úr Völuspá, Hávamálum og fleiri eddukvæðum:

Allt er óskapnaður. Tíminn mælir ekki. Hvergi er upphaf né endir. Gráyrötta hryssan treður loftvegi óð af harmi yfir örlögum hestsins sem hverfist um það tré er enginn veit af hvers rótum rennur. Jódís keyrir hryssuna sporum. Faxið flaksast sem vængir. Feigur maður heyrir hundgá, hann lítur um öxl og Jódís hrífur hann með sér á bak hryssunni ... átta fætur troða helveg. Allt hverfist. Sól veit ekki hvar hún staði á. Mána horfið megin. Enn hangir maðurinn á mjötviðinum.

²⁰ Um þetta fjallar Helga Kress í greininni „„Sáuð þið hana systur mína?“ Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar.“ *Skirnir*, 163. ár, hausthefti 1989, bls. 261–292.

Eldur logar. Hvoftar skella. Fákurinn frísar í fjörbrotunum.
Fyllast fjörvi feigra manna úlfur og hrafn. Blóð drýpur. Ymur
hið aldna tré. Hræsvelgur hamast... (bls. 145).²¹

Hér erum við eiginlega komin úr skáldsögunni yfir í ljóðið eins og marka má af merkingarsambjöppun, hrynjandi og ýmiss konar hljóðlíkingum sem tengja eitt orð við annað. Þar má nefna þetta stuðlasetningu (leturbreyting mín): „Mána horfið megin. Enn hangir maðurinn á mjötviðinum ... Fákurinn frísar í fjörbrotunum. Fyllast fjörvi feigra manna úlfur og hrafn...“ Auk þess má þarna greina ýmsar hljóðlíkingar á borð við hendinguna „Faxið flaksast...“ Þetta er prósi sem ortur er í anda eddukvæða!

Af þessu má sjá að ljóðræna sögunnar gegnir margþættu hlutverki. Hún er þáttur í persónulýsingu Gunnlaðar og lýsir annars konar vitund en þeirri sem lesa má úr frásögn móðurinnar á nútíðarsviði sögunnar, a.m.k. framan af. Ljóðrænan ber vott um ákveðið sakleysi, skáldlega og jafnvel dálítið bernska upplifun á heiminum ef miðað er við þá rökhyggju og skynsemi sem setja svip á nútíðarsvið verksins. Myndhvörf, persónugervingar og tákn bera vott um aðra heimssýn; allt hefur líf og örlög: maður jafnt sem jurtir, steinn sem stjarna. Gunnlöðu er markaður staður innan heims sem einkennist af háttbundinni hrynjandi náttúrunnar og samsemd með öllu sem er. Kenna má slíka afstöðu við náttúruhyggju eða töfraskilning, þar

²¹ Textinn kallast m.a. á við eftirfarandi staði í eddukvæðum (vitnað er í kvæðin skv. útgáfu Gísla Sigurðssonar: *Eddukvæði*. Reykjavík 1998): „það tré er enginn veit af hvers rótum rennur“ – „á þeim meiði / er manngi veit / hvers hann af rótum renn“ (138. er. Hávamála, bls. 48); „Enn hangir maðurinn á mjötviðinum“ – „Veit eg að eg hékk / vindga meiði á“ (sama er. Hávamála, sama stað) og „Eg man ... mjötvið mæran“ (2. er. Völuspár, bls. 3); „átta fætur troða helveg“ – „troða halir helveg“ (51. (52.) er. Völuspár, bls. 15); „Sól veit ekki hvar hún staði á. Mána horfið megin“ – „Sól það né vissi / hvar hún sali átti ... Máni það né vissi / hvað hann megins átti“ (5. er. Völuspár, bls. 4); „Fyllast fjörvi feigra manna úlfur og hrafn“ – „Fyllist fjörvi / feigra manna“ (þ.e. úlfurinn; 40. (41.) er. Völuspár, bls. 12); „Ymur hið aldna tré“ – „Ymur ið aldna tré“ (þ.e. askur Yggdrasils; 46. (47.) er. Völuspár, bls. 14); „Hræsvelgur hamast“ – „Hræsvelgur heitir, / er situr á himins enda, / jötunn í arnar ham“ (37. er. Vafþrúðnismála, bls. 64) o.s.frv. Dagný Kristjánsdóttir bendir á fleiri vísanir Svövu í eddukvæði og aðra forna texta í bókinni *Gunnlaðar saga eftir Svövu Jakobsdóttur. Kennarahandbók*. Reykjavík 1991, bls. 38–44 o.v.

sem goðsagnir og helgisiðir gegna veigamiklu hlutverki í lífi mannsins. Henni er komið til skila í sögunni með ljóðrænum hætti eins og hér hefur verið rakið, jafnt algleymi samlífisins sem rofi hinnar lífrænu heimsmyndar, þegar nýr og annarlegur tími gengur í garð.

En hitt er þó ekki minna um vert að ljóðrænan eykur blæbrigði sögunnar og gerir textann auðugri með ýmsum tengslum, hvort sem þau eru við eddukvæði eða yngri verk eins og Grasferð Jónasar Hallgrímssonar. Í *Gunnlaðar sögu* fá aðrir textar inni og ganga um leið í endurnýjun lífdaga.

NÁIN KYNNI GUÐBERGS OG MÁLFRÍÐAR

Um Hjartað býr enn í helli sínum

HVERNIG KEMUR RÝMI OKKUR FYRIR SJÓNIR Í SKÁLDSKAP? Um það fjallar franskri fræðimaðurinn Gaston Bachelard í sígildri bók sinni *Skáldskaparfræði rýmisins (La poétique de l'espace)* sem kom fyrst út árið 1958. Bachelard ræðir einkum um það sem kalla mætti *náin kynni* á íslensku.¹ Þar á hann við vistlega, nákomna staði, vellíðunar-rými, notaleg horn, herbergi og hús en einnig alls kyns athvörf sem við þekkjum úr náttúrunni og dýraríkinu, t.d. hreiður, holur, skeljar og þess háttar. Bachelard fjallar líka um húsgögn eins og kómmóður, kistur, skápa og annað slíkt sem kann að hýsa eða geyma það sem er okkur kært. En þetta eru einkum andlegir innanstokksmunir, náin kynni eins og þau birtast í skáldskapnum. Þannig séð er Bachelard að skoða hvernig ímyndunaraflíð vinnur og við njótum skáldlegra mynda sem við getum hreiðrað um okkur í, fundið þar notalegt af-drep í huganum. Hann ræðir um þetta sem staðarást (*topophilia*) og rannsókn sína kallar hann staðgreiningu (*topo-analysis*).

Bachelard beinir athygli sinni að dagdraumum eins og þeir birtast í bókmenntunum; þetta eru draumráðningar hinnar vakandi veru. Hann lítur á sig sem fyrirbærafræðing en byggir athugun sína einnig á sálgreiningunni og þá einkum kenningum C.G. Jungs um frum-minni eða erkitýpur sem þátt í sameiginlegri dulvitund mannkyns. Bachelard leggur út af líkingu hans um vitundina, en Jung hafði sagt að hún væri eins og bygging þar sem efri hæðin væri frá 19. öld en

¹ Hér er brugðið á leik með alþekktu merkingu orðsins *kynni*, þ.e. 'bústaður' eða 'heim-kynni'.

jarðhæðin frá 16. öld; þegar múrverkið væri skoðað kæmi í ljós að sá hluti hússins hefði verið reistur á grunni íbúðarturns frá 11. öld; í kjallaranum væri að finna rómverska undirstöðuveggi og undir kjallaranum væri hellir sem fyllt hefði af jarðvegi; á gólfi hellisins væri að finna verkfæri frá steinöld og leifar af jurtum frá jökulskeiði í jarðlög-unum þar undir. Bygging Jungs sýnir margbotna og samsetta vitund þar sem skiptast á yngri og eldri lög og ummerki um sameiginlega reynslu mannkyns í aldanna rás. En Bachelard gengur skrefi lengra og notar húsið ekki aðeins sem líkingu heldur sem tæki til að greina mannshugann. Með hjálp þessa tækis eða verkfæris segir hann að við getum fundið í okkur sjálfum huggun hellisins, meðan við látum okkur dreyma í okkar litlu húsum. Allt er hýst, eins og Bachelard kallar það, ekki aðeins minningar okkar heldur líka allt það sem við höfum gleymt. Sjálfur hugurinn er þá hóbýli. Með því að muna og rifja upp hús og herbergi lærum við að búa í okkur sjálfum, eins og hann kemst að orði.²

Hóbýlamyndir af þessu tagi eru þó misvel til þess fallnar að vekja staðarást lesandans, minningar hans og gleymsku. Bachelard telur að fastar myndhverfingar og orðtök skorti þá einlægni sem beinar myndir hafi oft til að bera.³ Við tölum um „að skrifa fyrir skúffuna“ og „að koma til dyranna eins og maður er klæddur“. Þetta eru föst orðtök sem tengjast hóbýlum en gefa okkur hins vegar enga raunverulega rýmiskennnd. Það sama má segja um ýmsar hóbýlamyndir í skáldskap. Taka mætti dæmi úr skáldsögunni *Persónur og leikendur* eftir Pétur Gunnarsson. Þar segir frá Andra sem lætur sig dreyma um að verða mikill rithöfundur. Hann rís öndverður gegn módernisma í sagnagerð og hugmyndir hans eru orðaðar á þennan hátt:

Andri hafnaði formbyltingu skáldsögunnar. Nýskáldsagan var eins og hús í byggingu, gryfja hálf full af vatni, ónaglhreinsað og óskafið timbur dreift um lóðina, þjark við iðnaðarmenn.

² Gaston Bachelard: *The Poetics of Space*. Maria Jolas þýddi (þýðingin kom fyrst út 1964). Boston 1994, bls. xxxvii.

³ Sama rit, bls. 74 o.áfr.

Lesandinn tekur sér ekki bók í hönd til að hafna í byggingarvinnu. Hann er kannski búinn að vera að naglhreinsa alla vikuna. Höfundur skal afhenda lesanda lykil að fullkláruðu húsi. Blindandi finnur hann slökkvarann og mjúk gólfteppi gæla við iljarnar. Pípulagningamenn og rafvirkjar löngu farnir og leiðslur og rör í gólfi og veggjum.⁴

Þetta er vel útfærð líking – en henni er ekki ætlað að vera neitt annað en líking. Vissulega getur skáldsaga verið eins og hús sem lesandi gengur inn í, en hann getur varla hreiðrað um sig í svona líkingu. Þegar við lesum og lifum í skáldskap er okkur að dreyma dagdrauma, segir Bachelard.⁵ Söguhetja Péturs er oft látin dvelja í huganum í húsum sem önnur skáld hafa skapað. Hin hvunn dagslegu kaffihús Reykjavíkur ummyndast fyrir honum í heillandi kaffihús Parísar eins og Hemingway lýsir þeim í *Veislu í farangrinum (A Moveable Feast)*. Þannig verða þau að sköpunarrými Andra sjálfs og auðvelda honum að setja sig í rithöfundarstellingar. Dagdraumar Andra eru hins vegar oft í svo hróplegri mótsögn við veruleika sögunnar að lesandinn getur ekki samsamað sig þeim og skellir jafnvel upp úr, enda er leikurinn til þess gerður að afhjúpa þá sem draumóra og blekkingu. Kaldur veruleiki Parísarborgar greiðir Andra högg í hnakkann í sögulok og þar með er draumurinn á enda.

Rými Málfríðar

Saga Péturs sýnir hvernig einn höfundur leggur út af rými í verkum annars. En þess eru líka dæmi að tveir höfundar deili rými í raun og veru og þetta hafi áhrif á skrif þeirra beggja. Guðbergur Bergsson og Málfríður Einarsdóttir bjuggu um tíma í sama rými. „Í þessu herbergi hefur búið doktor“ heitir grein sem Guðbergur skrifaði síðar um þessa sambúð þeirra. Þar kemur fram að Guðbergur leigði herbergi hjá Málfríði um árabíl: „ég settist að á ákveðnum stað og

⁴ Pétur Gunnarsson: *Persónur og leikendur*. Reykjavík 1982, bls. 49.

⁵ Gaston Bachelard: *The Poetics of Space*, bls. 17.

það í Reykjavík eftir að hafa ekki átt fastan bústað í tæp fjörutú ári“.⁶

Guðbergur endurgerir rými hússins nokkuð nákvæmlega í grein sinni. Þetta eru vistleg hóbýli, notalegt rými þar sem skáldskapur er iðkaður en nábýlið við Málfríði býður einnig upp á skemmtilegar samræður og kostulegar uppákomur. Eldhúsið er hjarta heimilisins:

Í daglegri umgengni virtum við hvert annað [annar leigjandi var einnig í íbúðinni], vorum aldrei inni á herbergjum, eins og það heitir í heimavistum, ljóðalestur og umræður okkar í milli fóru fram í eldhúsinu, á hlutlausu svæði, samkomustað þar sem við blönduðum geði hvert við annað. Eldhúsið var málað í dimmbláum álfahallarlit. Vegna blámans var birtan í því ekki sem best. Það var jafnvel fullt af skuggum um hábjartan dag og þægilegri dulúð á sumrin, maður sat þar hjúpaður töfrabirtu sem bauð upp á dularfulla atburði.⁷

Áframhaldandi vera Guðbergs í húsinu er undir því komin að hann sanni sig í viðræðum við Málfríði. Í herberginu sem hann leigir hefur búið doktor og Guðbergur þarf að sýna að hann sé ígildi doktors á andlega sviðinu til að verðskulda herbergið. „Ég vissi að ef ég stæðist ekki þessa raun, svæfi ég ekki lengi í herberginu eftir það og yrði að flytja enn á ný.“⁸ Guðbergur stenst munnlegt próf Málfríðar og er þá tekinn í dýrlingatölu. Hann fer að hreiðra enn frekar um sig í hóbýlum hennar: „Afleiðingin af sigrinum lét ekki standa á sér: Brátt

⁶ Guðbergur Bergsson: „Í þessu herbergi hefur búið doktor. (Míningar um Málfríði Einarsdóttur frá Munadarnesi).“ *Skírnir*, 164. ár, hausthefti 1990, bls. 405–423; hér bls. 405. Lýsingar Guðbergs á því hvenær hann bjó hjá Málfríði eru dálítið misvísandi. Í Skírnisgreininni segist hann hafa verið „kominn undir fimmtugt“ (bls. 405) þegar hann flutti inn til hennar og hefði það því átt að vera um 1980 (Guðbergur er fæddur 1932). En samkvæmt öðrum ummælum hans í Skírnisgreininni og viðtölum hans við Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur (*Guðbergur Bergsson metsölubók*, Reykjavík 1992, bls. 178–186) hefur hann flutt inn til Málfríðar í árslok 1975 og búið þar í þrjú ár, a.m.k. til ársloka 1978 (þá fær hann þau bókmenntaverðlaun sem hann minnst á í Skírnisgreininni, sbr. Guðberg Bergsson: „Í þessu herbergi hefur búið doktor“, bls. 421–422).

⁷ Guðbergur Bergsson: „Í þessu herbergi hefur búið doktor“, bls. 414.

⁸ Sama rit, bls. 413.

fór ég að sanka að mér eigum í fyrsta sinn á ævinni. Ég keypti sambyggt útvarp og plötuspilara og lék portúgalska örlagasöngva, fados frá háskólabænum Coimbra sem hafa heillað mig löngum.“⁹ Í þessu birtist hreiðurgerð Guðbergs í húsi Málfríðar, aðdrættir hans miða greinilega að því að skapa þar vellíðunarrými.

Meðan á sambúðinni stóð unnu þau Málfríður og Guðbergur að ritverkum sem kalla má hugleiðingar um rými. Verkið sem Málfríður vann að var sjálfsævisögulegt, *Samastaður í tilverunni* sem kom út 1977.¹⁰ Sú bók er sannkallaður yndislestur þeim sem unna rými í skáldskap. Málfríður fjallar þar um hús bernskunnar, dregur upp lifandi myndir af hóbýlum sem ekki eru alltaf vistleg en þó er iðulega eitthvað jákvætt við þau í huga hennar. Þetta er rými sem býður upp á næði til að hugsa og yrkja. Ógleymanleg lýsing á slíku skáldskaparrými er seint í bókinni, þegar Málfríður rifjar upp stásstofuna sem hún sat í einu sinni sem oftár þegar hún var ung að fást við skáldskap í Borgarfirðinum. Það er kvöld og kyrrð í stofunni:

Að uppruna var hún ættuð úr konungahöllum, þessi veglegi íburður: dimmrautt flos, rennt tré, gljáfægt yfirborð, skrautlegar landslagsmyndir í logagylltum umgerðum, dimmgylltur og svartur hengilampi, mikið undur og listasmíð, en auk þess eftirlætis hóbýlaskraut Oscars Wilde: fjaðrir af þeim fugli, sem Ólafur nokkur Höskuldsson var við kenndur (pavus cristatus), og stóðu í skrautkerum ásamt loðnum, brúnum reklum af svonefndum dúnhömrum.¹¹

Málfríður dvelur í lýsingunni við litfegurðina og efnisáferðina, við myndirnar á veggjunum: eftirmynd af Pietástyttunni eftir Michelangelo og myndir af nákomnum ættingjum. Þetta er því rými sem rúmar alla menningar söguna – páfuglsfjaðrirnar vísa í senn í Ólaf pá Íslendingasagna og Oscar Wilde, og Michelangelo er fulltrúi ítölsku

⁹ Sama rit, sama stað.

¹⁰ Málfríður hafði reyndar unnið lengi að þessu verki sínu, en hún lagði a.m.k. lokahönd á það á þeim árum þegar Guðbergur bjó hjá henni.

¹¹ Málfríður Einarsdóttir: *Samastaður í tilverunni*. Reykjavík 1977, bls. 288.

endurreisnarinnar. Auk þess er rýmið nákamið, þetta eru náin kynni með kunnugleg andlit ættingja sem vaka yfir skrifunum uppi á vegg. Og Málfríður sýnir sjálfa sig í rýminu:

Svona sat ég nú í lampaljósinu skrifandi (eða var ég að skrifa þetta?) með þykkt hár glóandi í reiptagsdigrum fléttum löngum, og er nú af sem áður var. Líklega hef ég verið í kjól, og líklega hefur hann verið köflóttur, sá hinn sami sem ég hélt að ekki þyrfti að gera mér, því ég mundi ekki lifa lengi.¹²

En þá er skyndilega ruðst inn í þetta innilega hámenningarrými þannig að Málfríður getur ekki lengur skrifað. Hvunn dagsleikinn knýr dyra í mynd hestamanna sem hafa villst og spyrja til vegar. Það fýkur svo í Málfríði við þessa truflun að hún vísar þeim leið þar sem stórhættulegt er yfir að fara, því að díki, tjarnir, sandbleytur, mógrafir og pyttir eru þar við hvert fót mál. Eftir að mennirnir hverfa út í kvöldið fyllist Málfríður samviskubiti og getur nú ekki lengur skrifað vegna þess að hún sér mennina fyrir sér drukknandi og bölvandi henni, sökkvandi ofan í sandbleytuna ásamt hestum sínum með örvæntingarglampa í augum. Málfríður skilur lesandann eftir í fullkominni óvissu um raunveruleg afdrif manna, en eftir lýsingu hennar þarf hann hins vegar ekki að fara í graf götur um að hið skrifandi sjálf þarf skáldskaparrými sem reyndar getur horfið eins og hendi sé veifað.

Ragnhildur Richter hefur skrifað athyglisverða grein um sjálfsævisögu Málfríðar. Hún fjallar um föðurhús Málfríðar í Munaðarнесi, hið illa byggða timburhús sem vindar blésu í gegnum og sýnir á sannfærandi hátt fram á að „vegna þess hve illa húsið er byggt mást út andstæðurnar inni–úti“. Síðan segir Ragnhildur:

Í ljósi þeirra kenninga sem segja að ríkjandi menning Vesturlanda skilgreini konuna sem fjarveru og sem þögn, sem þögult objekt sem talað og ort er um en ekki sem mælandi subjekt, svo og með yfirráð karla yfir bókmenntahefðinni í huga, er

¹² Sama rit, bls. 288–289.

freistandi að líta á hús föðurins sem táknmynd fyrir ríkjandi menningu/bókmenntahefð. Það sem er fyrir utan húsið er einnig hluti af myndinni og stendur fyrir það sem ekki tilheyrir hefðinni, þar með talið tungumál kvennanna sem ekki fylgja reglum föðurins og sem þaggað var niður í.

Málfríður segir að í þessu húsi, „þar sem „inni“ var naumast til“, hafi verið furðu líft, „betur en á betri stöðum, og raunar betur en á nokkrum stað öðrum“ (1977, 49). Þar sem hægt er að vera inni og úti samtímis, tilheyra hefðinni og þó ekki, verður skáldkonunni betur líft en annars staðar og henni finnst að muni vera gott að una þar.¹³

Ekki skal ég dæma um hvort kenningar um fjarveru, þögn og objekt séu almennt til þess fallnar að opna texta Málfríðar eða loka þeim. En í þessari túlkun finnst mér ríkjandi menning og bókmenntahefð hvíla eins og mara á húsi Málfríðar. Áherslan er lögð á að lesa húsið sem tákn (symbol) og skilja það í óeiginlegri merkingu.¹⁴ En má ekki alveg eins njóta þess sem fullgildrar rýmislýsingar í skáldverki? Í textanum dvelur Málfríður í hóbýlum bernskunnar eins og hún man þau og leikur sér að þeim að vild, enda er húsið aðeins hugararmið hennar sjálfrar eins og það rís af grunni bókarinnar. Málfríður leggur sig fram um að byggja upp ákveðna rýmiskennnd og lýsir húsinu svo glögglega að lesandinn getur líka dvalið í því í hukanum. Með því að skilgreina húsið þannig að ekki sé um að ræða neitt „inni“ og „úti“ er Málfríður að leika sér að tungumálinu og gefa ímyndunarafinu

¹³ Ragnhildur Richter: „Þetta sem ég kalla „mig“, það er ekki til.“ Um sjálfsævisögu Málfríðar Einarsdóttur. *Fléttur. Rit Rannsóknastofu í kvennafraeðum* 1. Ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir. Reykjavík 1994, bls. 115–133; hér bls. 128–129.

¹⁴ Táknrænn (symbólskur) lestur á byggingum á sér langa sögu og er einkum áberandi í allegorískum ritum miðalda. Í messuskýringum, sem m.a. eru varðveittar í íslenskum handritum, eru kirkjubyggingar t.d. túlkaðar á táknrænan hátt frá gólfu upp í rjáfur. Ákveðnir hlutar hússins og innanstokksmunir eru sagðir hafa sína sérstöku merkingu. Taka má kirkjuklukkur sem dæmi, en um þær segir á einum stað: „Klukkur merkja kenningar, þær er oss vekja til góðra verka, svo sem klukka til tíða.“ *Messuskýringar. Liturgísk symbolik frå den norsk-islandske kyrkja i millomalderen*. Útg. Oluf Kolsrud. Oslo 1952, bls. 101–102.

lausan tauminn. Þetta er hugarhús af því tagi sem Bachelard kallar „vindhús“, dvalarstaður sem er léttur eins og loftið og óbundinn af fastri andstæðuhugsun hefðarinnar.¹⁵ Í þessu opna rými Málfríðar er gott að dvelja, enda blása þar frjálsir vindar hugarflugsins. Að eiga sér samastað er öðrum þræði hugarástand og þarna hefur Málfríður búið sjálfri sér og lesandanum slíkan stað í skáldskapnum.

Saga Guðbergs

Í vistinni hjá Málfríði skrifaði Guðbergur skáldsöguna *Hjartað býr enn í helli sínum* sem kom út nokkrum árum síðar, 1982. Hann hefur sjálfur sagt frá því að sagan hafi orðið til í herbergi doktorsins:

Ég skrifaði þetta þegar ég var hjá Málfríði Einarsdóttur. Ég leigði þar herbergi og þetta er nokkurn veginn lýsing á því. Þegar tekið er upp teppið í upphafi bókarinnar þá er það nákvæm lýsing á því. Ég kem, ég tek upp teppið og fer síðan að skálda. Þegar ég kom til Málfríðar tók hún upp teppi og sagði að það væri drasl undir því, sandhaugur þarna, og vildi fara að gera eitthvað en var slæm í öxlinni þannig að ég sagðist myndu skúra sjálfur. Þannig fékk ég þessa hugmynd að *Hjartað býr [enn] í helli sínum*. Mjög einfalt.¹⁶

Hjartað býr enn í helli sínum er á sinn hátt hugleiðing um rými. Rým-
ið birtist með tvennum hætti í sögunni. Annars vegar er um að ræða táknrænt rými eins og sjá má á bókarheitinu og auk þess á nokkrum stöðum þar sem vísað er til frægrar hellislíkingar Platons í *Ríkinu* um að mennirnir búi í hálfgerðum skuggaheimi er sé aðeins eftirlíking af hinum sanna og fagra heimi frummyndanna. Hálfökkrið í sögunni endurspeglar þetta táknræna rými og stundum grillir í sólina sem vísar þá í hinn æðri heim.¹⁷ Birna Bjarnadóttir hefur gert þessum

¹⁵ Gaston Bachelard: *The Poetics of Space*, bls. 52.

¹⁶ *Guðbergur Bergsson. Ritþing 27. mars 1999*. Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson. Reykjavík 1999, bls. 19 (ummæli Guðbergs eru svar við spurningu frá Vilborgu Dagbjartsdóttur).

¹⁷ Hellislíking Platons kemur einna skýrast fram í sögunni þegar segir: „Eftir að nokkrar klukkustundir hefðu drattast áfram yrði um stund kominn dagur sem opnaði hellisopið

platon ska þætti sögunnar mjög góð skil í doktorsritgerð sinni um fagurfræði í skáldskap Guðbergs. Birna kemst hnyttilega að orði þegar hún segir að í *Hjartað býr enn í helli sínum* hafi ríki Platons orðið að „ríki sjoppunnar lengst norður í hafi“.¹⁸ Í þessum orðum er fólgin mikilsverð ábending um tvenns konar rými í sögunni. Hellirinn er í senn hugmynd og staðbundið rými sem persónur sögunnar lifa og hrærast í. Full ástæða er til að kanna betur hið lifaða rými í sögunni. Hjartað býr enn í helli sínum í þeim skilningi að innst inni erum við hellisbúar, þráum samastað í tilverunni.

Maðurinn í sögunni er á hrakhólum, hann er fráskilinn og tekur á leigu herbergi hjá konu, en í ljós kemur að hún er ekki eins og fólk er flest. Hafurtask hans myndar hrúgu á gólfi herbergisins og þegar konan spyr hvort hann ætli ekki að koma sér betur fyrir segir hann:

Ég hef aldrei lagað eða tekið almennilega til hjá mér, hvorki í höfðinu né í herberginu mínu eftir að við hjónin skildum og ég hætti að eiga heimili og fastan bólstað þar sem ég gæti sagt með sannfæringu í rómnum: „Hér á ég heima.“

Maðurinn bætti við og glotti:

Og þótt ég taki örlítið til stöku sinnum og hafi hreinsað herbergið mitt á hinum ýmsu stöðum þar sem ég hef leigt, því ég stend sífellt í flutningum, þá hef ég ævinlega skilið eftir ótiltekið drasl í horni. Veistu hvað draslið á að minna mig á?

Já, svaraði konan. Ég veit það. Maður verður stöðugt meiri fírumaður eftir því sem fleiri og rammgerðari hús eru byggð. Allt mannkynið er sem ráfandi eyðimerkurfólk.

Já, sagði maðurinn. Rétt. Draslið á að minna mig á að innan skamms eða einhvern tíma verði ég nauðbeygður til að standa í flutningum á ný. Draslið á einnig að minna mig á það

svo að í hellinum sæist fólkíð sveima, langt inni í honum líkt og lifandi skuggar sem áttu frummynd sína og hugarfar leynt og grafið í öðrum tíma, á öðru sviði, langt aftur í forneskju og þess vegna æddi það um einmana, ruglað og sjálfu sér verst. Skammdegíð ríkti.“ Guðbergur Bergsson: *Hjartað býr enn í helli sínum*. Reykjavík 1982, bls. 160.

¹⁸ Birna Bjarnadóttir: *Holdið hemur andann. Um fagurfræði í skáldskap Guðbergs Bergssonar*. Reykjavík 2003, bls. 115–127; hér bls. 115.

að ég muni aldrei framar eignast fastan samastað í tilverunni, heldur sé ég förumaður á sífelldum flóttu.¹⁹

Guðbergur lætur persónu sína tala hér um „samastað í tilverunni“ og vísar þar í heitið á bók Málfríðar. Þessi tvö verk, *Samastaður í tilverunni* og *Hjartað býr enn í helli sínum*, standa í eins konar kontrapunktísku sambandi sem hugleiðingar um rými.²⁰ Það sem er jákvætt í huga Málfríðar er neikvætt hjá Guðbergi. „Ætíð hef ég átt samastað, að minnsta kosti hefur aldrei farið svo, að ég hafi þurft að vera hvergi,“ segir Málfríður í bók sinni.²¹ Hún á einhvern veginn alltaf heima þar sem hún er, hvar sem hún er niðurkomin. Maðurinn í sögu Guðbergs hefur hins vegar glatað sínum samastað, hann á hvergi heima. Hann er söguna á enda á eilífu rápi milli húsa í leit að athvarfi. Bachelard talar um þrá okkar eftir hellinum, hvernig hús og híbýli hýsa dagdrauma okkar um öruggt skjól í lífinu. Í sögu Guðbergs felst öryggið í hjónabandinu; það verður ígildi hins frumstæða hellis. Sú sem var eiginkona karlsins í sögunni er jafn heimilislaus og hann eftir skilnaðinn; hún þvælist um bæinn og leitar athvarfs á Hlemmi eða í biðskýlinu á Lækjartorgi þar sem hún sækir huggun í sælgætis- og ísát ásamt dætrum þeirra.

Kunningjar mannsins í sögunni eru flestir einstæðir karlar og athyglisvert er að þeir búa yfirleitt í kjöllurum, einn eða tveir saman. Þeir eru eins og firrtir hellisbúar í þessari rökkurveröld sem sagan lýsir eða – svo vitnað sé í aðra rýmissögu eftir Guðberg, *Sú kvalda ást sem hugarfylgsnin geyma* (1993):

Maður gæti haldið að kjallarabúar væru síðustu afkomendur hellabúa sem bjuggu yfir illum og góðum jarðaröndum áður en við síðmenntuðumst og fengum svonefndan mannsanda.

¹⁹ Guðbergur Bergsson: *Hjartað býr enn í helli sínum*, bls. 28.

²⁰ Í tónlistarfræðum er það kallað kontrapunktur þegar tvær sjálfstæðar raddir eða laglínur mynda samhljóð. Hugtakið hefur verið notað í bókmenntafræði, ekki síst af fræðimanninum Edward Said. Sjá um það bókina *Counterpoints. Edward Said's Legacy*. Ritstj. May Telmissany og Stephanie Tara Schwartz. Cambridge 2010.

²¹ Málfríður Einarsdóttir: *Samastaður í tilverunni*, bls. 46.

Það eru ekki bara slæmar ytri aðstæður sem reka menn niður í rökkvaðar holur til að búa þar heldur velst sérstök manngerð í íbúðir sem eru annað hvort í kjöllurum eða á jarðhæð.²²

Híbýlin í *Hjartað býr enn í helli sínum* eru ömurlegar vistarverur, hvort heldur það eru biðskýli, sjoppur, fangaklefar, tunnuhlaðar hjá málningarverksmiðju þar sem maðurinn leitar skjóls eða hin eilífu forstofuherbergi sem kvenkyns íbúðareigendur sögunnar eru til í að leigja einhleypum körlum í leit þeirra að samastað í tilverunni. Það er að vonum að söguhetjan endar líf sitt á draslhaugnum í leiguherberginu, með brotna mynd af fyrrum eiginkonu sinni í höndunum. Raunar er það hinn truflaði húsráðandi sem bindur enda á kvalir hans með því að skera hann á púls með glerbroti úr mynd eiginkonunnar. Þetta er veröld sem einkennist frá upphafi til enda af skuggum, firringu og brotum, af hálfum mönnum sem eiga hvergi heima. En verum minnug þess að skáldsagan átti ekki upphaf sitt í hellislíkingu Platons heldur í þeirri staðreynd að einn góðan veðurdag bankaði Guðbergur Bergsson upp á hjá Málfríði Einarsdóttur og óskaði eftir að fá að leigja hjá henni herbergi. Frummyndakennningar fæða sjaldnast af sér sögur. Það geta teppi í herbergjum hins vegar gert, ekki síst ef þau tengjast óhreinindum í einhverri mynd.²³ Ekki svo að skilja að ólíkt bókmenntunum fari heimspekin fram í tómarúmi. Einnig hún þarf sitt rými. Jafnvel Díógenes þurfti sína tunnu til að hugsa í. Og ef út í það er farið er yfirleitt meira af hundslegri tunnuspeki í verkum Guðbergs en hátimbraðri heimspeki í anda Platons. En það er reyndar önnur saga.²⁴

²² Guðbergur Bergsson: *Sú kvalda ást sem þugarfylgsnin geyma*. Reykjavík 1993, bls. 8.

²³ Annað forvitnilegt dæmi um teppi sem uppsprettu frásagnar er í kvikmyndinni *The Big Lebowski* eftir Joel og Ethan Coen (1998). Söguhetjan, „The Dude“ eins og hann kallar sig, verður fyrir því óláni að óprúttnir náungar brjótast inn í leiguíbúð hans og míga á teppið. Hann tekur þetta skemmdarverk mjög nærri sér, enda segir hann um teppið: „It really tied the room together.“ Hann leitar leiða til þess að fá teppið bætt og verður af því mikil saga.

²⁴ Um hið hundslega í heimspeki Díógenesar má lesa í skemmtilegri grein eftir Nicholas Denyer: „Hundurinn Díógenes.“ *Skrínir*, 171. ár, vorhefti 1997, bls. 7–36.

Önnur rými

Guðbergur hefur haldið áfram hugleiðingum um rými í síðari verkum sínum eins og sjá má á tilvitnuninni hér að framan í skáldsöguna *Sú kvalda ást sem hugarfylgslin geyma*. Söguhetja þeirrar bókar leigir herbergi í kjallara hjá gamalli og hálfblindri ekkju sem minnir um margt á Málfríði gömlu eins og fleiri kvenkyns leigusalar í sögum Guðbergs. Óborganleg er saga gömlu ekkjunnar af fyrri leigjanda sem hún lýsir á þennan hátt:

Hann tók herbergið hérna í kjallaranum en hugsaði sér heimilið á sinn hátt sem var soldið sérstæður af því að eldhúsið leigði hann í einu hverfi, svefnherbergið í öðru, það í því þriðja, en ganginn fékk hann leigðan í miðbænum.²⁵

Furðulegar hugdettur af þessu tagi minna mann á að Guðbergur er þýðandi Borgesar, þess lævísra rýmishöfundar sem hefur sérhæft sig í völundarhúsum skáldskaparins.²⁶ Hin samsetta íbúð fyrri leigjandans felur í sér tilraun til að útmá hefðbundin mörk einkalegs og opinbers rýmis, kynni einstaklingsins eru þarna komin á dreif um „borgarkortið“ sem Jón Karl Helgason hefur dregið skemmtilega upp í umfjöllun sinni um íslenskar borgarsögur.²⁷ En einhverjar áleitnustu hugleiðingar Guðbergs um rými er að finna í skáldævisögu hans, *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar* (1997), og þær standa í raun miklu nær því vellíðunarrými sem Bachelard fjallar um og Málfríður lýsir svo eftirminnilega í bók sinni. Í þeim skilningi mætti segja að Guðbergur hafi þarna verið að skrifa sinn *Samastað í tilverunni* löngu eftir að hann flutti út frá Málfríði. Hugum að lokum að híbýlum Guðbergs eins og þau birtast í fyrsta kafla skáldævisögunnar sem heitir „Í foreldrahúsi“.

²⁵ Guðbergur Bergsson: *Sú kvalda ást sem hugarfylgslin geyma*, bls. 10.

²⁶ Sbr. Jorge Luis Borges: *Suðrið. Smásögur*. Guðbergur Bergsson þýddi. Reykjavík 1975. Vangaveltur Borgesar um rými og völundarhús birtast m.a. í sögunni *Garður gangstíga* sem greinast (bls. 131–149).

²⁷ Jón Karl Helgason: „„Og borgin tekur mig.“ Borgarkort fjögurra sagnskálda.“ *Skirnir*, 173. ár, hausthefti 1999, bls. 481–493.

Guðbergur er þar kominn á bernskuslóðir sínar, ekki aðeins í huganum heldur og í reynd: hann hefur fest kaup á húsi foreldra sinna. Fyrsti kaflinn lýsir því hvernig hann rifjar upp herbergjaskipan og húsgögn bernskunnar. Fyrstu nóttinni lýsir hann svo:

Svefnbekkurinn var á svipuðum stað og dývaninn hafði verið áður, svo þegar ég fór í háttinn og dró sængina yfir mig sneri höfuðið í austur en fætturnir í vestur, nákvæmlega eins og á bernskuárunum, en hann var ekki undir veggfóðraðri súð. Mér finnst hún vera afar sefandi fyrir hugann. Óðar en ég hafði lagst til hvílu var engu líkara en líkaminn fyndi að hann hefði ekki aðeins endurheimt glataða stellingu heldur varð huganum ljóst um leið og ég vaknaði í morgun að ég hafði notið þess endurnærandi svefnis sem ég hafði glatað eða farið á mis við um árabíl og virtist andvarpa allur af feginleika og létti.²⁸

Síðar segir í kaflanum:

Núna er ég þar sem var kallað „uppi á lofti“. Í byrjun eru tvílyft hús aðeins „uppi og niðri“ og hér var lengi aðeins búið niðri. Loftið var opinn geimur. Íbúðin á loftinu er lítil og nákvæmlega á þeim stað þar sem ég dundaði í leiðslu þegar ég var barn og húsið óinnréttað að mestu. Hér var þá kalt, núna er hlýtt, en auðvitað er alltaf sami veðrahamurinn úti, vindurinn lemur þakið, regnið bylur á gluggunum, og það hriktir í húsinu eins og áður ... Þessa stundina gengur á með hviðum og ég finn til öryggis við að heyra átök stormsins við viðinn í húsinu. Í átakaveðri eins og þessu svaf ég værast. Ég fann þá eflaust betur fyrir því öryggi sem fylgir foreldrum og stafar fremur frá þeim í óveðri en blíðviðri, þannig að ef börn verða hrædd er eitthvað að foreldrum þeirra, ekki veðrinu og hamförum náttúrunnar. En kannski var það líka vegna þess að í ofviðri var aldrei farið á sjó, pabbi var heima og feður færa börnum kyrrð. Ég heyrði lætin á

²⁸ Guðbergur Bergsson: *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar. Skáldævisaga*. Reykjavík 1997, bls. 11.

þakinu gegnum myrkur og drauma. Við það varð mér rótt undir sæng og vonandi verður þannig núna þótt lífið sé að mestu fokið út í veður og vind og bæði foreldrin bráðum farin í gröfina.²⁹

Þessi fallega lýsing kallast á við það sem Bachelard segir, að við hugs- um um húsið sem *lóðrétt* fyrirbæri, allt frá kjallara upp á háaloft, en um leið sé það *miðja* tilverunnar, skel sem hvelfist utan um okkur, athvarf sem við njótum ekki síst í veðri og vindum. Þeir Bachelard og Guðbergur eru greinilega sammála um að súðin sé mjög sefandi fyrir hugann.³⁰ Í lok kafans kemur fram að þetta er húsið sem hefur gert Guðberg að listamanni:

Núna sit ég hér og leiði mig aftur í minn eigin tíma. Svo ég geti gengið inn í hvað sem mér þóknast af atburðum, eins og til dæmis hvernig húsið varð til í höndunum á föður mínum og hvernig móðir mín stóð eða hugsaði á skjön og ég varð sjálfur listamaður í fyrsta sinn, þegar hann rétti mér dag nokkurn langan trélista, eins konar veldissprotta sem hann hafði sagað með ristisöginni sinni utan af óhefluðu viðarborði þöktu tréflísu voríð 1935.³¹

Þetta er skemmtilegur orðaleikur – listamaður trélistans – og hef- ur um leið dýpri merkingu: húsbygging föðursins færir Guðbergi andlegan veldissprotta. Eða með orðum Birnu Bjarnadóttur: „í ókláruðu húsinu finnur hann sem barn það sem seinna virðist móta fagurfræðilega afstöðu í lífi og list: Hvernig það sem er ólokið og er hálfkarað vekur sérstaka töfra, hvernig tilveran einkennist ekki af því sem er fullgert og tæmt heldur af hugsanlegum möguleikum.“³²

²⁹ Sama rit, bls. 13–14.

³⁰ Gaston Bachelard: *The Poetics of Space*, bls. 17–18.

³¹ Guðbergur Bergsson: *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*, bls. 27.

³² Birna Bjarnadóttir: *Holdið hemur andann*, bls. 168, sbr. Guðberg Bergsson: *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*, bls. 91. Þetta er einmitt það sem hinn upprennandi rithöfundur í *Persónum og leikendum* hafði á móti nýskáldsögunni (Guðbergur var vita- skuld einn þekktasti fulltrúi hennar hér á landi) og vildi þess í stað bjóða lesendum upp á fullfrágengið sagnahús, innrétað og teppalagt.

Í húsasmíðum föðurins er auk þess fólgin hliðstæða við iðju sonarins síðarmeir. Að byggja hús með höndunum er að skapa og listamenn byggja líka sín hús þó að þau séu úr óáþreifanlegri efni. Í hornum og á háaloftum slíkra húsa getur lesandinn átt sér vísan samastað sem mölur og ryð fá ekki grandað.

SUMMARY

Sveinn Yngvi Egilsson is Professor of Icelandic literature at the University of Iceland. This book, entitled *Texts and Interpretation*, contains a collection of his articles. They cover various subjects in Icelandic literature and culture from the Post-Reformation to the late 20th century, having the Romantic period at their centre. The articles are summarized below, the original publication year being given in brackets.

1. To Compose a Book: The Poetic Collection as an “Artistic Whole” (2005)

This article asks when and how the Icelanders reached the modern understanding of poetic collections being not only incidental gatherings, but a kind of artistic or organic whole, thematically ordered and intricately woven. Arguing that this is principally a post-Romantic understanding, the article centres on 19th and 20th century poetic collections, seeing the publications of Einar Benediktsson at the turn of the 20th century as an important stage in this development. Older collections, especially from the 18th century, are also taken into account. Some prove to be ordered according to external or arbitrary factors (time of writing, alphabetic order, and so on), others according to intrinsic attributes of the poems themselves (themes, modes, forms, and so forth). Such categories and classification principles can reveal the underlying aesthetics of the poets or editors in question, but they also show how the idea of the author – his or her individuality and originality – gradually becomes central to the understanding of the literary work of art. This is best exem-

plified by the modern, post-Romantic poetic collection, which is often composed and arranged as an individual and original whole, instead of being simply an incidental gathering of poems.

Key words: Icelandic poetry; poetic collections; artistic/organic whole; the rhetoric of Romanticism; Einar Benediktsson (1864–1940)

2. The Imagery of Lutheran Hymns: An Attempt at a Lacanian Interpretation (1999)

This article introduces the key concepts of Lacanian psychoanalysis and applies them to the study of a collection of Lutheran hymns translated into Icelandic in the Post-Reformation age: Bishop Guðbrandur Þorláksson's hymnal, *Ein ný sálmabók*, published in 1589. Focusing on the imagery of the hymns and also on the poetic subject, the article argues that the discourse of the family, as defined by the Lacanian school and so persistently used in this kind of poetry, puts the poetic speakers into a childish, regressive and subordinate position towards a symbolic Father figure (the idea of God). This regressive function of the hymns is further enhanced by the frequent use of natural imagery, often identifying the poetic speakers with plants and animals, which are pictured as being dependant on the provision of God the Father. Such discourse and imagery has all the more effect on the audience as it engages in it collectively, through the congregational singing of hymns in the vernacular. The animal imagery seems to be partly designed for this effect, as it often describes the poetic speakers as a herd of animals that are led by a shepherd (the pastor or God). By activating psychological factors through the use of familial discourse and recurrent natural images, the Lutheran hymns can be claimed to be an effective ideological or imaginary tool, designed to make the subjects feel subordinate and dependent on God the Father.

Key words: Lutheran hymns; Icelandic translation; imagery; Lacanian psychoanalysis; the discourse of the family

3. Baroque Art and Learning (2006)

This article presents a critical review of Margrét Eggertsdóttir's doctoral dissertation, *Barökkmeistarinn: List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar* (*The Baroque Master: Art and Learning in the Works of Hallgrímur Pétursson*, 2005). While appreciating the importance and the many strengths of this pioneering work in the field of Baroque studies in Iceland, the article takes issue with some of its contentions. One is the presumption that Baroque literature is basically a rhetorically formulated and impersonal kind of art, leaving very little room for individual expression and originality. The article shows, with examples, that this may not always be the case. It also challenges the dissertation's understanding of literary genres as being fixed categories, arguing that they should rather be seen to be able to mix with one another, offering the poet a chance of various modulations, similar to the modulations known in Baroque music and accounted for in recent studies in the field of genre theory.

Key words: Hallgrímur Pétursson (1614–1674); Icelandic poetry; Baroque studies; rhetorical analysis; literary modulation; genre theory

4. A Poetic Theatre: Fun and Seriousness in the Poems of Eggert Ólafsson (1999)

This article focuses on the artistic method used by poet Eggert Ólafsson, who fused fun and seriousness in his work in accordance with Enlightenment literary practices, but also used them as categories and ordering factors in his poetic collection. In his preface to the collection, Eggert cites a contemporary Danish poet, Christian Friderich Wadskiær, whose *Poëtisk Skue-Plads* (*Poetic Theatre*, 1741) seems to have influenced Eggert in the aforementioned fusion of fun and seriousness, as the article demonstrates. In his preface to *Poëtisk Skue-Plads*, Wadskiær had asked his readers to distinguish between “serious and funny” poems (“seriø & jocose”) on the one hand and “ironic poems” (“ironicè dicta”) on the other. Eggert, however, uses these poetic modes as categories into which he tries to divide his

own poems, even if, in the long run, it proves to be problematic for him, as “fun” and “seriousness” are hardly differentiating factors in this respect. Nonetheless, Eggert’s use of these modes should not only be seen as an attempt at categorizing poetry, but rather as an indication of his own artistic method. Accordingly, the article covers Eggert’s main groups of poems and shows how they are based on the deliberate use of fun and seriousness, ranging from irony and satire to the grotesque.

Key words: Eggert Ólafsson (1726–1768); Icelandic poetry; Enlightenment aesthetics; fun and seriousness; Christian Friderich Wadskiær (1713–1779); *Poëtisk Skue-Plads* (*Poetic Theatre*)

5. Jón Þorláksson of Bægisá as a Poet (1994)

This article presents a survey of the poetic output of Jón Þorláksson of Bægisá, whose great reputation as a translator (Pope’s *An Essay on Man*, Milton’s *Paradise Lost*, and Klopstock’s *Der Messias*) tends to overshadow his merits as an original poet. The article pays particular attention to the uses of irony in Jón’s poetry, which is nuanced, and features prominently in the poems centring on his own person, ranging from the self-deprecating to the bawdy. However, Jón’s animal poems are among his most impressive work, especially those that elegise dead pets and creatures, and employ a sharp sense of irony mingled with real sympathy. The article compares these poems briefly with the animal poems of Robert Burns, with whom Jón shares not only a profound love of all things great and small, but also a strong sense of irony and even satire when it comes to criticising the folly of man.

Key words: Jón Þorláksson (1744–1819); Icelandic poetry; animal poems; irony; Robert Burns (1759–1796)

6. Jónas Hallgrímsson and the School at Bessastaðir (2009)

This article asks whether the extra-curricular activity at the boarding School at Bessastaðir proved more crucial to the development

of Jónas Hallgrímsson as a person and a poet, than the class work and the textbook reading expected of him while he was a student at the school (1823–1829). The Eddic poems are a case in point, as they were not part of the curriculum, but read avidly and imitated painstakingly by Jónas in his juvenilia, thus forming the basis of his life-long preoccupation with their metres and poetic diction. He also made lasting friends among his fellow students at Bessastaðir, forming such close bonds with one of them that he wrote intimate poems elevating their friendship in the manner of the Roman poet Horace, who would join his friend and patron Maecenas in death. The article goes on to point out other extra-curricular factors at Bessastaðir Grammar School, both social and cultural, which may have stimulated Jónas as a person and a poet.

Key words: Jónas Hallgrímsson (1807–1845); Bessastaðir Grammar School; extra-curricular activity; personal development; juvenilia; male bonding; Horace (65–8 BC)

7. “Composed After a Well-Known Spanish Poem”:
“Naughty Brook” by Jónas Hallgrímsson (2006)

Jónas Hallgrímsson’s “Illur lækur” (“Naughty Brook”), published in 1844, was acknowledged by the poet himself to be based on a widely known Spanish poem, which he, nonetheless, neglected to specify. Identifying the hitherto unknown source of the poem, this article traces it back through Emanuel Geibel’s German translation, “Schäumend floß der Bach und spritzte” (published in *Völklied und Romanzen der Spanier im Versmaße des Originals verdeutscht*, 1843), to the Spanish Renaissance original, the *cancionero* “Bullucioso era el arroyuelo”. The Icelandic poem turns out to be a translation of a translation, offering an interesting comparison with the German and Spanish texts. In their thinly veiled erotic symbolism, they all describe a girl’s encounter with a playful brook which splashes her, although they differ in their explanations of how this happens. Jónas adds floral imagery to his version and enriches the

erotic connotations of the poem. As outlined in the article, his translation shows his personal interests at the time of writing and also the influence of southern literature on his poetry, through German translations and adaptations.

Key words: Jónas Hallgrímsson (1807–1845); Icelandic translations; Spanish poetry; *cancionero*; German poetry; Emanuel Geibel (1815–1884); erotic symbolism; Romanticism

8. Two Commentaries on Jónas Hallgrímsson:

I. Cloven-Hoofed Salmon (2010)

“The Cloven-Hoofed Salmon” is an anecdote by Jónas Hallgrímsson, published posthumously in 1847. It echoes in a playful manner the pre-Reformation abstinence from eating or even mentioning meat during Lent, something which resulted in such euphemisms as this expression which was used for a leg of lamb. This commentary draws attention to an interesting parallel in Robert Henryson’s *The Morall Fabillis of Esope the Phrygian*, a Scottish version of Aesop’s fables dating from the late 15th century, in which a fox eats meat (a kid) during Lent after renaming it a salmon, just like the poor Icelander with the leg of lamb in the anecdote. Such euphemisms and motifs are known from other sources, both within and without the Aesopean tradition. Konráð Gíslason, Jónas’s friend, also used this euphemism in a jocular way in his writings, as is pointed out in the commentary.

Key words: Jónas Hallgrímsson (1807–1845); cloven-hoofed salmon; Icelandic anecdotes; abstinence from meat during Lent; euphemism; Robert Henryson and *The Morall Fabillis of Esope the Phrygian*; Konráð Gíslason (1808–1891)

II. A Farmer is the Pillar of the Farm (2000)

Jónas Hallgrímsson wrote the poem “Alþing hið nýja” (“The New National Assembly”) in 1840, in praise of the King of Denmark and

Iceland for decreeing that the Icelanders could resurrect their national assembly at its medieval site of Þingvellir. This commentary suggests that the poem may derive some of its key images, those of the Icelandic farmer as a “pillar” of the farm, and the farm as a “pillar” of the country, from the Freedom column in Copenhagen. The column was erected in 1792 in remembrance of the abolition of serfdom in Denmark and became a national symbol of the freedom of farmers, inspiring such poets as N.F.S. Grundtvig to celebrate it in their poetry (“Fuglevisse til Bondefrihedens Pris”, 1840).

Key words: Jónas Hallgrímsson (1807–1845); Icelandic poetry; the image of the farmer; the Freedom column in Copenhagen; N.F.S. Grundtvig (1783–1872)

9. Konráð in Kreischa: On Konráð Gíslason as a Letter-Writer and Traveller (2011)

Konráð Gíslason spent his adult years in Copenhagen as a philologist and university teacher. However, on two occasions, he went to various places in the German states and the Austrian Empire. In 1844, he went to a spa in Kreischa in Saxony, seeking to remedy an eye ailment which had troubled him, but his travels were also meant to serve as a relief for bouts of melancholy, intensified by the loss of his fiancée in 1846. At this time he went on a second trip which brought him further south, all the way to Prague and Vienna. The letters he wrote during these travels can be seen to transcend their generic boundaries, as they become a poetically charged prose with free associations which are marked by Konráð’s mercurial personality, often moving between the absurdly comical and a desperate melancholy. The letters also incorporate other texts, such as Icelandic and German poetry, and were in turn appropriated by a later writer, the modernist poet Sigfús Daðason, who alludes repeatedly to the letters in his own poems, playing with the possibility of Konráð’s travels being a kind of miniature Grand Tour. This article pro-

poses that Konráð be thought of, not as an ordinary letter scribbler, but rather as a creative writer, managing to make this prosaic genre partly poetic, as becomes evident if his letters are read in terms of intertextuality.

Key words: Konráð Gíslason (1808–1891); travel-letters as an associative poetic genre; the Grand Tour; Romanticism; melancholy; spa treatment; intertextuality; Sigfús Daðason (1928–1996)

10. Two Commentaries on Grímur Thomsen:

I. On Sprengisandur (2006)

This commentary presents a short rhetorical analysis of Grímur Thomsen's popular poem "Á Sprengisandi" ("On Sprengisandur"), published in 1877, which describes a journey on horseback over Iceland's arid and extensive inner highlands. As the commentary demonstrates, the poem evokes, through the application of various rhetorical devices, an uncanny and sublime feeling in the reader, enhanced not only by its well-known use of folkloristic elements, but also by a biblical allusion to evil spirits.

Key words: Grímur Thomsen (1820–1896); Icelandic poetry; highland crossing; rhetorical analysis; folklore; superstition; biblical allusion

II. Aphorisms on Aesthetics (2005)

"Aforismer om Æsthetik (tildels efter Jean Paul)", NKS 1839 4to, is a noteworthy manuscript written in Danish in Grímur Thomsen's hand, and probably dates back to the 1840s, when he was studying literature at the University of Copenhagen. This commentary points out that the manuscript throws light on Grímur's reading and his ways of working. As it is mainly derived from *Vorschule der Ästhetik* by Jean Paul, an author who does not feature prominently in Grímur's own publications, it shows how carefully he studied

various authors dealing with the subject of aesthetics, even if he made limited use of them in his published writings. Among the concepts covered in the manuscript are the sublime and the ironic.

Key words: Grímur Thomsen (1820–1896); aphorisms on aesthetics; Jean Paul (1763–1825); *Vorschule der Ästhetik*; the sublime; irony

11. Gísli Brynjúlfsson as a Poet (2003)

This article attempts to estimate Gísli Brynjúlfsson's achievement and impact as a poet, devoting each of its five sections to a particular aspect of his poetry. The first one, entitled "The Poet of Love", deals with his amorous verses, which are often tinged with melancholy and a sense of doomed love. The beloved one is either a fair and blue-eyed woman, common enough in Icelandic poetry, or a more unusual beauty, dark and exotic, sometimes described in biblical terms, which evoke the sensuality of the "Song of Songs".

The second and longest section, "The Byron of the Icelanders", re-examines Gísli's well-known indebtedness to Lord Byron, arguing that this manifests itself principally in three ways: 1) in poems that bear witness to Byronic sentiment or attitude (*Weltschmerz*: a world-weary, widely-travelled young male describing his feelings, as in the poem "Faraldur", which echoes *Childe Harold's Pilgrimage*); 2) in poems that are Byronic not only in sentiment or attitude, but also employ the intellectual framework of his writings (as in "Ísraelsljóð", a poetic cycle which resembles Byron's *Hebrew Melodies* in its coverage of Old Testament characters and motifs, and even uses similar poetic metres); 3) in poems that are written in response to Byron's works (as in the poem "Augun bláu", which can be argued as taking issue with Byron's definition of women in "The Girl of Cadiz"). Gísli also made attempts at translating some of Byron's works (parts of *The Giaour*, *Don Juan*, and *Childe Harold's Pilgrimage*).

The third section, “The Poet of Freedom”, centres on Gísli’s original use of medieval themes derived from Eddic sources and Old Norse mythology in his poetical descriptions of contemporary issues, especially regarding the Hungarian (Magyar) 1848–1849 fight for independence, on which he wrote a poetic cycle (“Magyaraljóð”).

The fourth section, “Poems on Nature and Folklore”, shows how Gísli made pioneering if flawed contributions to the development of folkloristic poetry in Iceland, which resulted in some successful poems of this kind (“Lóan (Gömul saga)”, “Gullið rauða”).

The fifth and concluding section, “Written in Exile”, deals with the last active period of Gísli as a poet, when he turned away from his youthful preoccupations with melancholic sentiments towards a more balanced and confident stance, praising courage in the face of adversity and showing growing signs of Christian belief.

Key words: Gísli Brynjúlfsson (1827–1888); Icelandic poetry; the reception of Old Norse literature; Romanticism; Byronism; the Hungarian fight for independence 1848–1849

12. Theatrical Activity in Iceland 1860–1920 (2011)

This article presents a critical review of Sveinn Einarsson’s doctoral dissertation, *A People’s Theatre Comes of Age: A Study of the Icelandic Theatre 1860–1920* (2006). Acknowledging the importance of this work as a study of the Icelandic theatre, the article takes issue with some of its approaches, which are mainly historical and make only limited use of recent theories in the humanities. Studies in nationalism have, for instance, demonstrated that national identity is more of a construction than something endemic in society, contrary to what the dissertation seems to presume. As a result, the Icelandic theatre may have been more instrumental in helping to construct – rather than simply reflect – a notion of Icelandic identity during the period under investigation. The dissertation nonetheless achieves its two principal aims successfully through the use of its method,

showing how the activity of the Reykjavík Theatre Company was by all accounts professional rather than amateurish, and that theatrical activity throughout the countryside was much more prominent than has hitherto been believed.

Key words: theatrical activity in Iceland; national theatre; nationalism; critical approaches in theatre studies

13. Jóhann Sigurjónsson and Psychoanalysis (2011)

This article presents a critical review of Fern Nevjinsky's doctoral dissertation, *Désir et passion dans l'œuvre dramatique de Jóhann Sigurjónsson* (*Desire and Passion in the dramatic work of Jóhann Sigurjónsson*, 2009). The dissertation offers a detailed and impressive psychoanalytical reading of the dramatic work of Jóhann Sigurjónsson, culminating in an interpretation of the play *Galdra-Lofstur* (premiered in 1914). The article focuses on the problematic relationship between psychoanalysis and the theatre, taking a cue from critic Harold Bloom, who claims the analytical method owes a great deal of its original psychological insights to playwrights such as Sophocles and Shakespeare. As a result, this relationship should not be thought of as that between a subject and an object, or a doctor towards a patient, but rather as one that reflects two equally important ways of achieving knowledge.

Key words: Jóhann Sigurjónsson (1880–1919); plays; symbolism; psychoanalysis and the theatre

14. “Gathering Highland Moss” and Poetry in *The Saga of Gunnlöð* by Svava Jakobsdóttir (2011)

Taking up the thread from “Baroque Art and Learning”, this article expands on literary modulation, arguing that it shapes Svava Jakobsdóttir's *Gunnlaðar saga* (*The Saga of Gunnlöð*), published in 1987. Svava's novel takes place on two time levels, the modern and the mythical, the latter involving ancient rituals, being based on Svava's

inspired reading of Old Norse sources. One part of the novel, describing the close relationship of a young man and a young woman in pastoral surroundings, can also be seen to turn into the mode of the short story “Grasaferð” (“Gathering Highland Moss”) by Jónas Hallgrímsson. Another part, describing how the old world order of the novel comes to an end, modulates into the style of various Eddic poems, picking up phrases from them and placing them into a new perspective. These modulations enrich the novel and show how it can be read in terms of intertextuality. They also contribute significantly to the novel’s lyrical style, making it stand out from Svava’s other works in this respect.

Key words: Svava Jakobsdóttir (1930–2004); *Gunnlaðar saga* (*The Saga of Gunnlöð*); literary modulation; poetic prose; intertextuality; the reception of Old Norse literature; Jónas Hallgrímsson (1807–1845); “Grasaferð” (“Gathering Highland Moss”)

15. The Intimate Spaces of Guðbergur and Málfríður:

On *The Heart Still Lives in Its Cave* (2001)

Applying the ideas of Gaston Bachelard, this article looks into “the poetics of space” of two Icelandic writers who shared a space for a while, when Guðbergur Bergsson rented a room in Málfríður Einarsdóttir’s apartment in the Seventies. As Guðbergur has acknowledged, his novel, *Hjartað býr enn í helli sínum* (*The Heart Still Lives in Its Cave*), published in 1982, was partly inspired by the intimate space he shared with Málfríður. Her own work written at the same time, *Samastaður í tilverunni* (*An Abiding Place in the World*, 1977), can be read as a description of intimate places known and dwelled upon by the ageing author. Guðbergur’s novel can also be read as a reflection on space, but it does so in a rather negative way, describing people as living in a world of shadows, evoking the allegory of Plato’s cave, thus posing a contrast to Málfríður’s space reflections which tend to be of a positive kind. As the article points out,

Guðbergur later went on to write more positive space descriptions, both in his subsequent novels and in his autobiographical fiction.

Key words: Guðbergur Bergsson (1932–); *Hjartað býr enn í helli sínum* (*The Heart Still Lives in Its Cave*); Málfríður Einarsdóttir (1899–1983); *Samastaður í tilverunni* (*An Abiding Place in the World*); the poetics of space (Gaston Bachelard); prose descriptions of intimate space

NAFNA- OG ATRÍÐISORÐASKRÁ

- Abildgaard, N.A., 136
- Aðalgeir Kristjánsson, 114n, 134n, 139, 143–4, 146n, 147n, 166n, 171n, 172n, 209n
- afbygging (e. *Deconstruction*), 14–15
- Albeck, Gustav, 82n
- Alda Björk Valdimarsdóttir, 232n
- allegoría, 70, 136, 202, 242–6, 257n
- Andersen, Vilhelm, 82n
- Andrés Björnsson, 162n
- Andrés Hjaltason, 109
- Andri Snær Magnason, 246; *LoveStar*, 246n
- Andri Fannar Ottósson, 8n
- Anna Stefánsdóttir, 163
- Ari Páll Kristinsson, 10
- Aristóteles, 13, 232; *Um skáldskap-artistina*, 13
- Arnljótur Ólafsson, 167
- Atli Heimir Sveinsson, 119
- atómskáld, 34
- ádeila, 8, 30, 71, 78–94, 99, 131–3
- Ármann Jakobsson, 241n, 242n
- Árni Böðvarsson (skáld), 19
- Árni Böðvarsson (ritstjóri), 134n
- Árni Thorsteinson, 119
- ást og ástríður, 41, 49, 75–6, 91, 100–101, 104, 111, 113, 122–3, 126–8, 160, 169–78, 181, 183–5, 187–8, 198–200, 205, 208–9, 227–36, 251–2
- Ástráður Eysteinnsson, 7, 11, 95, 123n
- Ástríður Helgadóttir, 170–74, 176, 188
- Bach, Johann Sebastian, 75
- Bachelard, Gaston, 11, 251–3, 258, 260, 262, 264
- Bakhtin, Mikhail, 90, 161n
- Barbara Árnason, 127–8
- barokk, 10, 69–76, 87
- Barthes, Roland, 172
- Beck, Richard, 181–3
- Benedikt Gröndal eldri (Jónsson), 30–31, 33; *Kvæði*, 30–31
- Benedikt Gröndal yngri (Sveinbjarnarson), 19–20, 23–5, 32, 134, 141n, 143, 165–7, 180, 205; *Dagrún*, 23; *Dægradvöl*, 25, 141n, 165–6, 180; *Gandreiddin*, 165; *Kvæðabók*, 24; *Svava*, 19, 23, 24–5, 167, 200, 205
- Benedikt Hjartarson, 90n
- Benvenuto, Bice, 42, 51n
- Berglind Gunnarsdóttir, 34n
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, 148n, 162n
- Berman, Antoine, 117n
- Bessastaðaskóli, 31, 105–7, 109–12, 124n, 164, 170–71, 180
- Biblían*, 17, 41, 51, 57–8, 65, 70, 106, 158–9, 173, 175, 183–5, 188–9, 208; *Davíðssálmar*, 57–8, 184; *Fyrri bréf Páls til Kórintumanna*, 65; *Fyrsta Mósebók*, 185; *Gamla testamentið*, 57, 185, 188; *Jóhannesarguðspjall*, 65; *Ljóðaljóðin*, 185; *Lúkasarguðspjall*,

- 65, 158; *Matteusarguðspjall*, 65, 158; *Nýja testamentið*, 17, 57, 65, 159n, 208; *Rómverjabréfið*, 51n
- Billeskov Jansen, F.J., 82n
- Birna Bjarnadóttir, 258–9, 264
- Bjarkamál hin fornu, 196
- Bjarni Pálsson, 81, 89, 99–100
- Bjarni Thorarensen, 18, 27, 96–7, 99, 109, 163, 166n, 190; *Ljóðmáli* (1935), 27
- Bjarni Vilhjálmsson, 134n
- Bjarni Þorsteinsson (amtmaður), 96n
- Bjarni Þorsteinsson (prestur og þjóðlagasafnari), 119n
- Björn Gunnlaugsson, 105
- Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, 84 *Blákápa*, 127–8
- Bloom, Harold, 231–2
- Bogi Benediktsson, 102
- borgarfræði (e. *Urban Studies*), 218
- Borges, Jorge Luis, 262; El jardín de senderos que se bifurcan (Garður gangstíga sem greinast), 262n; *El Sur* (*Sudrið*), 262n
- Borgþór Jósefsson, 221
- Bourdieu, Pierre, 219
- bókmenntagreinar, 43, 74–5, 82, 238–40
- bragfræði, 24, 65, 73, 92, 104, 107, 116n, 124, 156, 159, 185, 190, 193, 207
- bréf, sjá sendibréf
- Bragi Ólafsson, 29n; *Ansjósur*, 29n
- Bricka, C.F., 81n
- Brooks, Cleanth, 14n
- Brown, Lee Rust, 14n
- Brynjólfur Pétursson, 26, 105, 114, 140, 141n, 142, 145, 146n, 147–8, 150, 152n, 171
- Brynjólfur Sveinsson biskup, 71
- Burns, Robert, 99; The Auld Farmer's New-year-morning Salutation to his Auld Mare, Maggie, on giving her the accustomed ripp of corn to hansel in the New-year, 99; The Twa Dogs. A Tale, 99; To a Louse, On Seeing one on a Lady's Bonnet at Church, 99; To a Mouse, On turning her up in her Nest, with the Plough, November, 1785, 99
- Butler, Judith, 223–4
- Butler, Rex, 8n
- Buzard, James, 144n
- Búi Jónsson, 109
- Byron, George Gordon, 10, 33, 37, 161, 168, 171, 173–4, 178–90, 200; *Childe Harold's Pilgrimage*, 178, 181–3, 186, 189; *Don Juan*, 178, 189; *Hebrew Melodies*, 183–6; Ode – „We do not curse thee, Waterloo!“ (Óður um Waterló), 189; *The Giaour*, 189; The Girl of Cadiz, 186–9; The Conquest – „The Son of Love and Lord of War I sing“ (Um Vilhjálm bastarð), 189; To Thomas Moore (Skilnaðarvísur til T. Moore), 189
- Böhm, George, 147
- Böhm, Karen Sophie, 147
- Chamisso, Adelbert von, 114; „Küssen will ich, ich will küssen“ (Kossavísá), 114
- Ciceró, 106, 108
- Coen, Erhan, 261n
- Coen, Joel, 261n
- Coleridge, Ernest Hartley, 181n, 184n
- Coleridge, Samuel Taylor, 14, 21, 38–9; *The Rime of the Ancient Mariner*, 21
- Cook, Robert, 9
- Crane, R.S., 13n
- Cæsar, 106, 108
- dagbækur, 140, 164–5, 167–9, 171–3, 176–7, 179, 188, 197–8, 200n, 202n, 205
- Dagný Kristjánsdóttir, 7, 12, 113n, 233–4, 241n, 242n, 248n

- Dajon, Nicolaj, 136
Dansk biografisk lexikon, 81, 82n
- Danstrup, John, 137n
- Davíð Kristinnsson, 219n
- Davíð Stefánsson, 23, 34; *Svartar fjaðrir*, 23, 34
- de Man, Paul, 15–16
- de Saussure, Ferdinand, 240
- Denyer, Nicholas, 261n
- Diógenes, 261
- Dybwad, Johanne, 223
- dýraljóð, 97–9, 200–202
- Dönsk orðabók* (1851), 136
- eddukvæði (Konungsbók, *Semundar-Edda*), 16–17, 20–21, 92, 104, 106–7, 193–4, 196, 247–9; *Atlámál hin grænlensku*, 196; *Hávamál*, 247, 248n; *Lokasenna* (*Ægisdrekkja*), 92; *Vafþrúðnismál*, 248n; *Völuspá*, 247, 248n
- eftirmæli, 30, 33, 74–6, 90, 98–100, 102–103, 206–7, 209
- Eggert Þór Bernharðsson, 213, 224n
- Eggert Jónsson, 80n
- Eggert Ólafsson, 8, 18, 20, 31–3, 77–94, 130; *Búnaðarbálkur*, 18, 31, 77–8, 88, 93; *Ferðarolla*, 88–9; *Flöskukveðjur*, 91; *Hegrakvæði*, 91; *Helblinda*, 88; *Hödduríma*, 92; *Kvæði*, 18, 20, 30–32, 80n, 83–92; *Leiðarsteinn góðra farmanna í hafvillum heims þessa*, 88; *Píknaspillir*, 88; *Sótt og dauði íslenskunnar*, 78, 89–91, 93; *Tvídæggra*, 78, 89; *Ægisdrekkja hin nýja*, 92
- Egla*, 106, 239
- Einar Benediktsson, 22, 29–31, 34, 37–40, 175, 179, 197, 202–3, 209, 246n; *Hafblik*, 22, 29n, 37–9; *Hrannir*, 22, 37; *Hvammar*, 22, 37; *Hvarf séra Odds frá Miklabæ*, 203; *Stefjahreimur*, 38–9; *Sögur og kvæði*, 22, 37; *Valshreiðrið*, 246n; *Vogar*, 22, 37
- Einar Hjörleifsson Kvaran, 213, 215, 219
- Einar Sigurbjörnsson, 18n
- Einar Ól. Sveinsson, 159n, 202n
- Eiríkur Hreinn Finnbogason, 167, 168n, 179, 189n
- Eiríkur Guðmundsson, 140–42, 148, 172; *Gefðu mér veröldina aftur*, 140–41, 148, 172n
- Eiríkur Rögnvaldsson, 10
- Eliot, T.S., 21, 35n, 152n; *The Hollow Men*, 152n; *The Waste Land*, 21, 35n
- Elliott, Charles, 131n, 132n
- erfljóð, sjá eftirmæli
- Esóp, 131, 133
- febrúarbyltingin (1848), 190
- Felman, Shoshana, 232n
- Ferðabók* Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 81
- félagsleg orka, 219–21, 224
- Finnbogi Guðmundsson, 135n
- Finnur Magnússon, 18, 89n; *Utbetydeligheder*, 18
- Fjölnir*, 19, 27, 105, 114–16, 121n, 126, 130n, 133,
- fjölskylda, 41–8, 54–68, 221, 235, 238–9; sjá orðræða og sálgreining
- Flateyjarbók, 71
- fornaldarsögur Norðurlanda, 192–4, 239
- fornmenntastefna, 71
- Foucault, Michel, 30–32, 72, 140; *Les mots et les choses*, 30–32
- Fowler, Alastair, 75n, 239n
- Fósturlandsins Freyja* (kvæðasafn), 23
- Fraistat, Neil, 26n
- frelsi, 9, 15, 135–8, 167, 170, 178, 181–3, 189–97, 208, 220, 222
- Freud, Sigmund, 42–3, 47, 229–34; *Totem und Tabu*, 43; sjá sálgreining
- Freysteinn Gunnarsson, 178n

- Friðrik sjötti Danakonungur, 136
 föstuhefðir, föstuleikir, 9, 90, 92, 129–34
 Garðar Baldvinsson, 240n
 Gauti Kristmannsson, 121n
 Geibel, Emanuel, 117–27; „Schäumend
 floß der Bach und spritzte“ (þýðing á
 „Bullicioso era el arroyuelo“), 117–27
 Gerdtsen, Marie Nicoline, 166, 176–8
 Gestur Pálsson, 180, 209
 Gils Guðmundsson, 25n, 141n, 166n,
 169n
 Gísli Ásmundsson, 227n
 Gísli Brynjúlfsson, 10, 19, 24–5,
 163–210; Augun bláu, 174, 179,
 186–9; *Dagbók í Höfn*, 165, 167–9,
 171–3, 176–7, 179, 188, 197–8,
 200n, 202n, 205; Davíðs trú, 184–5,
 207–8; Faraldur, 167, 171, 179,
 180–3, 185, 188, 208; Frelsis hreif-
 ingarnar meðal þjóðanna, 190–91;
 Grátur Jakobs yfir Rakel, 167, 171,
 173–4, 176n, 183–5; Guðspjallamá
 eða nokkur sannmæli Jesú Krists,
 208; Gullið rauða, 200, 202–5;
 Hafíð (þýðing), 189; Ísraelsljóð, 179,
 183–6, 188, 208; Jóhannes Guð-
 mundsson (sýslumaður í Mýrasýslu,
 d. 1869), 206–7; Júnibardaginn í Par-
 ísarborg, 168; Kolfinna, 173–4; Liljan
 í Saron, 173n, 174, 184–5; *Ljóðmæli*
 (1891), 166, 167, 170, 175, 181–2,
 189, 191–2, 196, 198n, 203, 208n;
 Lofnarljóð, 170; Lóan (Gömul saga),
 200–202, 205; Magyaraljóð, 190,
 192–7; Malvína, 174; Morgunstjarn-
 an, 176; Óður um Waterló (þýðing),
 189; Reyniviðurinn, 198–201; Síð-
 asta skipti, 173; Skilnaðarvísur til T.
 Moore (þýðing), 189; Sonetto in vita
 di M. Maria, 176; Stabat mater (þýð-
 ing), 176–7; *Svava* (ljóðabók), 19,
 24–5, 167, 200, 205; Svava (kvæði),
 173–4; Sögur afdalakarlsins – Mó-
 rauði hundurinn, útilegumannasaga,
 197; [Til Ástríðar], 173–4; Til Gríms,
 171, 180–81; Um Vilhjálmmastarð
 (þýðing), 189; Vísur („Hin dimma,
 grimma hamrahöll“), 205–6
 Gísli Brynjúlfsson, prestur á Hólmum,
 163, 177n
 Gísli Ísleifsson, 105, 110
 Gísli Sigurðsson, 106n
 Goethe, Johann Wolfgang von, 116,
 143, 158, 172, 201n; *Die Leiden des*
jungen Werthers, 172; Erlkönig, 158,
 201n; Heidenröslein, 143
 grafskrift, sjá eftirmæli
Grand Tour, 144, 152
 Greenblatt, Stephen, 220, 224
 Grímur Thomsen, 10, 20, 24, 32–3, 36,
 152n, 155–162, 171–2, 180–81,
 200; Aforismer om Æsthetik, 10,
 160–62; Á Sprengisandi, 10, 155–9;
 Barnafoss, 200n; *Ljóðmæli* (1880),
 33, 36; *Ljóðmæli* (1895), 33; *Om den*
nyfranske Poesi, 160; *Om Lord Byron*,
 160n, 180; Ólund, 157
Grettla, 106
 gróteska, 89–90, 92–3, 161n
 Grundtvig, N.F.S., 138
 Guðbergur Bergsson, 11, 253–5,
 258–65; *Faðir og móðir og dulmagn*
bernskunnar, 262–5; *Hjartað býr enn í*
helli sínum, 258–61; *Sú kvalda ást sem*
hugarfylgsnin geyma, 260–62
 Guðbrandur Þorláksson biskup, 17–18,
 47, 58, 63, 65, 67
 Guðmundur Erlendsson í Felli, 17
 Guðmundur Finnbogason, 37–8
 Guðmundur Hálfðanarson, 222n
 Guðmundur Jónsson, 217; *Hagskinna*,
 217
 Guðmundur Kamban, 20, 215
 Guðmundur Ingi Kristjánsson, 23; *Sól-*

- borgir*, 23; *Sólbráð*, 23; *Sóldögg*, 23;
Sólfar, 23; *Sólstafir*, 23
- Guðni Elisson, 11, 178n
- Guðný Ýr Jónsdóttir, 127n
- Guðrún Ása Grímsdóttir, 20n
- Guðrún P. Helgadóttir, 127n
- Guðrún Indriðadóttir, 215, 221–3
- Guðrún Jónsdóttir, 102
- Guðrún Kvaran, 106n
- Guðrún Stefánsdóttir, 163, 166, 170,
175–7, 200n
- Guðvarður Már Gunnlaugsson, 9–10
- Gunnar Kristjánsson, 95n
- Gunnar Pálsson, 19
- Gunnell, Terry, 9, 12, 216n
- Gunnlaugur Ingólfsson, 131n
- Gyrðir Elíasson, 36; *Mold í Skuggadal*,
36; *Tvö tungl*, 36
- Haffenden, John, 29n
- Hafnarháskóli, 110n, 147, 163, 164,
166, 171; Regensen, 208
- Halldór Laxness, 21, 24, 67, 225;
Kvæðakver, 24; Únglíngurinn í skóg-
inum, 21
- Hallfreður Örn Eiríksson, 158
- Hallfreður vandræðaskáld, 173
- Hallgrímur Jónasson, 155n
- Hallgrímur Pétursson, 17, 41, 67, 69,
71–6; *Passíusálmar*, 17, 41, 67, 72–3
- Hallgrímur Scheving, 105, 109
- handrit, 16–18, 20–21, 83–4, 114,
126n, 160, 164, 217, 228, 257n
- Hannes Hafstein, 24, 106, 109n, 126;
Ljóðabók, 24; *Ýmisleg ljóðmáli*, 24
- Hannes Pétursson, 24, 25n, 27n, 28, 36,
96n, 113, 202; *36 ljóð*, 36; *Heim-
kynni við sjó*, 36; *Kvæðabók*, 24
- Haraldur Bernharðsson, 10
- Hauch, Carsten, 118
- Haukur Hannesson, 27, 89n, 106n,
109n, 110n, 118n, 130n, 139n,
142n, 157n, 158n, 244n
- Haukur Már Helgason, 8n
- háð, sjá íronía
- háttbrigði (móðulásjón), 11, 75, 238–41,
247
- Heaney, Seamus, 26, 237–8
- Hegel, Georg Wilhelm Friedrich, 8n,
160–61, 216
- Heimir Pálsson, 95n
- Heine, Heinrich, 116, 142, 158; „Durch
den Wald, in Mondenscheine“ (*Álfa-
reiðin*), 158; *Reisebilder*, 142
- Helga Birgisdóttir, 246n
- Helga Kress, 36n, 133, 174n, 247n
- Helgi Hálfðanarson, 126n
- Helgi Skúli Kjartansson, 41
- Helgi Thordersen, 170–71, 175–6
- Hemingway, Ernest, 253; *A Moveable
Feast (Veisla í farangrinum)*, 253
- Henryson, Robert, 131–3; *The Morall
Fabillis of Esope the Phrygian*, 131–3
- Herder, Johann Gottfried, 116, 216
- Heune (Gigas), Johann, 64
- Heyse, Paul, 119
- Heyvaert, Stefan, 117n
- Hjalti Snær Ægisson, 12
- Holberg, Ludvig, 78, 87, 89
- Holmes, James S., 124n
- Hougaard, Jens, 82n
- Hólmfríður Sveinsdóttir, 12
- Hómer, 106
- Hóras (Horatius), 83–4, 106–7, 110
- Hrappseyjarprentsmiðja, 18, 102
- Hughes, Ted, 26
- Hull, R.F.C., 246n
- Hulme, Peter, 144n
- húmanismi, 71
- Höfundgreinabókin* (sálmabók), 65
- Höskuldur Þráinsson, 10
- Ibsen, Henrik, 223; *Brúðuheimili*, 223
- Indriði Einarsson, 173, 215, 220–21;
Njársnóttin, 220, 222
- Ingemann, B.S., 118

- Iswolsky, Hélène, 90n, 161n
 íronía, 82, 86, 89, 92, 115, 141–2, 161, 178–9, 241
Íslensk-dönsk orðabók, 135n
 Jack, Ian, 26n
 Jakob Benediktsson, 62n, 144n
 Jakob Jóh. Smári, 223
 Jakobson, Roman, 240
 Jean Paul, 160–61
 Jens Waage, 221
 Jónhann Sigurjónsson, 215, 223, 227–36;
Bóndinn á Hrauni, 229; *Fjalla-Eyvindur*, 223, 230; *Galdra-Loftur*, 223, 229–30, 233–6; *Mörður Valgarðsson*, 229–30; *Rung lækni*, 229–30; *Skugginn*, 229; Sorg, 228
 Jóhannes guðspjallamaður, 65
 Jóhannes Guðmundsson, 206–7
 Jóhannes úr Kötlum, 22; *Álfiirnar kvaka*, 22; *Bíbi og blaka*, 22; *Ég let sem ég sofi*, 22; *Samt mun ég vaka*, 22
 Jón Árnason, 130, 131n, 134n, 159n, 198–9, 203–4; *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, 130, 134n, 159n, 199, 204n
 Jón Helgason, 24, 27, 96n, 97, 102n; *Á afmæli kattarins*, 97–8; *Kver með útlendum kvæðum*, 24
 Jón Karl Helgason, 12, 246n, 262
 Jón Hjaltalín, 110
 Jón Yngvi Jóhannsson, 258n
 Jón Jónsson lektor, 105
 Jón Jónsson úr Vör, 34–5; *Þorpið*, 34–5
 Jón Viðar Jónsson, 213, 221, 227, 233–4
 Jón Ólafsson (heimspekingur), 90n
 Jón Ólafsson (ritstjóri og skáld), 26, 27–8, 32, 127; *Ljóðmæli*, 28; *Söngvar og kvæði*, 27–8
 Jón Ólafsson úr Grunnavík, 17, 131
 Jón Pétursson, 146n
 Jón Samsonarson, 79n, 164n, 200n
 Jón Sigurðsson forseti, 19, 24, 96n, 165, 176, 205
 Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, 26
 Jón Hallur Stefánsson, 12
 Jón Sveinsson (Nonni), 178
 Jón Thoroddsen (Þórðarson), 166, 246; *Piltur og stúlka*, 246n
 Jón Thoroddsen (Skúlason), 23; *Flugur*, 23
 Jón Torfason, 18n
 Jón Vídalín biskup, 158
 Jón Þorkelsson, 166n
 Jón Þorláksson á Bægisá, 8–9, 18–19, 24, 95–104; Bjarni Pálsson landlæknir, 99–100; Eptir spaskan hrút, 98; Grafskript, 102–3; Hjónavers („Fátæktin var mín fylgjukona“), 100–101; *Íslenzk ljóðabók*, 19, 24; Kjöllinn og hempan, 100; *Messías*, 95; *Nokkur ljóðmæli*, 19; *Paradis-armissir*, 95; Rustasneið, 96–7; Sjálfslýsing, 103; Til kvæðadísarinnar, 101–2; *Tilraun um manninn*, 95; Titlínings minning, 98–9; *Tullins kvæði*, 18, 102; Um dauða mús í kirkju, 98; Vakri Skjóni, 98
 Jónas Hallgrímsson, 9–10, 18–19, 26–7, 71, 75n, 89, 97, 105–7, 109–12, 113–19, 121–8, 129–31, 133–8, 139–41, 143, 147–8, 151n, 153, 157–8, 190, 200n, 207, 209, 239n, 241–4, 246–7, 249; Ad amicum, 105, 110; Alsnjóa, 113; Alþing hið nýja, 9, 134–8; Álfareiðin, 158; Dalvísa, 97; Eftir assembléen, 113; Ferðalok, 111, 126; Fjallið Skjaldbreiður, 157; Grasaferð, 241–7, 249; Hreiðarshóll, 200n; Hulduljóð, 27, 126n, 200n; Iðrunarvísur, 110; Illur lækur, 9, 113–28; Klaufflaxinn, 129–34; Kossavísa, 114; *Kvæði og laust mál* (1993), 27; *Ljóðmæli* (1847), 26–7; *Ljóðmæli* (1913), 26; *Ljóðmæli og önnur rit* (1883), 106n; *Ritverk*

- (1989), 27, 139; Saknaðarljóð, 105;
Salthólmsferð, 140; Séra Tómas
Sæmundsson, 207; Vorvís, 97
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 201–2;
Íslenskir þjóðhættir, 201–2
- Jónas Jónsson frá Hriflu, 176n
- Jung, Carl Gustav, 246, 251–2
- Júlíana Jónsdóttir, 23; *Stúlka*, 23
- Kant, Immanuel, 161
- Karl Aspelund, 216n
- karlmennska, 205–6, 222
- Kennedy, Roger, 42, 51n
- Kinsley, James, 99n
- Klopstock, Friedrich Gottlieb, 95, 103;
Der Messias (Messias), 95
- Koch, Hal, 137n
- Kolsrud, Oluf, 257n
- kommúnismi, 15, 67–8, 169
- Konráð Gíslason, 10, 26, 105, 134,
136–7, 139–53, 164, 208
- Konungsbók, sjá eddukvæði
- Kormákur Ögmundarson, 170, 172,
189, 209
- Koski, Pirkko, 216n
- Kossúth, Lajos, 190–91
- Kristeva, Julia, 67
- Kristinn E. Andrésson, 15–16
- Kristín Birgisdóttir, 240n
- Kristín Viðarsdóttir, 240n
- Kristján áttundi Danakonungur, 134,
136
- Kristján sjöundi Danakonungur, 136
- Kristján Árnason, 13n
- Kristján Eiríksson, 18n
- Kristján Jónsson Fjallaskáld, 32, 180;
Ljóðmali (1872), 32
- Kristján Jóhann Jónsson, 162n
- Kristján Karlsson, 24; *Kvæði 81*, 24;
Kvæði 84, 24
- Kryger, Karin, 135n
- kvengving, 100–102
- kvenmynd (ljós, dökk), 173–4, 186–8
- Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar*, 18
- Kvæðabók úr Vigur*, 18
- kynjafræði, 223–4
- Lacan, Jacques, 7–8, 42, 45, 48–57, 60–
62, 67–8, 229, 231; sjá sálgreining
- Larkin, Philip, 28–9
- lausamálstextar og ljóð, 17, 20–22
- Lárus Sigurbjörnsson, 213
- Lárus Sigurðsson frá Geitareyjum, 105
- Lárus Thorarensen, 163, 206
- Leikfélag Reykjavíkur, 212–13, 215,
218–21, 226
- leiklist, 11, 211–26, 233–4
- Lemaire, Anika, 42, 51n, 53n
- Lévi-Strauss, Claude, 43, 68
- Lilja (kvæði), 17
- Linné, Carl von, 32
- listræn heild, 7, 13–40
- líffheildarhyggja, 13–16, 38–9
- Ljóðabók barnanna*, 127–8
- ljóðabækur, 13, 16–40, 83–92, 102;
niðurröðun ljóða, 24–33, 85–92;
titlar ljóðabóka, 22–4; upphafsljóð,
36–7, 39
- Loftur Guttormsson, 43–4, 46
- Lúther, Marteinn, 45–6
- Macey, David, 42n
- Macpherson, James, 106
- Maecenas, 110
- Magnús Ásgeirsson, 26; *Ljóðasafn*, 26
- Magnús Eiríksson, 140
- Magnús S. Magnússon, 217; *Hagskinna*,
217
- Magnús Matthíasson, 209n
- Magnús Ólafsson í Laufási, 69
- Magnús Stephensen, 86, 96–7
- Magnús Þór Þorbergsson, 224–5
- Magnúss saga lengri, 135n
- Magyarar, sjá Ungverjar
- Maren Ragnheiður Friðrika Lárusdóttir,
206
- Margrét Bogadóttir, 102

- Margrét Eggertsdóttir, 8–10, 69–76, 239n; *Barokkmeistarinn*, 69–76
- Margrét Guðmundsdóttir, 10
- Margrét Jónsdóttir, 12, 119
- María Kristjánsdóttir, 216n
- marxismi, sjá kommúnismi
- Matthías Jochumsson, 15, 19, 24, 209, 215; Gísli skáld Brynjúlfsson (d. 1888), 209; *Svanhvít*, 19
- Matthías Viðar Sæmundsson, 7, 162n, 228, 246
- Matthías Þórðarson, 106, 114n
- Maurer, Konrad, 130n, 199, 200n; *Isländische Volkssagen der Gegenwart*, 199, 200n
- Mauron, Charles, 230
- Málfríður Einarsdóttir, 11, 253–8, 260–62; *Samastaður í tilverunni*, 255–8, 260, 262
- McCann, Jerome J., 26n, 37, 179; *The Textual Condition*, 37
- menntun, 105–12; úthrif, 107–9; þroski, 9, 106–12
- Michelangelo Buonarroti, 255
- miðaldir, 17, 44, 58, 122, 131–3, 140, 170, 212, 236, 257n
- Miller, Norbert, 161n
- Milton, John, 95, 103, 241; *Paradise Lost* (*Paradisarmissir*), 95, 241–2
- Mitchell, Juliet, 45n
- móðernismi, 21–2, 34–5, 252–3; nýskáldsagan, 252–3, 264n
- Murillo, Bartolomé, 176
- myndmál, 7–8, 11, 14, 20, 36, 41, 43, 46–8, 51n, 56–68, 134–8, 156, 159, 174, 185, 188, 220; dýramyndmál, 41, 58–60, 62–3, 66; jurtamyndmál, 14, 38–9, 41, 58–60, 62, 65, 125–6, 128, 174, 184–5
- mælskufraði, 8, 10, 15, 70, 72, 82, 155–9, 240
- Mäkinen, Helka, 216n
- Nanna Bjarnadóttir, 240n
- neðanmálsgreinar og ljóð, 20, 79–80, 82–3, 126, 196
- Nevjinsky, Fern, 8, 11, 227–36; *Désir et passion dans l'œuvre dramatique de Jóhann Sigurjónsson*, 227–36
- Nína Björk Árnadóttir, 36; *Svartur bestur í myrkrinu*, 36
- Njála*, 106, 196, 239
- Norðurfari*, 166–7, 170, 181–2, 187, 190–91, 205, 208n
- Ný félagsrit*, 165, 181n, 192, 198
- nýrómantík, 22
- nýrýni (e. *New Criticism*), 14
- Oddur Gottskálksson, 159n
- Olinger, Paula, 122–3
- orðræða, 15–16, 41–3, 51–68, 71–2, 122–3, 125–7, 140–42, 145–8, 157, 172–3, 179; orðræða ástarinnar, 122–3, 125–7, 172; orðræða fjölskyldunnar, 41–3, 51, 53–7, 59–63, 66–8
- Ossian, 106–7
- Ódysseifskviða*, 234–5
- Ólaf saga Tryggvasonar* (Flateyjarbók), 71
- Ólafur Davíðsson, 174–5
- Ólafur Guðmundsson á Sauðanesi, 65
- Ólafur Halldórsson, 10, 114n, 139
- Ólafur pá Höskuldsson, 255
- Ólafur Jónsson á Söndum, 17
- Ólöf ríka Loftsdóttir, 133
- Paludan, Julius, 81n
- Páll Melsteð eldri, 163
- Páll Melsteð yngri, 106, 109–10
- Páll Eggert Ólason, 43n, 47n, 64
- Páll postuli, 65
- Páll Skúlason, 19n
- Páll Sveinsson, 25n
- Páll Valsson, 89n, 106, 109n, 110n, 113n, 118n, 125n, 130n, 139n, 157n, 244n
- Páll Vídalín, 17
- Pedersen, Ane Mathilde, 145–6

- persónugerving, 41, 62, 89–90, 92, 122–3, 126–8, 248
- Pétur Gunnarsson, 241, 252–3; *Hversdagsböllin*, 241; *Persónur og leikendur*, 252–3, 264n
- Pétur Sigurðsson, 38n, 39n
- Platon, 14n, 106, 258–9, 261
- Pontoppidan, Erik, 81
- Pope, Alexander, 95, 103; *An Essay on Man (Tilraun um manninn)*, 95
- póesibækur, 19–20
- Ragnheiður Stefánsdóttir, 170, 175–6
- Ragnhildur Richter, 256–7
- The Rattle Bag* (kvæðasafn), 26
- Richter, Johann Paul Friedrich, sjá Jean Paul
- Ringler, Dick, 125n
- retorík, sjá mælskufræði
- rímur, 17, 71, 102
- Robert, A.C.M., 133n
- Rousseau, G.S., 14n
- rómantík, 9, 11, 13–15, 20–21, 31–3, 38–9, 71, 73–4, 97, 116–17, 142, 160, 167–8, 171, 179, 185, 209, 215–16, 240n; rómantísk einlægni, 179
- rými, 11–12, 90, 251–65
- Saga af Tristram ok Isodd* (1851), 166
- Saga af Tristram ok Isönd samt Möttuls saga* (1878), 167
- Said, Edward, 260n
- Sanders, Karen, 237n
- sálgreining, 7–8, 11, 42–68, 227–36, 251–2; aðgreining, 50–53; dauðahvöt, 230; einkagoðsögn, 230–31; faðirinn, 41–2, 45–6, 50–67, 230, 234; hið ímyndaða, 48–9, 61–3, 67; hið raunverulega, 48, 52–3; hið táknelga, 52–63; hinn/Hinn, 49–50, 53, 57–61; lífshvöt, 230; móðirin, 45–6, 48–60, 234–6; narsissismi, 49, 230, 234–6; samsömun 49–50, 52, 54, 60, 62–3; sjálf, 49–53, 57–8; skortur, 48–52; 54–7, 60, 67; spegilstigið, 49–50; yfirfersla, 233; ödipusarduld, 42–3, 50–4, 57–8, 68, 229, 231–2, 234–5; sjá orðræða
- Sálmabók* (1589), 18, 47, 58–9, 63–5, 67
- Sálmabók* (1801), 96–7
- sálmur, 17–18, 41, 43–8, 56–68, 72–3, 96, 184, 207–8
- Schiller, Friedrich, 161
- Schlegel, August, 116
- Schlegel, Friedrich, 116, 161
- Schumann, Robert, 118–19
- Schwartz, Stephanie Tara, 260n
- sendibréf, 10, 89n, 96n, 106, 109n, 110, 113, 118, 134, 139–148, 151–3, 164, 171–2, 177n, 208–9, 217
- Shakespeare, William, 14, 126n, 172–3, 220, 231–2; *Draumur á Jónsmessunótt*, 126n, 220; *Hamlet*, 172, 188, 231–2
- Sheridan, Alan, 42n
- Sigfús Blöndal, 135n
- Sigfús Daðason, 10, 147–53
- Sigríður Einars frá Munaðarnesi, 22; *Í svölu rjóðri*, 22; *Kveður í runni*, 22; *Lauffytur*, 22; *Milli lækjar og ár*, 22
- Sigríður Matthíasdóttir, 222
- Sigrún Aðalbjarnardóttir, 108n
- Sigurður Breiðfjörð, 24; *Ljóðasámúmir*, 24
- Sigurður Guðmundsson málarí, 199, 215–16, 219–20
- Sigurður Melsteð, 173
- Sigurður Nordal, 33, 39, 153n, 157n
- Sigurður Pálsson, 22; *Ljóð námu land*, 22; *Ljóð námu menn*, 22; *Ljóð námu völd*, 22; *Ljóð vega gerð*, 22; *Ljóð vega menn*, 22; *Ljóð vega safn*, 22; *Ljóð vega salt*, 22
- Sigurður Stefánsson, 95n

- Sigurgeir Steingrímsson, 106n
 Silja Aðalsteinsdóttir, 29n, 127n
 Silverman, Kaja, 45, 53n, 54–7, 62
 sjálfstæðisbarátta, 28, 166, 169–70, 190–91, 220
 Skafti Þ. Halldórsson, 34n
 Skafti Tímóteus Stefánsson, 105
 Skíðaríma, 83
 skriftamál, 131–3
 Skúli Thorarensen, 80n
Snorra-Edda, 21, 92, 194–5
 Snorri Sturluson, 83
Snót (kvæðasafn), 19, 23, 155
 Soffía Auður Birgisdóttir, 8, 242n
 Sófókkles, 232
 sósíalismi, 22, 169
 Steenstrup, Japetus, 113
 Stefanía Guðmundsdóttir, 213, 215, 221–24
 Stefán frá Hvítadal, 20n, 24; *Óður ein-yrkjans*, 24; *Söngvar förumannsins*, 24
 Stefán Ólafsson í Vallanesi, 69
 Stefán Stephensen, 170
 Stefán Þorvaldsson, 140, 146
 Stefán Þórarinsson, 163
 Steingrímur Thorsteinsson, 19, 23–5, 28, 167, 205; *Ljóðmáli*, 28; *Svanhvít*, 19, 23; *Svava*, 19, 23, 24–5, 167, 205
 Steinar Örn Atlason, 8n
 Steingrímur J. Þorsteinsson, 246n
 Steinn Steinarr, 34–5; *Tíminn og vatnið*, 34–5
 Steinunn Hallgrímsdóttir, 74–6
 Steinunn Inga Óttarsdóttir, 144n
 Stephens, Scott, 8n
 stílfræði, sjá mælskufræði
 Stóra-Helga, 200n
 Sunneva Markúsdóttir, 200n
 Svanhildur Óskarsdóttir, 9–10
 Svava Jakobsdóttir, 11, 237–49; *Gunnlaðar saga*, 11, 75n, 237–49
 Sveinbjörn Egilsson, 30–31, 105, 109
 Sveinbjörn Rafnsson, 203n
 Sveinn Einarsson, 11, 211–26, 234; *A People's Theatre Comes of Age*, 211–26
 Sveinn Skorri Höskuldsson, 35
 Sveinn Pálsson, 100n
 Sverrir Tómasson, 9, 135n
 Swift, Jonathan, 89
Sæmundar-Edda, sjá eddukvæði
 Sjöppala, Rittaa, 219
 Tegnér, Esaias, 196; Maj-sång (Maj-söngur), 196
 Telmissany, May, 260n
 Thomsen, Ejnar, 81–3, 87
 Thomas, Maureen, 239n
 Thaarup, Thomas, 136
 Thora Friðriksson, 20
 Tímaríma, 83–4
 Toldberg, Helge, 227
 Torfhildur Hólm, 246n; Týndu hringarnir, 246n
 Torfi Tulinius, 11, 235n
 Tómas Guðmundsson, 34; *Fagra veröld*, 34
 Tómas Hallgrímsson, 97n
 Tómas Sæmundsson, 31, 80n, 105, 110, 143–4, 147, 148n, 152, 207; *Ferðabók*, 144
 tónlist, 24, 48, 61, 66, 75, 118–19, 122, 126, 184, 205, 217, 239, 255, 260n
 Trausti Ólafsson, 11, 211, 222n
 Tullin, Christian, 18, 102
 tækifæriskvæði, 28n, 29–30, 71, 82, 91
 Ulrich frá Augsburg, 133
 Ungverjar, 190–97
 upplýsing, 8, 20, 71, 77–94, 96–7, 142
 Valborg Sigurðardóttir, 127n
 Vésteinn Ólason, 240n, 242n
 Vibæk, Jens, 137n
 Vigdís Grímsdóttir, 37; *Lendar elskbugans*, 36–7
 Vilborg Dagbjartsdóttir, 258n

- Vilhjálmur Þ. Gíslason, 78–80, 84, 87, 89, 106–7
- Virgill, 83–4, 106
- Viðnabók* (1612), 18
- Voltaire, François-Marie Arouet, 87
- Wadskær, Christian Friderich, 32n, 79–83, 86–9; *Poëtisk Skue-Plads*, 79–80, 82–3, 86–9
- Wawn, Andrew, 105n, 106n
- Weidenhaupt, Andreas, 136
- Wellek, René, 14n, 161n
- Westergård-Nielsen, Christian, 159n
- Wiedewelt, Johannes, 136
- Wilde, Oscar, 255
- Wilmer, Stephen, 11, 216
- Witt-Brattström, Ebba, 67n
- Wolf, Hugo, 119
- Worthen, W.B., 216n
- Xenófon, 106
- Youngs, Tim, 144n
- Žižek, Slavoj, 8n
- Þjóðernishyggja, 25, 88–91, 95–6, 134–8, 169–70, 190–97, 216, 220–22
- Þjóðkvæði, 121–2, 124–5, 158, 197–205
- Þjóðleikhúsið, 212, 215–16, 220, 224–5
- Þorgeir Sveinbjarnarson, 22; *Visur Bergþóru*, 22; *Visur jarðarinnar*, 23; *Visur um drauminn*, 22–3
- Þormóður Torfason, 71
- Þorsteinn Gylfason, 107–8
- Þorsteinn G. Indriðason, 139n
- Þorsteinn Þorsteinsson, 21, 148n, 151n, 152n
- Þorvaldur Jakobsson í Sauðlauksdal, 119n
- Þorvaldur Thoroddsen, 165n
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, 254n
- Þóra Gunnarsdóttir, 111
- Þórbergur Þórðarson, 21, 23; *Edda*, 21; *Hvítir brafnar*, 23
- Þórunn Sigurðardóttir, 9, 74–5, 257n
- Þórunn Valdimarsdóttir, 169n, 213, 224n
- þunglyndi og hryggð, 10, 33, 74, 76, 139, 145–6, 176–8, 181, 183, 185, 235–6
- þýðingar, 18–19, 26–7, 29–31, 33, 47, 64–5, 95–7, 102–3, 106, 108–9, 113–14, 116–27, 139n, 158, 166, 176–7, 189, 262
- Ögmundur Helgason, 164n, 197
- Ögmundur Sigurðsson, 18; *Ögmundar-geta*, 18
- Örvar-Odds saga, 192–4